

Rannsóknar- og fræðslurit 7

Afleiðsla og samsetning

í generatífri málfræði og greining á íslenskum gögnum

Kristín Bjarnadóttir

Orðabók Háskólans
2005

©2005 Kristín Bjarnadóttir

Öll réttindi áskilin. Bók þessi birtist á vefsíðu Orðabókar Háskólans. Hana má prenta út til einkanota en ekki afrita með öðrum hætti, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

Verk þetta var lagt fram til meistaraprófs í íslenskri málfræði við heimspekideild Háskóla Íslands í júní 1996 og birtist hér lítið breytt.

ISBN 9979-9442-3-4

Formáli

Ritgerð þessi er lögð fram til M.A.-prófs í íslenskri málfræði við heimspekideild Háskóla Íslands. Leiðbeinandi minn við samningu hennar var Eiríkur Rögnvaldsson prófessor og þakka ég honum handleiðsluna, kennslu um langt árabil og ekki síst það að vera sá maður sem upphaflega vakti áhuga minn á málfræði.

Vinnan við gagnagreininguna sem byggt er á í ritgerðinni hefur staðið yfir með hléum í langan tíma eða allt frá útmánuðum 1989. Þá hófst ég handa við að greina orð úr Ritmálsskrá Orðabókar Háskólans í þeim tilgangi að athuga orðmyndun í íslensku nútímamáli og þá sérstaklega samsett orð. Fyrsta hluta gagnagreiningarinnar vann ég sem styrkþegi Orðabókarinnar og greint er frá hluta af þeim niðurstöðum sem þá fengust í B.A.-ritgerð minni frá 1990, *Stofnhlutagreining samsettra orða*. Meginviðfangsefnið þar er að athuga hvort tvígreining gengur upp í samsettum orðum í íslensku og einnig hvort hægt er að halda því fram að „orð sé alltaf leitt af orði“ í íslensku. Í stuttu máli er niðurstaðan sú að grunneiningar í íslenskri orðmyndun séu einingar sem bæði geta verið minni en og stærri en orð, þ.e. að orðasafnseiningar í íslensku séu ekki endilega orð. Að lokinni vinnunni við B.A.-ritgerðina var mér ljóst að mun nákvæmari greining þyrfti að koma til ef gagnasafnið ætti að nýtast á þann hátt sem ég kaus helst. Jafnframt var mér ljóst að grundvallaratriði í greiningunni var að mörkin á milli afleiðslu og samsetningar væru ljós, eða a.m.k. að ljóst væri ef þau voru það ekki! Viðfangsefnið í þeirri ritgerð sem hér er skrifuð er því afsprengi af víðtækara verkefni sem ekki verður þurrausið í þetta sinn.

Allan þann tíma sem ég hef unnið að verkinu hef ég verið starfsmaður Orðabókar Háskólans og hef haft aðstöðu til að nýta mér gögn og tölvukost þar. Ég vil þakka núverandi og fyrrverandi stjórn og forstöðumönnum Orðabókarinnar fyrir veittan stuðning. Þá vil ég líka þakka margvíslega aðstoð frá samstarfsfólki mínu á Orðabókinni, sérstaklega Ástu Svavarsdóttur, Guðrúnu Kvaran, Gunnlaugi Ingólfssyni og Jóni Hilmarí Jónssyni, fyrir að svara ýmsum spurningum og þeim síðastnefnda fyrir að lesa kaflann um Ritmálsskrá Orðabókarinnar. Kennurum mínum í orðmyndunarfræði, þeim Eiríki Rögnvaldssyni, Kristjáni Árnasyni og Guðrúnu Kvaran þakka ég kennsluna. Þá vil ég þakka Friðriki Magnússyni fyrir yfirlestur á frumdrögum fyrsta hluta fyrir æðilöngu, Kristínu M. Jóhannsdóttur fyrir yfirlestur á bróðurpartinum af verkinu og Þorsteini G. Indriðasyni fyrir góðar athugasemdir um kaflann um lexíkalska hljóðkerfis- og orðmyndunarfræði en þar greinir okkur á í fræðunum. Guðmundi Erlingssyni og Ármanni Jakobssyni þakka ég prófarkalestur og Sveini B. Sigurðssyni fyrir að teikna hríslur og myndir. Samstúdentum mínum í gegnum árin, nemendum mínum í námskeiðum um beyginga- og orðmyndunarfræði á B.A.-stigi á árunum 1991 og 1992 og öðrum vinum mínum í Árnagarði þakka ég félagsskapinn og ánægjulegar umræður um orðmyndun. Þar eru nöfnin of mörg til að hægt sé að nefna þau öll. Loks á fjölskylda mín hjartans þakkir skildar fyrir þolinmæðina og fyrir að hvetja mig til að ljúka þessu verki.

Hafnarfirði í maí 1996

Kristín Bjarnadóttir

Um þessa útgáfu

Ritgerðin er nú gefin út efnislega óbreytt frá 1996. Orðalag hefur verið endurskoðað hér og þar eftir þörfum í því skyni að gera textann skýrari. Heimildaskrá hefur verið lagfærð og er nú vísað í útgefnar heimildir í stað handrita þar sem þess er kostur. Í útgáfunni er viðaukum sleppt til styttingar en mannanafna- og dæmaskrár bætt við til að auðvelda aðgang að efninu. Ég þakka Ástu Svavarsdóttur og Gunnlaugi Ingólfssyni fyrir yfirlestur og margvíslega aðstoð og einnig Gunnari Hrafni Hrafnbjargarsyni og Bessa Aðalsteinssyni sem hjálpuðu mér við umbrotið á lokaspættinum.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	7
1.1	Efnið	7
1.2	Efnisskipan	10
1.3	Grunnskilgreiningar	10
2	Um afleiðslu og samsetningu í generatífri málfræði	13
2.1	Inngangur	13
2.2	Upphafið	13
2.3	Arfurinn frá formgerðarsinum	16
2.3.1	Skilgreiningar Nida	17
2.3.2	Orðmyndunarlýsing formgerðarsinna	19
2.3.3	Bannið við blöndun sviða	20
2.4	Skilgreiningar á afleiðslu og samsetningu í nýlegum kennslubókum	21
2.4.1	Formleg einkenni	22
2.4.2	Merkingarleg einkenni	23
2.4.3	Hljóðkerfisleg einkenni	24
2.4.4	Virkni, endurkvæmni, staða í orði og hömlur á röðun	25
2.5	Afstaðan til afleiðslu og samsetningar í frumheimildum	27
2.5.1	Mark Aronoff og <i>Word Formation in Generative Grammar</i>	28
2.5.2	Aronoff & Sridhar og <i>Prefixation in Kannada</i>	31
2.5.3	Elisabeth O. Selkirk og <i>The Syntax of Words</i>	33
2.5.4	Paul Kiparsky og lexíkólsk hljóðkerfis- og orðmyndunarfræði	37
2.5.5	Stephen R. Anderson og <i>A-Morphous Morphology</i>	41
2.5.6	Rochelle Lieber og <i>Deconstructing Morphology</i>	44
2.6	Niðurstaða	48
3	Um afleiðslu og samsetningu í íslenskri málfræði	53
3.1	Inngangur	53
3.2	Hefðbundnar skilgreiningar á afleiðslu og samsetningu í íslensku	54
3.2.1	Alexander Jóhannesson (1927, 1929)	54
3.2.2	Björn Guðfinnsson (1937)	59
3.2.3	Halldór Halldórsson (1950)	61
3.2.4	Baldur Jónsson (1984, 1987)	62
3.3	Generatíf umfjöllun um íslenska orðmyndun	64
3.3.1	Eiríkur Rögnvaldsson (1986)	64
3.3.2	Sigrún Þorgeirsdóttir (1986)	66

3.3.3	Margaret Stong-Jensen (1987)	71
3.3.4	Þorsteinn G. Indriðason (1994)	74
3.4	Niðurstaða	82
4	Greining á íslensku dæmasafni	87
4.1	Inngangur	87
4.2	Mállýsingar og kenningasmíði	88
4.3	Gagnasafnið og Ritmálsskráin	91
4.3.1	Orðgreining í Ritmálsskrá OH	93
4.3.2	Hvað er orð í Ritmálsskránni?	94
4.3.3	Um orðflokksgreiningu í Ritmálsskrá	95
4.3.4	Um orðgerðargreiningu í Ritmálsskrá	96
4.4	Gagnavinnan	100
4.4.1	Fræðilegar forsendur fyrir greiningunni	100
4.4.1.1	Kenningin um tvígreiningu	101
4.4.1.2	Orðmyndunarreglur og X-kerfið	103
4.4.1.3	Lögmálið um rökformgerð orða	105
4.4.1.3	Gögnin og fræðin	106
4.4.2	Myndangreiningin	106
4.4.3	Stofnhlutagreining	107
4.5	Greiningaratriðin í gögnunum	108
4.5.1	Greiningarorð	110
4.5.2	Orðflokksmerkingar	110
4.5.3	Orðgerðargreining	111
4.5.3.1	Orð af orði?	112
4.5.3.2	Viðskeyting	113
4.5.3.3	Tvígreiningin og vandamál í orðgerðargreiningunni	116
4.5.3.3.1	Ofvirk orðmyndun	116
4.5.3.3.2	Agnarsagnir	118
4.5.3.3.3	Samsettar agnir eða forsetningar	120
4.5.3.3.4	Setningarliðir	121
4.5.3.3.5	Forsetningarliðir sem sjálfstæð atviksorð	121
4.5.3.3.6	Forsetningarliðir sem orðhlutar	122
4.5.3.3.7	Aukafall nafnliða sem atviksorð	123
4.5.3.3.8	Aðrir setningarliðir sem orðhlutar	124
4.5.3.4	Yfirlit um tákn í orðgerðarsviði	125
4.5.4	Endingar og greining á þeim	126
4.6	Sýnishorn úr úrvinnslunni	130
5	Gögnin og viðfangsefnið	135
5.1	Inngangur	135
5.2	Málfræðilegt hlutverk og rætur	136
5.2.1	Hvað er málfræðilegt hlutverk?	136
5.2.2	Hvað er rót?	138
5.2.3	Skilgreining á aðskeyti	139
5.3	Bundnir liðir, aðskeyti og samsetningarliðir	139
5.3.1	Samanburður á bundnum og frjálsum fyrri hlutum	142
5.3.1.1	Erlendir orðhlutar	145
5.3.1.2	Stakmyndön	147
5.3.1.3	Bundnir stofnar og stofnbrigði	148

5.3.1.4	Hefðbundin íslensk forskeyti	150
5.3.1.5	Eru forskeyti til í íslensku?	153
5.3.2	Samanburður á bundnum og frjálsum síðari hlutum og viðskeytum	154
5.3.2.1	Grunnorð sem síðari hlutar	155
5.3.2.2	Viðskeyti í gögnunum	156
5.3.2.3	Bundnir síðari hlutar	159
5.3.2.4	Bundnir afleiddir síðari hlutar	161
5.3.2.5	Niðurstaða um viðskeyti	161
5.4	Athugun á orðmyndunarreglum	162
5.4.1	Mismunur á formi í afleiðslu og samsetningu	162
5.4.2	Athugun á virkni í samsetningarreglum	164
5.4.2.1	Nafnorð	164
5.4.2.2	Lýsingarorð	165
5.4.2.3	Sagnir	166
5.4.2.4	Atviksorð	166
5.4.2.4	Reglur um viðskeytingu	167
5.4.2.4	Er munur á orðmyndunarreglum í afleiðslu og samsetningu?	169
5.4.3	Um víxlverkun afleiðslu og samsetningar	169
5.4.3.1	Sagnleidd nafnorð af samsettum sögnum	171
5.4.3.2	Lýsingarháttur þátíðar, orðmyndun og beyging	172
5.4.3.3	Niðurstaða um víxlverkun	173
5.5	Niðurstaða	174
6	Lokaorð	177
	Heimildaskrá	183
	Mannanafnaskrá	193
	Dæmaskrá	195
	Viðauki: Bundnir afleiddir síðari hlutar	213

1 Inngangur

1.1 Efnið

Yfirleitt virðist gengið út frá því sem gefnu í málfræðibókum, bæði nýjum og gömlum, að orðmyndun megi skipta í tvo meginhluta, þ.e. afleiðslu og samsetningu. Þessi skipting kemur t.d. bæði fram í bók Rasmusar Rasks um íslensku, *Vejledningen til det islandske eller gamle nordiske Sprog*, sem gefin var út 1811, og í kennslubók Eiríks Rögnvaldssonar, *Íslenskri orðhlutafræði*, sem nú er notuð til kennslu við Háskóla Íslands:

Orddannelsen kan ske paa tvende Maader, nemlig ved at aflede og ved at sammen-sætte; af disse har Afledningen mest Overenstemmelse med Formforandringen.

(Rask 1811:148)

... venjulega [er] gerður greinarmunur á tveimur megintegundum orða sem innihalda fleiri myndön en bara rót og beygingarendingu; **samsettum** orðum annars vegar og **afleiddum** hins vegar.

(Eiríkur Rögnvaldsson 1990:27)

Munurinn á afleiðslu og samsetningu virðist, samkvæmt flestum skilgreiningum, felast í tveimur atriðum sem hér eru sett fram til bráðabirgða:

- (1) a Samsetning felst í því að tvær merkingarbærar einingar (ýmist orð, rætur eða stofnar eftir því hvaða kenningu menn aðhyllast) mynda eitt orð. Afleiðsla felst í því að mynda orð af merkingarbærri einingu (orði, rót eða stofni) með því að bæta aðskeyti við hana. Aðskeyti eru einingar sem hafa málfræðilegt hlutverk fremur en eiginlega merkingu.
- b Merkingarbæru einingarnar eru sjálfstæð orð eða kjarni sjálfstæðra orða (þ.e. orð án endinga) en aðskeyti geta hvorki staðið sem sjálfstæð orð né verið kjarni sjálfstæðra orða.

Samkvæmt þessu er munurinn á afleiðslu og samsetningu bæði formlegur og merkingarlegur og mörkin milli afleiðslu og samsetningar ættu að vera ljós þegar þetta tvennt fer saman. Oft er gripið til þess ráðs að sýna muninn á þessu tvennu með dæmum og það skal einnig gert hér til glöggvunar. Samsetta orðið *orðabók* er myndað úr orðunum *orð* og *bók* sem bæði koma fyrir sjálfstæð og hafa augljósa, vel skilgreinda merkingu. Afleiddu orðin *orðun*, *yrðing*, *bókun* og *óorð* eru hins vegar mynduð með viðskeytunum *-un* og *-ing* sem hafa það hlutverk að mynda nafnorð af sögnum og forskeytinu *ó-* sem þarna hefur niðrandi merkingu.

Munurinn á samsetningu og afleiðslu í þessum dæmum virðist vera ljós en svo er þó ekki alltaf. Til þess að svo mætti vera þyrftu merkingarbæru einingarnar (þ.e. orð eða rætur) að vera auðþekkjanlegar frá þeim einingum sem gegna málfræðilegu hlutverki (þ.e. aðskeytum) og **merking** og **málfræðilegt hlutverk** þyrftu að vera hugtök sem einfalt er að afmarka, en svo er alls ekki. Að auki standast formleg og merkingarleg greinimörk milli samsetningar og afleiðslu ekki alltaf á þar sem sumar merkingarbærar einingar koma

ekki fyrir sem sjálfstæð orð (eða kjarni sjálfstæðra orða) og sumir orðhlutar sem hafa málfræðilegt hlutverk koma líka fyrir sem sjálfstæð orð.

Í þessari ritgerð verður fjallað um vandamál sem tengjast hugmyndum manna um muninn á afleiðslu og samsetningu í ljósi greiningar á orðum úr íslensku nútímamáli. Gagnasafnið sem byggt er á er fengið úr Ritmálsskrá Orðabókar Háskólans og stofninn í því eru rúmlega fimmtíu þúsund orð sem koma fyrir í ritum frá þessari öld. Eitt af þeim vandamálum sem upp komu í greiningu á orðunum var einmitt munurinn á samsetningu og afleiðslu. Þetta vandamál er í meginráttum tvíþætt. Fyrsta atriðið snýst um það sem fram kom hér að framan, þ.e. um samband merkingar eða hlutverks annars vegar og sjálfstæðra orða eða bundinna orðliða hins vegar. Þar má nefna tvenns konar dæmi:

- (2) a Orðliðir sem haga sér merkingarlega eins og aðskeyti og virðast fremur hafa málfræðilegt hlutverk en merkingu en koma samt fyrir sem sjálfstæð orð eða eru a.m.k. samhljóða sjálfstæðum orðum: *-dómur*, *-háttur*.
- b Orðliðir sem haga sér merkingarlega eins og samsetningarliðir (þ.e. eins og orð) en koma ekki fyrir sem sjálfstæðir: *kirsu-* í *kirsuþer* og *-róf* í *litróf*.

Síðara atriðið snertir stofnbrigði önnur en þau sem fram koma í beygingarmyndum og tengsl þeirra við sjálfstæð orð. Þar er spurningin sú hve orðliður má vera ólíkur sjálfstæðu orði án þess að hætta að tilheyra sama orði eða lesi. Sem dæmi um þetta má nefna orðliði sem leiddir eru af töluorðum þar sem stofnbrigði koma fram sem ekki er að finna í sjálfstæðum orðmyndum, *tve-*, *þre-* og *fer-* (t.d. í *tvennd*, *þrenning* og *ferund*) og orðliði eins og *kven-* sem kemur ekki fyrir sem sjálfstæð orðmynd, þótt stofnbrigðið komi fram í eignarfalli fleirtölu, *kvenna*.

Svona atriði gefa tilefni til þess að athuga skilgreiningar á afleiðslu og samsetningu og muninn á þessu tvennu, forsendurnar sem að baki liggja og tilganginn með skiptingunni. Við það vakna fjölmargar spurningar um muninn á afleiðslu og samsetningu:

- (3) a Er hann fölginn í
 - 1. mismunandi formi eininganna,
 - 2. mismunandi stöðu þeirra í orðasafninu,
 - 3. ólíku orðmyndunarlegu hlutverki
 - 4. eða kemur hann fram annars staðar í málkerfinu, t.d. með því að einingarnar haga sér ekki eins hljóðkerfislega?
- b Er eðli þessara tveggja gerða orðmyndunar gjörólíkt eða skiptir munurinn engu máli?
- c Eru skilin milli afleiðslu og samsetningar ljós og skýr eða verður að gera ráð fyrir því að aðeins sé hægt að lýsa dæmigerðri samsetningu og dæmigerðri afleiðslu en þar á milli séu fyrirbæri sem hafi einkenni beggja?

Í erlendum ritum um generatífa málfræði er áberandi hve lítið er um beinar skilgreiningar á muninum á afleiðslu og samsetningu. Helst er von á slíku efni í kennslubókum en þar virðist hver taka skilgreiningar upp eftir öðrum. Í frumheimildum verður að fara nokkra krókaleið og leita að efni sem sýnir skilgreiningarnar óbeint þar sem menn hirða yfirleitt ekki um að setja þær fram með óyggjandi hætti. Hér á eftir verður gefið yfirlit um þá afstöðu sem fram kemur til mismunar á samsetningu og afleiðslu í nokkrum grundvallarritum um generatífa orðmyndunarfræði, auk þess sem skilgreiningar í kennslubókum verða raktar. Við athugun á frumheimildum skipta kenningakerfi þau sem menn vinna í öllu máli og þess vegna er óhjákvæmilegt að skoða þau nokkuð, til að átta sig á þeim

hugmyndum sem að baki liggja. Þegar það er gert kemur í ljós að samstaðan um muninn á afleiðslu og samsetningu sem virðist ríkja á yfirborðinu er í reynd allt annað en afdráttarlaus og eitt heildstætt ríkjandi kerfi virðist ekki vera til í generatífri orðmyndunarfræði. Það er því engan veginn sjálfgefið hvaða leið á að fara í glímunni við íslenska orðmyndun, meira að segja þótt það sé gefið fyrir fram að generatíf skuli greiningin vera.

Umfjöllun um íslenska orðmyndun er fremur lítil að vöxtum. Þar, ekki síður en í erlendri umfjöllun, er hefðin sterk og við fyrstu sýn er tiltölulega lítill munur á grunnskilgreiningum á orðmyndun, eins og fram kemur í 3. kafla hér á eftir. Þegar grannt er skoðað gildir þó það sama um íslenska umfjöllun um orðmyndun og þá erlendu; afdráttarlausar skilgreiningar liggja ekki á lausu.

Þegar reynt er að beita kenningunum við greiningu á orðum kemur fljótlega í ljós að skilgreiningarnar duga skammt og vafaatriðin eru mýmörg. Hluti af vandamálinu er tengdur óljósum mörkum milli afleiðslu og samsetningar, m.a. vegna þess að skilgreiningarnar sjálfar eru ekki afdráttarlausar. Að auki er orðaforðinn í stöðugri sköpun og orðin sem verið er að fást við tengjast ekki einu málstigi heldur ná yfir langt tímabil. Í nútímamáli er þess vegna mýgrútur af orðum sem ekki eru mynduð á sama hátt og nú væri gert. Orðin sjálf úreldast einfaldlega hægar en virkar orðmyndunarreglur í málinu og vafasamt er að nokkrar orðmyndunarreglur sem eiga við nýmyndun ná yfir orð frá eldri málstigum eða eigi að gera það. Þá er átt við **orðmyndunarreglur**, þ.e. reglur sem eiga að vera virkar í málinu og samtímalegar, samkvæmt kenningakerfi generatífista. Hins vegar má líka halda því fram að einhverjar reglur hljóti að ná yfir greiningu á orðum sem þegar eru til í málinu, þ.e. **orðgerðar-** eða **orðgreiningarreglur**. Það er a.m.k. ljóst að málkenndin dugar mönnum til að greina orðhluta í orðum sem mynduð eru með reglum sem ekki virðast lengur vera virkar. Þá virðast málnotendur ekki heldur vera í neinum vandræðum með að finna skyldleika milli orða eða lesa þótt sjálf orðmyndunarvenslin séu ekki í samræmi við orðmyndunarreglur sem þeir geta sjálfir beitt á virkan hátt.¹

Um leið og komið er út fyrir þær reglur sem greinilega eru virkar í máli manna verður erfðara að setja mörk um það hversu langt á að ganga í orðhlutagreiningu. Hvernig er hægt að meta hvaða vensl milli orða eru málnotandanum augljós þegar ekki er tekið mið af virkri málnotkun?² Í þeirri greiningu sem hér verður sett fram er miðað við að eðlileg málkennd sé grunnurinn, eins og gert er í kennslubók Eiríks Rögnvaldssonar, *Íslenskri orðhlutafraði* (1990). Niðurstaða hans er sú að eina gilda myndangreiningin sé sú sem málnotendur beita ósjálfrátt þegar þeir læra málið (1990:19–20). Hér er því miðað við málkunnáttu en ekki málfræðikunnáttu, eftir því sem tók eru á.

Hins vegar er óhjákvæmilegt að ganga nokkuð lengra en venjulegur málnotandi myndi gera í greiningu á borð við þá sem hér er sett fram, einfaldlega vegna þess að gögnin sjálf og innbyrðis samræmi í þeim verður til þess að greiningin er endurskoðuð í sífellu. Greiningin verður þá ekki lengur ómeðvituð. Venjulegur málnotandi þarf ekki að hafa af því áhyggjur hvort einhver tiltekinn orðliður er alltaf greindur á sama hátt. Ef miðað er við málkunnáttu er ekki erfitt að setja skilin í sögulegu efni ef dæmin eru jafnafráttarlaus og t.d. *-d* í *mold* og *-d* í *lengd*.³ Fyrri orðið er með öllu ógagnsætt en það síðara tengir venjulegur málnotandi hiklaust við lýsingarorðið *langur*. Venjulegur málnotandi hefur heldur ekki áhyggjur af því hvort orðin *fallisti* og *sadisti* eru mynduð á sama hátt. Í kerfisbundinni greiningu þarf hins vegar að taka afstöðu til þess hvort síðara orðið er tekið inn í málið sem ein heild og því greint sem grunnorð (þ.e. ósamsett og óafleitt orð)

¹Í nútímamáli er t.d. varla hægt að halda því fram að nafnorð séu mynduð af sögnum með viðskeytinu *-t*, sbr. *að taka til* og *tiltekt*. Samt vefst ekki fyrir málnotendum að tengja þetta saman.

²Próf sem byggjast á kónunum á orðskilningi (fremur en tjáningu) eru þeim annmörkum háð að þau eru **alltaf** leiðandi að einhverju leyti.

³Sbr. greiningu Alexanders Jóhannessonar (sjá 3.2.1) og Björns Guðfinnssonar (sjá 3.2.2).

eða sem afleitt orð til þess að greiningin á orðhlutanum *-isti* sé sjálfri sér samkvæm — en hvernig á þá að greina fyrri hlutann? Torkennilegir orðhlutar af þessu tagi verða svo til þess að óljós skil afleiðslu og samsetningar í kenningunum magnast enn upp.⁴

Umfjöllunarefnið í þessari ritgerð er því hvort ástæða er til að gera ráð fyrir þeim skörpu skilum milli afleiðslu og samsetningar sem venjulega eru höfð. Er réttlætanlegt, í ljósi þeirra gagna og þeirra kennisetninga sem hér verða skoðaðar, að skipta orðmyndun í þessa tvo meginflokka? Hinn meginþátturinn í ritgerðinni er síðan gagnagreiningin sjálf og lýsing á henni.

1.2 Efnisskipan

Efnisskipan í ritgerðinni er á þessa leið: Í 2. kafla er fjallað um skilgreiningar á afleiðslu og samsetningu í erlendum ritum um generatífa málfræði. Þar er byrjað á að skoða skilgreiningar í kennslubókum og yfirlitsritum en síðan er leitað fanga víðar. Reynt er að setja efnið í samhengi við þær hugmyndir um uppbyggingu málkerfisins sem liggja að baki nýlegum kenningum á þessu sviði og markmiðið er að finna þær fræðilegu forsendur sem notaðar eru til að greina á milli afleiðslu og samsetningar. Í 3. kafla er á sama hátt athugað hvaða afstöðu íslenskir fræðimenn taka til þessarar skiptingar og rakið hvernig hún kemur fram í nokkrum grundvallarritum. Í 4. kafla er lýsing á dæmasafni og gagnagreiningu og þar er sagt frá vandamálum sem upp koma vegna þess hve óljósar skilgreiningarnar reynast þegar til kastanna kemur. Forsendur fyrir greiningunni eru settar fram, skipulagi gagnanna er lýst og loks er þar sýnishorn af úrvinnslu úr þeim. Segja má að þessi kaflar sé sjálfstæður hluti ritgerðarinnar þar sem í honum er lýsing á efni sem nýta má til skoðunar á mun fleiri þáttum en hér er gert. Í 5. kafla er síðan athugun á orðhlutum og orðmyndunarreglum úr gagnasafninu í ljósi kenninganna sem sagt er frá í 2. og 3. kafla. Niðurstaðan þar er sú að með því að þrengja skilgreininguna á aðskeyti og gera ráð fyrir því að það sé alltaf bundið myndan, gegni alltaf málfræðilegu hlutverki og í því sé aldrei rót komi fram eðlileg skil á milli afleiðslu og samsetningar að því leyti að beygðir liðir komi aldrei fyrir sem fyrri hlutar nema í samsetningu. Mörkin milli bundinna liða sem taldir eru aðskeyti og annarra bundinna orðhluta eru þó mjög óljós. Þá er í kaflanum gert ráð fyrir víxlverkun afleiðslu og samsetningar sem leiðir til þess að erfitt er að aðskilja þessi tvö afbrigði orðmyndunar og telja á þeim eðlismun. Í 6. kafla eru lokaorð en þar er í stuttu máli gerð grein fyrir hugmyndum um uppbyggingu orðasafnsins sem sprottnar eru af niðurstöðum ritgerðarinnar.

1.3 Grunnskilgreiningar

Í 2. og 3. kafla ritgerðarinnar eru skilgreiningar á grunnhugtökum ýmissa fræðimanna raktar, bæði erlendra og innlendra. Til hægðarauka er rétt að gera hér í upphafi grein fyrir nokkrum hugtökum og notkun þeirra í ritgerðinni og er þá átt við notkun orðanna þar sem þau eru notuð athugasemdalaust án þess að þeim fylgi nánari skýringar eða verið sé að vísa í notkun tiltekinna fræðimanna á þeim. Hér er ekki um nákvæmar fræðilegar skilgreiningar að ræða, aðeins ábendingar til stuðnings þar til eiginlegar skilgreiningar koma fram í textanum.

- (4) a **Myndan** er (minnsta) afmörkuð eind í byggingu orðs.⁵ (Myndan er *rót*, *aðskeyti* eða *beygingarending*.)

⁴Hér er reynt að sigla á milli skers og báru hvað þetta varðar en á endanum er greining af þessu tagi alltaf bundin persónulegri túlkun greinandans. Nánar verður fjallað um einstök atriði í greiningunni í 4. kafla.

⁵Sjá kafla 2.3 í *Íslenskri orðhlutafræði* eftir Eirík Rögnvaldsson (1990:19).

- **Frjálst myndan** getur komið fyrir sem sjálfstætt orð (eða sem stofn í sjálfstæðu orði).
 - **Bundið myndan** getur ekki komið fyrir sjálfstætt og hlýtur alltaf að tengjast orðhluta sem í er rót.
 - **Stakmyndan** (*cranberry morpheme*) er bundið myndan sem aðeins kemur fyrir sem orðhluti í einu eða örfáum orðum, t.d. *hind-* í *hindber*. Stakmyndan hefur stöðu rótar í orðinu.⁶
- b **Rót** er kjarni í sjálfstæðu orði, að frádregnum beygingarendingum og aðskeytum.
- c **Stofn** er sjálfstætt orð að frádregnum beygingarendingum.
- **Stofnbrigði** eru hljóðbreytingar (t.d. hljóðskipti sterkra sagna og hljóðvörp) í stofni sem verða fyrir áhrif beygingar- eða orðmyndunarreglna.
- d **Orð** er í þessari ritgerð yfirleitt notað um setningarlega eind (*syntactic atom*).
- **Orðhluti** er óskilgreindur hluti orðs (hvaða hluti sem er).
 - **Orðliður** er hluti orðs sem sýna má með hríslu, þ.e. *constituent*.⁷
 - **Orðmyndunarregla** er málfræðiregla sem býr til ný orð.
 - **Orðgerðarregla** er málfræðiregla sem greinir (eða sýnir) innri gerð orða.
- e **Les** er eining í orðasafni (*lexeme*).⁸
- f **Grunnorð** er ósamsett og óafleitt orð, þ.e. orð sem engri orðmyndunarreglu hefur verið beitt á.
- g **Samsetning** er það að mynda orð af (a.m.k.) tveimur (sjálfstæðum) orðum eða lesum. (Sumir málfræðingar láta nægja að segja samsetningu innihalda a.m.k. tvær rætur.)
- **Samsetningarliður** er annar tveggja hluta sem mynda samsett orð (hvor þeirra sem er eða báðir geta verið samsettir fyrir).
 - **Samsetningarháttur** vísar til hefðbundinnar skiptingar í íslenskri orðmyndun í fast og laust samsett orð (þ.e. stofnsamsetningu og eignarfallssamsetningu), auk bandstafssamsetninga.
- h **Afleiðsla** er það að mynda orð af orði eða lesi með því að bæta við það bundnu myndani sem hefur málfræðilegt hlutverk fremur en eiginlega merkingu.
- **Aðskeyti** er bundið myndan sem bætist við orð eða les í afleiðslu.
 - **Forskeyti** er aðskeyti sem bætist framan við orð eða les.
 - **Viðskeyti** er aðskeyti sem bætist aftan við orð eða les.
- i **(Beygingar)ending** er bundið myndan sem gerir beygingarþætti sýnilega.⁹
- j **Haus** í orði er aðalhluti orðs, þ.e. sá hluti sem er ráðandi að einhverju tilteknu leyti:
- **Formlegur haus** er sá hluti orðs sem ræður málfræðilegum formdeildum þess, t.d. orðflokki. Formlegur haus í íslensku er alltaf aftast í orði.

⁶Sjá kafla 2.3.2 í *Íslenskri orðhlutafræði* eftir Eirík Rögnvaldsson (1990:21).

⁷**Orðliður** er m.ö.o. byggingareind í orði en **orðhluti** þarf ekki að vera það.

⁸Sjá líka umfjöllun um orðasafnseindir í nmgr. 52 í kafla 2.5.6.

⁹Hér er einfaldað nokkuð. Þessi skýring á tæplega við beygingarendinguna -Ø.

- **Merkingarlegur haus** er sá hluti orðs sem ber aðalmerkinguna. Í orðinu *smástelpa* er merkingarlegur hægri haus (*smástelpa* er *stelpa*), í orðinu *stelpustýri* er merkingarlegur vinstri haus (*stelpustýri* er líka *stelpa*), en í orðinu *merkikerti* er enginn merkingarlegur haus (*merkikerti* er hvorki *merki* né *kerti* heldur *maður*).¹⁰
- k **$\bar{X}$ -kerfið** er kenningin um það að gerð allra setningarliða sé hin sama og að hver liður sé vörpun höfuðorðsins í honum. Nafnliður er því vörpun af nafnorði, sagnliður af sagnorði o.s.frv. Yfirleitt er gert ráð fyrir tvígreindum hríslum í þessu kerfi og tengsl höfuðorðs og fylliliða og ákvæða eru þá þessi:

$$\begin{aligned} Xl &\rightarrow Yl \quad X' \\ X' &\rightarrow X \quad Zl \end{aligned}$$

og er þá X höfuðorðið, Yl ákvæðisliður og Zl fylliliður.¹¹

Hugtökin *samsett orð*, *samsetning* og *samsetningarliður* eru aðeins notuð í þeirri merkingu sem fram kemur hér að ofan, nema annað sé tekið fram. Sama máli gildir um orðin *afleiðsla* og *afleiddur*, *aðskeyti*, *aðskeyting* og *aðskeyttur*. Orðin *viðskeyti* og *for-skeyti* eru aðeins notuð um undirflokka aðskeyta og *beygingarendingar* eru alltaf greindar frá viðskeytum nema þess sé getið sérstaklega, enda er það í samræmi við íslenska venju þótt svo sé ekki endilega í erlendum málum, t.d. ensku. Reynt er að halda aðgreiningu milli hugtaka eins og framast er unnt en það er ekki alltaf auðvelt þar sem slíkt stríðir oft gegn málvenju, sbr. það að stundum er sagt að samsett orð sé *leitt af* tveimur orðum sem skilja mætti á þann veg að samsetning teldist til afleiðslu. Orðin *orðhluti* og *orðliður* eru notuð bæði um samsetningu og afleiðslu, t.d. þegar ekki hentar að gera greinarmun á aðskeyti og samsetningarlið. Munurinn er sá að *orðhluti* getur í verunni verið hvaða hluti orðs sem er en með orðinu *orðliður* vísast í hríslumynd af orði og er þá átt við kvist í hríslunni (eiginlegan lið í orðinu), þ.e. *constituent*.

¹⁰Sjá einnig klassíska skiptingu samsettra orða í þrjá flokka, t.d. hjá Alexander Jóhannessyni (1929), þ.e. *Dvandva*, *Bahuvrihi* og *Bestimmungszusammensetzung*.

¹¹Sjá kafla 2.3 í kandiðatsritgerð Friðriks Magnússonar (1990) þar sem $\bar{X}$ -liðgerðin er útskýrð.

2 Um afleiðslu og samsetningu í generatífri málfræði

2.1 Inngangur

Í þessum kafla verður fjallað um þær röksemdir sem notaðar eru í generatífri málfræði til að skilja á milli afleiðslu og samsetningar. Þar er ýmist byggt á formlegum einkennum orðhluta, merkingarlegum einkennum eða hljóðkerfislegri hegðun, og ræður þar viðhorf hvers höfundar og viðfangsefni. Þá skiptir einnig máli hvaða tímabil verið er að fjalla um þar sem tískusveiflur í fræðunum eru talsverðar. Fæst þeirra verka sem hér eru skoðuð hafa það að aðalmarkmiði að skilja á milli afleiðslu og samsetningar og því verður á stundum að fara nokkra krókaleið að efninu. Hér er því leitað bæði í almennar kennslubækur til að finna beinar skilgreiningar og í frumheimildir þar sem oft verður að leita skilgreininganna óbeint. Reynt er að velja verkin þannig að sem ólíkust sjónarhorn komi fram og jafnframt er reynt, eftir því sem kostur er, að gera grein fyrir því hvernig mismunandi viðfangsefni manna hafa áhrif á kenningakerfin sem þeir velja sér eða koma sér upp.


Efnisskipan í kaflanum er þessi: Í kafla 2.2 er vikið að flokkadráttum í generatífri orðmyndunarfræði og því hvernig viðfangsefni manna móta afstöðu þeirra til kenninganna. Í kafla 2.3 er fjallað um þann arf sem generatíf málfræði tók eftir formgerðarsinna, en til þeirra má rekja bæði kenningar og vinnuaðferðir. Í kafla 2.4 eru raktar skilgreiningar á afleiðslu og samsetningu í kennslubókum í generatífri málfræði og þar koma fram helstu greinimörk sem notuð eru, formleg (2.4.1), merkingarleg (2.4.2) og hljóðkerfisleg (2.4.3). Þá er vikið að fleiri atriðum, svo sem hugsanlegum mun á virkni og endurkvæmni afleiðslu- og samsetningarreglna og mismunandi takmörkunum á stöðu samsetningarliða og aðskeyta í orði (2.4.4). Í síðari hluta kaflans er síðan fjallað um einstök verk nokkurra lykilhöfunda. Þar fer fremstur í flokki Mark Aronoff (2.5.1 og ásamt Sridhar í 2.5.2), en aðrir höfundar eru Elisabeth Selkirk (2.5.3), Paul Kiparsky (2.5.4), Stephen R. Anderson (2.5.5) og Rochelle Lieber (2.5.6). Í lok kaflans er yfirlit um helstu niðurstöður.

2.2 Upphafið

Á fyrstu árum generatífrar málfræði var kenningin sú að öll formleg vensl mætti setja fram með setningafræðilegum reglum sem röðuðu saman orðum í setningar og myndönum í orð. Öll myndbrigði voru þá talin til hljóðkerfisfræði og afleiðingin var sú að orðhlutafræði skipaði engan afmarkaðan sess í málkerfinu og viðfangsefni hennar skiptust milli setningafræði og hljóðkerfisfræði. Endurvakning og ný tilvist orðhlutafræði í generatífri málfræði er oftast rakin til greinar Chomskys *Remarks on nominalization* (1970) en þar kemur fram það sjónarmið að nægilega margt sé ólíkt með ferlum þeim sem gilda í setningafræði og orðmyndun til þess að rétt sé að tala um aðskilda hluta málkerfisins þar sem hver hluti lýtur sínum lögmálum. Orðhlutafræði er þá talin eiga heima í þeim hluta málkerfisins sem nefndur er orðasafn eða lexíkon og kenningar sem byggjast á þessari hugmynd þiggja þaðan nafn sitt og eru kenndar við lexíkalska orðmyndunarfræði.

Það líkan af málkerfinu sem upprunalega bjó að baki þessari hugmynd var hið svokallaða „klassíska líkan“ sem byggðist á bók Chomskys *Aspects of the Theory of Syntax*

(1965) og m.a. má finna mynd af í kennslubók Andrews Spencer, *Morphological Theory*:



(1) Aspects-líkanið (Spencer 1991:63)

Grunnhugmyndin í þessu líkani (sem hér eftir verður nefnt Aspects-líkanið) og öðrum sem byggja á sömu hugmyndafræði er sú að hlutar líkansins séu strangt afmarkaðir og flæði á milli þeirra sé takmarkað eða a.m.k. nákvæmlega skilgreint, venjulega án hringstreymis. Í líkaninu hér á undan er t.d. hvergi gert ráð fyrir flæði nema í eina átt, eins og ráða má af örvunum. Síðustu tvo áratugina hafa líkön af þessu tagi (í ýmiss konar útfærslu) verið ráðandi¹ í generatífri málfræði en þar er gert ráð fyrir að öll orðmyndun eigi sér stað í orðasafninu og skiptist í afleiðslu og samsetningu. Skoðanir eru mun skiptari um það hvort beyging teljist vera orðasafnsferli eins og orðmyndun eða eigi heima á síðara stigi í líkaninu vegna þess hvernig hún skilyrðist af setningarlegum þáttum. Þessar deilur stóðu sem hæst á áttunda áratugnum og voru þeir sem aðhylltust kenninguna um beygingar sem hluta orðasafnsins kenndir við *Strong Lexicalist Hypothesis* en þeir sem töldu hana ekki vera orðasafnsferli kenndir við *Weak Lexicalist Hypothesis*.² Nú á síðustu árum hafa magnast upp deilur um skilin milli setningafræði og orðhlutafræði (sjá t.d. Fabb (1984), Sproat (1985), Baker (1988a), Lieber (1992) og Ackema (1995) annars vegar og Aronoff (1994), Scalise (1986), Borer (1988), Beard (1995) o.fl. hins vegar) og um skilin milli hljóðkerfisfræði og orðmyndunarfræði (sbr. t.d. umfjöllun Kiparskys um lexíkalska hljóðkerfis- og orðhlutafræði (1982, 1983, 1984) og viðbrögð við kenningum hans, t.d. frá Booij (1989), Booij & Rubach (1987) og Sproat & Shih (1993)). Deilurnar snúast ýmist um það hvernig og hvar skil milli hluta málkerfisins eru sett og hvernig flæði milli hlutanna er háttað eða um það hvort líkanið í heild á rétt á sér. Þessi umræða er mikil að vöxtum og margvísleg og verður ekki rædd til neinnar hlítar hér. Í ljósi þeirra deilna sem uppi hafa verið um nánast öll atriði sem varða orðhlutafræði og allt sem henni tengist (þ.á m. sjálfa tilvist hennar) virðast þó allir vera sammála um eitt, þ.e. **um það að skipta orðmyndun í afleiðslu og samsetningu**, eins og fram kemur hér á eftir þegar einstakar skilgreiningar verða raktar.

¹Ekki má þó skilja þetta sem svo að líkanið hafi verið óumdeilt, enda fer því fjarri, en orðið „ráðandi“ er réttlæt看legt á þeim forsendum að inngangsbækur og yfirlitsrit í greininni ganga út frá því, sjá t.d. Scalise (1986), Spencer (1991) og Katamba (1993). Líkanið hefur líka verið „ráðandi“ í þeim skilningi að jafnvel andstæðingar þess verða að gera grein fyrir máli sínu innan þess ramma sem það setur, þótt ekki sé til annars en að hrekja það.

²Samkvæmt Scalise (1986) teljast Halle (1973, sjá nmgr. 24 í kafla 2.5.1 hér), Jackendoff (1975), Lieber (1981), Williams (1982; svo í Scalise (1986:102), mun vera 1981a) og Selkirk (1982) til fyrri hópsins, en í þeim síðari nefnir hann Chomsky og Halle (1968), Chomsky (1970), Aronoff (1976) og Anderson (1982).

Skiptingin í afleiðslu og samsetningu skiptir mismiklu máli eftir því hver heildarmyndin af málkerfinu er. Stundum er hún lykilatriði, eins og í *A-Morphous Morphology* eftir Stephen R. Anderson (1992). Hjá honum er eðlismunur á orðmyndunarreglum þeim sem gilda í afleiðslu og orðgerðarreglum sem eiga við um samsetningu, þannig að samsetningarliðir eru les (*lexem*) og geymdir sem slíkir í orðasafni. Aðskeytin sjálf eru hins vegar aðeins talin vera hljóðform orðmyndunarreglnanna og því hluti af þeim. Aðrir gera hins vegar ráð fyrir því að aðskeyti séu les, rétt eins og orð, og þá eru afleiðsla og samsetning sett fram með sambærilegum reglum sem raða saman lesum. Þetta á t.d. við um Selkirk (1982) sem beitir liðgerðarreglum í orðmyndun og hjá Lieber (1992) sem beitir einni innsetningarreglu sem gildir jafnt um samsetningu og afleiðslu, en þar er orðmyndun talin til setningarhluta málkerfisins. Þessi mismunur á viðhorfum tengist viðfangsefnum manna þannig að þeir sem fást við hljóðkerfislega þætti orðmyndunar virðast vera hallari undir það að beita aðferðum sem svipar til aðferða í hljóðkerfisfræði. Þeir sem fást við rökvensl orðliða o.þ.h. nota hins vegar aðferðir sem eru líkari aðferðum í setningafræði eða telja orðmyndun beinlínis til setningafræði.

Í setningafræði hafa orðið gífurlegar breytingar á síðustu árum og bilið milli aðferða og kenninga í hljóðkerfisfræði og setningafræði virðist vera að aukast. Í setningafræði Chomskysinna hefur reglumálfræðin vikið fyrir málfræði sem kennd er við lögmál og breytur (*principles and parameters*).³ Þá er orðum raðað saman í setningar eftir þeim gildum sem hvert einstakt tungumál setur fyrir breytturnar í allsherjarmálfræðinni sem er algild fyrir öll tungumál. Þessi stefna er meiri bylting en ummyndanamálfræðin var á sínum tíma, samkvæmt Chomsky sjálfum (sjá greinina *Some Notes on Economy of Derivation and Representation* (1991)), og verður að auki til þess að bilið milli aðferða í setningafræði og hljóðkerfisfræði breiðist.⁴

The past few years have seen the development of an approach to the study of language that constitutes a fairly radical departure from the historical tradition, more so than contemporary generative grammar at its origins. I am referring to the principles-and-parameters approach, which questions the assumption that a particular language is, in essence, a specific rule system. If this approach is correct, then within syntax (excluding phonology) there are no rules for particular languages and no construction-specific principles. A language is not, then, a system of rules, but a set of specifications for parameters in an invariant system of principles of Universal Grammar . . .

(Chomsky 1991:417)

Þeir sem eru setningafræðilega sinnaðir í orðhlutafræði virðast hneigjast æ meira að breytulíkaninu og miða við að einhvers konar $\bar{X}$ -kerfi⁵ gildi líka um orðmyndun. Búast má við að nýjasta líkan Chomskys af málkerfinu, naumhyggjan (eða minimalisminn) sem boðuð er í bókinni *The Minimalist Program* (1995a), verði til þess að flækja málið enn frekar en samkvæmt þessari kenningu er aðeins gert ráð fyrir orðasafni, rökgerð (*logical form, LF*) og hljóðgerð (*phonetic form, PF*) en aðrir hlutar málkerfisins missa sjálfstæði sitt. Þar með hlýtur orðasafnið að verða mjög flókið en Chomsky virðist gera ráð fyrir því

³Í 2. kafla í kandiðatsritgerð Friðriks Magnússonar (1990) er góð lýsing á þessu.

⁴Í neðanmálsgrein (Chomsky 1991:449, nmgr. 2) kemur fram að Chomsky gerir enn ráð fyrir regluvirkni í hljóðkerfisfræði og er þar vísað til greinar Brombergers og Halles, *Why Phonology is Different* (1989), þar sem færð eru rök fyrir þessu. Þarna er m.ö.o. gert ráð fyrir grundvallarmismuni á eðli setningafræði og hljóðkerfisfræði, að því er virðist enn frekar en áður hefur verið. Þeir sem fást við orðmyndunarfræði í anda þessa líkans geta því enn um sinn deilt um það hvort afleiðsla sé fremur í ætt við hljóðkerfisreglur eða setningagerðarlögmál.

⁵Ekki verða menn þó á eitt sáttir um það hvort $\bar{X}$ -kerfið innan orðs lítur eins út eða fylgir sömu lögmálum og í setningafræði, sjá kafla 4.4.1.2 hér á eftir.

að mun meiri upplýsingar fylgi hverju lesi en verið hefur, sbr. það sem hér fer á eftir.⁶

Variation must be determined by what is “visible” to the child acquiring the language, that is, by the PLD [primary linguistic data]. It is not surprising, then, to find a degree of variation in the PF component, and in aspects of the lexicon: Saussurean arbitrariness (association of concepts with phonological matrices), properties of grammatical formatives (inflection, etc.), and readily detectable properties that hold of lexical items generally (e.g., the head parameter). Variation in the overt syntax or LF component would be more problematic, since evidence could only be quite indirect. A narrow conjecture is that there is no such variation: beyond PF options and lexical arbitrariness (which I henceforth ignore), variation is limited to nonsubstantive parts of the lexicon and general properties of lexical items. If so, there is only one computational system and one lexicon, apart from this limited kind of variety. Let us tentatively adopt that assumption — extreme, perhaps, but it seems not implausible — as another element of the Minimalist Program. (Chomsky 1995a:169–170.)

Lítið hefur verið birt um orðmyndun þar sem unnið er út frá þessum hugmyndum enn sem komið er og mér er ekki ljóst hvaða áhrif þetta mun hafa á skoðanir manna á muninum á afleiðslu og samsetningu. Ekki sýnist mér þó að togstreitan um setningarlega og hljóðkerfisfræðilega þætti í orðhlutafræði muni hverfa fyrir áhrif þessarar kenningar.

Þeir sem fást við viðfangsefni innan orðhlutafræði sem tengd eru hljóðkerfisfræði virðast halda sig við Aspects-líkanið eða einhver afbrigði þess og skýra mismunandi orðmyndun með mismunandi reglum en ekki með breytilegri skilyrðingu á lesum í orðasafni. Bilið milli þeirra sem styðjast við mismunandi líkön af málkerfinu sem hér hefur verið tæpt á er talsvert og það er ekki til hægðarauka að menn hafa tilhneigingu til að gagnrýna kenningar annarra út frá sínum eigin forsendum (og líkani) en ekki út frá þeim forsendum sem mótherjinn notar sjálfur. Það er því ekki furða þótt erfitt sé á stundum að bera hinar ýmsu kenningar saman. Samt vekur skoðanamunur milli manna og skóla ekki mesta furðu, heldur það hve samstaðan um það að aðgreina samsetningu og afleiðslu virðist vera mikil þrátt fyrir þær ólíku forsendur sem hér hafa verið nefndar.⁷

2.3 Arfurinn frá formgerðarsinum

Af ritum sumra generatífra málfræðinga mætti ætla að upphaf allrar málfræðiiðkunar mætti rekja til fyrstu rita Chomskys. Þetta er sérstaklega áberandi í setningafræði og kemur líka fyrir í kennslubókum í orðhlutafræði (t.d. í Scalise 1986 og Jensen 1990).⁸ Hitt er þó algengara að þess sé skilmerkilega getið að í orðhlutafræði er arfurinn frá formgerðarsinum (strúktúralistum) mjög mikilvægur og margar aðferðir og skilgreiningar eru

⁶Hér er vísað í prentaða heimild en upphaflega var tilvitnunin í handrit Chomskys (1993) þar sem orðalag er með nokkuð öðrum hætti:

Parametric variation must allow at least Saussurean arbitrariness association of concepts from a fixed store with phonological matrices. Variation must be determined by what is ‘visible,’ that is, by the PLD [primary linguistic data]. We therefore expect variation in the PF component. A plausible conjecture is that beyond such options, variation is limited to the lexicon, perhaps to certain morphological properties of lexical items. There is, then, only one computational system apart from the PF component, and one lexicon apart from functional elements and inescapable arbitrary associations. (Chomsky 1993:3)

⁷A.m.k. að því marki að alls staðar er fullum fetum talað um þetta hvort í sínu lagi, meira að segja hjá þeim sem í verunni virðast ekki telja eðlismun á þessu tvennu.

⁸Báðar bækurnar eru byrjendabækur og er ekki ætlað að gefa sögulegt yfirlit yfir greinina, eins og fram kemur í nöfnum þeirra en orðið „generative“ kemur fram í þeim báðum. Sú fyrri heitir einfaldlega *Generative Morphology* en hin hefur undirtitilinn *Word Structure in Generative Grammar*.

beinlínis frá þeim fengnar eða a.m.k. byggðar á verkum þeirra (sjá t.d. Katamba 1993 og Spencer 1991). Þannig er málum háttað um afmörkun afleiðslu og samsetningar en þessi skipting stendur auðvitað á gömlum merg í málfræði, eins og fram kemur þegar gamlar málfræðibækur eru skoðaðar. Nú verður tekið dæmi af aðferðum formgerðarsinna við aðgreiningu undirflokka orðmyndunar og skilgreiningar Nidas (1949) raktar. Þá er minnst á þrjár aðferðir formgerðarsinna við orðhlutagreiningu (*Item and Arrangement*, *Word and Paradigm* og *Item and Process*) en þar kemur fram munur sem tengist mismunandi skoðunum manna á orðmyndunarreglum þar sem aðskeyti eru annaðhvort talin vera les eða hluti orðmyndunarreglnanna sjálfra. Loks fylgja vangaveltur um áhrifin af vinnuaðferðum formgerðarsinna á líkan generatífra málfræðinga.

2.3.1 Skilgreiningar Nidas

Eugene Nida er hér tekinn sem fulltrúi amerískra formgerðarsinna, án þess þó að hann sé að öllu leyti dæmigerður fyrir þá stefnu eða trú blint á sumar af höfuðkennisetningum hennar. Ástæðan er sú að bók hans um orðhlutafræði, *Morphology. The Descriptive Analysis of Words* (1949), er afskaplega greinargóð og ítarleg og aðferðir þær sem þar er lýst hafa haft mikil áhrif á generatífa málfræðinga. Stefna formgerðarsinna mótaðist mjög af raunhyggjustefnunni (*empiricism*) sem var frá fjórða áratugnum ráðandi fræðastefna í ýmsum greinum í Bandaríkjunum, þar með talið í málfræði þar til generatífstar ruddu sér til rúms. Eitt af viðfangsefnum amerískra formgerðarsinna, þar á meðal Nida, var að greina og skrá fjölmörg indíánamál og bók Nidas er öðrum þræði handbók um það hvernig greina skuli framandi tungumál. Eins og Frederick Newmeyer rekur í bók sinni *Linguistic Theory in America* (1980) var markmiðið að lýsa málfræði tungumálsins sem greina átti með því að byrja á hljóðformi þess (þ.e. greina fónemin) og halda síðan áfram koll af kolli. Kennisetning flestra formgerðarsinna var sú að greininguna yrði að vinna í skýrt afmörkuðum stigum þannig að hljóðkerfisfræði, orðhlutafræði og setningafræði voru alveg aðskilin rannsóknarsvið sem ekki mátti blanda saman.⁹ Þessu var Nida ekki sammála, eins og fram kemur í þriðja lög máli hans um málgreiningu: „No part of a language can be adequately described without reference to all other parts“ (1949:2).¹⁰

Greining og aðferðir formgerðarsinna, bæði þeirra sem ekki leyfðu blöndun sviða og Nidas, bera merki raunhyggjumanna og eru sérstaklega til þess fallin að vinna frumvinnu í lýsingu tungumála. Raunhyggjustefnan átti líka greiðan aðgang að málfræðingum á þessu sviði þar sem aðalatriðið hlýtur að hafa verið að koma sér upp nothæfum vinnuaðferðum, eins og fram kemur í bók Newmeyers:

Empiricism struck an especially responsive chord in linguistics. To hard-headed fieldworkers busy with the initial descriptions of hundreds of “exotic” languages, Humboldtian speculations about “inner form” and Schleicherian pronouncements of language evolution seemed as unscientific as Greek mythology.

(Newmeyer 1980:4)

Bók Nidas (1949) er mjög í þessum anda og þar er að finna nákvæma lýsingu á vinnuaðferðum við myndangreiningu. Skilgreiningin á muninum á afleiðslu og samsetningu

⁹Newmeyer (1980:6) tekur dæmi úr Hockett (1942:107): „There must be no circularity; phonological analysis is assumed for grammatical analysis and so must not assume any part of the latter. The line of demarcation between the two must be sharp.“

¹⁰Hér fylgir hluti af skýringu hans á lög máli nr. 3: „This principle means that the phonemics, morphology, and syntax of a language cannot be described without reference to each other. A language is not a departmentalized grouping of relatively isolated structures; it is a functioning whole, and the parts are only fully describable in terms of their relationship to the whole“ (Nida 1949:2–3).

byggir á flokkunaraðferðum Nidas á myndönnum en hann flokkar þau eftir ýmsum greinimörkum, eins og rakið er í kafla sem hefst á bls. 81 í bók hans. Þau atriði sem skilja á milli afleiðslu og samsetningar eru munurinn á frjálsu og bundnu myndani, munurinn á rót og öðrum gerðum myndana og munurinn á því sem Nida nefnir kjarna (*nucleus*) í orði og öðrum orðhlutum.

Skilgreiningin á frjálsu og bundnu myndani er sú sama og enn er notuð, þ.e. frjáls myndön geta staðið sjálfstætt (en þurfa ekki að gera það) en bundin myndön geta ekki staðið sjálfstætt. Eins og við er að búast er mun flóknara að skilgreina hvað rót er, enda lætur Nida nægja að lýsa fyrirbærinu með dæmum en að auki fylgja ítarlegar leiðbeiningar um það hvernig þekkja á rætur. Lýsing hans á rót er þessi:

Roots constitute the nuclei (or cores) of all words. There may be more than one root in a single word, e.g. *blackbird*, ..., and some roots may have unique occurrences. For example, the unique element *cran-* in *cranberry* does not constitute the nucleus of any other words, but it occurs in the position occupied by roots; cf. *redberry*, ... All other distributional types of morphemes constitute nonroots. (Nida 1949:82)

Annars staðar í bókinni er tekið fram að rót geti verið hvort heldur er frjáls eða bundin og nefnd dæmi um bundnar rætur eins og stofnana¹¹ *-ceive*, *-tain*, *-veal* (í orðunum *receive*, *retain* og *reveal*) og sníkla (*clitics*) á borð við *'ll* í *I'll* (1949:97). Greinimörk þau sem Nida notar til að þekkja rætur frá öðrum myndönnum eru býsna flókin. Þau eru á bls. 82–83 í bók hans og hljóða svo:

- (2) a **Positions of occurrence**, e.g. in Eskimo, Quechua, Turkish.
- b **Occurrence with certain prosodic features**. Roots frequently have different prosodic characteristics of stress or tone from those of other morphemes.
- c **Occurrence with different bounding junctures**, e.g. *full* and the suffix *-ful* in *disgraceful*.
- d **Statistical frequency**. There are many more roots than bound forms, i.e. by morphological listing, not necessarily by occurrence in context.
- e **Parallelism of structure**. Having determined the structure of most morphological constructions, the same patterns may be employed to establish the roots and nonroots where there may be some doubt.
- f **Meaning**. The root (or roots, in compounds) are usually, but not always, the principal 'carriers' of the meaning.

Þarna er miðað við stöðu í orði (a), hljómfall (b), mun á skilum (c), tíðni, þ.e. fjölda einstakra róta annars vegar og einstakra aðskeyta hins vegar (d), samanburð við orðgerð í öðrum orðum (e) og loks merkingu (f), en í neðanmálgrein segir Nida að merkingin sé oftast notuð til að greina rætur frá öðrum gerðum myndana þegar til kastanna kemur, en þó sé hún ekki áreiðanleg og önnur aðgreining þurfi að koma til: „In actual practice, the criterion of meaning is most frequently employed, but it is not reliable and must be substantiated by structural criteria“ (1949:83, nmgr. 10). Eins og sjá má af þessu er skilgreining Nidas á rót ekki afdráttarlaus en munurinn á afleiðslu og samsetningu byggist á henni, hjá honum eins og hjá mörgum öðrum. Munurinn á afleiðslu og samsetningu er reyndar ekki skilgreindur með því að vísa beint til skilgreiningar á rót, heldur er þar vísað til munar á kjarna í orði og annarra orðhluta en kjarni í orði er rót eða samsett rót (sjá Nida 1949:83 4.2.D). Samsett rót er mynduð af a.m.k. tveimur rótum en á milli þeirra

¹¹ Orðalagið er frá Nida, þ.e. hann kallar þetta *stems*.

getur falist orðhluti sem ekki er rót en telst vera hluti af samsettu rótinni. Munurinn á afleiðslu og samsetningu er þá sá að samsetning felst í því að bæta kjarna við kjarna en afleiðsla felst í því að bæta orðhluta sem ekki er kjarni við kjarna:

The derivational formations may ... be divided between formations of the nuclei (these are compounds) and constructions consisting of nuclei and nonnuclei.
(Nida 1949:98)

Í einfaldaðri mynd má því segja að munurinn á afleiðslu og samsetningu hjá Nida sé býsna líkur því sem fram kemur í skilgreiningunni í (1) í inngangi hér að framan. Munurinn er sá að grunneining Nidas er rót sem ekki þarf að vera frjálst myndan en í b-lið í (1) hér að framan eru merkingarbæru einingarnar í samsetningu sjálfstæð orð eða kjarni sjálfstæðra orða (þ.e. orð án endinga).

2.3.2 Orðmyndunarlýsing formgerðarsinna

Greiningaraðferðir formgerðarsinna og skilgreiningar þeirra eru grunnurinn sem generatíf orðmyndunarfræði byggir á. Hér að framan var lauslega tæpt á því hvernig Nida skiptir orðmyndun í samsetningu og afleiðslu en það er fleira sem hafa þarf í huga af arfi formgerðarsinna þegar nýrri verk um orðmyndun eru skoðuð. Hluti af deilum þeim sem minnst var á í sambandi við mismunandi líkön og mismunandi aðferðir generatífra málfræðinga hér að framan verður líka skiljanlegri í ljósi kenninga formgerðarsinna. Skiptingin í þrjár¹² aðferðir við orðmyndunar- og beygingarlýsingu sem rekja má til Hocketts, þ.e. *Item and Arrangement (IA)*, *Word and Paradigm (WP)* og *Item and Process (IP)*, kemur fram að einhverju leyti í generatífri málfræði þótt í breyttri mynd sé.

Aðferðin sem nefnd er *Item and Arrangement (IA)* byggist á nákvæmri myndangreiningu þar sem hvert myndan hefur sitt hlutverk og þeim er raðað saman samkvæmt ákveðnum reglum. Samkvæmt Matthews (1972:42) var fræðilega séð ekki munur á myndönum eftir því hvort þau voru rætur (*radical elements*) eða ekki (þ.e. aðskeyti eða endingar), a.m.k. ekki samkvæmt aðferðinni eins og hún var fyrst sett fram, en munur gat komið fram í ólíkum hlutverkum þeirra. Finna má líkindi með þessu og kenningu Lieber (1981, 1992) og Selkirk (1982) þar sem öll aðskeyti eru les (sjá 2.5.6 og 2.5.3). Þetta kerfi reynist vel til að lýsa aðskeytingu og samsetningu en miður til að lýsa fyrirbærum eins og beygingu sterkra sagna þar sem grípa þarf til myndangreiningar sem ekki á sér stoð í línulegri röð myndana í orðinu. Aðferðin *Item and Process (IP)* byggist hins vegar á þeirri hugmynd að orðmyndunarreglur¹³ (afleiðslu- og beygingarreglur) séu ferli sem breyta formi myndana eða orða á tiltekinn hátt, t.d. með viðskeytingu eða hljóðbreytingu. Grunnhugmyndin er þó sú að *IP* sé líka eins konar samröðun (*agglutination*). Spencer orðar þetta svo:

... IP ... is assumed to be agglutinative at the underlying level. Thus, *took* is formed from *take* plus the ablaut process, and this can be thought of as a base morpheme plus a past tense process, whose 'combination' results in the change in vowel quality.
(Spencer 1991:50–51)

¹²Hockett (1954) gerir líkönunum reyndar mishátt undir höfði og þess vegna heitir grein hans *Two models of grammatical description* og þar er sagt frá *IA* og *IP* en *WP* aðeins nefnt lauslega.

¹³Hér nær orðið 'orðmyndunarregla' (*word formation rule*) líka yfir beygingarreglur eins og það gerir oft í ensku en þar eru bæði orðmyndunaraðskeyti og beygingarendingar venjulega talin til aðskeyta í skilgreiningum á grunnhugtakinu sjálfu en síðan skilin að með því að kenna þau við ferlin, þ.e. *derivational affixes* og *inflectional affixes*.

Munurinn á *IA* og *IP* minnir nokkuð á skoðanaágreining milli þeirra sem telja aðskeyti til lesa í orðasafni og hinna sem telja þau einungis vera hljóðform afleiðslureglanna, en ekki virðast allir vera sammála um það hvað felst í *IP*: „... what precisely is meant by it [i.e. *IP*] varies from one linguist to another ...“ (Matthews 1972:63). Munurinn á því hvort aðskeyti eru les eða ekki virðist því ekki skipta eins miklu máli í *IP* eins og í *IA*. Þriðja aðferðin (*Word and Paradigm (WP)*) sem generatífir málfræðingar hafa tekið í arf frá formgerðarsinum kom seint til sögunnar hjá þeim síðarnefndu og er hjá Spencer (1991:52) rakin til Robins (1959) sem fyrstur mun hafa sett hana skipulega fram en aðferðin er nefnd hjá Hockett (1954). Matthews (1972, 1974), Stephen R. Anderson (sjá 2.5.5) og fleiri vinna síðar á líkum forsendum. Í verunni er þetta sama aðferð og beitt hefur verið í málfræði frá upphafi vega, ef svo má segja; aðferðin sem rakin er allt til Pāninis og byggist á því að ekki sé hægt að aðskilja orðhluta og beygingarreglur, þ.e. að skoða verði hverja orðmynd sem eina heild. Kunnuglegust er aðferðin úr hefðbundnum íslenskum málfræðibókum þar sem beygingardæmi eru gefin, en hún hefur síðan verið útfærð til þess að ná yfir afleiðslu líka, eins og sjá má hjá Anderson (1992). Ef þessi aðferð er notuð þá skiptir munurinn á afleiðslu og samsetningu verulegu máli. Vandamálin sem formgerðarsinnar þurftu að taka afstöðu til í sambandi við þessar aðferðir þrjár eru enn á kreiki og munu koma við sögu hér á eftir.

2.3.3 Bannið við blöndun sviða

Bannið við blöndun sviða er áhugavert athugunarefni fyrir þá sem vilja skoða áhrif formgerðarsinna á generatífa málfræði. Nú er talsverður munur á grundvallarviðhorfum formgerðarsinna og generatífra málfræðinga til þeirra líkana sem þeir setja upp. Grunnurinn að generatífri málfræði er sú hugmynd að verið sé að setja fram rétta og sálfræðilega raunverulega mynd af málkerfinu sjálfu sem er meðfætt og eins í öllum mönnum, eins og glögglega má sjá af öllum ritum Chomskys sem fjalla almennt um málfræði og grundvöll hennar, t.d. *Knowledge of Language* (1986b). Markmið formgerðarsinna var annað; þeir voru að glíma við að lýsa staðreyndum, m.a. með því að kljást við áður óskráð tungumál. Aðferðir þeirra og kenningar mótað því að verulegu leyti af gagnavinnunni sjálfri, a.m.k. hjá mönnum eins og Nida. Hljóðformið eitt var í verunni nægilega traust til að byggja lýsinguna á og þess vegna varð að greina það til hlítar áður en lengra var haldið. Á þann hátt var hægt að leiða í ljós málfræði tungumálsins sem verið var að rannsaka, eins og Newmeyer lýsir ágætlega:

The goal of structural linguistics was to ‘discover’ a grammar by performing a set of operations on a corpus of data. Each successive operation was one step farther removed from the corpus. Since the physical record of the flow of speech itself was the only type of data considered objective enough to serve as a starting point, it followed that the levels of a grammatical description had to be arrived at in the following order:

- I. Phonemics
- II. Morphemics
- III. Syntax
- IV. Discourse

Since morphemes could be discovered only after the phonemes of which they were composed were extracted from the flow of speech, it followed that morphemic (or syntactic) information could not enter a phonemic description ... This became known as the prohibition against ‘mixing levels’ in a grammatical description.

(Newmeyer 1980:6)

Spurningin er auðvitað sú hver afstaða manna var til þess líkans af málkerfinu sem kom út úr svona lýsingu. Var bannið við blöndun sviða eðlislægur þáttur málkerfisins sjálfs eða var það tæki til þess að tryggja að vísindalegum vinnubrögðum væri beitt, án þess að baki lægi einhver dýpri sannleikur um málkerfið?

Hugmyndir sem svipar til bannsins við blöndun sviða hafa átt talsverð ítök í generatífum málfræðingum og sá grunur læðist að á stundum að þar hafi atriði sem upphaflega mátti rekja til vinnuaðferða formgerðarsinna við greiningu tungumála orðið hluti af allt öðru líkani sem átti að sýna sálfræðilegan raunveruleika. Þar með er tæki eða aðferð e.t.v. orðið að trúarsetningu. Deilur um skil milli orðmyndunar og hljóðkerfishluta málsins annars vegar og milli setningarferla og orðamyndunar hins vegar beinast oftast en ekki að því **hvar** skilin eiga að vera en ekki **hvort** þau eiga sér einhvern tilverurétt og hvort þau eru sálfræðilega raunveruleg. Skilin sjálf verða síðan til þess að erfitt verður að gera grein fyrir atriðum sem virðast eiga sér nákvæma hliðstæðu í öðrum hlutum kerfisins vegna þess að bannað er að nýta upplýsingar fyrir en flæðið milli aðskilinna hluta í kerfinu leyfir það (sbr. örvarnar í Aspects-líkaninu í (1) á bls. 14 hér að framan). Á stundum mætti halda að aðskilnaðurinn verði markmið í sjálfu sér og að stíf skipting þjóni einhverjum tilgangi í kerfinu sjálfu, jafnvel án þess að vera réttlætt nægjanlega.

2.4 Skilgreiningar á afleiðslu og samsetningu í nýlegum kennslubókum

Hér að ofan var því haldið fram að skilgreiningar formgerðarsinna á grunnhugtökum í orðmyndunarfræði hefðu að verulegu leyti verið teknar upp í ritum um generatífa orðhlutafræði¹⁴ og nú er rétt að huga nánar að þessu. Vandamálið við það er að í fræðilega efninu sjálfu virðist vera litið á slíkar skilgreiningar sem sjálfsagða hluti og leita þarf í kennslubækur og yfirlitsrit til þess að finna skilgreiningar á grunnhugtökum eins og 'rót', 'stofn' og 'aðskeyti' vegna þess að þeir einir sem fást við að útskýra hluti fyrir byrjendum reyna að gera slíku einhver skil. Sama má segja um hugtökin 'afleiðsla' og 'samsetning'. Þeir sem fjalla um afmarkaðri viðfangsefni og setja fram nýjar kenningar virðast yfirleitt ganga út frá þessum hlutum sem gefnum en auðvitað má oft ráða hvaða skilning menn hafa á hugtökunum af ritunum sjálfum.

Kennslubækur í orðmyndun sem einskorðast við generatífa orðmyndunarfræði eru fáar og flestar kennslubækur fjalla um orðmyndun almennt án þess að binda sig við það líkan af málkerfinu sem lexíkölsk orðmyndunarfræði byggir á, í anda þeirrar stefnu sem rekja má til greinar Chomskys um nafnleidd sagnorð (*Remarks on nominalization*, 1970). Það kom líka í ljós þegar allmargar kennslubækur voru athugaðar að tiltölulega lítill munur var á grunnskilgreiningum í bókum sem beinlínis geta talist til kennslubóka í generatífri eða lexíkalskri orðhlutafræði, eins og Scalise (1986), Jensen (1990), Spencer (1991) og Katamba (1993),¹⁵ og skilgreiningum í almennari eða eldri bókum eins og Matthews (1972 og 1974), Adams (1973) og Bauer (1983 og 1988).¹⁶ Í sumum bókanna eru skilgreiningar mjög af skörum skammti og hugtökin sýnilega talin vera svo almenn að þau þarfnist alls ekki skýringa, eins og t.d. í Spencer (1991:14). Þar er fyrst sagt frá samsettum orðum á þennan hátt (leturbreyting hans): „Most languages exhibit some form of **compounding**. Indeed, in some languages ... it is the only real evidence of morphological complexity.“ Þrátt fyrir talsverða umfjöllun um samsett orð í bókinni er hvergi að

¹⁴Aronoff (1976:xi) telur t.d. skilmerkilega upp mörg helstu rit formgerðarsinna sem heimildir sínar um orðhlutafræði í formála, þ.e. Bloomfield (1933), Bloch (1947), Hockett (1947), Nida (1948) og Harris (1948, 1951).

¹⁵Fyrir bækurnar tvær eru hreinræktaðar kennslubækur í generatífri orðhlutafræði en í síðari bókunum tveimur kemur fleira við sögu þótt sama stefna sé ráðandi í þeim.

¹⁶Sumar þessara bóka eru skrifaðar áður en generatíf orðmyndunarfræði fór að ryðja sér til rúms.

finna skilgreiningu eða útskýringar á hugtakinu sjálfu. Í sumum bókum eru dæmi látin nægja til skýringar, sem oft hlýtur reyndar að vera einfaldasta leiðin ef bækurnar eru ætlaðar algjörum byrjendum sem e.t.v. er ekki vert að hrella með tyrfrnum skilgreiningum. Oft eru skýringarnar hafðar mjög einfaldar og duga til þess eins að þekkja í sundur dæmigerðustu samsetningu og dæmigerðustu afleiðslu sem er auðvitað ágætt til síns brúks en heldur haldlítið þegar til kastanna kemur. Nákvæmni á borð við það sem finnst hjá Nida er ekki að finna í þeim bókum sem hér voru skoðaðar.

Aðalþættirnir í flestum skilgreiningum byggjast á formlegum einkennum eininganna sem raðast saman (sjá 2.4.1) og að auki er stundum vísað til merkingarlegra einkenna (sjá 2.4.2) en nánast aldrei til mismunandi hljóðforms (sjá 2.4.3). Í bókunum fer lítið fyrir öðrum atriðum sem ætla mætti að kæmu við sögu í grunnskilgreiningum sem snerta samband afleiðslu og samsetningar þegar einkenni róta hjá Nida eru höfð í huga (sjá (2) á bls. 18), eins og virkni, staða í orði, endurkvæmni og hömlur á röðun liða, og erfitt er að festa hendur á þessu efni til samanburðar á afleiðslu og samsetningu. Vikið er að þessu hér á eftir en þar er ekki um eiginleg skilgreiningaratriði úr kennslubókunum að ræða (sjá 2.4.4.).

2.4.1 Formleg einkenni

Allar yfirlits- og kennslubækurnar sem leitað var að skilgreiningum í skýrðu muninn á afleiðslu og samsetningu á þann hátt að aðskeyti og samsetningarliðir væru ólíkar gerðir orðhluta. Samsett orð er, samkvæmt þeim, myndað af tveimur einingum sem báðar eru af sama tagi, þ.e. orð, les, stofnar, rætur eða frjáls myndön eftir bókum, en afleitt orð er myndað af einu orði, lesi, stofni eða frjálsu myndani með því að bæta bundnu myndani við. Munurinn á skilgreiningum milli bóka er að hluta aðeins orðalagsmunur þar sem skilgreiningar og skýringar eru settar fram á misjafnlega formlegan hátt. Þannig þarf ekki að felast fræðilegur munur í því þótt einn höfundur segi að í samsettu orði séu tvær rætur en annar segi að samsett orð sé myndað úr tveimur orðum þar sem í orði er alltaf rót. Orðalagsmunurinn sýnir þó stundum mismunandi skoðanir á grunneiningunni í orðmyndun, þ.e. hvort hún er myndan eins og hjá formgerðarsinum (sbr. skilgreiningu Nidas á kjarna á bls. 18 hér að framan) eða orð eins og oft(ast) er hjá generatífum málfræðingum eftir að kenning Aronoffs um það kom fram í bókinni *Word Formation in Generative Grammar* (Aronoff 1976, sjá kafla 2.5.1).

Þessa kenningu um orðið sem grunneiningu í orðmyndun (*Word Based Hypothesis*, *WBH*) ætti ekki að þurfa að rifja upp hér, enda er hún tíunduð nákvæmlega í kennslubókum (t.d. í Scalise 1986:40–44 og Spencer 1991:82 o.v.). Mörgum virtist kenningin eins og hún var upphaflega sett fram býsna einstrengingsleg og illa fallin til að lýsa orðmyndun í tungumálum þar sem meira er um beygingarendingar en í ensku og því töldu ýmsir (t.d. Scalise 1986) að ástæða væri til að breyta henni og segja að grunneining í orðmyndun væri stofn eða orð að frádreginni beygingarendingu en ekki endilega heilt orð. Notkun hugtaksins ‘les’ leysir þennan vanda en þá er vísað til orðs í orðasafni án skírskotunar til þess hvort beygingarendingar eru taldar með eða ekki. Fjölbreytnin í orðavali í skýringum á grunnhugtökum um orðmyndun skýrist oft af þessari togstreitu. Í nýlegum ritum (t.d. í greininni „Stems in Latin Verbal Morphology“ (1992) og bókinni *Morphology by Itself* (1994)) segir Aronoff reyndar að misskilningur hafi valdið þessum erfiðleikum og ‘orð’ í Aronoff (1976) hafi stundum sömu merkingu og ‘les’ og ónauðsynlegt sé að gera greinarmun á orði og lesi sem grunneiningu í orðmyndun.¹⁷

¹⁷ Á fyrstu síðu í formála í Aronoff (1976) segir svo: „I have avoided the term *lexeme* for personal reasons and use instead the term *word*. ... I am confident that the ambiguity will not cause much grief.“ Þessar persónulegu ástæður Aronoffs (eða sérviska) hafa reynst mörgum nokkur angurvaki! Þetta atriði er ítrekað í Aronoff (1994).

This conclusion [i.e. that Latin morphology is ‘stem-based’ while English is ‘word-based’] follows from a misinterpretation of the use of the term *word* in Aronoff (1976). There is a systematic ambiguity in that work, as pointed out in its preface, among the various meanings of the term *word*. ... However, on page 9, ..., I noted that ‘in general, throughout the rest of this work, *word* should be taken to mean ‘word sans inflection’, or *lexeme* in the sense of Matthews (1974)’. The theory of word-based morphology or word formation is therefore a theory of lexeme-based morphology or word formation Thus, although English may differ from Latin in whether an affix attaches to a morphologically free or bound form, this difference is orthogonal to the question of whether morphology and word formation are word(lexeme)based.

(Aronoff 1992:8)

Samkvæmt þessari túlkun ætti að vera óhætt að flokka saman skilgreiningar þar sem grunneiningin er orð eða les. Munurinn á þessu og kenningu Nidas um samsetningu þar sem kjarni bættist við kjarna og afleiðslu þar sem kjarninn var aðeins einn (sjá tilvitnun í Nida á bls. 19 hér að framan) er því næsta lítill.

Alls staðar þar sem aðskeyti eru á annað borð skilgreind eða skýrð með öðru en dæmum eru þau sögð vera bundin myndön, þ.e. myndön sem aldrei geta staðið öðru vísi en í sambandi við önnur myndön en sú skilgreining mun vera ættuð frá Bloomfield (sbr. Matthews 1974:160). Stundum er þetta látið nægja, eins og hjá Katamba þar sem skýringin hljómar svo:

An **affix** is a morpheme which only occurs when attached to some other morpheme or morphemes such as a root or stem or base. ... Obviously, by definition **affixes** are bound morphemes.

(Katamba 1993:44)

Katamba tekur fram að rætur geti líka verið bundin myndön, þannig að aðgreiningin frjálst og bundið myndan er ekki nægjanleg til að skilja aðskeyti frá öðrum myndönnum, en hann getur þess ekki beint í skilgreiningu sinni á aðskeyti að í því sé engin rót. Af skilgreiningu hans á rót má hins vegar ráða að í aðskeyti sé ekki rót vegna þess að rót er það sem eftir verður af orði eða lesi þegar búið er að fjarlægja öll aðskeyti (og þá er átt við bæði orðmyndunaraðskeyti og beygingarendingar): „A root is the irreducible core of a word, with absolutely nothing else attached to it“ (Katamba 1993:41). Laurie Bauer tekur hins vegar skýrt og greinilega fram í bókum sínum (1983 og 1988) að aðskeyti séu ekki rætur en skilgreiningar hans á grunnhugtökunum eru einna skilmerkilegastar af þeim sem hér voru skoðaðar. Í seinni bókinni er skilgreining Bauers á rót og aðskeyti á þessa leið:

Any morph which can realise a lexeme and which is not further analysable (except in terms of phonemes) is termed a **root**. Obligatory bound morphs which do not realise lexemes and which are attached to roots to produce word-forms are called **affixes**.

(Bauer 1988:11)

Af þessum skilgreiningum er það að ráða að formleg einkenni sem greina afleiðslu frá samsetningu séu þau að aðskeyti geti aldrei verið frjáls og innihaldi ekki rætur en samsetningarliðir geti verið frjálsir eða bundnir en innihaldi alltaf rót. Yfirleitt er orðalag þó svo loðið að erfitt er að vera alveg viss um að skilgreining hvers höfundar sé nákvæmlega þessi.

2.4.2 Merkingarleg einkenni

Síðasta atriðið sem Nida telur upp sem greinimark róta er að rótin sé venjulega sá hluti orðsins sem ber merkinguna (sjá (2)f á bls. 18 hér að framan). Í skilgreiningu Bauers hér

rétt á undan eru ekki minnst á merkingu en Valerie Adams (1973) og John T. Jensen (1990) taka bæði fram að munurinn á afleiðslu og samsetningu sé að hluta fólgin í muninum á merkingu orða og málfræðilegu hlutverki aðskeyta og Spencer (1991:461, nmgr. 10) vísar líka á merkinguna í sambandi við notkun á orðinu ‘rót’: „I shall try to use the term *root* to refer to a single morpheme which bears the ‘core’ meaning of a word.“ Munurinn á málfræðilegu hlutverki og merkingu er hvergi skilgreindur í bókunum sem athugaðar voru en oft er nefnt að erfitt sé að henda reiður á merkingu afleiðdra og samsettra orða þar sem orðgervingar (lexíkalíseruð orð) rugli myndina. Skilgreiningar á aðskeytum í enskum bókum ná þar að auki oft yfir beygingarendingar líka, eins og minnst var á í nmgr. 13 í kafla 2.3.2 hér að framan, og því er ekki alltaf ljóst hvort verið er að tala um orðmyndunaraðskeyti þegar aðskeyti eru fremur talin hafa hlutverk en merkingu, eins og t.d. í Jensen 1990: „The root is generally the principal carrier of the lexical meaning of a word, while affixes generally carry grammatical meanings“ (1990:34). Síðar í bókinni kemur fram að hér er aðallega átt við beygingarendingar og enska fleirtöluendingin -s er nefnd sem dæmi en orðmyndunaraðskeyti eru sögð hafa merkingu fremur en hlutverk: „Other affixes (generally derivational) are associated with sense meaning ...“ (1990:43). Skýringarnar eru óljósar í bókinni og höfundur tekur það beinlínis fram að of mikið mál væri að rekja þetta nánar og hann er ekki einn um þá skoðun. Skýringar hjá Valerie Adams (1973) eru betri en hún slær þó þann varnagla að erfitt sé að skilja þarna á milli, auk þess sem hún bendir á að greinimörkin frjálst/bundið myndan og hlutverk/merking standist ekki alltaf á, eins og minnst var á í inngangi þessarar ritgerðar:

Thus, compounding may be distinguished from derivation both formally, in terms of the presence or absence of a bound form, and semantically, according to whether both elements are ‘lexical’ or not. But we shall see that this distinction is not so simple: ‘lexical’ elements are not always free, and ‘grammatical’ ones not always bound.

(Adams 1973:30)

Dæmin sem Adams tekur um bundnar einingar sem hún telur ekki til aðskeyta eru bæði orðhlutar eins og *-monger* í *ironmonger* sem gjarnan koma fyrir í stakorðum og orðhlutar af grískum og latneskum stofnum sem aðeins koma fyrir bundnir, t.d. *micro-*, *-scope*, *tele-* og *-graph*. Orðmyndun af þessu tagi veldur vandræðum hjá þeim sem trúa sem stífast á kenningu Aronoffs um orðið sem grunneiningu en hún er auðvitað áhugaverð fyrir þá sem vilja skoða íslenska orðmyndun vegna þess að þar úir og grúir af sambærilegum dæmum sem rakin verða í 5. kafla. Frjáls myndön (þ.e. orð) sem gegna málfræðilegu hlutverki eru síðan öll kerfisorð, hjálparsagnir, fornöfn o.þ.h.

Kennslubækurnar gefa þá vísbendingu eina um not merkingar til að skilja milli afleiðslu og samsetningar að slíkt sé mjög vandmeðfarið og e.t.v. best að láta kyrrt liggja. Stefna sumra málfræðinga virðist líka vera sú að aðskilja eigi merkingu og form í orðmyndun og sýna með mismunandi reglum, eins og Jackendoff gerir í greininni *Morphological and Semantic Regularities in the Lexicon* (1975) en aðrir láta sömu reglu ná bæði yfir form og merkingu, eins og Aronoff gerir í *Word Formation in Generative Grammar*.

2.4.3 Hljóðkerfisleg einkenni

Í tveimur bókanna sem hér um ræðir er sérstaklega fjallað um aðskeyti sem eru samstafa eða einsrituð¹⁸ sjálfstæðum orðum en hafa annan framburð og aðra merkingu en þau.

¹⁸Hér er átt við *homograph*. Ekki er hægt að segja að þetta séu *einsheiti* eða að aðskeytið og orðið séu *samhljóða* vegna þess að munurinn er einmitt fólgin í mismunandi framburði (og merkingu). Þess vegna er hér notast við lýsingarorðið *samstafa*. Einnig er hægt að segja að orðin séu *einsrituð* (orðafar frá Jóni Hilmarí Jónssyni).

Þetta eru tvær af elstu bókunum og hvorug telst til generatífrar málfræði, þ.e. Adams (1973) og Matthews (1974). Adams nefnir dæmi eins og *-man* í *chairman*, *dustman*, *policeman* og *postman* sem borið er fram á annan hátt en *man* sem sjálfstætt orð eða síðari hluti samsettra orða, t.d. í *remittance man*. Auk þess er merkingin önnur samkvæmt Adams sem segir að merking viðskeytisins sé líkari merkingu gerandviðskeytisins *-er*. Matthews nefnir svipuð dæmi og ágætt er að hafa þetta í huga til að gleyma því ekki að stafsetning er ekki einhlítur vitnisburður um hvað er sama orðið eða orðhlutinn. Bæði Adams og Matthews gera ráð fyrir að sjálfstæð orð geti orðið að aðskeytum, á svipaðan hátt og margir hafa gert í umfjöllun um íslenska orðmyndun (sjá kafla 3.2.3). Adams segir að í ofanefndum dæmum hafi orðhluti misst merkingu sína og fengið hlutverk í staðinn og nefnir að í sumum viðskeytum í ensku hafi þessi þróun gengið svo langt að sjálfstæðu orðin séu ekki lengur til, t.d. *-dom* og *-hood*. Ekki er ljóst af umfjöllun þar sem hugmyndir af þessu tagi koma fram hvort gert er ráð fyrir því að þessi viðskeyti innihaldi rót eða ekki.

Aðrar af kennslubókunum gera ekki tilraun til að skýra eða skilgreina mismun á aðskeyti og samsetningarlið út frá framburði og til þess að finna frekari röksemdir fyrir mismunandi hljóðafari í aðskeytum og samsetningarliðum verður að leita á önnur mið.

2.4.4 Virkni, endurkvæmni, staða í orði og hömlur á röðun

Greinimörkin milli afleiðslu og samsetningar sem hér hefur verið lýst eru fremur fábreytileg og auðvitað er fjallað um afleiðslu og samsetningu út frá mun fleiri atriðum í bókunum sem hér um ræðir. Sú umfjöllun beinist þó að hvorri gerð orðmyndunar um sig og höfundar reyna ekki að bera saman atriði eins og virkni, endurkvæmni, stöðu í orði og hömlur á röðun aðskeyta og samsetningarliða. Hér verður því lauslega tæpt á þessum atriðum vegna þess að þau tengjast afstöðu manna til mismunarins á afleiðslu og samsetningu en aftur verður komið að þeim síðar.

Sennilega er tilgangslaust að bera saman virkni afleiðslu og virkni samsetningar í heild þar sem umfjöllun um þessi fyrirbæri er ekki sett fram á sömu forsendum. Umfjöllun um virkni aðskeyta beinist oftast að einstökum aðskeytum og mismuni á virkni þeirra á milli. Hvert aðskeyti er venjulega aðeins talið tengjast lesnum af einum orðflokki eða a.m.k. lesnum með sama orðflokksgildi, í samræmi við kenningu Aronoffs um einsleitan grunn (*The Unitary Base Hypothesis*) og viðbætur Scalises við kenninguna (*The Modified Unitary Base Hypothesis*, sjá Scalise 1986:137–146). Venjulega er einnig gert ráð fyrir því að hvert aðskeyti myndi aðeins orð af einum orðflokki, þ.e. að það sjálft tilheyri ákveðnum orðflokki, og gengur sú kenning undir nafninu *The Unitary Output Hypothesis* eða kenningin um einsleita útkomu (sjá Scalise 1986:137). Virkni aðskeyta er síðan yfirleitt skoðuð út frá þessu og eingöngu er fengist við samtímalega virkni (sjá t.d. könnun Lieber á virkni aðskeyta sem mynda ákveðna orðflokka (Lieber 1992:1–9)).¹⁹ Virkni í samsettum orðum er í mesta lagi sögð vera mismunandi eftir orðflokki, eins og Bauer gerir og gefur dæmi um samsettar sagnir í ensku sem eru fáar og sú orðmyndun virðist ekki vera virk. Samsett nafnorð virðist hins vegar vera hægt að mynda takmarkalaust (sbr. Bauer 1983:207–209). Umfjöllun um virkni í afleiðslu beinist því yfirleitt að einstökum aðskeytum en virkni í samsetningu er í besta falli skoðuð út frá orðflokksgildi samsetningarliðanna. Virkni í orðmyndun er sennilega líka mjög mismunandi milli tungumála og því er hæpið að reyna að setja fram algildar fullyrðingar um hana en án þess verður hún

¹⁹Í lexíkalskri hljóðkerfis- og orðmyndunarfræði skiptir virknin reyndar heilmiklu máli þar sem hún er eitt af þeim atriðum sem flokkað er eftir þegar aðskeytum er skipt í stig og því væri hugsanlegt að reyna að bera saman afleiðslu á hverju (eða hvoru) stigi fyrir sig og samsetningu. Hvergi hef ég þó séð þetta reynt. Kannanir á virkni eru verulegum vandkvæðum bundnar, einfaldlega vegna þess að erfitt er að ákveða við hvað á að miða og hvaða efni á að leggja til grundvallar.

tæplega notuð sem skilgreiningaratriði á mismuni afleiðslu og samsetningar.

Endurkvæmni er útskýrð í bókunum en ekki munurinn á endurkvæmni í samsetningu og afleiðslu. Bauer segir hana vera takmarkalausa í samsettum orðum í germönskum málum: „In the Germanic languages, at least, there is no such thing as the longest compound“ (Bauer 1983:66).²⁰ Endurkvæmni í afleiðslu er óljósara fyrirbæri enda skiptir þá máli hvort verið er að tala um endurkvæmni einstakrar orðmyndunarreglu (þ.e. endurkvæmni einstaks aðskeytis sem er merkingarlega dálítið ósennileg) eða endurkvæmni afleiðslu yfirleitt sem getur verið talsverð, sbr. dæmi Spencers (1991:3) *antidisestablishmentarianism* og Bauers (1983:67) *hemidemisemihemidemisemiquaver*.²¹ Endurkvæmni eða víxlverkun afleiðslu og samsetningar kemur líka furðulítið við sögu í bókunum, enda er yfirleitt fjallað um afleiðslu og samsetningu sem aðskilin fyrirbæri, eins og áður sagði. Þar sem allir höfundarnir ganga út frá því að í samsettu orði geti verið tvö sjálfstæð orð valda afleidd orð sem samsetningarliðir engum vandkvæðum þar sem þau eru óumdeilanlega orð. Samkvæmt skilgreiningu Bauers á samsettu orði er líka hægt að mynda afleidd orð af samsettum orðum:

A compound lexeme (or simply a compound) can thus be defined as a lexeme containing two or more potential stems. Since each potential stem contains at least one root, a compound must contain at least two roots ... However, this definition is not quite sufficient, since derivational processes may at times apply to forms containing more than one root ... In such cases it is said that the base of the derivational process is a compound ...

(Bauer 1983:28–29)

Afleiðsla af samsetningum veldur þó stundum vandkvæðum í greiningunni, t.d. hjá þeim sem skilgreina sjálft grunnform afleiðslunnar svo þröngt að merkingarvensl orðliða og formleg liðgerð þeirra virðist stangast á. Slík fyrirbæri eru skoðuð nokkuð í Spencer (1991) og í Katamba (1993) og eru nefnd *bracketing paradoxes* sem e.t.v. mætti nefna liðgerðarþversagnir. Fyrsta dæmið sem Spencer notar til að skýra þetta er *transformational grammarian* (1991:44) en enskur ritháttur leiðir til þess að viðskeytið er tengt við síðari hluta samsetta orðsins sem skrifað er í tveimur orðum. Það er spurning hver áhrif ensk stafsetning hefur þarna og í íslensku sýnist ekkert því til fyrirstöðu að leiða orðið *ummyndanamálfræðingur* af *ummyndanamálfræði* en beinlínis villandi að greina það sem samsett af orðunum *ummyndun* og *málfræðingur* (sjá þó nmgr. 39 á bls. 82 hér á eftir).

Liðgerðarþversagnir koma einnig fram þegar aðskeyti tengjast orðum sem ekki eru af réttum orðflokki samkvæmt kenningu Aronoffs um einsleitan grunn, t.d. í orðum eins og *grown-up-ness* (Katamba 1993:151), en viðskeytið *-ness* á ekki að tengjast smáorðinu *up*, og *ungovernability*, en *un-* á samkvæmt kenningunni aðeins að bætast á lýsingarorð (Katamba 1993:145). Þá koma liðgerðarþversagnir fram hjá þeim sem gera ráð fyrir lagskiptu orðmyndunarlíkani, eins og oft er gert í lexíkalskri hljóðkerfis- og orðmyndunarfræði þar sem afleiðsla er undanfari samsetningar. Þá þarf hringstreymi í kerfinu til þess að mynda afleidd samsett orð, eins og Katamba (1993:149) bendir á en hann gefur dæmið *ex-boy-friend*.²² Þetta brýtur gegn upphaflegu hugmyndinni að baki kenningarinnar

²⁰Í íslensku virðast samsett orð helst ekki eiga að vera lengri en átta atkvæði, samkvæmt niðurstöðum Magnúsar Snædals í greininni Hve langt má orðið vera? í *Íslensku máli* 14. (1992). Hann nefnir þó lengri orð, t.d. *undirstöðuatvinnufyrirtæki*. Hér er átt við nefnifallsmyndir en beygingarendingar og viðskeyttur greinir lengja síðan orðin enn.

²¹Þetta mun vera 512-parts nóta en Bauer telur ólíklegt að nokkur vilji spila hana! Öll forskeytin í orðinu hafa sömu merkingu og helminga það sem á eftir kemur, þ.e. stytta nótuna um helming.

²²Lagskipting í afleiðslunni bannar þá líka að aðskeyti í 1. lagi séu utar í trúnu en aðskeyti í 2. lagi. Dæmi um þetta eru mýmörg í heimildum en orðin *unhappier* og *ungovernability* virðast njóta sérstakra vinsælda. Vandamálið við *unhappier* er að miðstigsendingin *-er* bætist því sem næst einungis á einkvæð orð (og stöku tvíkvæð). Samkvæmt því ætti greiningin að vera [un[happier]] ‘ekki hamingjusamari’ en merkingarlega þarf greiningin að vera [[unhappy]er] ‘óhamingjusamari’.

(sjá Katamba (s.st.) og 2.5.4 hér). Liðgerðarþversagnirnar virðast stafa af því að formleg skilyrðing reglna um afleiðslu er látin hafa forgang yfir merkingarleg vensl í orði en samsetningarreglur eru þar víkjandi. Af þessu má draga þá ályktun að afleiðsla hafi aðra stöðu í málkerfinu en samsetning hjá þeim málfræðingum sem fylgja þessu.²³ Liðgerðarþversagnirnar eru stundum túlkaðar sem mótrök gegn þeim kenningum sem leiða þær fram og þær eru líka notaðar sem rök gegn því að skipta afleiðslu og samsetningu svo stíft í sundur. Rudolf P. Botha setur t.d. fram skilyrði eða lögmál um liðgerðargreiningu þar sem rökformgerð er látin ráða og nefnir *Compositionality Condition* sem hljóðar svo:

The morphological representation assigned to a complex word must provide the labelled bracketing necessary for the specification of its semantic interpretation.
(Botha 1984:110)

Í eldri bókum er tekið í sama streng og Nida (1949) kveður t.d. upp úr um það að liðgerðargreining verði að vera í samræmi við merkingarvensl liða:

To employ the meaningful relationships of forms as criteria in determining sets of immediate constituents is entirely justifiable. There are meaningful relationships between forms, and it is essential to adhere to these in analyzing the structure.
(Nida 1949:89)

Deilan stendur m.ö.o. um það hvort réttlætjanlegt sé að setja hömlur á röðun afleiðslu og samsetningar út frá formlegum einkennum, jafnvel þótt þau séu studd af hljóðkerfislegum rökum, án þess að merkingarleg rök fylgi.

Hér í lokin er rétt að geta eins atriðis enn sem skilgreining Nidas á rót gefur tilefni til að athuga (sjá (2)a á bls. 18 hér að framan), en það snertir hömlur á stöðu aðskeyta og samsetningarliða í orði, t.d. að tiltekið viðskeyti geti aðeins komið fyrir í bakstöðu. Því er skemmst frá að segja að ekki er auðhlaupið að því að finna slíkt efni í bókunum sem hér um ræðir og afrakstur varð enginn. Þó er rétt að hafa þetta í huga í sambandi við íslenskt efni þar sem hömlur af þessu tagi hljóta að vera bundnar einstökum aðskeytum og einstökum tungumálum, ef einhver fótur er fyrir þeim á annað borð.

2.5 Afstaðan til afleiðslu og samsetningar í frumheimildum

Eins og hér hefur komið fram er erfitt að finna afdráttarlausu skilgreiningu á muninum á afleiðslu og samsetningu, ekki síst ef hugmyndin er sú að nota hana í hagnýtum tilgangi, eins og hér er ætlunin. Næst liggur því fyrir að athuga hvernig þessi munur endurspeglast í verkum nokkurra fræðimanna sem eru að fást við ýmis svið orðmyndunarfræðinnar í þeirri von að þar leynist efni sem nýta má til að þekkja fyrirbærin í sundur.

Kynstrin öll eru til af nýlegu efni um orðhlutafræði og það er býsna fjölbreytilegt, enda vill víst oft verða svo þegar menn eru að keppast við að setja fram kenningar. Þá hafa nýir straumar í setningafræði líka áhrif á orðhlutafræði, sbr. það sem sagt er um mismunandi líkön af málkerfinu fremst í þessum kafla. Enn er því hægt að taka undir orð Bauers í bók sem ekki er lengur alveg ný: „At the moment, the study of word-formation is in a state of flux“ (1983:6). Orðmyndunarfræðin er enn í uppnámi. Ekki þykir öllum þessi stefna góð, sbr. eftirfarandi orð Rudolfs P. Botha: „Unrestrained proliferation of alternative theories is symptomatic of insufficient critical appraisal rather than of scientific progress“ (1984:2). Hér á eftir fylgir því ekki heildarúttekt á afstöðunni til afleiðslu og samsetningar heldur

²³Deilan um það hvort formleg og rökleg liðgerð þurfi að fara saman tengist því hvort merkingarvensl eru sett inn í orðmyndunarregluna sjálfa eins og í Aronoff (1976) eða gert ráð fyrir tveimur reglum, einni fyrir formleg vensl liðanna og annarri fyrir merkingarvenslin, eins og hjá Jackendoff (1975).

verður brugðið á það ráð að athuga nokkur atriði í örfáum lykilverkum, þótt skoðanir séu sjálfsagt skiptar um það líka hvaða verk beri það nafn með réttu.

Í byrjun 2. kafla kom fram sú skoðun að viðfangsefni manna hefðu áhrif á það hvernig orðmyndunarlysing þeirra yrði og setningafræðilega sinnaðir menn (þ.e. þeir sem fyrst og fremst hafa áhuga á venslum milli orða og orðliða) hneigðust frekar í átt að setningafræðilegum aðferðum en þeir sem fjalla um áhrifin sem orðmyndunin hefur á gerð einstakra liða (stofnbrigði o.þ.h.) beittu fremur fyrir sig aðferðum sem tengjast hljóðkerfisfræði. Þá var minnst á breytileg líkön af málkerfinu sem tíðkast hafa á síðustu 20 árum í generatífri málfræði og loks var minnst á mismunandi aðferðir við orðmyndunar- og beygingarlýsingar sem minna um margt á aðferðir formgerðarsinna eða eru a.m.k. fyrst settar fram á skipulegan hátt af þeim, þ.e. aðferðirnar sem kenndar eru við *Item and Arrangement*, *Item and Process* og *Word and Paradigm*. Nú verða þessi atriði skoðuð í Aronoff (1976), Aronoff & Sridhar (1988), Selkirk (1982), Kiparsky (1982a, 1982b), Anderson (1992) og Lieber (1992) og sett fram ágríp af orðmyndunarlysingum þeirra.

2.5.1 Mark Aronoff og *Word Formation in Generative Grammar*

Bók Aronoffs, *Word Formation in Generative Grammar*, kom út árið 1976 en mun að stofni til vera doktorsritgerð við MIT frá árinu 1974. Hún er skrifuð í anda þeirrar stefnu sem boðuð var í Chomsky (1970) og Halle (1973), þ.e. lexíkalskrar orðmyndunarfræði, og er oft talin fyrsta bitastæða verkið sem samið er á þessu sviði. Scalise segir t.d. um hana í kennslubók sinni að hún sé „... the first systematic work on generative morphology“ (1986:37). Af yfirlitsritum er að skilja að engin bók önnur hafi haft eins mikil áhrif á generatífa orðmyndunarfræði:

The model of word formation proposed by Mark Aronoff (1976) marks a watershed in the development of morphological theory within generative grammar. A good deal of the work done subsequently is an extension of, or reaction to, Aronoff's theory.

(Spencer 1991:81–82)

Það er því ekki úr vegi að byrja þessa yfirferð yfir nokkur rit generatífra orðmyndunarfræðinga með því skoða þessa bók dálítið.

Aronoff setur fram kenningakerfi og mynd af orðasafninu sem styðst við eina gerð orðmyndunar, þ.e. afleiðslu. Viðfangsefnið er bundið við hana, þrátt fyrir nafnið á bókinni, og beygingar koma lítið við sögu og samsett orð alls ekki. Það er því dálítið eins og að fara í geitarhús að leita ulla að reyna að gera sér grein fyrir mismuninum á samsetningu og afleiðslu af þessari bók. Þá er vert að velta fyrir sér hvort Aronoff hefði sett upp eins lýsingu á afleiðslu ef hann hefði athugað samsetningu um leið, eins og Halle gerði stuttu áður, en að vísu bara í örstuttri grein, *Prolegomena to a theory of word-formation* (1973).²⁴ E.t.v. er hluti af áhrifunum sem bók Aronoffs hefur haft fólgin í þeim algjöra aðskilnaði á afleiðslu og samsetningu sem víða er áberandi.

Í orðmyndunarlysingu Aronoffs er gert ráð fyrir orðmyndunarreglum sem bæta aðskeytum við grunnformið sem hjá Aronoff er orð (sbr. þó athugasemdir um orð og les á

²⁴Í grein Halles er gerð fyrsta tilraunin til að setja fram heildarkerfi um lexíkalska orðmyndun með orðmyndunarreglum sem raða saman myndönum og orðum í orð í orðasafninu. Hjá Halle eru aðskeyti geymd í orðasafni á sama hátt og önnur myndön en hann gerir þann greinarmun á aðskeytum og öðrum myndönum að aðskeytin eru ekki orðflokksmerkt eins og önnur myndön. Bylting Halles felst í orðmyndunarreglunum sjálfum og lýsingu hans á uppbyggingu orðasafnsins en grunneiningar hans í orðmynduninni eru myndön, eins og í orðhlutafræði formgerðarsinna. Grein Halles er mjög stutt og kerfi hans fékk ekki verulegt brautargengi en það athyglisverða við líkan hans með tilliti til þess efnis sem hér er til umræðu er að aðskeyti eru einingar í orðasafninu á sama hátt og önnur myndön þótt formlega megi aðgreina þau frá öðrum myndönum þar sem þau eru ekki orðflokksmerkt. Þarna fer Aronoff allt aðra leið, enda er hann aðeins að fást við afleiðslu.

síðu 22 hér á undan), og það meira að segja raunverulegt orð í orðasafninu. Útkoman úr orðmyndunarreglu á líka að vera raunverulegt orð. Hver regla hefur merkingarlegan og formlegan hluta þannig að merkingin er órjúfanlegur hluti reglunnar og orðið sem reglan býr til hlýtur alltaf að vera merkingarlega í samræmi við regluna sjálfa þegar það verður til: „Semantically, the meaning of the output of a WFR [Word Formation Rule] will always be a function of the meaning of the base. This function is the meaning of the WFR itself“ (Aronoff 1976:50). Merkingarbreytingar (*semantic drift*) geta síðan orðið í orðasafni eftir að orðið hefur verið myndað. Sjálf aðskeytin eru líka órjúfanlegur hluti reglunnar sjálfrar og eru ekki einingar í orðasafninu: „Affixes, unlike stems, have no independent existence“ (Aronoff 1976:66).²⁵

Eins og áður hefur komið fram hér er orðið grunneining Aronoffs í orðmynduninni en skilyrðing á grunneiningunum kemur í veg fyrir ofvirkni í orðasafninu þannig að orð eru merkt með tilliti til þess hvort tiltekið aðskeyti getur bæst við þau eða ekki:

Summing up so far, we can say that a WFR has at least two parts. First, there is a part which specifies the syntactic and semantic characteristics. There will be no disjunction in the specification of these characteristics, and no negation. The semantics of the output of the WFR is specified here as a compositional function of the base. Second, there is a series of positive conditions on the morphology of the base. These conditions are associated with productivity and semantic coherence (which are, in a sense, the same thing). (Aronoff 1976:62–3)

Röðun aðskeytanna sjálfra er líka afgreidd með skilyrðingu í orðasafni og Aronoff hafnar ytri regluröðun til að gera grein fyrir henni, m.a. með þeim rökum að orðmyndunarreglur hans gildi aðeins einu sinni en síðan séu orðin geymd í orðasafninu:

This [i.e. the ordering of WFRs] is impossible within our theory, for the ordering of WFRs requires that speakers always carry out derivational processes for complex words, and the improbability of this forms the basis of the present work. It is therefore imperative that we demonstrate on independent grounds that the ordering hypothesis is untenable in spite of its initial appeal. (Aronoff 1976:56)

Meðal þeirra raka sem Aronoff notar á móti ytri röðun á orðmyndunarreglum er það að aðskeyti raða sér ekki alltaf í sömu röð. Orðin *organizational* og *industrialize* duga til að sýna þetta en í fyrra orðinu er röðin *-ize*, *-ation*, *-al* en í seinna orðinu er hún *-al*, *-ize* (sjá Aronoff 1976:59). Röðun á orðmyndunarreglum hjá Aronoff er því einungis innri regluröðun, þ.e. röðun sem skilyrðist af reglunum sjálfum og inntakinu í þær. Þetta segir Aronoff jafngilda því að reglurnar séu óraðaðar:

The only possible ordering among WFRs will then be intrinsic, which means in effect that WFRs are unordered. Within such a system, the morphological conditions on the base of each WFR must simply be stated for each rule. (Aronoff 1976:61–62)

Þetta er sérstaklega athyglisvert vegna þess að á þessum tíma var gert ráð fyrir að setningarreglur væru raðaðar og Aronoff telur þetta atriði styðja það enn frekar að orðmyndun og setningagerð lúti mismunandi reglum.

Hljóðhluti orðmyndunarreglunnar er einfaldur og bætir aðskeyti við grunninn en aðskeytin geta verið án hljóðforms: „Every WFR specifies a unique phonological operation which is performed on the base“ (Aronoff 1976:22). Í meðfylgjandi neðanmálsgrein stendur síðan: „This operation usually consists of the addition of some affix. It can,

²⁵ Á sama stað notar Aronoff tvöföldun (*reduplication*) m.a. sem rök en þar er alls ekki hægt að segja að hljóðform viðskeytisins sé gefið og notar þar orðalagið „WFRs are not labeled frames“.

however, be null, ...". Gert er ráð fyrir mismunandi skilum til þess að skýra mismunandi hljóðkerfisleg áhrif aðskeytanna á grunninn, eins og gert var í *Sound Pattern of English* (Chomsky & Halle 1968). Skilin (táknun með # hér) eru sett fram sem hluti aðskeytisins í reglunni, eins og sjá má af hluta af reglu um neitunarforskeytið *un-* (Aronoff 1976:63):

- (3) *Rule of negative un #*
- a. $[X]_{Adj} \rightarrow [un\#[X]_{Adj}]_{Adj}$
semantics (roughly) un# X = not X
 - b. Forms of the base
 1. X_{Ven} (where *en* is the marker for past participle)
 2. $X_V \#ing$
 3. $X_V \#able$
 4. ...

Skilin eru órjúfanlegur hluti af reglunni og mismunandi skil með samhljóða aðskeytum nægja til að aðskeytin teljist vera fleiri en eitt:

We will also assume that the boundary associated with the affix is a constant. This means that if we find two affixes which are phonologically identical except for the boundaries associated with them, they cannot be introduced by the same WFR.

(Aronoff 1976:63)

Grunnurinn (þ.e. orðið) sem hvert aðskeyti getur bæst við er orðflokksmerktur. Lýsing á myndbrigðum er ekki hluti af orðmyndarreglunum sjálfum og eru þau sett fram með aðlögunarreglum, þ.e. myndbrigðareglum (bæði um stofnbrigði og myndbrigði í aðskeytum) og stýfingum (eins og Eiríkur Rögnvaldsson gerir í bók sinni um orðhlutafræði (1990)). Orðmyndunarreglur verka aðeins einu sinni og eftir það eru orðin geymd í orðasafni. Þetta atriði er eitt af því sem sýnir að orðmyndunarreglur eru annars eðlis en setningarreglur (þ.e. ummyndanir) samkvæmt Aronoff, þar sem afrakstur setningarreglna er aldrei geymdur og setningar verður að búa til í hvert einasta skipti með því að beita reglum. Orð sem verða til með orðmyndunarreglum eru þannig 'til' í einhverjum skilningi en setningar ekki. Merkingarbreytingar í afleiddum orðum (og þá sjálfsgagt samsettum líka, en Aronoff fjallar ekki um þau) verða þá í orðasafni eftir að orðmyndunarregla hefur verkað.

Þegar bók Aronoffs er lesin nú er áberandi hve mjög hún ber svip af þeim tíma sem hún er skrifuð á. Líkan Aronoffs er í höfuðdráttum svipað Aspects-líkaninu en rökstuðningur hans er einmitt miðaður við að festa það í sessi, m.a. með því að afsanna að um orðmyndun gildi ummyndanareglur, eins og generatífir málfræðingar héldu fram framan af (t.d. Lees (1960)). Talsverður hluti umfjöllunar Aronoffs beinist þess vegna að því að sýna hvað er ólíkt með setningarreglum og orðmyndunarreglum.²⁶ Niðurstaða Aronoffs um samanburð á setningarreglum og orðmyndunarreglum er sú að þær eigi næsta fátt sameiginlegt en þó séu líkindi með innsetningarreglum (*lexical insertion*) í setningafræði og orðmyndunarreglum hvað snertir skilyrðingu á lesum sem felast í orðflokki, valhömlum, flokkunarrömmum og ýmsum öðrum orðasafnsþáttum með hverju lesi eða orði:

It appears to be a general fact that the syntactic and semantic conditions on the base of a WFR are those of category, subcategory, selection, and lexically governed entailment and presupposition. These are the same sorts of restriction that are relevant to

²⁶Eitt af atriðunum sem Aronoff nefnir er að afrakstur orðmyndunarreglu er ekki e.k. afleiddur liður á sama hátt og setningarliður er afrakstur liðgerðarreglu þar sem nafnliður hefur að geyma nafnorð og sagnliður hefur að geyma sögn: „they [i.e. WFRs] add something to an X, something at once phonological and semantic, and produce a Y which is an element of the *same* linguistic level as X and is not at all equivalent to or corresponding to X“ (1976:57).

lexical insertion. Note that there is, to my knowledge, no correspondence between the conditions on WFRs and those on transformations other than lexical insertion . . . This fact strengthens the assertion of Chomsky (1970) that WFRs are very different rules from syntactic transformations. (Aronoff 1976:48)

Í þessum orðum Aronoffs er að finna heilmikil líkindi við það sem kemur fram hjá Selkirk (sjá 2.5.3) og Lieber (sjá 2.5.6) síðar en hann kýs þó að fara aðra leið að efninu en þær fara, enda er hann aðeins að skoða afleiðsluna. Leita þarf í önnur rit Aronoffs til að finna hvaða augum hann lítur mismuninn á afleiðslu og samsetningu, eins og nú verður komið að.

2.5.2 Aronoff & Sridhar og *Prefixation in Kannada*

Í greininni *Prefixation in Kannada* eftir Aronoff og Sridhar (1988) er fjallað um mismuninn á forskeytingu og samsetningu í dravídísku tungumáli, kannada. Þarna er að finna útfærslu á kerfi Aronoffs frá 1976 þar sem munurinn á afleiðslu og samsetningu er settur fram á mjög skýran hátt, en annars virðist byggt á kenningakerfi sem svipar mjög til bókar Aronoffs (1976). Meginkenningin er sem fyrr að orðhlutafræði sé sérstakur afmarkaður hluti málkerfisins þar sem sérstakar reglur gilda. Þeim sem kjósa aðrar leiðir eru valin ófögur orð, t.d. þeim sem halda því fram að aðskeyti og orð séu sams konar fyrirbæri og teljist til lesa í orðasafninu en það er talið jafnast á við að þekkja ekki í sundur hest og kú.²⁷ Kenningar þeirra eru jafnvel kenndar við sorppressur:

First, our findings cast some doubt on the generality of the trash compactor theory of morphology. This theory, in its simplest form (Givón, 1979), views all morphology as the result of the morphologization of more productive syntactic phenomena. Certain recent formal phonological theories, such as lexical phonology (Kiparsky, 1982) [1982b hér] are also easily reduced to the trash compactor model. If this model is correct, then morphology is intrinsically uninteresting from a theoretical point of view. (Aronoff & Sridhar 1988:189–190)

Í grein Aronoffs og Sridhars segir að skilin á milli afleiðslu og samsetningar séu e.t.v. ekki eins skýr og oftast er látið í veðri vaka og stundum séu þau jafnvel dregin í efa, en afstaða höfunda er þó afdráttarlaus og greinin er skrifuð til að sanna að rétt sé að gera ráð fyrir tveimur mismunandi gerðum orðmyndunar, þ.e. afleiðslu og samsetningu.

Í greininni kemur fram að tilgangurinn með skiptingu orðmyndunar í afleiðslu og samsetningu sé af tvennu tagi, annars vegar felist hann í einkennum eininganna sjálfra og hins vegar í því hvernig þær raðast saman. Dæmi er tekið af forskeytingu og fyrri liðum í samsettum orðum og færð fyrir því hljóðkerfisleg, orðmyndunarleg og merkingarleg rök að afleiðsla og samsetning séu ólík ferli. Greinimörkin eru í stuttu máli þessi:

(4) a Aðskeyti:

1. Aðskeyti eru skilgreind út frá tengslunum við önnur orð og eru alltaf bundin.
2. Aðskeyti eru lokaður flokkur og erfitt er að greina orðflokk (nema þá helst merkingarlega) þar sem þau koma ekki fyrir frjáls.²⁸

²⁷ „There has been an unfortunate tendency (Lieber, 1980; Marantz, 1984) to lump together affixes and members of major lexical categories and to call them all lexical items. To our mind, this is equivalent to calling a horse a cow, because both are mammals“ (Aronoff & Sridhar 1988:190). Lieber 1980 mun vera sama heimild og Lieber 1981 hér.

²⁸ Þetta á aðeins við um forskeyti enda er listinn byggður á grein Aronoffs og Sridhars um forskeyti.

3. Staða aðskeytis í orði er alltaf ákvörðuð; aðskeytið er annaðhvort forskeyti, viðskeyti eða innskeyti og færast ekki milli þessara gerða.
4. Aðskeyti eru fasttengd grunninum sem þau bætast við, bæði hljóðkerfislega og orðmyndunarlega.

b Fyrri hluti samsetts orðs:

1. Fyrri liður samsetts orðs er alltaf skilgreindur út frá orðflokki; hann er nafn-orð, sögn eða lýsingarorð.
2. Þessu fylgir að fyrri hlutar samsettra orða tilheyra opnum flokki eininga, þ.e. höfuðorðflokkinum sjálfum.
3. Staða í orði er ekki skilyrt á sama hátt og staða aðskeytis; orð getur komið fyrir sem fyrri eða síðari hluti samsetts orðs.
4. Fyrri hlutar samsettra orða eru laustengdari grunninum sem þeir bætast við en aðskeyti, bæði hljóðkerfislega og orðmyndunarlega.

Gerð er grein fyrir hljóðkerfislegum mismuni afleiðslu og samsetningar með því gera ráð fyrir tveimur stigum í orðmynduninni, *word-level* og *stem-level*.²⁹ Samkvæmt þessu bætast aðskeyti ýmist við stofn eða orð og skilin á milli orðhlutanna eru talin vera hluti af aðskeytunum sjálfum og ákveða á hvaða stigi orðmyndunin verður. Samsetningarliðum fylgja engin slík skil og samsett orð eru alltaf mynduð á 'orðsstiginu' (*word-level*), þ.e. þau eru mynduð af orðum en ekki stofnum. Þetta atriði er sagt vera tengt því að aðskeyti eru alltaf bundin en les ekki: „The reason that all and only affixes must be specified for a given level or boundary is that they are dependent, while lexical roots are not“ (Aronoff & Sridhar 1988:183).

Virgni hljóðkerfisreglna er m.ö.o. mismunandi á 'orðsstiginu' og 'stofnstiginu' í orðasafninu og í greininni eru tekin dæmi um samlögunar- og röddunarreglur í kannada sem aðeins verka í forskeyttum orðum en ekki í samsettum orðum en til eru hliðstæð dæmi um afleiðslu og samsetningu af sömu stofnum. Lykilatriðið er að hljóðkerfisreglur séu virkar í afleiðslu (eftir því sem það á við) enda eru aðskeytin sjálf beinlínis tengd hljóðkerfisreglum gegnum orðmyndunarstigin: „Phonological rules are associated, through the levels, with individual affixes“ (Aronoff & Sridhar 1988:185). Svo er hins vegar ekki í samsetningu þar sem rætur og orð³⁰ tilheyra ekki í sjálfu sér neinu ákveðnu stigi eins og aðskeyti gera, þ.e. þeim fylgja engar slíkar upplýsingar í orðasafninu, og þannig tengjast hljóðkerfisreglur þeim ekki á sama hátt og aðskeytum:

Affixes are thus connected arbitrarily through levels to phonological rules. Roots do not have the same arbitrary connection to phonological rules, because they belong to no level.
(Aronoff & Sridhar 1988:183)

Í greininni er tekið er fram að markatilvik af tvennu tagi séu til milli forskeyta og fyrri hluta samsettra orða, þ.e. bundnir stofnar eins og í nýklassískum orðum í ensku (sbr. *micro-* o.fl. dæmi frá Adams (1973) á bls. 24 hér að framan) og samsetningarliðir sem eru ekki samhljóða orðinu þegar það stendur frjálst en þess konar fyrirbæri eru hér nefn *combining forms*:

²⁹Hér er byggt á eldri grein þeirra félaganna (1983), en sams konar aðgreining var viðhöfð í *Sound Pattern of English* (Chomsky & Halle 1968), samkvæmt orðum Aronoffs og Sridhars. Það er athyglisvert að velta því fyrir sér hvort þetta er í góðu samræmi við kenningu Aronoffs um orðið sem grunneiningu í allri orðmyndun.

³⁰Í tilvitnunni hér á eftir stendur að vísu aðeins 'rót' en annars staðar er tekið fram að þetta eigi við um orð líka: „Roots and members of major lexical categories carry no labels and are associated with no level“ (Aronoff & Sridhar 1988:185).

There is, as always, an intermediate case. Here it is the *combining form*, wherein a member of a major lexical category has a special idiosyncratic form that is found only in compounds . . . The problem with combining forms is to determine whether a particular combining form is an allomorph of a member of a major lexical category or whether it is a prefix. This problem does not have a solution that extends to all instances, but must rather be answered on a case-by-case basis.

(Aronoff & Sridhar 1988:180)

Þarna er m.ö.o. komið fyrirbæri sem ekki passar inn í hreina tvískiptingu Aronoffs og Sridhars á orðmyndun, en þeir gera ekki grein fyrir því hvernig á að fara með þetta. Að öðru leyti er skipting Aronoffs og Sridhars á afleiðslu og samsetningu býsna afdráttarlaus, eins og sjá má af skilgreiningunni í (4) á bls. 31–32 hér á undan. Vandamálið er að það er erfitt að nota þessa skilgreiningu við greiningu á íslenskum orðum, einmitt vegna þessarar undantekningar sem Aronoff og Sridhar minnst á hér rétt fyrir ofan. Í íslensku úir og grúir af orðhlutum sem falla myndu í flokkinn „*combining forms*“ hjá Aronoff og Sridhar, þ.e. einmitt það sem þeir segja að athuga verði „on a case-by-case basis“. Auðvitað er hægt að athuga hvert dæmi fyrir sig en æskilegra væri samt að kenningin væri þannig að línurnar yrðu hreinni. Nánar verður komið að þessu síðar.

2.5.3 Elisabeth O. Selkirk og *The Syntax of Words*

Í bókinni *The Syntax of Words* (1982) setur Elisabeth Selkirk fram orðmyndunarlýsingu sem byggir á sama grunni og lýsing Aronoffs (1976) en fjallar bæði um afleiðslu og samsetningu í ensku.³¹ Líkan Selkirk er að því leyti líkt líkani Aronoffs að hún telur setningagerð og orðmyndun lúta strangt aðskildum reglum og gerir því ráð fyrir algjörliga afmörkuðum hluta málkerfisins þar sem orðmyndun fer fram.³² Það er augljóst af bók Selkirk að hún er að berjast á sömu vígstöðvum og Aronoff og röksemdafærslan á móti ummyndunargreiningu á orðmynduninni er áberandi hjá báðum. Mismunurinn á orðmyndunargreiningu hennar og Aronoffs er hins vegar verulegur enda telur hún bæði orð og aðskeyti til lesa í orðasafninu (og gerir sig þar með seka um að þekkja ekki í sundur hest og kú, samkvæmt Aronoff & Sridhar (1988), sbr. nmgr. 27 á bls. 31 hér að framan). Hún gerir þó strangan greinarmun á afleiðslu og samsetningu í orðmyndunarreglunum sjálfum, eins og fram kemur hér á eftir.

Rök Selkirk fyrir því að telja aðskeyti til lesa eru þau að reglur um afleiðslu og samsetningu séu endurkvæmar innbyrðis þannig að samsett orð geta verið mynduð af afleiddum orðum og afleidd orð af samsettum og reglurnar hljóta því að vera sama eðlis eða a.m.k. teljast til sama hluta málkerfisins:

A central claim is that affixation and compounding form part of the same subsystem of grammar, i.e., that the rules of affixation and the rules of compounding have the same formal properties. The evidence for this claim is that affixes “intermingle”

³¹Það er e.t.v. ekki alveg sjálfgefið að velja bók Selkirk næst á eftir Aronoff þar sem áhrifamikil verk eins og Siegel (1974), Allen (1978) og Roeper & Siegel (1978) eru eldri. Umfjöllun um þessi verk er alveg sleppt hér en ég held að helstu atriði sem snerta mismun á afleiðslu og samsetningu í áðurnefndum ritum komi líka fram í einhverri mynd hjá þeim sem hér er fjallað um. Kenningin í Allen (1978) virðist t.d. um margt vera lík kenningum Kiparskys (sjá 2.5.4) og kenning Roepers og Siegel (1978) er um þrengra efni, þ.e. synþetísk samsett orð sem þau gera grein fyrir með ummyndunum (sjá Botha 1984:3–37). Það snertir frekar muninn á flokkum samsettra orða en mun samsetningar og afleiðslu en um það fyrrnefnda verður ekki fjallað í þessari ritgerð.

³²Hjá Selkirk eru beygingar sama eðlis og orðmyndun og eru ekki setningarlegar ummyndanir: „... I adopt the somewhat less universally held assumption that inflectional affixation is not accomplished by syntactic transformation, but that, with derivational affixation and compounding, it instead forms part of a morphological component of grammar“ (1982:1).

with compounds in the word structures of English; that is, affixes — both derivational and inflectional — are to be found both “inside” and “outside” compounds.³³
(Selkirk 1982:58)

Eins og áður hefur komið fram valda afleidd samsett orð vandkvæðum hjá þeim sem aðhyllast strangan aðskilnað eða röðun reglna um afleiðslu og samsetningu og Selkirk er hér að mæla gegn slíkum kenningum, t.d. í Siegel (1974) og Allen (1978).

Selkirk setur alla orðmyndun fram með liðgerðarreglum, þ.e. reglum sem ákvarða hvernig setja má orðflokksmerktar einingar úr orðasafni inn í orðgerðartré, á sama hátt og orð raðast í setningar (sbr. t.d. *Setningafræði* Höskuldar Þráinssonar (1990)), án þess að gert sé ráð fyrir færslum. Þetta fellur vel að Aspects-líkaninu, enda tekur Selkirk fram að hún styðjist við þá kenningu sem þar er byggt á:

The morphological component is seen as consisting of a set of context-free rewriting rules (the *word structure rules*), which (like the phrase structure rules of the *Aspects* model) do not introduce elements of the terminal string; a list of lexical items, including affixes and other bound forms (the *extended dictionary*); and a (*morpho*)*lexical insertion transformation*.
(Selkirk 1982:4)

Í orðmyndunarhlutanum hjá Selkirk eru m.ö.o. öll les (orð, aðskeyti, endingar og aðrir bundnir liðir, t.d. sníklar), liðgerðarreglur og innsetningarregla. Með liðgerðarreglunum er ætlun Selkirk að ná yfir öll hugsanleg orð í tungumálinu (þ.e. ensku), ekki bara raunveruleg orð eins og var markmiðið hjá Aronoff. Liðgerðarreglum í setningum og í orðum er haldið alveg aðskildum en orðið sjálft liggur á skilunum milli orðmyndunar og setningagerðar og er eining í báðum hlutum málkerfisins, þ.e. eining í $\bar{X}$ -kerfinu sem nær bæði yfir setningu og orð. $\bar{X}$ -kerfið um orðmyndun hjá Selkirk lýtur að vísu öðrum lögmálum um varpanir en í setningafræði þar sem hún skilur aðskeyti (þ.m.t. beygingarendingar) alveg frá öðrum einingum í kerfinu. Rök Selkirk eru m.a. þau að aðskeyti geti ekki tekið með sér annað aðskeyti sem systur og því verði að nota mismunandi táknun fyrir aðskeyti og frjáls myndön. Um leið og búið er að binda ákveðin tákn við mismunandi gerðir liða er ekki lengur hægt að nota kerfi sem byggir á vörpunum þar sem hver liður fær sjálfkrafa gildi sem er einum hærra en næsti liður fyrir neðan.³⁴ Munurinn á afleiðslu og samsetningu er fólgin í mismuni á lesum í orðasafni en orðum fylgja upplýsingar um orðflokk, flokkunarramma, valhömlur og annað sem gert var ráð fyrir í setningafræði á þessum tíma (sbr. t.d. *Setningafræði* Höskuldar Þráinssonar 1990), en upplýsingarnar sem fylgja aðskeytum hjá Selkirk (1982:64) eru þessar:

- (5) a Category (including type (always Affix), syntactic category features, and diacritic features)
- b Subcategorization frame
- c Semantic functions
- d Phonological representation

³³Athyglisvert er að þarna segir Selkirk beygingarendingar koma fyrir innan samsettra orða. Venjulega er þessari greiningu á samsettum orðum í ensku hafnað, sbr. lagskiptinguna í líkani Kiparskys (sjá 2.5.4).

³⁴Þetta orðar Selkirk svo: „... every syntactic category dominates a category bearing the same name, but one level down in the $\bar{X}$ hierarchy“ (1982:6). (Eða $X^n \rightarrow X^{n-1}$, $Z^{\max}$ (Ackema 1995:4) eða $XP \rightarrow YP \quad X'; X' \rightarrow X \quad ZP$). Til skýringar: Ef sögnin *legalize* er orð (þ.e. X^0) og jafnframt vörpun af *-ize* hlýtur aðskeytið að fá gildi sem er einum lægra en X^0 , þ.e. X^{-1} en þá er sögnin *outdo* jafnframt vörpun af *do* sem ætti þá líka að vera X^{-1} . Þessu hafnar Selkirk, eins og áður sagði, með því að merkja aðskeytin á annan hátt en orð sem eru samsetningarliðir.

Samkvæmt fyrsta lið þarna eru aðskeyti alltaf orðflokksmerkt en Williams (1981a) sýnist mér vera fyrstur samkvæmt heimildunum til að orðflokksmerkja þau. Að auki eru aðskeytin alltaf merkt ‘lesgerðinni’ sjálfri, þ.e. þau eru merkt sem aðskeyti (N^{af} , V^{af} , A^{af}) en orð eru aðeins merkt með orðflokksgildinu (N (nafnorð), V (sögn) og A (lýsingarorð)) hjá Selkirk). Að auki kemur fram í reglum um aðskeyti hvort þau tengjast rót (*Root affixes*) eða orði (*Word affixes*) en sambærilegur munur kemur ekki fram í reglum um samsett orð sem alltaf eru mynduð af orðum. Þessi munur er að sögn Selkirk nægilegur til að gera grein fyrir skiptingu aðskeyta í flokka eins og gjarnan er gert ráð fyrir í ensku til að skýra mismunandi hljóðkerfisleg áhrif aðskeytanna (sbr. flokkun Aronoffs og Sridhars í ‘orðsstig’ og ‘stofnstig’ á bls. 32 hér að framan og lagskiptingu hjá Kiparsky, sjá 2.5.4). Flokkunarramma aðskeytis (*subcategorization frame*) sýnir hvaða orðflokkum það getur bundist og merking aðskeytisins er líka hluti af orðasafnsþáttum þess en Selkirk gerir ekki ráð fyrir mismunandi gerð af merkingarvenslum milli liða í afleiddum og samsettum orðum. Lítið er vikið að merkingu aðskeyttra orða og hún segir að merking samsettra orða sé of fjölbreytileg til að gerlegt sé að flokka hana, ef frá eru talin sagnleidd orð:

For nonverbal compounds, the range of possible semantic relations between the head and nonhead is so broad and ill defined as to defy any attempt to characterize all or even a majority of the cases. (Selkirk 1982:25)

Eftirfarandi reglur ná því yfir alla afleiðslu³⁵ í ensku en stafirnir X og Y standa fyrir hvaða orðflokksgildi sem er. Reglurnar ná bæði yfir afleiðslu þar sem grunneiningin er orð (X , Y) og rót, en Selkirk merkir rætur með $\overset{r}{\text{með}}$ (Selkirk 1982:121):³⁶

$$(6) \quad \begin{array}{lll} a & X \rightarrow Y^{af} X & b \quad X \rightarrow Y^r \quad c \quad X^r \rightarrow Y^{af} X^r \\ & X \rightarrow Y X^{af} & X^r \rightarrow Y^r X^{af} \end{array}$$

Rétt er að geta þess að í þessu sambandi leggur Selkirk annan skilning í orðið rót en venjulega er gert. Það eru hljóðkerfisleg rök sem skipta aðskeytum í flokka (aðskeyti I og II) og rót, í þeim skilningi sem lagður er í orðið í sambandi við reglurnar hér að ofan, er einfaldlega grunneining sem getur tekið aðskeyti I. Aronoff (1994) vekur athygli á þessari óvenjulegu notkun á hugtakinu rót hjá Selkirk og segir hana vera „clearly nonstandard“ (1994:6).³⁷

Reglur um samsett orð eru ekki eins almennar og ofanskráðar reglur um afleiðslu þar sem Selkirk setur þær fram með ákveðnum orðflokksgildum í stað X og Y sem standa fyrir hvaða orðflokk sem er. Þetta stafar af því að í samsetningu í ensku eru göt í kerfinu³⁸ eins og sést af reglunum um höfuðorðflokkan þrjá sem hér fara á eftir, nafnorð (N),

³⁵Selkirk gerir ekki greinarmun á afleiðslu og beygingu en sá háttur er oft hafður á í enskum bókum en flest dæmi hennar eru um afleiðslu.

³⁶Undantekningar frá þessu eru orðflokksbreytandi forskeyti í ensku eins og *en-* og *de-*. Um þetta þarf sérstakar reglur, sjá Selkirk 1982:89 (3.27).

³⁷Önnur skilgreining á rót er sett fram hjá Selkirk þar sem hún ræðir $\bar{X}$ -kerfið í orðmyndun, eins og Aronoff bendir á í nmgr. á sama stað. Sú skilgreining er nær hefðbundnum skilningi á fyrirbærinu: „... *Stem* is simply a convenient term for the [recursive] type X^{-1} that is one down in the $\bar{X}$ hierarchy from Word (= X^0)... A case can also be made for a yet lower (recursive) category level X^{root} (or X^{-2}) contained within Stem“ (Aronoff 1994:171, tilv. í Selkirk 1982:7). Hugmyndir Selkirk um mínus-merkt liði í $\bar{X}$ -kerfinu sjást víða og skilja þá á milli afleiðslu og samsetningar á hefðbundinn hátt, þ.e. afleiðsla er orðmyndun með X^{-1} en í samsetningu eru aðeins liðir af gerðinni X^0 . Sumir segja þó að þessi útfærsla á $\bar{X}$ -kerfinu stangist á við grundvallaratriði í kenningunum um $\bar{X}$ -kerfið, þ.e. að hver vörpun eigi að hafa gildi sem er einum hærra en liðurinn sem hún er vörpun af (sjá t.d. Lieber 1992:33–40). Í reynd notar Selkirk svo ekki þessa tákun heldur merkir aðskeytin sérstaklega með af , eins og sjá má af reglum hennar í (6) hér á undan.

³⁸Reyndar eru líka göt í afleiðslureglum Selkirk, þ.e. orðgerðirnar $A^r \rightarrow A^r A^{af}$ og $V^r \rightarrow V^r V^{af}$ koma ekki fyrir (sjá Selkirk 1982:82) en hún setur samt fram almennar reglur um afleiðslu.

lýsingarorð (A) og sagnir (V). (Smáorð (*particles*) eru táknuð með *P*.) Samkvæmt þessu er samsetningin aðeins fullkomlega virk í nafnorðum:

(7)

$$\begin{aligned} N &\rightarrow \left\{ \begin{array}{c} N \\ A \\ V \\ P \end{array} \right\} N \\ A &\rightarrow \left\{ \begin{array}{c} N \\ A \\ P \end{array} \right\} A \\ V &\rightarrow \quad P \quad V \end{aligned}$$

(Selkirk 1982:16)

Munurinn á virkni í samsetningu og afleiðslu er eitt af þeim atriðum sem Selkirk telur mæla á móti því að reyna að sameina reglur um samsetningu og afleiðslu og láta eina gerð af reglum ná yfir allt saman, þ.e. að láta orðflokkgildið sjálfst nægja en sleppa sérmerkingunni^{af} við orðflokkgildi aðskeytanna í reglunum sjálfum og láta duga að merkja lesin með því. Ef ein gerð af reglum væri notuð þá jafngilti það því að segja að götin í samsetningu í ensku væru tilviljunarkennd fyrirbæri en hugmynd Selkirk er sú að götin í orðmynduninni séu hluti af því sem lýsa verður með orðgerðarreglum fyrir hvert tungumál. Engin leið er að gera grein fyrir götum í reglurvirkni í samsettum orðum nema með því að taka fram í reglunum sjálfum hvað er leyfilegt en afleiðslu er hægt að lýsa með almennari reglum vegna þess að takmarkanirnar koma fram í því hvaða aðskeyti eru til í hverju tungumáli, þ.e. í flokkunarrömmum einstakra aðskeyta. Orðgerðarreglur Selkirk um samsetningu eru því tungumálsbundnar (*language specific*) og hún tekur fram að orðgerðir sem ekki koma fram í samsettum orðum í ensku finnast í öðrum tungumálum:³⁹

The case that the gaps in the English compound paradigms do not follow from universal principles is easily made, for the compound types missing in English do occur in other languages. (Selkirk 1982:18)

Ekki þarf að sýna götin í afleiðslunni sérstaklega þar sem þau stafa af takmörkunum í orðasafninu sjálfu, einfaldlega vegna þess að aðskeyti til að mynda orðgerðirnar sem vantar eru ekki til:

... the gaps are represented merely as an (accidental) fact about the lexicon (that is, the list of items it contains), not as a fact about the structural configurations possible in the language. (Selkirk 1982:83)

Selkirk telur líka að rök úr öðrum hlutum málkerfisins sýni að samsett og afleidd orð séu ólík fyrirbæri sem ekki á að sameina í orðgerðarreglunum. Hún tekur dæmi af mismuni á virkni hljóðkerfisreglna í samsettum orðum og afleiddum í ensku og segir að reglurnar verði að „vita“ hvort orðhluti er aðskeyti eða samsetningarliður:

That compound word structure is *not* identical to affixed word structure emerges when we consider rules of the grammar which apply to, or interpret, morphological structures ... An affix is simply not treated like a word by such processes. Ample evidence of this is available in any treatment of English stress, for example ... Suffice it to say

³⁹T.d. í íslensku, sjá dæmi í B.A.-ritgerð minni (Kristín Bjarnadóttir 1990b:54) þar sem allir höfuðorðflokkanir fjórir (nafnorð, lýsingarorð, sagnir og atviksorð) koma fyrir sem fyrri og seinni hluti með öllum öðrum orðflokkum. Sjá líka 5.4.2 hér á eftir.

here that such rules must “know” whether a morpheme is an affix or not. Compound words do not have the same phonology as affixed words.⁴⁰ (Selkirk 1982:123)

Munurinn á afleiðslu og samsetningu verður því að koma fram í orðgerðarreglunum sjálfum og hljóðkerfisreglurnar hljóta að vera næmar fyrir mismuninum á orðgerðarreglunum. Ef orðgerðarreglunum er slegið saman verður að gera ráð fyrir að hljóðkerfisreglur „sjái inn í orð“, þ.e. verki í tilteknu umhverfi sem skilgreint er út frá innri gerð orðanna, en þann kost ræðir Selkirk ekki, enda byggist kerfi hennar á aðskilnaði orðmyndunarhlutans frá öðrum hlutum málkerfisins eins og tíðkað var í Aspects-líkaninu.

Margt er líkt með orðmyndunarlýsingum Aronoffs (1976) og Selkirk (1982), þrátt fyrir þau atriði sem hér hafa verið dregin fram til að sýna mismuninn þeirra á milli. Bæði skilja þau þá þætti í orðmynduninni sem felast í hljóðbreytingum frá eiginlegum orðmyndunar- eða orðgerðarreglum sem tengja orðhluta saman í línulega röð. Selkirk ræðir þetta ekki frekar en það er ljóst af afleiðslureglum hennar (sem ná reyndar líka yfir beygingar) að hún gerir ráð fyrir aðlögunarreglum á sama hátt og Aronoff. Þá er heildarmynd þeirra af málkerfinu ekki verulega ólík, ef frá er talið að Selkirk telur aðskeyti til lesa en Aronoff ekki. Þá gera þau bæði ráð fyrir því að orðmyndunar- eða orðgerðarreglur verki í eitt skipti og orðin séu síðan geymd í orðasafninu. Sá grundvallarmunur er þó á kenningum þeirra að orðmyndunarreglur Aronoffs eiga aðeins að mynda orð sem eru til í málinu en orðgerðarreglur Selkirk eru ofvirkar, enda segir hún að óregluleiki í orðmyndun sé svo mikill að ógerlegt sé að gera meira en að setja fram reglur sem sýni hvaða orðgerðir geta komið fram.

Þrátt fyrir að Selkirk haldi fast í hefðbundna skiptingu milli afleiðslu og samsetningar er ýmislegt í kenningum hennar sem gerir það að verkum að skilin verða minna áriðandi en hjá þeim sem fjallað hefur verið um hér á undan. Þar skiptir mestu rökstuðningur hennar fyrir því að aðskeyti séu les í orðasafninu. Rökin fyrir því að merkja þessi les sérstaklega sem aðskeyti, í stað þess að láta flokkunarrámmann nægja til að sýna í hvaða umhverfi þau geta komið fyrir, eru hins vegar þess eðlis að þau þarf að athuga betur. Þetta er m.a. hægt að gera með því að athuga hvort sambærilegur mismunur í virkni orðmyndunarreglna kemur fram í íslensku og í ensku. Að því verður komið aftur síðar.


2.5.4 Paul Kiparsky og lexikölsk hljóðkerfis- og orðmyndunarfræði

Í kenningu Pauls Kiparskys um samspil orðmyndunar- og hljóðkerfisfræði sem hann setur (m.a.) fram í greinunum *From Cyclic Phonology to Lexical Phonology* (1982a) og *Lexical Morphology and Phonology* (1982b)⁴¹ verka hljóðkerfisreglur á eftir orðmyndunarreglum í fastbundinni röð í orðmyndunarhluta málkerfisins, þ.e. í orðasafninu. Samkvæmt kenningu Kiparskys ákvarðast röðin af því að flokkar aðskeyta (aðskeyti I og II í ensku, sbr. Siegel (1974) og Aronoff (1976)), samsetning og beyging eiga sér fastan stað í orðasafninu og orðmyndunarreglur verka alltaf í sömu röð, þ.e. orðasafnið er lagskipt. Úttakið (eða frálegðin) úr orðmyndunarreglum í hverju lagi er síðan inntak í hljóðkerfisreglur sem verka í sama laginu en að því loknu geta orðmyndunarreglur í næsta lagi tekið við og síðan koll af kolli. Að sögn Kiparskys er orðmyndunarpáttur kenningar hans byggður á Aronoff (1976), Siegel (1974, 1977) og Allen (1978), en hjá þeim tveimur síðarnefndu komu fyrst fram kenningar um lagskiptan orðmyndunarhluta málkerfisins þar sem gerð er grein fyrir

⁴⁰Er nauðsynlegt eða æskilegt að hafa reglurnar mismunandi til að lýsa þessu? Mismunurinn felst í hljóðkerfislegri hegðun A og B. Síðan er sagt að mismunandi gerðir af reglum eigi við þetta tvennt *vegna þess* að A og B haga sér ekki eins hljóðkerfislega. Þetta virðist vera komið í hring.

⁴¹Greinarnar eru að verulegu leyti samhljóða. Rétt er að geta þess að erfitt er að henda reiður á þessum heimildum þar sem ártölum á þeim ber ekki alltaf saman í heimildum og þær virðast hafa verið á kreiki í mörgum útgáfum. Reynt var að gáta eftir fremsta megni að rétt sé vísað í greinarnar hér.

mismunandi skilyrðingu hljóðkerfisreglna með röðuðum lögum í stað þess að gera ráð fyrir mismunandi skilum sem fylgja hverju aðskeyti (eins og gert er t.d. í *Sound Pattern of English* (Chomsky og Halle (1968) og hjá Aronoff og Selkirk, eins og lýst er hér að framan). Í greinunum sem eru skoðaðar í þessum kafla fæst Kiparsky einungis við enska orðhlutafræði en í kafla 3.3.4 hér á eftir verður komið að umfjöllun um íslenska orðmyndun samkvæmt þessum kenningum. Hér verður því látið duga að lýsa helstu einkennum kerfisins í mjög grófum dráttum til þess að sýna hvaða mynd Kiparsky virðist gera sér af muninum á afleiðslu og samsetningu án þess að fara í röksemdafærslu hans, enda virðist hún vera afskaplega bundin ensku í greinunum tveimur sem hér eru til umræðu.



(8) Líkan Kiparskys (Spencer 1991:110)

Eins og sjá má af myndinni hér á undan skiptir Kiparsky orðasafninu í þrjú lög til að gera grein fyrir enskri orðmyndun. Inntakið í víxlverkandi orðmyndunar- og hljóðkerfisreglur eru grunnorð (eða 'grunnles', *underspecified lexical entries*). Á fyrsta stigi í orðmynduninni í ensku er afleiðsla með aðskeytum þeim sem hjá Siegel (1974) eru talin til I. flokks og óreglulegar beygingar (þ.e. aðskeyti (orðmyndunaraðskeyti og beygingarendingar) með skilum sem merkt eru með '+', t.d. í Chomsky og Halle (1968) og Aronoff (1976)) og síðan verka viðeigandi hljóðkerfisreglur á afleidda orðið (áherslureglur og reglur um stýfingu). Á næsta stigi eru aðskeyti sem talin eru til II. flokks og samsett orð og þar verka áherslureglur samsettra orða. Á þriðja og síðasta stigi eru síðan reglulegar beygingar, ásamt viðeigandi hljóðkerfisreglum.

Ýmis afbrigði af þessu kerfi hafa verið sett fram og því hefur verið beitt á ýmis tungumál. Hér fylgir listi yfir helstu einkenni kerfisins en rétt er að geta þess að ekki eru allir sammála um þessi atriði:⁴²

- (9) a Orðasafnið skiptist í lög sem ákvarðast af eiginleikum aðskeyta og önnur orðmyndunarferli raðast á sama hátt. Reglur verka í röð sem ákvarðast af lögnum í orðasafninu. Flæðið í líkaninu er aðeins í eina átt.

⁴²Ýmis frávik eru frá þessu sem of langt mál væri að rekja hér, t.d. í sambandi við lykkjur og hringstreymi. Hér er, auk greina Kiparskys sjálfs, stuðst við Katamba (1993, sjá t.d. samantekt á bls. 133), Spencer (1991), Carstairs-McCarthy (1993), Mohanan (1986), Packard (1990) og Kaisse & Shaw (1985).

- b Hvert aðskeyti og hver orðmyndunarregla tilheyrir einu og aðeins einu lagi.
- c Innan hvers lags eru reglur óraðaðar.
- d Myndön raðast í kringum grunneiningu í línulegri röð í samræmi við lagskiptingu í orðasafninu.⁴³
- e Hljóðkerfisreglur innan hvers lags verka á eftir hverri orðmyndunarreglu í laginu.
- f Sömu hljóðkerfisreglur verka í öllu laginu, þ.e. fylgja öllum aðskeytum þar.
- g Hljóðkerfisreglur þurfa ekki að vera bundnar við eitt lag en þær verka bara í samliggjandi lögum.
- h Reglur (bæði orðmyndunar- og hljóðkerfisreglur) eru ónæmar fyrir formgerð sem rekja má til fyrri laga í orðasafninu, þ.e. hornklofum er eytt í lok hvers lags og reglurnar „sjá ekki inn í orð“.
- i Inntakið í hverja orðmyndunarreglu er orð.
- j Úttakið úr hverri orðmyndunarreglu er orð.
- k Virkni í orðmyndun eykst eftir því sem neðar dregur í líkaninu.
- l Markmiðið er að lögín séu eins fá og hægt er til að gera grein fyrir staðreyndunum.

Talsvert hefur verið deilt á þetta kerfi, sérstaklega með tilliti til hringstreymisins⁴⁴ og fjölda laga og að hve miklu leyti búast má við samræmi í lagskiptingunni á milli tungumála⁴⁵ en of langt mál yrði að rekja þær deilur hér.

Öll lagskiptingin virðist byggjast á þeirri hugmynd að skilgreina þurfi umhverfi fyrir hljóðkerfisreglurnar án þess að gera ráð fyrir skilyrtum lesum í orðasafninu. Kiparsky færir að vísu nokkur rök fyrir því að skiptingin eigi sér stoð í röðun orðhluta og mismunandi virkni í reglulegum og óreglulegum beygingum innan samsettra orða í ensku, en samkvæmt kerfi hans eiga reglulegar beygingar ekki að geta komið fyrir innan samsettra orða þar sem beygingarreglur verka á eftir samsetningarreglum í kerfinu. Kerfi Kiparskys svipar til Aspects-líkansins að því leyti að orðasafnið er vandlega aðskilið frá setningafræðihluta málkerfisins en hann gerir þá byltingarkenndu breytingu að hljóðkerfisreglur og orðmyndunarreglur verka á víxl í fyrir fram ákveðinni röð í orðmyndunarhlutanum í stað þess að orðmyndunarhluti málkerfisins og hljóðkerfishlutinn séu fullkomlega aðskilin svið, eins og í Aspects-líkaninu. Samkvæmt kenningu Kiparskys verka hljóðkerfisreglur að auki líka utan orðasafnsins eins og fyrr (*post-lexical phonology*).

Hvað verður svo um muninn á afleiðslu og samsetningu í þessu kerfi? Eins og sjá má af mynd (8) hér að framan er (a.m.k. í ensku) gert ráð fyrir því að afleiðsla tilheyrir

⁴³Samkvæmt þessu er hringstreymi ekki leyft. Sumir leyfa lykkjur en takmarka þær þó verulega, t.d. Mohanan sem leyfir lykkjur milli grannlaga en ekki yfir lög (1986). Mörgum virðast lykkjurnar nægileg röksemd til að kollvarpa kerfinu, sjá t.d. Spencer (1991:115): „Not surprisingly, many linguists regard this [i.e. loops] as an admission that level ordering is not the right way to approach the problem of morpheme ordering.“

⁴⁴Kiparsky virðist sjálfur gera ráð fyrir hringstreymi að einhverju leyti, enda þótt hann ræði það ekki mikið: „We must assume some limited recursion from phrase-level syntax back into morphology anyway“ (1982b:138).

⁴⁵Sjá t.d. Packard (1990) sem vekur athygli á því að beyging á heima í síðasta laginu í orðasafninu í mandarínkínversku og segir þetta vera eðlilegt þar sem beygingin er nátengd setningafræðihluta málkerfisins: „Also, the process of inflection is arguably closely related to syntax, and is therefore at level IV“ (1990:22). Hann leiðir að því getum að þetta eigi líklega við um öll tungumál: „It stands to reason that if lexicons have similar structures across languages, then they should share certain cross-linguistic properties. Some of the more obvious ones we have seen are the proximity of inflection to syntax, and the reduction in productivity as we move deeper into the lexicon“ (1990:36). Þetta á við um reglulegar beygingar í öllum þeim málum sem ég hef séð nefnd í þessu sambandi (þ.e. í ensku, malajalam, þýsku, ítölsku, hollensku, mandarín o.fl.). Þessu hafnar Þorsteinn G. Indriðason í lýsingu sinni á íslenskrí orðmyndun (sjá kafla 3.3.4. hér á eftir).

tveimur mismunandi lögum, samsetningin tilheyrir lagi þar sem hluti afleiðslunnar á heima og beygingar tilheyrir tveimur lögum og deili öðru þeirra með annarri gerð afleiðslunnar (af tveimur). (Hvergi er tekið fram hvernig hugtökin afleiðsla, samsetning og beyging eru skilgreind en þar virðist óhætt að nota skilgreiningar Aronoffs til viðmiðunar, enda vísar Kiparsky til hans í byrjun greinanna.) Lögin sjálf duga því engan veginn til að skilja á milli afleiðslu og samsetningar og rétt er að hafa í huga að innan hvers lags eru reglur óráðaðar. Samkvæmt lagskiptingunni sjálfri ætti fremur að skilja á milli orða með aðskeytum sem tilheyra fyrsta lagi annars vegar og orða með aðskeytum sem tilheyra öðru lagi og samsettra orða hins vegar. Sjálfur virðist Kiparsky þó telja að grundvallarmunur sé á afleiðslu og samsetningu þar sem hann telur aðskeyti ekki til lesa í orðasafninu og fylgir þar kenningu Aronoffs, e.t.v. bara af hagkvæmnisástæðum ef marka má orð hans sjálfs:⁴⁶

For our purposes it will be **convenient** [leturbreyting KB] to construe the subcategorizations and inherent feature specifications of affixes as so many contextual restrictions on the rules which insert them. Affixes will then not be lexical entries and they will have no lexical features either inherently or by percolation. Each Affix A is introduced by a rule of the form

(3) Insert A in env. [Y_ -- Z]_X

where Y,Z corresponds to the 'subcategorization frame' of A and X corresponds to its inherent categorial specification in Lieber's format [i.e. Lieber (1981)].

(Kiparsky 1982b:134)

Markmið Kiparskys virðist aðeins vera eitt, þ.e. að gera grein fyrir samspili hljóðkerfisfræði og orðmyndunar og flokkun hans gengur þvert á hefðbundna flokkun á afleiðslu og samsetningu sem skiptir í rauninni litlu máli hjá honum. Rök sem hann færir fyrir lagskiptingunni og ekki byggjast á hljóðkerfisfræði virðast vera afskaplega tungumálsbundin, t.d. samspil beygingar og samsetningar og röðun á myndun sagnleiddra nafnorða og nafnleiddra sagnorða. Því verður eiginlega að skoða þetta í fleiri tungumálum til þess að sjá betur hvort þar er hægt að finna sambærileg rök sem ekki byggjast á hljóðkerfisfræði og styðja kenninguna. Kiparsky liggur heldur ekki á því hver tilgangurinn er:

The aim of the above sketch of English morphology has been made to make plausible the particular version of level-ordered morphology depicted in [(8) á bls. 36 hér], a version we must adopt if we are to maintain the intimate connection between phonology and morphology that lexical phonology requires. (Kiparsky 1982a:21)

Lykilorðið sýnist mér vera „that lexical phonology requires“. Þarna er tekin upp ný skipting í orðmyndunarfræði sem að öllu leyti byggist á hljóðkerfislegum rökum þótt hún sé eftir fönngum studd af öðru efni. Þessi kenning gefur því tilefni til að endurskoða alla skiptingu í orðmynduninni upp á nýtt. Ef stefna Kiparskys er tekin og hljóðkerfisleg rök eru látin vera ráðandi er e.t.v. ekki sjálfgefið að gera þurfi ráð fyrir hefðbundinni skiptingu í afleiðslu og samsetningu. Annað atriði sem taka þarf afstöðu til eru liðgerðarþversagnir, en eins og vikið var að hér að framan koma fram þversagnir í greiningu þar sem aðskeyti sem tilheyra ákveðnu stigi skv. Kiparsky virðast brjóta gegn merkingarskilyrðum Bothas um orðmyndun (sjá tilvitnun í Botha 1984 á bls. 27). Það fer sjálfsagt eftir viðfangsefnum manna hvaða afstöðu þeir taka til þessara hluta og e.t.v. höfða aðferðir Kiparskys helst

⁴⁶Engin skýring fylgir á því **hvers vegna** þetta er „hagkvæmt“. Sumir þeir sem setja fram kenningar um lagskipt kerfi taka þetta ekki upp eftir honum og telja aðskeyti til lesa, t.d. Mohanan (1986) og Þorsteinn G. Indriðason (sjá kafla 3.3.4 hér á eftir).

til þeirra sem fást við hljóðkerfislega þætti orðmyndunarinnar.⁴⁷ Í kafla 3.3.4 hér á eftir verður fjallað um kándíðatsritgerð Þorsteins G. Indriðasonar sem byggir á kenningum Kiparskys.

2.5.5 Stephen R. Anderson og *A-Morphous Morphology*

Í bókinni *A-Morphous Morphology* (1992) setur Stephen R. Anderson fram heildarkerfi um orðmyndun sem um margt er frábrugðið því sem hefur verið nefnt hér á undan. Eins og nafn bókarinnar sýnir gerir hann ekki ráð fyrir myndani sem einingu í orðhlutafræði sinni; hún er að öllu leyti byggð á orðum, orðmyndunarreglum (*Word Formation Rules*) sem breyta orðum á tiltekinn hátt (en felast ekki í samröðun) og orðgerðarreglum (*Word Structure Rules*) sem raða saman orðum (eða lesum)⁴⁸ í orð. Samkvæmt Anderson eru orðmyndunarreglur ferli (*process*, sbr. umfjöllun um *Word and Paradigm* í kafla 2.3.2 hér að framan) og þær gilda um afleiðslu og beygingu en orðgerðarreglur eru samröðunarreglur og mynda samsett orð og því er grundvallarmunur á þessu tvennu. Rök Andersons fyrir því að gera þennan greinarmun eru þau að ferliskenningin sé mun sveigjanlegri og ráði betur við ýmiss konar myndbrigði sem eru sérstaklega áberandi í afleiðslu og beygingum. Því eru enda engin takmörk sett hvaða myndbrigði rúmast innan slíkrar kenningar þar sem hvert orð (sem strengur) breytist einfaldlega í aðra orðmynd fyrir áhrif reglunnar. Þá þarf ekki lengur að hafa áhyggjur af því hvaða áhrif tiltekinn orðhluti hefur á annan orðhluta (þ.e. venjulega ending á stofn), heldur breytist strengurinn einfaldlega sem heild fyrir áhrif reglunnar. Viðhorf Andersons koma skýrt fram í eftirfarandi broti úr yfirlitskafla hans um orðhlutafræði í Newmeyer (1988), *Linguistics: The Cambridge Survey I*:

On grounds of descriptive coverage, it seems clear that the process view is (potentially) less restrictive than the item-based view. This is because the presence of any given formative marking a particular category can always be described as a process that adds the relevant phonological material to a more basic stem in the presence of that category; but the opposite does not hold. Admitting morphological processes of other than this limited sort (simple affixation) thus runs the risk of weakening the theory, and calls for further investigation of the precise formal limits of morphological systems. One response might be to maximally narrow constraints on the expressive power of the rule formalism, so as to exclude rule types that are not attested in

⁴⁷Í þessum kafla er lagskiptingin talin órjúfánlegur hluti af kenningu Kiparskys, eins og hann gerir sjálfur. Lagskiptingin er samt ekki eina leiðin til að setja fram kenningu sem gerir grein fyrir samspili orðmyndunar- og hljóðkerfisreglna, eins og Geert Booij og fleiri hafa bent á:

I would like to point out that, contrary to popular belief, the theory of level ordering is not an essential subtheory of Lexical Phonology. The basic claim of Lexical Phonology is that phonology and morphology interact in specific ways and in particular that the outputs of certain phonological rules are available as inputs for morphological processes. Whether the theory of level ordering is a correct theory or not does not affect this basic claim of Lexical Phonology.
(Booij 1989:28)

Stephen R. Anderson bendir á sambærilegan hlut í greininni „On the Interaction of Phonological Rules of Various Types“ (1975:43) en þar segir svo:

It is certainly the case that, *ceteris paribus*, a morpholexical rule will generally precede a phonological one ... From the fact that such a relative ordering of rules obtains generally, however, it does not by any means follow that an organization of the grammar along the above lines will always be possible.

Grein Andersons er skrifuð áður en kenning Kiparskys um lexíkalska hljóðkerfis- og orðmyndunarfræði kom fram en efnislega er niðurstaða Andersons sú sama og Booij.

⁴⁸Anderson hefur breytt orðalagi sínu, á sama hátt og Aronoff (sjá nmgr. 17 á bls. 22), þannig að hann segist nú gera ráð fyrir lesi, þ.e. orði án virkrar beygingarendingar („*word minus (productive) inflectional affixation*“) sem grunneiningu í orðmyndun, í stað þess að tala um orð (Anderson 1992:71).

natural languages; but there are other ways to approach these problems as well ...
(Anderson 1988:158–159)

Þar sem aðskeyti (hér bæði beygingarendingar og afleiðsluadskeyti) eru aðeins hluti af reglum hafa þau engan orðflokk í sjálfum sér, enga merkingu eða setningafræðileg ein-kenni og eiga sér í verunni engan sjálfstæðan tilverurétt. Munurinn á þeim og samsetningarliðum er þá algjör, þar sem samsetningarliðirnir (sem eru ‘orð’ hjá Anderson) eru les í orðasafninu. Með þessu virðist Anderson setja upp mjög stíf skil milli samsetningar annars vegar og beygingar og afleiðslu hins vegar. Hann hefur þar að auki lengi verið kunnur fyrir að skilja ákveðið á milli beygingar og afleiðslu og segja að afleiðslan sé orðasafnsferli, en beygingin sé háð setningagerð og hana sé þar af leiðandi ekki hægt að einangra algjörlega í orðasafninu. Setning Andersons í greininni „Where is morphology?“ birtir í hnotskurn afstöðu þeirra sem aðhyllast *Weak Lexicalist Hypothesis*: „Inflectional morphology is what is relevant to syntax“ (1982:587).⁴⁹

Þrátt fyrir þann algjöra eðlismun sem Anderson telur að sé á samsetningu og afleiðslu þá gerir hann ekki ráð fyrir algjöru banni við blöndun sviða, á borð við það sem sumir generatífir málfræðingar virðast hafa tekið í arf frá formgerðarsinum. Hann segir t.d. að innri gerð orða sé aðeins hægt að skilja með því að vísa út fyrir orðasafnið og hafnar þar með Aspects-líkaninu og öðrum líkönum af sama tagi:

... word structure can only be understood as the product of interacting principles from many parts of the grammar: at least phonology, syntax, and semantics in addition to the ‘lexicon’. As such, this is not a theory that deals with the content of one box in a standard flowchart-like picture of a grammar, but rather a theory of a substantive domain whose content is widely dispersed through the grammar.

(Anderson 1992:2)

Í reynd verður þó enn erfiðara að sjá hvernig upplýsingar úr einum hluta málkerfisins geta nýst í öðrum hluta hjá honum en í hefðbundnu líkani þar sem takmarkanir eru á blöndun sviða. Orðin sem orðmyndunarreglur hans skila hafa enga innri byggingu, aðskeyti og endingar hafa enga stöðu sem setningarlegar einingar (og geta t.d. ekki verið kvistir í hríslu) og þau eru þess vegna alveg ógagnsæ utan orðasafnsins. Reglur Andersons um samsett orð eru hins vegar orðgerðarreglur sem raða saman lesum og munurinn á afleiðslu og samsetningu er því svo algjör að hann hefur a.m.k. sömu áhrif og bann við blöndun sviða. Þá gerir hann heldur ekki ráð fyrir því að setningarreglur geti verið inntak í orðmyndunarreglur sem verka aðeins í orðasafninu og aðeins á orðasafnseindir. Setningarreglur geta hins vegar alls ekki verkað í orðasafni:

... a lexical rule might well presuppose the application of another lexical rule, but it ought not to presuppose the application of a syntactic rule, since such rules could not in principle apply within the lexicon.

(Anderson 1992:41)

Loks eru orðmyndunarreglur Andersons raðaðar þar sem aðskeyti hans eru ekki orðasafnseiningar og þau er því ekki hægt að skilyrða á nokkurn hátt til að taka fram í hvaða umhverfi þau geta komið fyrir. Þetta segir Anderson sjálfur (1992:123–124) að sé gert á sama hátt og í bók hans um hljóðkerfisfræði, *The Organization of Phonology* (1974). Skorðurnar sem hann setur með þessu öllu eru a.m.k. á við hefðbundið bann við blöndun sviða, þrátt fyrir að hann geri ekki ráð fyrir hefðbundnu líkani á borð við Aspects-líkanið.

Til þess að skýra aðeins í hverju munurinn á orðmyndunarreglu og orðgerðarreglu hjá Anderson er fólgin má nefna hvernig hann gerir grein fyrir bandstaf (eða tengihljóði) í

⁴⁹Sbr. líka: „... inflectional morphology is the area in which principles of syntactic structure and of word formation interact with one another ...“ (Anderson 1992:101).

samsettum orðum í þýsku. Þar verður hann að gera ráð fyrir að hægt sé að vísa í innri gerð samsetts orðs, t.d. til að skýra *-en-* í *Schwanengesang* ‘svanasöngur’. Innskotið skýrir hann með orðmyndunarreglu (*Word Formation Rule*) sem bætir inn í orðið (1992:297; hluti reglunnar):

$$(10) \quad [N[NX][NY]] \rightarrow [N[NX -en-][NY]]$$

Orðmyndunarreglan vísar m.ö.o. í innri gerð orðsins og bætir inn *-en-* en býr orðið ekki til. Það er hins vegar fremur óljóst hvar samsettu orðin verða til, eins og sjá má af því að hann segir regluna hér að ofan verka á samsett orð sem mynduð eru annars staðar, annaðhvort í orðasafninu eða í setningafræðihluta málkerfisins:

A rule of this sort applies only to compounds (by virtue of its Structural Description), but the compounds it applies to are structures whose formation takes place elsewhere — either in the lexicon or in the syntax. (Anderson 1992:297)

Það veikir kerfi Andersons verulega að hann verður að gera ráð fyrir þriðju gerðinni í orðmynduninni, þ.e. orðum sem mynduð eru með orðmyndunarreglu en hafa samt sem áður innri gerð, *composites*. Af þessu tagi eru orð eins og forskeytta sögnin *redo*, en þar verður innri gerð að vera sýnileg til þess að sögnin haldi sterkri beygingu. Að auki valda ósjálfstæðir orðhlutar á borð við *tele-* og *-graph* talsverðum vandræðum í þessu kerfi, vegna þess að grunnurinn í orðgerðarreglum Andersons á að vera orð. Um orð sem mynduð eru úr slíkum orðhlutum segir Anderson að einhvers konar hermiregla (analogía) dugi til að mynda önnur orð á sama hátt, án þess að það feli í sér að þetta séu orð í málínu eða „eðlilegar“ einingar í orðmyndun,⁵⁰ eða að orðmyndunarreglur yfirleitt búi til orð með innri byggingu:

... we mean simply to suggest that word-based morphology can survive a variety of problematic examples that might seem to motivate the assumption that word formation in general creates structure, provided the theory admits a class of structured compounds, a class of Word Formation Rules that can refer to this structure, and a class of rules that form compounds analogically on the basis of other compounds. (Anderson 1992:298)

Þetta allt leiðir til þess að Anderson verður að gera ráð fyrir því að orðmyndunarreglur skili venjulega ekki orðum með sýnilegri innri gerð, en geti þó gert það ef nauðsyn krefur:

So does all this mean that we have abandoned the claim ... that words do not have internal non-phonetic (or non-phonological) structure? Yes and no. We do, apparently, have to recognize the possibility of such structure, but this does not entail the further claim that morphological rules *in general* should create it. Word Formation Rules do not build structure, that is, **unless explicitly stipulated to do so**.

(Anderson 1992:298; [feitiletrun KB].)

Mörgum finnst þetta slá botninn úr kenningu Andersons og sýna betur en margt annað að aðskilnaðurinn sem hann reynir að setja upp á milli afleiðslu og samsetningar sem eðlisólíkra fyrirbæra gangi ekki upp (sjá t.d. gagnrýni Andrew Carstairs-McCarthy í *Yearbook of Morphology* 1992:209–233). Það er líka ljóst að mjög erfitt er að leggja til atlögu við gagnagreiningu með kenningu Andersons að veganesti, enda virðist hún aðeins eiga við um virka orðmyndun. Í orðgerðargreiningu eins og hér er miðað að verða línurnar sennilega aldrei eins hreinar og Anderson vill vera láta.

⁵⁰Hann notar orðið *Sino-Japanese* sem dæmi á þennan hátt (s.st.): „Here we certainly do not want to claim that *Sino-* is a word (or that the parts of productive technical compounds like *erythromycin*, etc. are either), but these elements still seem to turn up in newly formed words. The alternative of saying that there is a Word Formation Rule of ‘*Sino-* prefixing’ or the like also seems to be thoroughly unpalatable.“

2.5.6 Rochelle Lieber og *Deconstructing Morphology*

Bók Rochelle Lieber, *Deconstructing Morphology*, kom út 1992, á sama ári og bók Stephens R. Anderson sem sagt er frá í næsta kafla hér á undan. Heita má að í þessum verkum tveimur komi fram eins miklar andstæður og unnt er. Markmið Lieber með því að skrifa bókina er að sýna fram á að öll orðmyndun fari fram í setningarhluta málkerfisins:⁵¹

... the literal sense of the verb “deconstruct” — “to take something to pieces” — so aptly expresses what I am trying to do in this book; in it I wish to take to pieces the morphological component of lexicalist theories and reconstitute morphology as an integral part of the syntax. (Lieber 1992:vii)

Áður hafði hún aðhyllst þá kenningu sem hún hafnar nú, sbr. það að Scalise nefnir doktorsritgerð hennar *On the Organization of the Lexicon* (1981) meðal höfuðrita þeirra sem telja alla orðhlutafræði vera orðasafnsferli (*Strong Lexicalist Hypothesis*, sjá bls. 14 hér að framan).

Samkvæmt kenningu Lieber er hver orðasafnseind⁵² geymd í orðasafninu með upplýsingum um hljóðform, merkingu (*Lexical Conceptual Structure*, *LCS*), orðflokksþætti, rökform (*Predicate Argument Structure*, *PAS*) og að auki fylgir bundnum liðum lýsing á þeim liðum sem þeir geta tengst. Hér fylgja dæmi um orðasafnseindir eins og Lieber setur þær upp (1992:22–23):

- | | | | |
|------|---|---------|--|
| (11) | a | words | run [v___]
[rʌn]
LCS: [Event GO ([Thing], [Path])]
PAS: x
enter [v___]
[entr,]
LCS: [Event GO ([Thing], [Path TO
([Place IN ([Thing]))])] |
| | b | affixes | cat [N___]
[kæt]
LCS: [Thing]
-ize [N,A___]v
[ayz]
LCS: [CAUSE([Thing], [BE (LCS of base)])]
PAS: x
un- [___A]
[ʌn]
LCS: negative |
| | c | roots | path [X [N___]] or [[N___] X]
[pæθ]
LCS: ... |

⁵¹Hún miðar við ríkjandi kerfi í generatífri málfræði (GB), án þess þó að hún telji kenningu sína bundna því kerfi.

⁵²Lieber notar hugtakið ‘listeme’ um orðasafnseind, eins og Di Sciullo & Williams (1987) gera. Orðið er í flestum tilfellum notað eins og orðið ‘les’ (*lexeme*) en með notkun þess er reynt að rjúfa þau tengsl sem venjulega eru milli ‘orðs’ og ‘less’ vegna þess að orðasafnseindir Di Sciullo & og Williams geta líka verið stærri en orð, þ.e. orðasafnseind er einfaldlega eining sem geymd er í orðasafni.

d	lexicalized words	transmission [N____] [trænsmíðun] LCS: [Thing part of a car]
e	lexicalized phrases and sentences	to kick the bucket The cat is out of the bag.

Eins og sjá má af þessu gerir Lieber ráð fyrir því að allar einingar í orðasafninu séu í grundvallaratriðum settar upp á sama hátt og það hve miklar upplýsingar fylgja hverri orðasafnseind ræðst af eðli hennar. Þannig eru upplýsingar um rökgerð (*Predicate Argument Structure, PAS*) með sögnunum *run* og *enter* hér að ofan, en ekki með nafnorðinu *cat*. Við bundna liði sést af hornklofunum hvaða skilyrðum þeir lúta, t.d. bætist *-ize* við orðasafnseindir með orðflokksþáttunum *N, A* (þ.e. nafnorð og lýsingarorð) og myndar sagnir og *un-* bætist framan á lýsingarorð (*A*). Það er athyglisvert að forskeytið sjálft er ekki orðflokksmerkt hjá Lieber.⁵³ Öll skilyrði um röðun liða verður að setja fram á þann hátt sem hér er sýnt og þannig verður röðun aðskeyta, til dæmis, að byggjast á því að flokkunarráttur á borð við þá í dæmunum hér að ofan gefi allar nauðsynlegar upplýsingar. Öll stofnbrigði og önnur atriði sem venjulega eru flokkuð sem ólínuleg ferli (þ.e. *nonconcatenative morphology*) flokkar Lieber með afleiðslu og segir enga þörf fyrir sérstök lögmál um orðmyndun þar sem hægt sé að ná yfir öll þessi fyrirbæri með setningarlögmálum og hljóðkerfisfræðilögmálum: „In no case is any specifically morphological principle needed for these sorts of word formation“ (1992:195). Þarna fetar hún í fótspor þeirra formgerðarsinna sem aðhylltust *Item and Arrangement* (sjá kafla 2.3.2 hér að framan). Dreifing stofnbrigða, t.d. hljóðvörp í þýsku, eru þannig skýrð með skilyrðingum (*subcategorization*) á bundnu lesunum (þ.e. endingum og viðskeytum) þannig að þau velji rétt afbrigði af stofninum, en öll stofnbrigði eru geymd í orðasafninu. Greiningu Lieber fylgir að enginn eðlismunur er á einingum í orðasafninu, orðum, lesum, orðtökum, setningum og aðskeytum.⁵⁴

Lieber setur ekki upp liðgerðarreglur á sama hátt og Selkirk en beitir þess í stað innsetningu í tré í $\bar{X}$ -kerfinu á sama hátt og gert er í setningafræði, eftir að kenningar um lögmál og breytur urðu þar allsráðandi og hætt var að setja fram liðgerðarreglur um setningar.⁵⁵ Í $\bar{X}$ -kerfi hennar er gert ráð fyrir því að allir liðir í orðasafninu hafi gildið X^0 , sem er í samræmi við uppsetningu hennar á orðasafnseindunum í (11) hér á undan. Hún gerir því ekki ráð fyrir vörpunum innan orða heldur endurkvæmni, eins og fram kemur í því að hún hafnar hríslu af þeirri gerð sem fram kemur í (12)a hér á eftir og gerir aðeins ráð fyrir

⁵³ Annars segist Lieber aðeins orðflokksmerkja stofna, bundna liði (*bound bases*) og aðskeyti. Þetta er lykilatriði í kenningu hennar um það hvernig þættir stíga (eða perkólera) upp eftir hríslum:


Only stems, bound bases, and derivational affixes will have full categorial signatures. Inflectional affixes will be marked only with individual features for which they contain specified values. In derivational word formation the value for a feature of a head morpheme will supercede or override that of an inner morpheme. Features from inflectional morphemes can never override features from their bases, but can only fill in values unspecified in the categorial signatures of their bases. Inflectional word formation is therefore **additive** in a way that derivational word formation and compounding are not. A corollary of this is that while derivational affixes may or may not be heads of their words, inflectional affixes will never be heads. (Lieber 1992:112)

Það væri athyglisvert að skoða nefnifallsendingar í íslenskum nafnorðum sérstaklega í ljósi þessarar kenningar.

⁵⁴ Lieber notar samt sem áður hugtökin ‘aðskeyti’, ‘viðskeyti’ og ‘forskeyti’ á hefðbundinn hátt en þau vísa þá aðeins til sérstakrar gerðar orðasafnseinda, ekki eðlisólíkra fyrirbæra.

⁵⁵ Það virðist loða við orðmyndunarfræðinga að tala um orðmyndunarreglur, jafnvel þótt þeir hafi í verunni hafnað reglukerfum yfirleitt. E.t.v. er þá aðeins um ónákvæmt orðalag að ræða, þ.e. $X \rightarrow X X$ hefur þá nákvæmlega sömu merkinguna og $[[X][X]]$ (sem reyndar má lesa út úr uppsetningunni á grunngerð $\bar{X}$ -kerfisins hjá flestum). Aðrir gera strangan fræðilegan mun á þessu tvennu og setja ekki upp eiginlegar ‘reglur’ nema þegar átt er við reglur sem slíkar.

hríslum af gerð (12)b (1992:35, merkt (13)a. og (13)b. þar):



Rök Lieber fyrir því að gera ekki ráð fyrir vörpunum innan orða eru svipuð því sem nefnt er í nmgr. 37 í kaflanum um Selkirk hér að framan (sjá bls. 35).

Markmið Lieber er að sanna að vensl liða í orðum lúti sömu lögmálum og vensl orða í setningum, þ.e. að hausar í orðum hagi sér á sama hátt og hausar í setningarliðum. Röð hauss og fylliliðar (*complement*), hauss og viðhengis (*adjunct*) og hauss og ákvæðis (*modifier*) og ákvæðisliða (*specifier*) ákvarðast þá af sömu lögmálum í orðum og setningum og sömu lögmál gilda um úthlutun merkingarhlutverka og stjórnun innan orða og í setningum.⁵⁶

(13) **Licensing Conditions**

- a Heads are initial/final with respect to complements and adjuncts.
 - i. Theta-roles are assigned to the left/right.
 - ii. Case is assigned to the left/right.
- b Heads are initial/final with respect to specifiers.
- c Heads are initial/final with respect to modifiers.

(Lieber 1992:35)

Kenningu sína prófar Lieber aðallega með því að bera saman tagalog og ensku, en tekur líka dæmi úr hollensku og frönsku. Í tagalog eru setningarlegir hausar og hausar í orðum vinstra megin, samkvæmt gögnunum sem Lieber setur fram, þ.e. „Complements, modifiers, and specifiers all follow heads ...“ (1992:43). Forskeyti sem breyta orðflokki eru líka algeng í málinu (skv. Lieber), og merkingarlegir hausar í samsettum orðum í tagalog eru vinstra megin í orði. Frá þessu eru fáar undantekningar, en þær eru þó til. Þar sem Lieber er aðeins að fást við virka orðmyndun lætur hún ýmsa sérvisku í orðaforðanum ekki hafa áhrif á kenningu sína. Samkvæmt Lieber eru gildin í ensku andstæða gildanna í tagalog, enda kemur það heim og saman við orðaröð í setningum. Um ensku gildir þá þetta:

(14) **Licensing Conditions: English**

- a Heads are **initial** with respect to complements and adjuncts.
- b Heads are **final** with respect to specifiers.
- c Heads are **final** with respect to modifiers.

(Lieber 1992:54)

Samkvæmt þessu er eðlilegt að ákvæðisliðir (*specifiers*) og ákvæði (*modifiers*) fari á undan hausnum í samsettum orðum í ensku þannig að í þeim sé hægri haus, rétt eins og í enskum nafnliðum, til dæmis. Í samsettum orðum sem innihalda sagnir og rökliði þeirra ætti rökliður sagnarinnar að fylgja henni, eins og í orðinu *pick-pocket* ‘vasapjófur’ en slík orð eru reyndar mjög fá í ensku og mun algengara er að samsett orð í ensku hafi hægri haus, eins og í íslensku. Þar grípur Lieber til þess ráðs að segja að virkasta orðmyndun í samsettum orðum sé í raun leifar frá eldra málstígi en fornenska var SOV-mál: „It is

⁵⁶ X-kerfið hjá Lieber er byggt á Stowell (1981). Eitt af grunnatriðum hans í X-kenningunni er að haus sé alltaf yst í X'. Samkvæmt því eru hausar í orðum hjá Lieber líka alltaf fremst eða aftast í orði.

well known that Old English . . . was an underlying SOV language“ (1992:62). Þar með er eðlilegt, skv. Lieber, að merkingarhlutverkum sé úthlutað til vinstri. Í ensku nútímamáli er hins vegar eðlilegt að gera ráð fyrir að merkingarhlutverkum sé úthlutað til hægri (eins og í *pick-pocket*) og því verður að gera ráð fyrir færslu til að skýra röð liða í orðum eins og *thirst quencher*:

$$(15) \quad \text{NP} [\text{N}' [\text{N}^0 [\text{thirst}_i] \text{N}^0 [\text{V}^0 [\text{quench}] \text{N}^0 [-\text{er}]]] \text{N}^0 [\text{t}_i]]$$

Í fornensku þurfti hins vegar ekki að gera ráð fyrir neinni færslu. Orðmyndunin sjálf hefur því breyst en yfirborðsgerð orðanna ekki, þ.e. röð liða í þessari gerð nafnorða er enn eins og hún var í fornensku:

I will argue further that synthetic compounds are a residue that has remained productive since an earlier stage of English in which Theta-roles were assigned to the left. The derivation of synthetic compounds has changed in the course of the history of English, but the actual word order in synthetic compounds has not. (Lieber 1992:59)

Þarna finnst sumum að Lieber steyti á nokkuð vondu skeri með kenningu sína, t.d. Richard Sproat í gagnrýni sinni í *Yearbook of Morphology* 1992 (Sproat 1993). Önnur atriði í kenningum Lieber eru meira sannfærandi. Þar sem hún þarf ekki lengur að glíma við skilin á milli setningarhluta og orðasafnshluta málkerfisins er hún ekki í vandræðum með það að setningarliðir (eða hámarksvarpanir) geta komið fyrir sem hluti í orðum, t.d. í *the Charles and Di syndrome* og *over the fence gossip* (sjá 4.5.3, t.d. (42) á bls. 124 og (40) á bls. 123, en þar er sambærilegt íslenskt efni). Það að heilir nafnliðir virðast geta staðið í eignarfalli í ensku veldur heldur ekki vandræðum í þessu kerfi, af sömu ástæðum: $\text{NP}[a \text{ friend of mine}] \text{'s book}$.⁵⁷ Dæmi af þessu tagi valda vandræðum hjá þeim sem aðskilja setningarhluta og orðmyndunarhluta málkerfisins, meira að segja hjá þeim sem gera ráð fyrir því að orðmyndunarhlutinn sé ekki stranglega afmarkaður í tíma frá setningafræðihlutunum, eins og t.d. Hagit Borer.⁵⁸

Lieber gefur sér að setningagerð og orðmyndun sé enginn grundvallarmunur og styður það ýmsum rökum, missannfærandi að vísu. Í gagnrýni Sproats (1993), sem minnst er á hér að framan, kemur fram að það sé fyllilega þess virði að athuga samband setningagerðar og orðmyndunar á þennan hátt, einmitt til að athuga hlutina frá nýju sjónarhorni. Annars vegar getur það e.t.v. gleymst á stundum að umræðan hefur kannski staðnað vegna þeirrar hugmyndar að ekkert (eða a.m.k. mjög takmarkað) samband eigi að vera þarna á milli, allt frá því að Chomsky setti fram þá kenningu í *Remarks on nominalizations* (1970). Það vill líka gleymast að það líkan af málkerfinu sem miðað var við þá var byggt á regluvirkni, jafnvel röðuðum reglum, og sú bylting sem síðan hefur orðið í setningafræði leiðir e.t.v. til þess að finna má ný „sannindi“ um aðskilnaðinn á milli setningar- og orðmyndunarhluta málkerfisins með því að athuga hlutina upp á nýtt. Þá geta tilraunir á borð við þá sem Lieber gerir orðið til þess að setningafræðingar afgangi ekki efni sem „á heima í orðasafninu“ af alveg eins miklu kæruleysi og stundum vill brenna við, en þeir virðast oft og tíðum líta á orðasafnið sem eins konar ruslakistu eða safnhaug:

⁵⁷Sambærileg dæmi eru sennilega sjaldgæf í íslensku en þó hef ég heyrt um $\text{NP}[\text{bland-í-poka}] \text{ð mitt}$ (Jón Hilmar Jónsson, samtal).

⁵⁸Kenningar hennar gera ráð fyrir afmörkuðum orðmyndunarhluta sem verkar samhliða setningarhlutanum (*Parallel Morphology*), þ.e. líkanið er ekki sett upp í línulega röð heldur er flæði milli hlutanna, sjá t.d. Borer (1988), kafla 11.6 í Spencer (1991) og önnur rit Borer sem þar er vísað í.

This lexicon-as-toxic-waste-dump view has persisted in much work in (at least GB) syntax, and seems to be part of the explanation for the rather curiously careless attitude towards morphological details that one often finds in syntax work.

(Sproat 1993:236)

Leiðin sem Lieber fer til að gera grein fyrir þeim líkindum sem eru milli setninga-gerðar og orðmyndunar er engan veginn eina aðferðin sem fram hefur komið á síðustu árum. Hún gengur þó mun lengra en flestir aðrir þar sem hún vill afnema skilin milli setningarluta málkerfisins og orðmyndunarinnar að fullu og flytja orðmyndunina alla í setningarlutann. Aðrir sem fást við svipað efni velja þá leið að gera ráð fyrir því að lögmál þau sem gilda um setningagerð gildi líka um orðmyndun, sem samt sem áður fer fram í orðasafninu. Þar má t.d. nefna Hale & Keyser (1993) og Peter Ackema (1995).⁵⁹ Með aðferðum á borð við þær sem þessir málfræðingar beita er reynt að brjóta þann múr sem generatífir málfræðingar virðast hafa reist á milli orðasafns og setningarluta málkerfisins sem minnir um margt á bannið við blöndun sviða hjá formgerðarsinum.

2.6 Niðurstaða

Allir þeir höfundar sem hér hefur verið fjallað um greina á milli afleiðslu og samsetningar á hefðbundinn hátt, a.m.k. í orði kveðnu. Við nánari skoðun kemur síðan í ljós að munurinn á viðhorfinu til þessarar skiptingar er allnokkur. Klassísk togstreita milli hljóðs og forms annars vegar og milli forms og merkingar hins vegar gerir það að verkum að skilin milli afleiðslu og samsetningar eru ekki skörp þar sem flokkun eftir mismunandi forsendum, formi, merkingu, hljóðkerfislegri hegðun o.s.frv., stenst ekki alltaf á. Togstreita af öðru tagi kemur svo líka fram vegna þess að alltaf er verið að reyna að setja fram einfalt og vel skilgreint líkan af málkerfinu og til þess að það sé mögulegt er gjarnan brugðið á það ráð að afmarka einstaka hluta í kerfinu og skilgreina síðan sambandið á milli þeirra, oft tiltölulega þröngt eins og t.d. í Aspects-líkaninu og hjá þeim formgerðarsinum sem aðhylltust bannið við blöndun sviða. Nýjar hugmyndir koma síðan gjarnan fram þegar reynt er að brjóta út úr ríkjandi kerfi til þess að ná fram alhæfingum sem eiga við sameiginlega eiginleika ferla sem viðtekið er að eigi heima í aðskildum sviðum eða hlutum málkerfisins. Þetta á t.d. við um það þegar Kiparsky brýtur niður múrinn á milli hljóðkerfisreglna og orðmyndunar og þegar Lieber bendir á líkindin milli orðgerðar og setningagerðar. Aðferðafræðin tekur þá gjarnan mið af viðteknum venjum í báðum þeim sviðum sem verið er að fást við, t.d. hljóðkerfisfræði og orðmyndun hjá Kiparsky og setningafræði og orðmyndun hjá Lieber. Þetta leiðir síðan til flokkadrátta meðal orðmyndunarfræðinga.

Í verkum þeirra generatífu málfræðinga sem hér hefur verið fjallað um er verið að fást við virk ferli í málkerfinu, þ.e. í orðmynduninni, eins og reyndin er jafnan í generatífri málfræði en með þeim hætti má líta fram hjá ýmsum óregluleika í orðasafni sem skýrður

⁵⁹ Ackema (1995:1) skiptir viðhorfum af þessu tagi niður í fjóra flokka:

1. Setningagerð og orðmyndun eru algjörlega aðskilin fyrirbæri (sjá t.d. Lieber 1981 og Di Sciullo & Williams (1987) [og Aronoff, Anderson og Kiparsky o.fl.]).
2. Orðmyndun ræðst af setningarlögmálum og fer fram í setningarluta málkerfisins (sjá t.d. Drijkoningen (1994) og Bok-Bennema (1994) [og Lieber, eins og hér hefur komið fram]).
3. Orðmyndun fer fram í setningarluta málkerfisins en ræðst af sérstökum orðmyndunarlögmálum (sjá t.d. Baker (1988a)).
4. Orðmyndun fer fram í orðasafni en þar gilda sömu lögmál og í setningarlutanum (sjá t.d. Ackema (1995)).

er sem leifar frá eldri málstigum. Allir höfundarnir eru m.ö.o. að reyna að ná fram mállýs-ingum sem eru skýrandi en ekki bara lýsandi, á sem allra einfaldastan hátt, og markmiðið er að setja fram hluta af allsherjarmálfræðinni (UG).

Í byrjun þessarar ritgerðar var sett fram skilgreining á muninum á samsetningu og af-leiðslu sem byggð er á tveimur atriðum, þ.e. á muninum á frjálsum og bundnum einingum annars vegar og á muninum á merkingarbærri einingu og einingu sem hefur málfræðilegt hlutverk hins vegar. Samkvæmt því eru samsetningarliðir frjálsir liðir sem bera merk-ingu en aðskeyti eru bundnir liðir sem hafa málfræðilegt hlutverk. Í þessari flokkun er því aðeins byggt á andstæðunum frjálst/bundið og merking/hlutverk. Í þessum kafla hafa skilgreiningar úr ýmsum áttum verið athugaðar og nú er rétt að huga að því hvernig skil-greiningunni á bls. 7 í inngangi hér reiðir af í ljósi þeirra athugana.

Í verkum allra þeirra generatífu málfræðinga sem hér er fjallað um víkja merkingar-legar forsendur fyrir formlegum forsendum í skilgreiningunum. Leita þarf til eldri rita (þ.e. Nida hér) eða til þeirra sem tæplega teljast til generatífra málfræðinga (hér Adams og Bauer) til að finna umfjöllun um muninn á merkingu samsetningarliða sem andstæðu við málfræðilegt hlutverk aðskeyta. Í flestum ritunum sem hér eru skoðuð liggur samt í loftinu að gert sé ráð fyrir einhvers konar aðgreiningu af þessu tagi, án þess að það sé beinlínis tekið fram eða því séu gerð greinargóð skil hvað í þessu felst. Í Aronoff og Sridhar er þó eftirtektarvert að þetta atriði er **ekki** meðal þess sem tínt er til í sambandi við muninn á forskeytingu og samsetningu, þrátt fyrir að sett séu fram ítarleg greinimörk á skipulegan hátt. Það flækir svo málið enn frekar að fleiri fyrirbæri en aðskeyti hafa mál-fræðilegt hlutverk þannig að það einskorðast ekki við bundin myndön. Öll kerfisörð, t.d. hjálparsagnir og fornöfn, gegna líka málfræðilegu hlutverki. Niðurstaða um andstæðuna merking/málfræðilegt hlutverk úr þessum kafla er því sú að aðgreiningin hvíli á frekar veikum grunni, ef miðað er við að fá fram hreinar línur í skiptinguna. Þessi niðurstaða ræðst e.t.v. af því að þeir höfundar sem hér eru til umfjöllunar sinna þessu atriði ekki að ráði og hvergi er tekið á því hvað málfræðilegt hlutverk er.

Andstæðan frjálst/bundið er heldur ekki afdráttarlaus. Því sem næst allir þeir sem hér er vitnað í eru sammála um að skilgreina aðskeyti sem bundið myndan, eins og gjarnan er gert í kennslubókunum. Þannig segir Katamba (1993:30) að þetta sé skilgreiningaratriði: „... by definition affixes are bound morphemes.“ Það eru aðeins Adams (1973) og Mat-thews (1974) sem nefna að til séu aðskeyti og sjálfstæð orð sem eru einsrituð en þá eru framburður og merking aðskeytisins önnur en í sjálfstæða orðinu og í verunni er þá ekki um sömu einingarnar að ræða. (Umfjöllunin í þessum bókum er að auki ekki generatíf, þótt mikið sé vísað í þær úr ritum generatífra málfræðinga.) Anderson hafnar því að aðskeyti séu myndön yfirleitt og þau eru því hvorki bundin né frjáls hjá honum heldur aðeins hluti af hljóðformi þeirra orðmyndunarreglna sem hann setur upp fyrir afleiðsluna.

Samstaðan er ekki jafnmikil þegar kemur að því að ákvarða hvort grunneining í orð-mynduninni er alltaf frjálst myndan eða hvort gera verður ráð fyrir bundnum liðum að auki sem samsetningarliðum.⁶⁰ Aronoff (1976) brýst frá fyrirrennrum sínum (t.d. Lees og Halle) og gerir ráð fyrir því að grunneiningin í orðmynduninni sé raunverulegt orð (sem kemur fyrir sjálfstætt, þ.e. frjálst) en ekki myndan. Þessi kenning hans hefur orðið svo útbreidd að segja má að hún sé nokkuð viðtekin í generatífri orðmyndunarfræði síð-ustu tuttugu árin, a.m.k. að því marki að það er hún sem leggja verður til atlögu við ef menn hafa aðrar hugmyndir. Aronoff (og Sridhar) og Kiparsky halda stíft í þessi grund-vallargreinimörk milli afleiðslu og samsetningar — að aðskeyti sé bundið myndan en

⁶⁰Formgerðarsinnar gera bæði ráð fyrir frjálsum og bundnum myndönnum sem samsetningarliðum og skilgreining Nidas byggist á því hvort í myndaninu er rót eða ekki fremur en á því hvort það getur staðið sjálfstætt — en þetta er misjafnt meðal generatífra málfræðinga.

grunnurinn sem orð eru leidd af sé frjáls.⁶¹ Sumir þeirra sem hafa fetað í fótspor Aronoffs hafa jafnvel gengið enn lengra en hann ætlaðist til í upphafi, þar sem hann mun fremur hafa átt við les en orð í Aronoff (1976).⁶² Í þessum hópi má telja Anderson og Kiparsky en hjá þeim er inntakið í hverja orðmyndunarreglu raunverulegt orð og úttakið líka. Útfærsla Andersons er önnur en hinna þar sem hann hafnar tilveru sjálfs myndansins en grunneining hans er líka raunverulegt orð. Munurinn á frjálsu og bundnu formi er því lykilatriði í kenningum þessara höfunda hvað mismuninn á afleiðslu og samsetningu varðar.

Skilgreiningar af þessu tagi eru gjarnan settar fram í kennslubókunum sem eins konar fyrirmynd og aðrir möguleikar sem fjallað er um (þ.e. bundnir liðir sem grunneiningar) eru þá jafnvel afgreiddir sem eins konar afbrigðileg orðmyndun og er þá oft vísað til þess að virkni í slíkri orðmyndun sé lítil. Það er líka aðferð Andersons sem verður að gera ráð fyrir þrískiptingu í sínu kerfi sökum þess hve afdráttarlausar skilgreiningar hans á afleiðslu og samsetningu eru. Hjá honum verður því millistig þar sem bundnir liðir eru einhvers konar grunneiningar, þ.e. *composites*, sem eru eðlisólíkar aðskeytum.

Það virðist vera auðveldara fyrir þá sem gera ráð fyrir því að bæði aðskeyti og orð séu les í orðasafninu að hverfa frá þessari stífu skilgreiningu sem byggist á frjálsum og bundnum formum. Selkirk og Lieber gera þannig báðar ráð fyrir bundnum samsetningarliðum, auk þess sem aðskeyti eru alltaf bundin. Í stað þess að um eðlisólík fyrirbæri sé að ræða verður mismunurinn á aðskeyti og samsetningarlið aðeins munurinn á tveimur gerðum lesa í orðasafninu og þá er eðlilegt að ýmislegt sé þar sameiginlegt. Selkirk kýs síðan að greina þarna á milli með því að merkja aðskeytin sérstaklega, vegna mismunar á virkni í afleiðslu og samsetningu (sjá bls. 36 hér að framan). Hjá Lieber má heita að munurinn á afleiðslu og samsetningu sé upphafinn, eins og sjá má af því hvernig hún setur lesin upp í (11) á bls. 44–45.

Meginskilin á milli þeirra fræðimanna sem hér hefur verið fjallað um liggja því á milli Aronoffs, Kiparskys og Andersons annars vegar, en þeir telja afleiðsluna vera ferli og aðskeytin því ekki „vera til“ nema sem hluta af orðmyndunarreglu, og Selkirk og Lieber hins vegar, en þeirra orðmyndun er fólgin í því að raða saman lesum. Í aðalatriðum má segja að fyrri hópurinn haldi sig við skilgreininguna sem sett var fram í upphafi verks hér, en henni er í raun hafnað að verulegu leyti hjá Selkirk og Lieber, þótt svo heiti að þær greini á milli afleiðslu og samsetningar á hefðbundinn hátt. (Raunar má segja að Lieber geri það aðeins í orði kveðnu.)

Samkvæmt þessu duga greinimörkin í inngangi þessarar ritgerðar illa til að skilja á milli afleiðslu og samsetningar, a.m.k. hvort í sínu lagi eins og hér hefur verið rakið. Ef bæði atriðin eru skoðuð í einu verður niðurstaðan þessi:

(16) Greinimörk afleiðslu og samsetningar:

	$\pm$ hlutverk	$\pm$ bundið	
a	+	+	= aðskeyti
b	–	+	= aðskeyti /samsetningarliður
c	+	–	= samsetningarliður
d	–	–	= samsetningarliður

Í (16)a eru þá dæmigerðustu aðskeyti sem eru bundin og hafa málfræðilegt hlutverk. Í b-lið eru bundnir orðhlutar sem ekki hafa málfræðilegt hlutverk. Eins og fram kemur

⁶¹ Sumir sporgöngumenn Kiparskys gera hins vegar ráð fyrir myndani sem grunneiningu í orðmynduninni en ekki orði, t.d. Mohanan (1986) og Þorsteinn G. Indriðason (1994, sjá 3.3.4).

⁶² Í síðara verki hans sem hér er skoðað (Aronoff & Sridhar) er svo að sjá sem þetta sjónarmið sé ekki alveg eins ráðandi, sbr. það að þar er talað um að afleiðsla verði ýmist á ‘orðsstiginu’ eða ‘stofnstiginu’ en af því mætti draga þá ályktun að stofnar geti líka verið grunneiningar í orðmyndunarreglum.

hér að framan er ekki alltaf hægt að skilgreina málfræðilegt hlutverk aðskeytis og slík aðskeyti eiga því heima hér. Þá geta samsetningarliðir verið bundnir og þeir gegna ekki málfræðilegu hlutverki og eiga því heima hér líka. Í c-lið eru síðan kerfisörð, þ.e. frjáls myndön sem hafa málfræðilegt hlutverk, en athuga þarf sérstaklega hvort slík fyrirbæri eru til sem samsetningarliðir.⁶³ Loks eru dæmigerðustu samsetningarliðir í d-lið, en þeir eru sjálfstæð orð sem hafa merkingu en ekki málfræðilegt hlutverk. Eins og sjá má af samslættinum í b-lið skilar þessi greining ekki afdráttarlausri niðurstöðu og skilgreiningin í inngangi þessarar ritgerðar dugar því ekki til að greina á milli afleiðslu og samsetningar.

Hugum þá að því hvaða atriði önnur hafa komið fram í þessum kafla sem greinimörk á milli afleiðslu og samsetningar. Flest af því kemur fram í listanum í kaflanum um grein Aronoffs og Sridhars hér að framan, í (4) á bls. 31–32, og listinn er því settur hér fram að nýju í breytttri mynd með athugasemdum um aðra höfunda og annað efni sem fram hefur komið hér eftir því sem við á:

- (17) a **Opinn/lokaður flokkur:** Aðskeyti eru lokaður flokkur en samsetningarliðir tilheyra opnum flokki (sjá (4)a 2. og b 2. hjá Aronoff og Sridhar). Þetta kemur líka fram hjá Selkirk, t.d. sem skýring á því að hún telur ekki ástæðu til að setja fram sérstakar orðmyndunareglur fyrir hvern orðflokk í afleiðslunni til að gera grein fyrir götum í kerfinu þar á sama hátt og í orðmyndunarreglunum fyrir samsetningu sem bundnar eru orðflokkum. Þar sem aðskeytin eru lokaður flokkur duga skilyrðingar aðskeytanna sjálfra sem skýring á götum í kerfinu. Engar slíkar skilyrðingar geta fylgt hverju einstöku orði sem getur verið samsetningarliður heldur verður slíkt að vera hluti reglnanna, að sögn Selkirk. Í reynd er erfitt að nota þetta sem flokkunaratriði. Hvar eru t.d. mörkin milli viðskeyta og bundinna samsetningarliða á borð við *-monger* hjá Adams og grísk-latneskra bundinna orðhluta, t.d. *tele-* og *-graph*? Vandamálið felst ekki í því að hugmyndafræðin hér að baki sé óljós heldur virðist erfitt að ákvarða hvar einstakir orðliðir eiga heima í þessu kerfi. Þar nægir að nefna orðhluta sem tengjast metrakerfinu, t.d. *senti-* og *deka-*.
- b **Orðflokksmerkingar:** Erfitt getur verið að greina orðflokk aðskeyta (þ.e. forskeyta hér) þar sem þau koma alltaf fyrir bundin. Samsetningarliðir eru alltaf orðflokksmerktir og tilheyra höfuðorðflokkunum (sjá (4)a 2. og b 1. hjá Aronoff og Sridhar) enda eiga þeir líka að koma fyrir sem sjálfstæð orð. Þetta á aðeins við um forskeyti í íslensku þar sem formlegir hægri hausar (þ.m.t. viðskeyti) ráða orðflokki. Í reynd er ekki alltaf auðvelt að greina orðflokk samsetningarliða, t.d. í íslensku, þar sem samstofna orð verða til þess að erfitt er að ákvarða af hvaða orðflokki fyrri hluti samsetts orðs er. Þar er þó varla um það að ræða að liðurinn sé ekki af einum höfuðorðflokkanum.
- c **Staða í orði:** Aðskeyti er annaðhvort forskeyti, viðskeyti eða innskeyti og fær ist ekki þar á milli. Staða þess er því ákvörðuð. Samsetningarliður getur komið fyrir hvort heldur sem fyrri eða síðari hluti samsetts orðs (sjá (4)a 3. og b 3. hjá Aronoff og Sridhar). Þetta er bein afleiðing þess að orðhlutinn er bundinn og er því tæplega nauðsynlegt sem sérstakt skilgreiningaratriði.
- d **Hljóðkerfisleg tengsl orðhluta:** Aðskeyti eru fasttengdari grunninum sem þau tengjast við en samsetningarliðir (sjá (2)a 4. og b 4. hjá Aronoff og Sridhar) og þetta kemur fram í mismunandi virkni hljóðkerfisreglna. Þetta er lykilatriði í kenningum Andersons og Kiparskys en sá síðari flokkar síðan aðskeytin í tvennt

⁶³Lieber nefnir slík dæmi í bók sinni, þ.e. samsett orð með *self-*.

þannig að í reynd virðast vera meiri líkindi með samsetningarliðum og aðskeytum II heldur en milli aðskeyta I og II innbyrðis.

Þar sem skilin þarna á milli eru mjög óljós, bæði fræðilega og eins á milli tungumála, er erfitt að sjá hvernig nota á þetta sem flokkunaratriði, sérstaklega þar sem þetta stenst ekki á við önnur flokkunaratriði sem hér hafa verið nefnd, sbr. lagskiptingu Kiparskys þvert á hefðbundna skiptingu í afleiðslu og samsetningu.

- e **Orðmyndunarleg tengsl orðhluta:** Það að aðskeyti eru fasttengdari grunninum sem þau tengjast við en samsetningarliðir kemur einnig fram í meiri hömlum á röðun aðskeyta en samsetningarliða. Þetta er eitt þeirra atriða sem skipar aðskeytum í flokka, samkvæmt kenningu Kiparskys, og greinir þau frá samsetningarliðum (sbr. líka (4)a 4. og b 4. hjá Aronoff og Sridhar). Svipuð atriði koma fram hjá Aronoff og Anderson en þetta er afgreitt með mismunandi skilyrðingu lesa hjá Selkirk og Lieber.

Erfitt er að sjá hvernig þetta á að nýtast sem alhæfing á milli tungumála þar sem þetta hlýtur að vera tengt einstökum aðskeytum. Forsendurnar sem notaðar eru við þetta eru heldur ekki óumdeildar (sbr. t.d. Fabb 1984).

Eins og sjá má af þessu virðist ekkert þessara atriða skila afdráttarlausri niðurstöðu frekar en greinimörkin frjálst/bundið eða hlutverk/merking. Allir höfundarnir sem hér hefur verið fjallað um eru að vísu sammála um að aðskeyti sé alltaf bundið myndan (eða a.m.k. ekki frjáls liður, ef tekið er tillit til þess að aðskeyti Andersons eru ekki myndön). Aðrar forsendur greinimarka milli afleiðslu og samsetningar eru menn ekki sammála um en þær verða skoðaðar að nýju í ljósi þeirra gagna sem sett eru fram í 4. kafla.

3 Um afleiðslu og samsetningu í íslenskri málfræði

3.1 Inngangur

Í ljósi þess hve fjölbreytileg og áhugaverð íslensk orðmyndun er og þess að orðasmíði er oft og tíðum talin til þjóðaríþróttar og flokkast sem dyggð er furðulega lítið til á prenti um efnið. Í kennslubókum í íslenskri málfræði eru kaflar um orðmyndun yfirleitt mjög stuttir og hverfa alveg í skuggann af beygingafræði.¹ Handbækur um orðmyndun eru ekki til fyrir utan örstuttan leiðarvísi frá Íslenskri málnefnd sem ætlaður er orðanefndum. Einu yfirlitsritin um orðmyndun eru rit Alexanders Jóhannessonar um samsett orð (*Die Komposita im Isländischen* (1929)) og viðskeytt (*Die Suffixe im Isländischen* (1927)), kandidateitritgerð Sigrúnar Þorgeirsdóttur um forskeyti (1986), sem er óútgefin, og kandidateitritgerð Þorsteins G. Indriðasonar (1994) um lexíkalska hljóðkerfisfræði og reglulvirkni í orðasafninu. Að auki er dálítið til af örstuttum greinum um orðmyndun almennt, t.d. grein Halldórs Halldórssonar (1984) í *Norrænu tímariti um fagmál og iðorð* (5 bls.) og grein Jóns Hilmarssonar (1988) í *Málfregnum* (8 bls.), en slíku efni verða ekki gerð skil hér. Umfjöllun um einkenni tiltekinna gerða orðmyndunar er að auki að finna í ýmsum greinum og ritgerðum, t.d. í greinum Baldurs Jónssonar um samsett orð (1984) og um orðmyndun (1987), grein Halldórs Halldórssonar um það hvernig orð geta orðið að viðskeytum (*Falling Down to a Suffix Status* (1976)), í ritgerð Eiríks Rögnvaldssonar um orðmyndun og orðmyndunarreglur (1982) og grein hans um virkni viðskeyta (1987) og í grein Magnúsar Snædals um lengd samsettra orða í *Íslensku máli* 14, 1992. Talsvert er til af greinum og ritgerðum um einstaka orðliði, þ.e. forskeyti og viðskeyti, sem of langt mál yrði að rekja hér. Loks ber að nefna efni sem snertir orðmyndun og hljóðkerfisfræði en auk ritgerðar Þorsteins G. Indriðasonar er þar helst að telja greinar Kiparskys (1984) og Margaretar Stong-Jensen (1987), ritgerðir Kjartans Ottóssonar (1988) og Þórhalls Eyþórssonar (1990) og greinar Kristjánar Árnasonar (1985a, 1985b, 1987).

Rit þau sem hér hafa verið nefnd eru mjög misgjöful að efni sem beinlínis snertir mismuninn á afleiðslu og samsetningu. Hefðbundnar kennslubækur eru um margt líkar erlendu bókunum sem fjallað var um í kafla 2.3 og 2.4 hér að framan að því leyti að yfirleitt er lítil áhersla lögð á að setja fram formlegar skilgreiningar. Um önnur rit gegnir oft sama máli og um sum erlendu ritin í kafla 2.5; oft er gengið út frá því sem gefnu að allir viti hver munurinn á afleiðslu og samsetningu er. Þar þarf því að fara krókaleiðir að skilgreiningunum eins og fyrr. Hér á eftir fylgir úttekt á muninum á afleiðslu og samsetningu í nokkrum íslenskum ritum og eru verkin sem athuguð eru valin sem sýnishorn og úttektinni ekki ætlað að vera tæmandi. Reynt er að velja efnið með fjölbreytnina í huga. Fyrst eru verk málfræðinga sem ekki fást við generatífa málfræði skoðuð, þ.e. verk Alexanders Jóhannessonar (1927, 1929, sjá 3.2.1), Björns Guðfinnssonar (1937, sjá 3.2.2), Halldórs Halldórssonar (1950, sjá 3.2.3) og Baldurs Jónssonar (1984 og 1987, sjá 3.2.4). Síðan

¹Til dæmis má nefna að orðmyndunarkafinn í bók Björns Guðfinnssonar (5. útg. 1958) er 8 síður af 118 blaðsíðum alls og kafinn um orðmyndun í kennslubók Eiríks Rögnvaldssonar (*Íslenskri orðhlutafræði* (1990)) er 15 blaðsíður en alls er bókinn 128 síður.

kemur að generatífum verkum og er þar fyrst að nefna kennslubók Eiríks Rögnvaldssonar (1990, sjá 3.3.1), ritgerð Sigrúnar Þorgeirsdóttur (1986, sjá 3.3.2), grein Margaretar Stong-Jensen (1987, sjá 3.3.3) og loks ritgerð Þorsteins G. Indriðasonar (1994, sjá 3.3.4). Í lok kaflans (3.4) er síðan yfirlit um helstu atriði, af sama tagi og yfirlitið í lok 2. kafla.

3.2 Hefðbundnar skilgreiningar á afleiðslu og samsetningu í íslensku

Í íslenskum kennslubókum eru skilgreiningar á afleiðslu og samsetningu í meginráttum mjög líkar skilgreiningum í erlendum kennslubókum í orðhlutafræði og byggjast að mestu á formlegum forsendum. Þó bregður fyrir merkingarlegri flokkun á forskeytum á stöku stað. Í eldri íslenskum bókum sést af skilgreiningunum að grunneiningin í orðmynduninni er rót eða stofn og aðskeyti eru þá sögð bæstast við rót eða stofn orðs en samsett orð eru mynduð af tveimur eða fleiri rótum eða stofnum. Ekki er full samstaða um það í bókunum hvernig greina skuli forskeyti og eru forskeytt orð ýmist talin sérstök orðgerð, t.d. hjá Birni Guðfinnssyni (1937), eða til samsettra orða, t.d. hjá Alexander Jóhannessyni (1929) og Halldóri Halldórssyni (1950). Áberandi er hve skilgreiningar eru rýrar í íslenskum kennslubókum og stundum eru dæmin ein látin duga.

Til þess að sýna hefðbundna íslenska umfjöllun um afleiðslu og samsetningu verður nú vikið að greiningu Alexanders Jóhannessonar og síðan verða skilgreiningar í verkum Björns Guðfinnssonar og Halldórs Halldórssonar raktar² en þær ættu að gefa nokkuð rétta mynd af hugmyndum um mismun á afleiðslu og samsetningu fyrir daga generatífrar umfjöllunar um íslensku. Um leið virðast þær vera grunnurinn sem enn er byggt á. Að auki verða tvær greinar eftir Baldur Jónsson frá árunum 1984 og 1987 skoðaðar en þar setur hann fram skilmerkilegar skilgreiningar.

3.2.1 Alexander Jóhannesson (1927, 1929)

Í bókum Alexanders Jóhannessonar um viðskeyti í íslensku (*Die Suffixe im Isländischen*, 1927) og um samsett orð í íslensku (*Die Komposita im Isländischen*, 1929) er hafsjór af dæmum en litlar eða engar eiginlegar skilgreiningar. Eins og nöfn bókanna og efnisskipting milli þeirra ber með sér skiptir Alexander orðmyndun í afleiðslu og samsetningu í aðalatriðum að næsta hefðbundnum hætti, þótt á því séu undantekningar eins og fram kemur hér á eftir. Fyrirmyndir sækir hann til þýskra og norrænna fræðimanna enda var hann menntaður í Kaupmannahöfn og Þýskalandi.³ Ritin munu hafa verið ætluð til

²Þessir þrír höfundar eru valdir vegna þess að enn er mjög við þá stuðst og í þá vísað. Annars hefði sennilega verið réttast að byrja á Rask (1811) en þar er stuttur kafli um orðmyndun. Fyrsti bitastæði kaflinn um samsett orð mun vera í *Íslenskri málmyndalýsingu* eftir Halldór Kr. Friðriksson (1861) en þar eru skilgreiningar sem hljóma svo: „Orð myndast á tvennan hátt, annaðhvort með því, að eitt orð er leitt af öðru, eða með því, að skeyta saman orð. Afleidd orð myndast í íslenzku annaðhvort þannig, að frumhljóð rótarorðsins breytist, og verður annað hljóð í hinu afleidda orðinu, eða með því, að bætt er við stofninn einhverri endingu, sem enga þýðingu hefur út af fyrir sig (afleiðsluending, *derivatio*)“ (bls. 66). Skilgreiningin á samsetningu hljómar svo: „Samskeyting orða er það, er tvö orð eru sett saman og gjört úr eitt orð; er þá svo optast á litið, að síðara orðið sje aðalorðið, en hið fyrra sje haft til nánar að kveða á um það“ (bls. 74). Loks er hér setning sem sýnir að Halldór telur forskeytt orð til samsetninga: „Að síðustu skal geta nokkurra, sem að eins eru höfð, sem fyrri hluti samskeyttra orða“ (bls. 75) og síðan eru eftirfarandi liðir taldir upp: *auð, al, all, and* eða *önd, afar, ör, einka, ofur, ó, gagn, tor, sí, sví, for, fjöl, frum, van, var* og *mis*. „Auk þessa má enn fremur geta um *tví, þrí, fer*; með því þessar myndir eru aldrei hafðar nema í samskeyttum orðum, enda þótt þau sjeu frumstofnarnir í *tveir, þrír, fjórir* ...“ (bls. 77).

³Halldór Halldórsson gerir skilmerkilega grein fyrir því hvaða stefna í málfræði mótaði hugsunarhátt Alexanders í grein í *Andvara* 1969. Samkvæmt henni aðhylltist Alexander stefnu ungmálfræðinga þegar á námsár-unum og „raunar að mestu alla tíð“ (1969b:10). Í heimildalistum Alexanders (1927 og 1929) er líka að finna bækur eftir talsmenn þessarar stefnu, þ.e. Brugmann, Kluge og Paul. Efnistöð Alexanders og flokkun er býsna lík skiptingunni í *Germanische Sprachwissenschaft III. Wortbildungslehre* eftir Krahe og Meid (1967) sem Halldór Halldórsson notaði síðar við kennslu við Háskóla Íslands:

kennslu við Háskóla Íslands, samkvæmt greinum um Alexander eftir Halldór Halldórsson í *Andvara* (1969b) og Jón Aðalstein Jónsson í *Orði og tungu I* (1988).

Í fyrri bókinni (1927) fjallar Alexander um viðskeytingu og gefur fjölda dæma um u.þ.b. 130 viðskeyti. Efniviðurinn er bæði úr fornmáli og nútímamáli og lýsingin er söguleg, enda er talsvert um viðskeyti í bókinni sem væru sennilega ekki talin til viðskeyta í íslensku samkvæmt síðari tíma aðferðum, þ.e. ef greint væri samkvæmt málvitund en ekki samkvæmt málsögukunnáttu og orðsifjafraði. Af þessu tagi eru t.d. *-d* (upprunalega *-ð*, samkvæmt Alexander (1927:24)) í *fold*, *mold*, *lind* og *þind* og *-l* í *ál*, *geil*, *kvísl*, *sál* og *sól* (1927:60). Stundum setur Alexander inn orð sem vafasamt virðist að telja viðskeytt, t.d. *húð* og *þjóð* en þar eru skýringarnar „(as. húð, lat. cutis)“ og „(got. þjuda)“ (1927:25). Nokkrar beygingarendingar eru einnig taldar til viðskeyta í bókinni, þ.e. nefnifallsendingar nafnorða (*-a*, *-i*, *-l*, *-n*, *-r/-ur*), nafnháttarending o.þ.h.⁴ Þá er nokkuð af viðskeytum sem aðeins koma fyrir í tökuorðum, þ.e. *-alía*, *-an*, *-arðr*, *-ári*, *-at*, *-essa*, *-ía*, *-ín*, *-ína*, *-inna*, *-issa* og *-íti* og *-ali* að mestu. Það er auðvitað spurning hvort greina á slíka orðhluta sem íslensk viðskeyti og e.t.v. er nærtækara samkvæmt málkunnáttufræði (eins og þeirri sem er viðhöfð í bók Eiríks Rögnvaldssonar (1990)) að greina tökuorðin sem eina heild. Til glöggvunar fylgir hér yfirlit um viðskeyti sem unnið er upp úr bók Alexanders, þ.e. listi yfir öll viðskeytin með nokkrum dæmum sem eru flokkuð í samræmi við greininguna í bókinni.

Yfirlit yfir viðskeyti í *Die Suffixe im Isländischen* (Alexander Jóhannesson 1927)

-a nf.ending: <i>kona, auga, herra</i> kvk.: <i>frilla, unnusta; gáta, leiga; villa, hneisa</i> lo. af no: <i>fullaldra, samfeðra; fullvita, eiðrofa</i> lo. af so: <i>sjálfala</i> lo. annað: <i>forviða, aptreka, trollriða, vitstola</i> ao.: <i>ákafa, gjarna, harða, illa, snemma</i>	-angur upprunal. samsett orð: <i>árangur, einangur, farangur, harðangur, kaupangur, berangur</i>
-að hk.: <i>forað, unað, volað</i> Ath. ekki <i>hérað</i>	-ann kk.: <i>aptann, Herjann, þjóðann</i>
-aður, (-naður) sagnleidd no.	-ar(r) <i>hamarr; humarr; jaðarr, sumarr</i> tökuorð: <i>bikarr</i>
-ak sjaldgæft: <i>Barlak, kraðak, parrak</i>	-arður tökuorð: <i>bastarður, daggarður</i>
-al sjaldgæft: <i>óðal, aðal, meðal</i>	-ari gerandnafnorð: <i>blásari, dómari</i>
-ald <i>hafald, hringald, hrúgald, kafald</i>	-ári tökuorð: <i>pílári</i>
-aldi af no: <i>beigaldi, dómaldi, kurfaldi, glópalði</i> af lo. og so.: <i>ðigraldi, djúpalði; hímaldi</i> tökuorð: <i>ribbaldi</i>	-arir 2 orð (forn): <i>holtvartarir, tarmútarir</i>
-aldur <i>apaldur, faraldur, gapaldur, sjáaldur</i> ...	-arn <i>akarn, kofarn, ísarn, undarn, fóarn</i>
-ali tökuorð: <i>kastali, spítali, safali, trafali</i> annað: <i>rangali, skarkali, kakali</i>	-asta kvk. af <i>-asti</i> : <i>kærasta</i>
-alía tökuorð: <i>medalía</i>	-at tökuorð: <i>karat, skarlat, spínat</i>
-all lo.: <i>einsamall, gamall, gjafall, þagall, vesall</i> no.: <i>aðall, vaðall, þumall</i> tökuorð: <i>bagall, graðall, kapall, kaðall</i>	-átta <i>forátta, kunnátta, veðrátta, víðátta</i>
-an sagnleidd no., kvk. og hk.: <i>árnan, batnan, blessan; líkan, gargan, fargan</i> tökuorð: <i>brekan, saffran, organ</i> ao. : <i>austan</i>	-d kvk.no.: <i>fold, mold, lind, þind, und</i> kvk.no. af no.: <i>aðild, grennd</i> kvk.no. af lo.: <i>breidd, þyngd, vídd</i> kvk.no. af so.: <i>deild, efnd, fylgd, geymd</i> hk.no., to.: <i>hjald, kveld, tjald; áttund, níund, tíund</i>
-andi lh.nt. og no.	-ð kvk.no.: <i>búð, hlið, húð, þjóð</i> kvk.no. af no.: <i>erfð, lygð, mægð</i> kvk.no. af lo.: <i>digurð, dirfð, frægð, færð</i> kvk.no. af so.: <i>byggð, eirð, hlífð, þæfð, vægð</i> hk.no.: <i>blað, brauð, borð, flóð, morð, sverð</i>
-ang <i>boldang, mundang, hunang</i>	-dómur upprunal. sjálfst. orð, með lo. og no.: <i>kristindómur, sjúkdómur; guddómur</i>

...wobei man weiterhin zwischen Wortbildung mittels Komposition, d. h. Wortzusammensetzung, und Wortbildung mittels Ableitung durch formantische Elemente, sogenannte Suffixe, zu unterscheiden hat.
(Krahe & Meid 1967:10)

Sjá nánar í 3.2.3.

⁴E.t.v. væri vert að athuga hvers eðlis nefnifallsendingar eru, t.d. í ljósi kenninga eins og hjá Lieber (1992). Sumar endinganna, a.m.k. virðast gegna tvíþættu hlutverki og vera í seinn viðskeyti og beygingarendingar.

- el** (-él) *botél, glaðél, tampél*
-elsi tökuorð: *fangelsi, reykelsi, bakkelsi, ergelsi, skikkelsi* og svo rúmelsi
-endis (-indis) *bráðendis, berindis, snemmendis*
-erni af no. og lo.: *faðerni, lífarni; víðerni*
 tökuorð: *kvaterni* (mlat. quaternio), *tafarni* (lat. taberna)
-eskja líkneskja, flatneskja, manneskja, vitneskja
-eskur, -neskur *beiskur, vaskur; froskur; breyskur, dælskur; danskur, enskur; himneskur, saxneskur*
-essa tökuorð: *prinsessa*
-ga so. af no. og lo.: *auðga, blóðga; hýrga*
-gi hvergi, engi, manngi
-gis *einungis, öldungis*
-i kk.: *blossi, gumi; bani; bogi,*
 kvk.: *-læti, -mæli, -yrði, -ræði, -lyndi, -leysi; birti, blindi; leti, speki; -semi, -vísi; harðfengi, gaumgæfni, nákvæmi, vanfæri*
byrði, ermi, eyri, festi, fiski, flæði, meri, veiði
 kvk. af lo. sem enda á -inn: *heiðni, kristni*
 kvk. af öðrum lo.: *fimni, beiðni, blekkni*
 kvk. af lo. sem enda á -ugur: *græðgi, harðýðgi*
 hk.: *diki, eiki, eiði, engi, herbergi*
 hk. af no.: *-gresi, -sævi, dæmi, eðli, hæfi, veldi*
 hk. af lo.: *gæði, frelsi, lýti, gjaflyndi, vanmætti*
 hk. af so.: *keyri, stýri*
 ao.: *lengi, uppi, úti, niðri*
-ía tökuorð: *biblía, olía* og manna- og staðanöfn
-ild afbrigði af -ildi
-ildi *gaprildi, gaurildi, gimildi, hnyðrildi*
-ill kk.no. af so.: *brigðill, drasill, fetill, kyndill ...*
 lo.: *lítill, mikill, heimill*
-in *aldin, megin, regin*
 smækkunarending: *yxin* og svo *feðgin, mæðgin*
-ín tökuorð: *anilín, baldakín, mandólín, krínólín*
-ína tökuorð: *maskína* og kvennöfn
-indi (-endi) af so.: *berendi, bindindi, hyggingi*
 af lo.: *blíðindi, harðindi, rangindi*
 af no.: *hagindi, hlunnindi, sárindi, vandindi*
-ing, (-ning) sagnleidd no.: *beiðing, beiting*
-ingi af no.: *bandingi, brautingi*
 (af lo.?): *aumingi, lausingi, jafningi*
-ingja *hamingja, leysingja*
-ingur, (-ningur) af lo.: *birtingur, gæðingur*
 af so.: *geldingur, kreppingur, umrenningur*
 af no.: *brisingur, hyrningur*
-ini, (-íni) *bindini, gyllini, stelpini, viðrini*
-inn kk.ending: *arinn, drottinn, himinn*
 lo./lh.endingar: *aldinn, blandinn, gullinn*
-inna tökuorð: *greifinna*
-ir (-nir) sagnleidd nafnorð: *beiðir, beitir, feykir*
 af no. og lo.: *hrínnir, grímnir; Fálur*
 endingar í no.: *faðir* og í fs.: *eftir*
-is ao.: *allshendis, anderis, samtíðis*
-issa tökuorð: *abtissa, dýflissa*
-ist *angist*
-íti tökuorð: *jesúti*
-ja kvk.no.: *beðja, gyðja*
-k *dark, pjask, traðk*
-ka kvk.: *alka, blaðka, dökka, hálka, linka*
 í stuttnefnum: *Ranka, Salka*
 so. af lo.: *blíðka, dýpka, fækka*
- ki** kk.: *falki, fjarki, frauhi, fúki*
 í stuttnefnum: *Brynki, Sveinki*
-kin *systkin*
-kis *einskis*
-kur *buðkur, dynkur, maðkur, þorskur*
-l kk.: *afl, fugl, geisl; áll, hæll, þræll*
 kvk.: *ól, geil, sál, seil, sól*
 hk.: *afl, bál, bil, drafl, fífl*
-la kvk. af lo.: *deigla*
 kvk. af so.: *gripla*
 so.: *hrufpla, stikla, söngla, bendla*
 ao.: *árla, bráðla, harðla*
-látur upprunal. sjálfst. orð; af lo. og no.: *blíðlátur, hreinlátur; siðlátur*
-leikur, (-leiki) upprunal. sjálfst. orð; af lo.: *iðugleg-leikur, stórleikur*
-li kk.: *drafli, farli, grunnli*
 hk.: *brýskli, skrifli*
-ligur upprunal. sjálfst. orð; af no.: *guðlegur*
 af lo.: *fagurlegur*
 af so. (með bandstaf) eða af lh.nt.: *breytilegur;*
-ling *hrifling, hvísling, negling*
-lingur af no. og lo.: *kettlingur; dýrlingur*
-lungur *buðlungur, miðlungur*
-m kvk.: *gaum, meiðm, mjöðm, reim*
 hk. og kk.: *blóm, hrím, húm, lím; lasm, lapm*
-ma no.: *brosma, feima, glíma, gríma; síma*
 lo. og so.: *blæsma, breima; bólma, fálma*
-mi kk. af lo. og no.: *blámi, roðmi; blómi, hrími*
-mur lo.: *armur, aumur, framur*
 no.: *almur, armur, baðmur, dómur, eimur*
-n lo.: *beinn, brúnn*
 kk.: *botn, hrafn, ofn; dúnn, fleinn, steinn*
 kvk. (þ.m.t. sagnleidd no.): *borkn, dröfn, norn; eign, sjón, stjörn; lausn*
 hk.: *bákn, barn, feikn, garn, hraun; rán, lán*
 kvk. af so.: *eign, fýsn, þögn*
-na kvk. af lo.: *auðna, loðna, mjóna*
 ýmislegt: *ærna, rokna; vegna, hérna, þarna*
 so. af so.: *bitna, blikna, sofna*
 so. af lo.: *blána, dökkna, fúlana*
 so. af no.: *batna, féna*
 so. af lh.: *bogna, fúna, guggna, rofna*
-ni kk.: *burkni, högni, skjóni, þjösni*
 hk.: *fræni, léni, slæni, þykkni, vitni*
 kvk., flest af -inn: *bírafni, ertni, feimni; blindni*
-ó *bíó, gúttó, lðnó, Memtó*
-ósa (-ósi) upprunal. samsett orð: *bjórósa, flaumósa*
-óttur af no.: *angóttur, bóróttur, baugóttur*
-p „urgermanisch“: *hampur, skalpur, skólp,*
-r kk.ending: *almr, dómr, söngr*
 kvk.ending: *byrðr, ermr, festir, kýr*
 hk.: *fjatur, flipur, gjalfir, glamur, gljúfir*
 ao.: *hér, þar, hvar*
-ra kvk.: *blaðra, gleðra, klambra, maðra, æðra*
 so.: *bambra, betra, blaðra, bogra, volgra*
-ri *hegri, veðri, peðri*
-rænn *austrænn; andrænn, einrænn; fjallrænn, hjá-rænn,*
-s hk.: *hams, gams, gleps, glens*
 ao.: *bölvans, árans, efins, efs, móts; afgang,*

-sa so.: <i>bífsa, dragsa, flaksa, hreinsa, reigsa</i> lo.: <i>hvimsa, gliðsa, klumsa</i> kvk.: <i>kvensa</i>	-ta kvk.: <i>flakta, hvesta, ótta, vefta</i> lo.: <i>-svefta</i> so. af so.: <i>brækta, brölta</i> so. af no.: <i>flímta, gæta, heimta, skammta, æmta</i> so. af lo.: <i>fætta, skemmta, vanta</i> so. af ao.: <i>játa, neita</i>
-samur upprunal. sjálfst. orð; af no.: <i>friðsamur, rausnarsamur</i> af lo.: <i>dýrsamur, heilsamur</i>	-ti kk.: <i>flótti, frunti, hósti, skjálfti</i>
-si kk.: <i>bangsi, draugsi</i> lo.: <i>algangsi, hugsi</i> hk.: <i>hreysi, snefsi, snipsi</i>	-tur kk. (aðall. af so.): <i>drátur, kraftur, blástur</i> hk.: <i>flaustur, hrjóstur, nostur</i> kvk.: <i>leiptur</i>
-ska, (-skja) af lo.: <i>beiskja, bernska; dirfska</i> af no.: <i>flónska, fólkska, mennska</i>	-tt þótt
-skapur upprunal. sjálfst. orð; af no.: <i>riddaraskapur, skáldskapur</i> af lo.: <i>greiðskapur, klókskapur, kyndugskapur</i> af ao.: <i>velskapur</i> af so.: <i>kveðskapur, yfirdrepskapur</i>	-uður <i>könnuður, köguður, mjötuður, skrautuður</i>
-ski kk.: <i>fjarski, hanski, háski, kölski, hýski</i>	-ugur <i>auðigr, kunnigr; aurugr, hrímugr</i>
-sl hk. af so.: <i>beisl, bensl, drægsl, smyrsl</i> hk. af lo.: <i>eymsl, harsl</i> kvk.: <i>pínsl, skírsl, vægsl, þröngsl</i>	-ull lo.: <i>förull, gjöfull, hugull, hverfull</i> no.: <i>böggull, djöfull, heigull, ígull, jökull</i>
-sla kvk. af so.: <i>beiðsla, breiðsla, brennsla</i>	-um ao., upphafl. þgf.ft.: <i>bráðum, drjúgum</i>
-sli hk. af so. (og lo.): <i>brigtsli, sprengsli; þrengsli</i>	-und <i>hörunð, leikund, skynjund, tegund, vitund</i> <i>áttund, fimmund; ath. ekki þúsund</i>
-sma <i>brosma</i>	-undur kk.: <i>höfundur, visundur, drómundur</i>
-sn <i>býsn, fylgsni, gæsn, hænsn; mylsna</i>	-ung <i>bræðrung, djörfung, háðung, hörmung</i>
-st <i>naust, ást</i> tökuorð: <i>kúnst</i>	-unga <i>bræðrunga, stystrunga, Sturlunga</i>
-stur kk.: <i>bakstur, bólstur, blómstur</i> hk.: <i>amstur, dektur, fóstur, eymsstur, vafstur</i> kvk.: <i>vinstur</i>	-ungi <i>hælungi, náungi, piltungi, sýslungi, sveitungi</i>
-t ao. (samhljóða hk.lo.): <i>brátt, fast, laust</i> kvk. af lo. og to.: <i>dýpt, spekt, mýkt ...; fimmt</i> kvk. af so. o.fl.: <i>gift, nægt, þurft</i> hk.: <i>frost, loft, nest, skrint</i>	-ungur af lo.: <i>dumbungur, graðungur, öldungur</i> af to.: <i>fjórdungur, fimmtungur</i> af no.: <i>bútungur, kúfungur ...; bræðrungur</i> af so.: <i>flysjungur, ginnungur, hoppungur</i>
	-uni <i>Beimuni, grjóttuni, örfuni</i>
	-unn <i>jötunn, morgunn ...; Dýrunn, lðunn</i>
	-urr kk.: <i>fjöturr, hveður, jöfur, kögur</i>
	-usta kvk. af lo. og so.: <i>hollusta; unnusta</i>
	-yfli <i>dauðyfli, innyfli, vanyfli</i>
	-yn <i>fjörgyn</i>
	-ynja <i>apynja, förynja, vargynja, ljónynja</i>
	-v <i>möskvi, nökkvi; byggva, hryggva</i>

Af athugasemð í inngangi bókarinnar virðist Alexander hafa velt því fyrir sér hvort forskeyti ættu heima í sömu bók og viðskeytin, þ.e. hvort bókin ætti að lýsa allri afleiðslu. Niðurstaðan er sú að hann telur ekki ástæðu til að gera grein fyrir forskeytum þar sem eiginleg forskeyti séu hverfandi fá í íslensku:

Da die isländischen Präfixe mit Anfang der isl. Sprachperiode im Verschwinden sind und alle in den anderen germ. Sprachen vorkommen, werden im folgenden nur die Suffixe behandelt werden. (Alexander Jóhannesson 1927:5)

Dæmin sem Alexander gefur um slík forskeyti eru *g-* í orðum eins og *gnógr, glíkr, tor-* í *torfenginn, torgætr, for-* í *forfaðir, forsjá*. Ástæðan fyrir því að forskeytin eru ekki höfð í sömu bók og viðskeytin er m.ö.o. ekki sú að þau séu annars eðlis, heldur bara sú að um þau má lesa í öðrum bókum, þ.e. í bókum um önnur germönsk mál.

Af þessu mætti ætla að skiptingin milli afleiðslu og samsetningar hjá Alexander eigi að vera býsna hefðbundin og í samræmi við þýsku skýringuna frá Krahe og Meid í nmgr. 3 á bls. 54 hér. Aðskeyti (eða a.m.k. viðskeyti) gegna þá málfræðilegu hlutverki (og eru sennilega ekki rætur) en í samsettum orðum eru a.m.k. tvær rætur:

Die Wörter sind entweder *einfach* oder *zusammengesetzt*. Einfache Wörter werden zuweilen von der idg. Wurtzel allein gebildet wie isl. *bú* Landgut; gewöhnlich wird an die Wurtzel ein Suffix gefügt, das den in der Wurtzel liegenden Sinn genauer bestimmt wie z. B. *kar-l* Mannsperson ..., *hug-ð* Aufmerksamkeit, vgl. *hug-* in *hugr* Sinn ... (Alexander Jóhannesson 1927:5)

Það er þó til að flækja málið nokkuð að helst er að ráða af bókinni að sum viðskeyti séu rætur, a.m.k. er þar að finna viðskeytin *-angur*, *-dómur*, *-látur*, *-leikur*, *-leiki*, *-ligur* (*-legur*), *-ósa*, *-samur* og *-skapur* sem Alexander segir upprunalega vera sjálfstæð orð. Enga útlistun eða skýringar á eðli breytingarinnar úr orði í aðskeyti er að finna í bókinni. Sömu orðhlutar eru hins vegar kallaðir samsetningarliðir í bók Alexanders um samsett orð:

Wie in den anderen germanischen Sprachen haben im Isländischen manche zweite Kompositionsglieder den Charakter von Ableitungssuffixen angenommen, insbesondere: *-dómur* (*leikdómur*, *lærdómur*), *-látur* (*lítillátur*), *-leikr* (*skyldleikr*), *-ligr* (*breytiligr*, *elskuligr*), *-samr* (*friðsamr*, *siðsamr*) und *-skapr* (*blótskapr*, *drengskapr*).

(Alexander Jóhannesson 1929:55)

Þarna er því ekki fullt samræmi í greiningunni milli bókanna og á því leikur líka nokkur vafi hvaða augum Alexander lítur forskeytt orð þegar bækurnar eru bornar saman.

Bók Alexanders um samsett orð (1929) er um margt lík bókinni um viðskeytin; skýringar eru litlar en dæmin þeim mun fleiri. Flokkun samsettu orðanna er að mestu með hefðbundnum hætti en undantekningin er sú að forskeytt orð eru talin til samsettra orða. Fyrst er fjallað um samsett nafnorð og er þeim skipt í þrennt (*Dvandva*, *Bestimmungszusammensetzungen* og *Bahuvrihi*). Síðan er flokkað eftir orðflokki fyrri hlutans (þ.e. no., lo., so. og óbeygjanleg orð) og loks eru liðirnir flokkaðir eftir stofnum og samsetningarmyndum stofnanna. Samsett lýsingarorð eru felld inn í kaflann um samsett nafnorð. Samsettum sögnum er skipt í tvo aðalflokka, þ.e. sagnir sem hafa smáorð að fyrri lið og sagnir þar sem fyrri liðurinn er fallorð. Loks er kafli um óbeygjanleg samsett orð.

Forskeytt orð eru flokkuð með orðum sem hafa óbeygjanlega fyrri hluta, oftast nær athugasemdalaust. Í nafnorðagreiningunni eru orð sem hafa *and-*, *at-*, *endur-*, *fjar-*, *fjöl-*, *mis-*, *ó-*, *ofur-*, *tor-*, *ú-* og *ve-* að fyrri lið t.d. ekki aðgreind frá öðrum orðum með óbeygjanlega fyrri liði og engar athugasemdir fylgja liðunum sjálfum í greiningunni um það að þessir orðhlutar komi ekki fyrir sem sjálfstæð orð eða les.⁵ Á stöku stað bregður því þó fyrir í skýringum að forskeyti séu tilgreind sérstaklega, t.d. í athugasemd fremst í kaflanum um samsett nafnorð með óbeygjanlega fyrri liði: „Sowohl Präfixe wie Präpositionen, Adverbia und Partikeln kommen häufig mit Nomina actionis verbunden wie im Deutschen z. B.“ (1929:31). Alexander setur líka upp sérstakan undirflokk forskeyttra orða í kaflanum um óbeygjanleg samsett orð en þar geta fyrri hlutarnir verið af ýmsu tagi:

Es ergeben sich im Isländischen folgende Möglichkeiten: der erste Bestandteil kann ein Nomen, ein Adjektivum (Pronomen, Zahlwort), ein Adverbium, ein Präfix oder eine Präposition sein.

(Alexander Jóhannesson 1929:69)

Orð af þessu tagi sem Alexander tekur fram að séu forskeytt eru *andæris*, *andspænis*, *erlendis*, *forbergis*, *forbrekkis*, *forstreymis*, *úgnógliga*, *úleyfis*, *úsynja* og *örsjaldan* (1929:72). Í síðari bókinni virðist hann því telja forskeyttu orðin vera sérstakan undirflokk samsettra orða og telur ekki ástæðu til að greina þau frá öðrum samsettum orðum, nema á þessum eina stað. Í bókinni um viðskeyti (1927) virðist hann hins vegar gefa því undir fótinn að forskeytt orð eigi eitthvað sameiginlegt með viðskeyttum orðum, a.m.k. ef marka má þau orð hans að forskeyttu orðin séu ekki höfð með af hagkvæmnisástæðum þar sem ástæðulaust sé að fjalla um þau sérstaklega af því að um þau megi fræðast í bókum um önnur germönsk mál (sjá tilvitnun á bls. 57). Fyrst Alexander er á annað borð að

⁵Undantekningin er athugasemd við *for-* sem sagt er að geti verið áhersluforskeyti: „*For* wird als **verstärkendes** Präfix benutzt bei Wörtern wie: *for-fagr* ...“ (Alexander Jóhannesson 1929:36).

minnst á þetta hlýtur hann að telja til þess einhverja ástæðu og þá er nærtækt að ætla að honum hafi þótt eðlilegt á þessu stigi að flokka forskeyti og viðskeyti saman og munurinn á afleiðslu og samsetningu hljóti að vera tengdur mismuninum á hlutverki og merkingu. Einhverra hluta vegna verður síðan ofan á hjá honum að telja forskeytt orð til samsettra orða í síðari bókinni enda er erfitt að skera úr um hvers konar liðir forskeyti eru í raun og veru í íslensku.

Hins vegar er augljóst af eftirfarandi málsgrein í síðari bókinni (1929) að þar telur hann allar rætur til samsetningarliða, jafnvel þær samsetningarmyndir sem ekki eru samhljóða beygingarmyndum samstofna sjálfstæðra orða og merkingarbreytingar eru heldur ekki nægileg rök til þess að greina samsetningarliði frá sjálfstæðum orðum:

Ein grosser Teil aller Wörter ist zusammengesetzt. Die Zusammensetzungen sind schon im Indogermanischen durch syntaktische Verwendung entstanden, indem eine syntaktische Verbindung ihren Elementen gegenüber isoliert wurde; die Verbindung nahm dann häufig neue Momente in ihrer Bedeutung auf und schied andere aus oder eine Bedeutung eines Gliedes erhielt sich in der Komposition, die im einfachen Worte verloren ging. Die Laut- und Flexionsformen haben sich häufig in den Komposita anders gestaltet als in den einfachen Wörtern; alte Flexionsformen haben sich daher häufig in den Zusammensetzungen erhalten, die sonst Änderungen unterworfen wurden; dasselbe gilt für die Konstruktionsweisen. (Alexander Jóhannesson 1929:3)

Öll greining Alexanders er byggð á sögulegum grunni en merkilegt er að sjá að skipting hans í afleiðslu og samsetningu er ekki afdráttarlaus. Þó er helst af bókunum að ráða að hann skilgreini viðskeytingu fremur þröngt og telji óþarft að gera ráð fyrir forskeytingu sem sérstakri gerð orðmyndunar í íslensku.

3.2.2 Björn Guðfinnsson (1937)

Kennslubók Björns Guðfinnssonar, *Íslensk málfræði* handa skólum og útvarpi (1937), er klassísk og er sennilega sú kennslubók sem flestir þekkja enda hefur hún verið kennd í skólum landsins í hartnær sextíu ár. Að vísu hefur bókin verið notuð í breyttri útgáfu Eiríks Hreins Finnbogasonar frá 1958 en breytingar í þeirri útgáfu eru svo miklar að furðu sætir.⁶ Skilgreiningar Björns á afleiðslu og samsetningu eru mjög stuttar eins og e.t.v. er við að búast þar sem hér er mikið efni í lítilli bók og orðmyndun er afgreidd á þrettán síðum aftast í bókinni. Öll hugtök eru skýrð með dæmum og mér vitanlega hefur það ekki sérstaklega vafist fyrir nemendum að þekkja sjálf fyrirbærin í sundur, að því marki sem til þess er ætlast af þeim í skólakerfinu. Hins vegar eru dæmi Björns sum hver svo forn

⁶Skýring útgefanda í formála er að bókin hafi reynst of þung fyrir þá nemendur sem hún var ætluð. Hluti breytinganna er fólgin í því að fella burt efni sem talið er of erfitt og bæta inn viðbótarskýringum en að auki virðist útgefandi breyta orðalagi eftir hentugleikum. Slíkar breytingar eru ekki alltaf til bóta:

Beygingarendingar nefnast þær viðbætur við stofn, sem sýna mismunandi beygingu orðs (1. útg. 1937).

Beygingarendingar eru þær viðbætur við stofninn er auðkenna mismunandi beygingarmyndir orðsins (5. útg. 1958).

Að auki er efni raðað upp á nýtt. Þannig eru rót, viðskeyti og forskeyti fyrst sýnd með dæmum í 1. útgáfu og skýrð lauslega (§284, bls. 148), þá fylgir skýring á því hvað stofn er (§285), en síðan fylgja greinar með nánari útlistun á viðskeytum (§287–290) og forskeytum (§291). Af þessu fæst nokkuð ljós mynd af hlutverki þessara fyrirbæra í sjónhendingu enda leiðir hver grein af annarri á rökréttan hátt. Í 5. útgáfu er efnið skorið niður þannig að hvert fyrirbæri er afmarkað án tengsla við heildina. Fyrst er grein um rót (§200), þá um viðskeyti (§201–202) og forskeyti (§203) og (§204). Skýringar eru því slitnar úr því samhengi sem þær hafa í upprunalega textanum. Uppsetningu er líka breytt á verri veg eins og sjá má af lista um viðskeyti sem settur er upp sem tafla í 1. útgáfu en er prentaður í belg og biðu í 5. útgáfu. Ef marka má kaflann um orðmyndun þá hefur útgefandi 5. útgáfu því miður fært efni bókarrinnar til verri vegar.

að þau geta ekki höfðað beint til málkunnáttu eða máltilfinningar nemenda, sbr. t.d. orðið *mold* sem greint er sem rótin *mol-* og viðskeytið *-d-*. Skilgreiningar Björns eru fremur rýrar. Þær eru samt miklum mun ýtarlegri en hjá Alexander Jóhannessyni og þess vegna verða þær raktar hér:

Orðin í málinu greinast í **frumorð**, **afleidd orð** og **samsett orð**.

- a) *Frumorð* nefnast þau orð sem eru aðeins rót með eða án beygingarendinga, t.d. *far*, *arfur*.
- b) *Afleidd orð* nefnast þau orð sem mynduð eru af rót með viðskeyti eða (og) forskeyti og með eða án beygingarendinga, t.d. *barn*, *burður*, *andbyr*, *torveldur*, *mismikill*.
- c) *Samsett orð* nefnast þau orð sem mynduð eru úr tveimur eða fleiri sjálfstæðum orðum eða orðstofnum, t.d. *karlmaður*, *leikhúsgestur*.

(Björn Guðfinnsson 1937:154–5)

Þarna er algjörlega byggt á formlegum forsendum og samsett orð sögð mynduð úr sjálfstæðum orðum eða orðstofnum. Með örlítið frjálslægri túlkun má þarna finna líkindi við skilgreiningar þar sem greinimörkin milli afleiðslu og samsetningar eru munurinn á frjálsum og bundnum myndönnum eða því að samsett orð séu mynduð af tveimur lesum en afleidd orð aðeins af einu lesi. Allt er þetta býsna kunnuglegt en rétt er að athuga hvað felst í hugtökunum ‘rót’, ‘viðskeyti’, ‘forskeyti’, ‘stofn’ og ‘beygingarending’ til að athuga þetta betur. Skilgreining Björns á rót er þessi:

Frumatkvæði orðs nefnist **rót**, t.d. *far*. Rót er tíðast sameiginleg fjölda skyldra orða. Þessi orð eru oft ólík útlits, þar eð rótin getur tekið hljóðbreytingum og viðbótum.⁷ ... Rót án frekari viðbótar getur verið sjálfstætt orð eins og t.d. *far*, *för*. Hitt er þó miklu algengara, að einhverju sé aukið við rótina til þess að mynda sérstök orð.

(Björn Guðfinnsson 1937:148)

Í þessu tilfelli er nærtækt að álíta að „eitthvað“ sem aukið er við rótina sé ekki rót, en Björn tekur það þó ekki fram í skýringu sinni á viðskeyti og forskeyti sem skýrð eru með dæmunum *far-m-ur* og *tor-fær-a* á eftirfarandi hátt:

Í fyrra orðinu er *-m-* aukið *afan* við rótina, og helzt það í öllum beygingarmyndum orðsins. Það nefnist **viðskeyti**. Í síðara orðinu er *tor-* aukið *framan* við rótina, og helzt það í öllum beygingarmyndum orðsins. Það nefnist **forskeyti**.

(Björn Guðfinnsson 1937:148)

Skilgreining Björns á stofni byggist síðan á þessu, þ.e. stofn er rót sem er sjálfstætt orð eða rót ásamt viðskeyti og/eða forskeyti (sjá 1. útg., 1937:148–149).⁸ Um beygingarendingar er aðeins tekið fram að þær sýni mismunandi beygingu orðs. Hugtakið ‘orð’ er ekki skýrt sérstaklega.

Þessar skilgreiningar eru ekki sérstaklega nákvæmar þegar grannr er skoðað. Rót er útskýrð sem frumatkvæði orðs án þess að frekari útskýringar fylgi. Þessi skýring minnir dálítið á notkun Nidas á hugtakinu ‘kjarna’ í orðmyndun (sjá tilvitnun á bls. 18 hér að framan) en af orðum Björns er ekki ljóst hvort ‘frumatkvæði’ orðs er merkingarlegt eða formlegt hugtak. Forskeyti og viðskeyti eru einungis skilgreind út frá stöðu í orði, þ.e.

⁷Í 5. útgáfu er þarna viðbótin „en merking þeirra er skyld“ (Björn Guðfinnsson 1958:111).

⁸Í 5. útg. er bætt við skilgreiningunum „Stofn nefnist sá hluti orðs sem helst í öllum beygingarmyndum þess“ og „Stofn er sá hluti orðsins sem eftir verður þegar beygingarending þess er numinn brott“ (1958:112–113). Þetta er ekki í samræmi við greiningu Björns á viðskeytum *-j-* og *-v-* sem hann segir „ýmist haldast eða hverfa“ og greiningu hans á viðskeytum sem falla brott að hluta (*-in-*) (1. útg., 1937:152).

afstöðu til rötarinnar, og af orðunum má e.t.v. ráða að þau séu ekki rætur en það er ekki beinlínis tekið fram.

Greining Björns er að mestu mjög svipuð greiningu Alexanders Jóhannessonar með þeirri undantekningu að Alexander flokkar forskeytingu með samsettum orðum en Björn telur hana til ósamsettra orða (ásamt viðskeytingu). Helstu forskeyti skv. Birni eru *and-*, *for-*, *mis-*, *ó-*, *tor-* og *ör-*. Þar fyrir utan virðist Björn sækja margt til Alexanders, t.d. flokkun samsettra orða í samsett fallorð, samsett sagnorð og samsett smáorð, sem hjá Alexander heita samsett óbeygjanleg orð. Viðskeyti sem Björn telur upp eru að vísu mun færri en hjá Alexander en þó virðist svipuð stefna ráða ferðinni og söguleg viðhorf ráða. Mörkin milli viðskeytingar og samsetningar eru dregin á sama hátt og hjá Alexander og gert er ráð fyrir því að sjálfstæð orð geti orðið að viðskeytum, þ.e. *-dómur*, *-leikur*, *-skapur*, *-átta*; *-látur*, *-legur*, *-rænn* og *-samur*. Verk Alexanders og Björns, ásamt verkum Halldórs Halldórssonar sem nú verður komið að, eru sá grunnur sem umfjöllun um íslenska orðmyndun byggist enn á.

3.2.3 Halldór Halldórsson (1950)

Skilgreiningar Halldórs Halldórssonar í *Íslenskri málfræði handa æðri skólum* (1950) eru um margt líkar skilgreiningum Björns en flokkunin er ekki eins afdráttarlaus. Halldór flokkar forskeytt orð með samsettum orðum, eins og Alexander gerir í *Die Komposita* (1929), og virðist telja að aðskeyti geti verið rætur, sbr. eftirfarandi orðalag: „Eitt orð getur verið runnið af fleiri en einni rót. Einkum eru það samsett orð“ (1950:179). Af þessu er ómögulegt að álykta annað en að einhver orð sem ekki eru samsett (og hljóta þá að vera afleidd) séu til með fleiri en einni rót. Skilgreining Halldórs á rót sýnir að hugtakið er málsögulegs og orðsifjalegs eðlis hjá honum: „Rót nefnist því orðeining, sem sameiginleg er skyldum orðum“ (1950:179) og síðar talar hann um að rót sé „orðeining sem er sameiginleg með skyldum orðum innan þessara málaflokka [þ.e. frumgermanskra eða indógermanskra mála]“ (s.st.). Skilgreiningar hans á forskeyti og viðskeyti eru ekki algjörlega hliðstæðar og er helst af grunnskilgreiningunum sjálfum að skilja að viðskeyti séu ekki rætur þar sem Halldór kallar þau endingar og virðist flokka þau með beygingar-endingum. Hins vegar má draga þá ályktun af orðum Halldórs sem rakin eru hér að ofan að forskeyti geti verið rætur, enda eru forskeytin nefnd ‘orðeiningar’ í skilgreiningunni sem hér fer á eftir, og eins má draga þessa ályktun af orðum hans um orð „af fleiri en einni rót“ hér á undan. Skilgreiningar Halldórs hljóma svo:

Beygingarendingar eru tvenns konar: **fallendingar** fallorða og **persónuendingar** sagna. Aðrar endingar, sem skeytt er aftan við rót, nefnast **viðskeyti**. Orðeining, sem skeytt er framan við rót, nefnist **forskeyti**, ef orðeiningin er ekki stofn eða fall sjálfstæðs orðs.

Afleidd nefnast þau orð, sem mynduð eru af rót með viðskeyti.

Samsett nefnast orð, sem gerð eru af tveimur eða fleiri sjálfstæðum orðum. Til samsettra orða má einnig telja **forskeytt orð**, þ.e. orð mynduð af forskeyti og sjálfstæðu orði.

(Halldór Halldórsson 1950:180)

Samkvæmt þessu eru forskeytt orð undirflokkur samsettra orða þar sem fyrri liðurinn er bundinn og kemur ekki fyrir sem fallmynd eða stofn sjálfstæðs orðs. Röksemdafærsla Halldórs fyrir því að telja forskeytt orð til samsettra orða er afskaplega stuttaraleg:

Margir málfræðingar telja forskeytt orð til afleiddra orða. Þeim svipar þó miklu meira til samsettra orða, og verða þau því talin hér til þeirra. Forskeyti eru fátíðari í íslenzku en ýmsum skyldum málum, þar sem mörg þeirra hurfu á frumnorrænum tíma ...

(Halldór Halldórsson 1950:196)

Forskeytin sem Halldór telur upp eru *al-*, *all-*, *and-*, *fjöl-*, *for-*, *of-*, *tor-*, *van-* og *ör-*. Eina atriðið sem notað er til að skilja forskeytin frá fyrri liðum í „venjulegum“ samsettum orðum er það að forskeytin eru bundnir liðir.

Samkvæmt skilgreiningu Halldórs á viðskeytum hér að ofan eru þau líka alltaf bundnir liðir en á öðrum stað í bókinni bregður fyrir merkingarlegum greinimörkum milli viðskeyta og orða. Þetta á við um viðskeyti sem eru samhljóða sjálfstæðum orðum, sömu viðskeytin og Halldór fjallar síðar um í greininni *Falling Down to a Suffix Status* (1976). Þar sem þessi viðskeyti eru upphaflega talin vera orð hlýtur að vera í þeim rót, a.m.k. samkvæmt Halldóri sjálfum og þeim sögulega skilningi sem hann leggur í hugtakið rót. Halldór orðar þetta svo:

Nokkur dæmi eru þess, að sjálfstæð orð, sem voru síðari hluti samsettra orða, hafi orðið að viðskeytum. Verða nú talin dæmi þess ... -*angr*, ... -*arr*, ... -*átta*, ... -*indi*, ... -*yndi*, ... -*dómr*, ... -*skapr*, ... -*leikr* (Halldór Halldórsson 1950:188–189)

Síðar telur Halldór upp lýsingarorðsviðskeyti sem hann telur líka að hafi upprunalega verið síðari hluta samsettra orða: *-ligr*, *-látr*, *-rænn* og *-samr* (1950:192–193). Eins og sést af þessu fjallar Halldór um orðmyndun út frá sögulegum sjónarmiðum. Sum þeirra viðskeyta sem þarna eru talin kunna að hafa verið sjálfstæð orð á eldra málstigi þótt segja meggi að þau séu viðskeyti nú, jafnvel þótt engar merkingarlegar forsendur séu notaðar, þar sem þau koma ekki lengur fyrir sem sjálfstæð orð. Það að sum viðskeytin eru samhljóða sjálfstæðum orðum verður hins vegar til þess að mörkin milli afleiðslu og samsetningar verða ekki eins skörp hjá Halldóri eins og ætla mætti við að lesa sjálfa skilgreininguna (sjá næstu síðu hér á undan) vegna þess að um leið og farið er að nota tvenns konar forsendur verða línur óljósar. Flokkun Halldórs skilar því tvenns konar dæmigerðum viðskeytum, annars vegar „endingum“ öðrum en beygingarendingum (sem eru mjög þröngt skilgreindar hjá Halldóri og ná aðeins yfir fallendingar fallorða og persónuendingar sagna) og hins vegar merkingarlega skilgreindum síðari liðum orða. Þar sem forskeytt orð eru talin til samsettra orða og engin líkindi fundin með þeim og viðskeyttum orðum er eiginlega ekki lengur hægt að tala um afleiðslu sem sérstaka gerð orðmyndunar hjá Halldóri heldur aðeins um samsetningu og viðskeytingu.

3.2.4 Baldur Jónsson (1984, 1987)

Í greinunum *Samsett orð með samsetta liði*. *Fáeinir athuganir* (1984) og *Íslensk orðmyndun* (1987) setur Baldur Jónsson fram skilgreiningar á afleiðslu og samsetningu. Viðfangsefni hans í fyrri greininni er margsamsett nafnorð í íslensku nútímamáli. Tilgangslítið er að leita slíkra orða í orðabókum og því bregður Baldur á það ráð að athuga allan orðaforðann í einu tölublaði Morgunblaðsins, 22. mars 1983. Síðari greinin fjallar um íslenska orðmyndun almennt og þær leiðir sem færar eru í nýmyndun. Þar eru orðmyndunareiningar skýrðar á eftirfarandi hátt (1987:90):

$$(1) \quad \begin{array}{|c|c|c|c|} \hline F & R & V & B \\ \hline \end{array}$$

$\left. \begin{array}{l} F = \text{forskeyti} \\ R = \text{rót} \\ V = \text{viðskeyti} \\ B = \text{beygingarending} \end{array} \right\} S = \text{stofn}$

Baldur segir allar einingarnar vera valfrjálsar nema eina, þ.e.a.s. rótina, en „röð þeirra eða samskipan er óhagðanleg“ (1987:90):


$$(2) \quad (F) R (V) (B) = S (B)$$

Í fyrri greininni (1984) tekur Baldur fram að afmörkun hugtakanna sem nota þarf við greiningu samsettu orðanna sem hann er að rannsaka sé á reiki og þess vegna setur hann fram lýsingar á orðgerðunum í upphafi verks.

Afleitt orð er í einföldustu mynd annaðhvort forskeyti + rót + beygingarending ...
eða rót + viðskeyti + beygingarending ...
Samsett orð er í einföldustu mynd rót + rót + beygingarending ...

(Baldur Jónsson 1984:159)

Baldur skilgreinir rót ekki sérstaklega en tekur fram að stofn sé orð að fráðreginni beygingarendingu. Samkvæmt Baldri er hlutverk forskeyta og viðskeyta að „leiða einn stofn af öðrum“ (1984:160) og grunneining hans í orðmynduninni er því stofn en ekki orð. Þar sem forskeyti og viðskeyti eru hér talin bætast við rót eða stofn og mynda nýjan stofn er gert ráð fyrir að beygingarendingar tengist öllu orðinu en ekki grunnorðum eins og oftast er gert í generatífri málfræði.⁹ Þetta sést best af hríslumynd Baldurs af orðinu *samkeppni* en þar er gert ráð fyrir beygingarendingu án hljóðforms á orðinu í heild:



Forskeytið er þarna „höfuðhluti stofns“ skv. Baldri, en stofninn getur „svo aftur verið höfuðhluti orðs á móti beygingarendingu, jafnvel þótt hún væri „núll““ (1984:161). Baldur veltir því reyndar fyrir sér hvort verið geti að mismunur í samröðunarhæfni forskeyta geti tengst því að sum forskeyti tengist stofni en önnur bætist framan við orð í heild og nefnir þar forskeytin *sam-* og *aðal-*. Þær hömlur eru á röðun þeirra að *aðal-* getur staðið á undan *sam-* (*aðalsamkeppni*) en *sam-* ekki á undan *aðal-* (**samaðalkeppni*). Þarna bendir Baldur á athyglisvert fyrirbæri, þ.e. það að mismunandi hömlur virðast vera á endurkvæmni einstakra forskeyta. Baldur veltir fyrir sér hvort þessi munur geti tengst mismunandi grunneiningu í orðmynduninni: „Væri e.t.v. rétt að tala um tvenns konar forskeyti, orðaforskeyti og stofnaforskeyti“ (1984:162).

Baldur skilgreinir forskeyti og viðskeyti út frá formi en gefur kost á því að nota merkingarlegar forsendur líka:

Hér er sem sé gert ráð fyrir því, að forskeyti sé orðmyndunareining, sem fer næst á undan rót eða stofni, en sé ekki til sem sjálfstætt orð (a.m.k. ekki sömu merkingar). Á sama hátt er gert ráð fyrir því, að viðskeyti sé orðmyndunareining, sem fer næst á eftir rót eða stofni, en sé ekki til sem sjálfstætt orð sömu merkingar.

(Baldur Jónsson 1984:159–160)

Báðir liðir í samsettu orði verða að vera til „sem sjálfstæð orð (beygjanleg eða óbeygjanleg) eða rætur í beygjanlegum orðum“ og orð „sem hafa tengistaf á liðamótum“ (1984:161)

⁹Þetta og fleira í framsetningunni minnir á aðferðir formgerðarsinna enda er vitnað í Hockett (1956) í heimildalista.

eru einnig greind sem samsett orð. Beygjanleg eru öll orð úr þeim orðflokkum sem taka beygingu. Fyrri hluta í samsettum orðum nefnir Baldur forliði en síðari hlutana viðliði og hann segir að milli forskeyta og forliða séu ekki skörp skil í reynd og forskeyti séu ekki heldur einn heilsteyptur flokkur (1984:161). Af þessu er því ekki að sjá að Baldur telji vera eðlismun á samsetningu og forskeytingu og skiptingin milli samsetningar og afleiðslu er ekki skörp.

3.3 Generatíf umfjöllun um íslenska orðmyndun

3.3.1 Eiríkur Rögnvaldsson (1986)

Kennslubók Eiríks Rögnvaldssonar sem notuð hefur verið við kennslu í orðhlutafræði við Háskóla Íslands nú um árabíl kom fyrst út í tilraunaútgáfu árið 1983 og hefur síðan verið gefin út þrisvar sinnum með nokkrum breytingum. Kaflanum um orðmyndun var bætt við í útgáfuna 1986 en hér verður vísað til 4. útgáfu 1990. Kaflinn er mjög stuttur og skilgreiningar á afleiðslu og samsetningu eru mjög í ætt við skilgreiningar í eldri kennslubókum í íslenskri málfræði, t.d. bók Björns Guðfinnssonar, og einnig í ætt við grein Baldurs Jónssonar (1984, sjá næsta kafla hér á undan), enda tekur Eiríkur fram í athugasgrein (nr. 3, bls. 134) að við hana sé „mjög stuðst í þessum kafla“. Munurinn á afleiðslu og samsetningu felst í því að aðskeyti eru ekki rætur en í samsettum orðum eru fleiri en ein rót:

Orð sem innihalda tvær rætur eða fleiri eru kölluð **samsett**, en orð sem eru mynduð af rót + forskeyti eða viðskeyti eru venjulega kölluð **afleidd**.

(Eiríkur Rögnvaldsson 1990:18)

Rætur og aðskeyti skilgreinir Eiríkur í upphafi kaflans bæði út frá merkingu og formi, þ.e. greinimörkin eru hvort myndönnin geta staðið sjálfstæð eða ekki og hvort þau bera eiginlega merkingu eða gegna málfræðilegu hlutverki:

Í öllum orðum er **rót**, sem er hið merkingarlega myndan. Rætur bera grundvallarmerkingu orðsins, og eru einu myndönnin sem geta komið fyrir sjálfstæð, án stuðnings annarra. Framan við rótina getur komið **forskeyti**, en aftan á hana **viðskeyti**. Þau eru stundum kölluð einu nafni **aðskeyti**. Hlutverk þeirra er að búa til ný orð skyldrar merkingar, en þau geta aldrei komið fyrir sjálfstæð. Merking þeirra er margvísleg.
...

(Eiríkur Rögnvaldsson 1990:18)

Það er athyglisvert að þarna er vísað til þess að rót sé merkingarlegt myndan. Í skilgreiningu Eiríks á myndani sem fram kemur nokkrum síðum aftar í bókinni fylgir hann fordæmi Aronoffs og telur myndönn ekki vera merkingarbærar einingar: „Myndanið er (minnsta) afmörkuð eind í byggingu orðsins“ (1990:22). Það er því e.t.v. örlítið annar blær á skilningnum sem lagður er í hugtakið myndan í skilgreiningum á helstu gerðum orðmyndunar en annars staðar í bókinni og það er líka eftirtektarvert að þarna er sagt að aðskeyti bætist við rætur en ekki orð. Í beygingarlýsingu sinni fylgir Eiríkur kenningu Aronoffs um orðið sem grunneiningu en hér er lýsingin ekki verulega frábrugðin þeim hefðbundnu lýsingum sem raktar voru í næsta kafla hér á undan. Reyndar er orðalag Eiríks nokkuð á reiki þegar hann fjallar um orðmyndun og á stöku stað bregður því fyrir að hann tali um að mynda orð af orði, t.d. þar sem hann setur fram einu orðmyndunarregluna sem sett er upp í bókinni en þar segir hann: „... við verðum að gera ráð fyrir að við búum yfir sérstökum **orðmyndunarreglum**, sem geri okkur kleift að mynda ný orð af **orðum** [leturbreyting KB] sem við kunnum fyrir“ (1990:31). Í yfirliti í lok kaflans ítrekar Eiríkur samt það sem á undan er komið og segir aftur að samsett orð séu mynduð „af fleiri en einni

rót“ (1990:40). Í orðmyndunarreglunni sjálfri er þó gert ráð fyrir orðmyndun af orði, en reglan er um myndun sagnleiddra nafnorða með viðskeytinu *-un*:

(4)

$$\begin{bmatrix} \#X\# \\ +so \\ \vdots \end{bmatrix} \longleftrightarrow \begin{bmatrix} \#X - un\# \\ +no \\ VERKNAÐUR \\ SEM X \\ LÝSIR \end{bmatrix}$$

Þessi regla er mjög lík reglu Aronoffs sem sýnd er á bls. 30 hér að framan og nær bæði yfir merkingu og form eins og þar er. Orðmyndunarregla Eiríks er þó að því leyttu ólík reglum Aronoffs að hér þarf ekki aðlögunarreglur að sama marki og hjá Aronoff, enda er orðmyndunarregla Eiríks sett upp á sama hátt og beygingarreglur hans þannig að með henni er líka hægt að gera grein fyrir hljóðbreytingum í stofni: „Í þessum reglum getur þá bæði falist einhver viðbót við það sem fyrir er og skipti á hljóði eða hljóðum í grunnorðinu fyrir önnur“ (1990:31). Þarna beitir Eiríkur aðferðum sem svipar til aðferða Stephens R. Andersons (sjá 2.5.5 hér að framan). Annað atriði sem er ólíkt með reglu Eiríks og reglu Aronoffs er það að örin í reglu Eiríks vísar í báðar áttir en ör Aronoffs aðeins til hægri. Reglur Aronoffs eru líka til þess ætlaðar að sýna myndun orðanna (í eitt skipti fyrir öll) en með því að láta örina vísa í báðar áttir má ætla að Eiríkur ætli sínum reglum alveg eins það hlutverk að greina orðhluta í orðum sem þegar eru til, enda er það fremur í samræmi við íslenska hefð. Reglur Aronoffs eru því eiginlegar virkar orðmyndunarreglur en reglur Eiríks eru að auki orðgerðar- eða orðgreiningarreglur.

Þar sem Eiríkur setur ekki fram neina reglu um samsetningu er ekki hægt að sjá hvort hann telur eðlismun vera á samsetningu og afleiðslu. Hann tekur fram að stundum geti verið erfitt að þekkja þetta tvennt í sundur og segir venjuna vera þá „að telja að um samsetningu sé að ræða ef báðir liðirnir koma fyrir sjálfstæðir, en afleiðslu ella“ (1990:27). Þó er þessi flokkun ekki afdráttarlaus hjá Eiríki og hann grípur líka til merkingarflokkunar á aðskeytum og nefnir að merkingarbreytingar geti breytt orði í viðskeyti, eins og Halldór Halldórsson gerir (sjá líka 3.2.3; dæmi Eiríks hér eru frá Halldóri):

Stundum gerist það líka að orð sem upphaflega er samsett breytist í afleitt orð, vegna þess að annar hluti samsetningarinnar missir sjálfstæða merkingu sína. Dæmi um það er orðið *vísdomur*, sem upphaflega merkti ‘viturlegur dómur’. Síðan hefur það gerst að *-dómur* hefur misst merkingu sína í þessu sambandi, og er orðið að viðskeyti sem táknar eiginleika, ástand eða þ.u.l., sbr. *sveindómur*, *meydómur* o.fl. *Vísdomur* á þá ekki lengur neitt skylt við no. *dómur*, heldur merkir orðið einfaldlega ‘viska’.

(Eiríkur Rögnvaldsson 1990:27)

Eiríkur nefnir að samsetning og afleiðsla geti komið fyrir í sama orðinu og tekur orðið *stórhýsi* sem dæmi um afleidda samsetningu en þar „eru tvær rætur (*stór* og *hús*) og eitt viðskeyti (*-i*)“ (1990:27). Ekki er mér ljóst að hvaða marki Eiríkur telur reglur um afleiðslu og samsetningu vera endurkvæmar sín á milli og hugtakið afleidd samsetning er ekki ótvírætt. Mér finnst þó eðlilegra (samkvæmt orðanna hljóðan) að telja þetta vera afleitt orð sem dregið er af samsettu orði. Ef það er rétt hjá mér þá gerir Eiríkur ráð fyrir að hægt sé að mynda afleitt orð af samsettu. Þó má deila um það hvort orðið *stórhýsi* er myndað á þennan hátt, þ.e. að orðið sé fyrst samsett og síðan afleitt.¹⁰

¹⁰Greiningin hjá Margaret Stong-Jensen (1987) er önnur; þar er gert ráð fyrir að síðari hlutinn sé afleitt orð (sjá kafla 3.3.3 hér á eftir).

Niðurstaðan af því að skoða orðmyndunarlýsingu Eiríks er því sú að hún sé keimlík lýsingu í eldri verkum og ekki í fullu samræmi við beygingarlýsingu hans. Munurinn á afleiðslu og samsetningu er með hefðbundnum hætti.

3.3.2 Sigrún Þorgeirsdóttir (1986)

Kandídatritgerð Sigrúnar Þorgeirsdóttur frá 1986 er viðamikil verk og fjallar um forskyeiti í íslensku nútímamáli. Ritgerðin er efnismikil og í henni er varpað ljósi á mjög mörg af þeim vandamálum sem upp koma þegar reynt er að skilja að orðgerðarflokka í íslensku, hér forskeytingu og samsetningu. Það er reyndar ekki alveg víst að rétt sé að telja þessa ritgerð til generatífrar umfjöllunar um orðmyndun þar sem Sigrún hafnar mörgum af höfuðkennisetningum generatífista, meðal annars þeirri að orðið sé grunneining í orðmynduninni.¹¹ Flokkun hennar á forskeytum er heldur ekki í samræmi við það sem almennt tíðkast í generatífri málfræði, a.m.k. ef miðað er við efnið sem rakið var í 2. kafla hér að framan. Samanburður á efnistökmum Sigrúnar og kenningum í generatífri málfræði er því e.t.v. ekki sérstaklega sanngjarn gagnvart henni þar sem hún gefur sér allt aðrar forsendur en yfirleitt er gert í generatífri málfræði. Þegar efni sem sett er fram samkvæmt einni kenningu er athugað í ljósi annarrar er alltaf hætta á því að efnið sé alls ekki sambærilegt og menn geri sig þar með seka um að bera saman hest og kú (sbr. nmgr. 27 á bls. 31). Slíkur samanburður er þó óhjákvæmilegur hér þar sem tilgangurinn er sá að fá yfirlit um afstöðuna til afleiðslu og samsetningar og auk þess segir Sigrún sjálf í inngangi að stuðst sé við „almenn hugtök úr generatífri málfræði“ (1986:2). Við lestur eftirfarandi kafla er lesandinn beðinn að hafa í huga að hér eru aðeins dregin fram atriði sem tengjast muninum á afleiðslu og samsetningu og myndin sem hér birtist er býsna einlít og gefur engan veginn sanngjarna mynd af mjög langri ritgerð. Heildarmynd af ritgerðinni og því efni sem þar er að finna fæst aðeins við lestur hennar sjálfrar.

Sigrún byggir nánast eingöngu á merkingarlegum forsendum við skilgreiningu og flokkun sína á forskeytum og þau geta verið hvort heldur er bundin myndön (forskeyti I hjá Sigrúnu) eða frjáls (forskeyti II), sem hafa þá aðra merkingu sem forskeyti en sem sjálfstæð orð.¹² Forskeytin sem Sigrún nefnir og formleg flokkun þeirra er þessi:

(5) a Yfirlit yfir forskeyti 1 (sjá Sigrún Þorgeirsdóttir 1986:38)

1. Bundin forskeyti: al-, and-, auð, einka-, endur-, fjar-, fjöl-, for-, frum-, gagn-, ó-, tor-, var-, ör-
2. Hálfbundin forskeyti: afar-, mis-, of-, ofur-, sí-, síð-, van-
3. Forskeyti tengd töluorðum: fer-, tve-, tví-, tvæ-, tvö-, þre-, þrí-
4. (Helstu) erlend forskeyti: antí-, deka-, desí-, hektó-, kúbik-, kvart-, mega-, míní-, míkró-, múltí-, semí-, sentí-, súper-, últra-

b Yfirlit yfir forskeyti 2 (sjá Sigrún Þorgeirsdóttir 1986:74)

1. Tengt nafnorðum: aðal-, auka-, dverg-, gervi-, grunn-, hliðar-, höfuð-, megin-, ofsa-, risa-, slembi-, aftöku-, ban-, band-, bál-, blek-, blý-, blóð-, dauð(a)-, ...; eilífðar-, gúmmí-, pínu-, plast(ik)-; arfa-, ...

¹¹Hún leyfir t.d. orðmyndun af forskeyti og viðskeyti án þess að 'orð' komi þar við sögu eins og nánar verður komið að hér á eftir.

¹²Þetta atriði er afdráttarlaust í skilgreiningunni sjálfri (sjá tilvitnun hér á eftir) en síðar í ritgerð Sigrúnar er þetta ekki skilyrði og merking forskeytisins getur verið sú sama og sjálfstæða orðsins, ef marka má eftirfarandi orð: „Í umfjöllun um forskeytin hér að framan hefur komið fram að það eru til myndön sem geta ýmist komið fyrir sem forskeyti eða sjálfstæð orð **sömu merkingar** [leturbreyting KB] eða allt annarrar merkingar“ (1986:120). Skilgreiningin er þó ekki endurskoðuð til samræmis við þetta.

2. Tengt lýsingarorðum eða fornöfnum: all-, drjúg-, fasta-, fá-, full-, ger-, há-, hálf-, lang-, lausa-, marg-, ná-, ný-, sam-, sér-, sjálf-, vand-; blá-, blind-, bráð-, gal-, grá-, grimm-, harð-, ramm-, ...
3. Tengt forsetningum eða atviksorðum: að-/at-, af-, aftur-, á-, bak-, eftir-, fram-, fyrir-, hjá-, inn-, í-, með-, meðal-, nær-, til-, um-, undir-, upp-, úr-, út-, yfir-, af-
4. Óljós tengsl við orðflokki: dá-, farand-; drep-, erki-, feiki-, fimbul-, geipi-, geysi-, svaka-, æsi-; obbo/u-, oggo/u-

Með því að gera ráð fyrir að forskeyti geti líka verið frjáls myndön er Sigrún í raun búin að hafna skilgreiningum sem byggjast á formlegum einkennum. Skilgreining Sigrúnar á forskeyti er þessi:

Forskeyti í ákveðinni merkingu/með ákveðið hlutverk er skeytt framan við rætur orða (a.m.k. nokkur orð) til að mynda ný orð þannig að áhrifin á heildarmerkingu hvers orðs eru alltaf þau sömu. (Hvert forskeyti getur síðan haft fleiri en eina merkingu/eitt hlutverk).

Forskeyti er eitt af þrennu:

bundið myndan, sem getur ekki komið fyrir sjálfstætt (t.d. *auð-, einka-, fjöl-*); myndan sem stendur bundið (sem forskeyti) með sumum orðflokki en sem sjálfstætt orð (frjálst) með öðrum orðflokki (eða í einstöku orðasamböndum) (t.d. *afar-, of-, sí-*);

eða myndan sem er samhljóða sjálfstæðu orði (frjálsu myndani) eða rót í slíku orði en hefur aðra merkingu (t.d. *aðal-, höfuð-, hund-, hálf-, sam-, af-, fram-*).

(Sigrún Þorgeirsdóttir 1986:29)

Samkvæmt heimildaskrá og inngangi ritgerðarinnar sækir Sigrún mest til þýskra fræðimanna um fyrirmyndir (Fleischer 1971b og Naumann 1974) og telur forskeytingu til sérstakrar gerðar orðmyndunar sem fellur hvorki undir samsetningu né afleiðslu. Líkindin við samsetningu eru þá þau að forskeyti geta verið frjáls myndön (þ.e. orð) en munur á merkingu og merkingarvenslum skilur samsetningu og forskeytingu að. Samkvæmt Sigrúnu getur merking forskeytis verið breytileg, sbr. tilvitnunina hér að ofan þar sem stendur skýrum stöfum: „**Hvert forskeyti** getur síðan haft fleiri en eina merkingu/eitt hlutverk“.¹³ Merkingarvensl forskeyta eru hins vegar alltaf fyrirsegjanleg þannig að aðeins ein gerð vensla er möguleg með hverri merkingu hvers forskeytis, skv. Sigrúnu, en merkingarvensl í samsettum orðum eru ekki fyrirsegjanleg heldur margræð: „Samsett orð ... virðast geta myndað nánast ótakmarkaðan fjölda merkingarvensla þó að merking fyrri samsetningarliðarins sé óbreytt“ (1986:129). Sigrún virðist byggja flokkun sína því sem næst eingöngu á þessu atriði:

¹³Þetta er andstætt kenningu Aronoffs en hjá honum er merking forskeytisins órjúflegur hluti reglunnar þannig að samhljóðandi forskeyti með breytilegum merkingum teljast vera eins mörg forskeyti og merkingarnar eru. Form og merking falla þá undir sömu regluna en reglurnar eru eins margar og merkingarnar eru, sbr. orð Aronoffs: „Such a consistent correlation of homophony and ambiguity can only be accounted for on the hypothesis that we are dealing here with two different affixes, each with its own meaning and each with its own base“ (Aronoff 1976:48; dæmið er *sizable* sem getur bæði þýtt ‘stór’ (*‘characterized by X’*) og ‘mælanlegur’ (*‘capable of being Xed’*; X = ‘size’). Með því að gera ráð fyrir mörgum merkingum **sama** forskeytis mætti ætla að Sigrún aðhylltist kenningu Jackendoffs (1975) en hann gerir ráð fyrir aðskilnaði forms og merkingar í orðmynduninni og setur upp tvenns konar reglur, fyrir form og fyrir merkingu, þannig að hverri formreglu geta fylgt ein eða fleiri merkingarreglur. Þrátt fyrir orðalagið í skilgreiningu Sigrúnar virðist hún gera ráð fyrir orðmyndunarreglum af sama tagi og hjá Aronoff þar sem form og merking eru sett fram í sömu reglu: „Hver orðmyndunarregla felur í sér ákveðna breytingu á hljóðfræðilegu formi orðs (viðbót, brottfall o.s.frv.) en reglan segir einnig fyrir um allar setningafræðilegar og merkingarlegar upplýsingar nýja orðsins ...“ (1986:6; vísað er til Aronoffs sem fyrirmyndar). Sigrún gerir ekki grein fyrir því hvers vegna hún hafnar aðskilnaði Jackendoffs (sem er á heimildalista hennar) en setur samt fram skilgreiningu á borð við þá sem er hér að ofan.

Munur á forskeytum og fyrri samsetningarliðum samsettra orða held ég að felist fyrst og fremst í því að um forskeytin gilda mun afmarkaðri og ákveðnari orðmyndunarreglur en um samsetningar. ... Áhrif forskeytis á heildarmerkingu ákveðins hóps orða eru alltaf þau sömu og það er hægt að spá fyrir um merkingu nýrra orða með þessu forskeyti (þ.e.a.s. í þessari sömu merkingu). Þegar forskeyti hefur fleiri en eina merkingu þarf að velja eina þeirra áður en heildarmerkingin er ljós ... Aðalatriðið er að merkingarvensl forskeytis og síðari liðar breytast ekki nema merking forskeytisins breytist. (Sigrún Þorgeirsdóttir 1986:128–9)

Það veikir röksemdafærslu Sigrúnar að hún gerir enga tilraun til að gera grein fyrir merkingarvenslum í samsettum orðum og lætur nægja að nefna „nánast ótakmarkaðan fjölda merkingarvensla“ (sbr. tilvitnun hér á undan) og vísar til Jackendoffs (1975) um fjölbreytnina: „Although the meaning of each compound is formed from the meanings of the two [svo!] constituent nouns, the way in which the meaning is formed differs ... (*garbage man, snowman* ...)“ (Sigrún Þorgeirsdóttir 1986:129, tilv. í Jackendoff 1975:655).¹⁴ Nú er það augljóst að ákveðnar reglur gilda um merkingarvensl í samsettum orðum og til þess að halda því fram að munur sé á merkingarvenslum í forskeyttum og samsettum orðum getur ekki verið nægilegt að gera bara grein fyrir merkingarvenslum í forskeyttum orðum. Án raunverulegs samamburðar standur það eitt eftir af skilgreiningu Sigrúnar að einræð merkingarvensl séu einkenni á forskeytingu og komi ekki til greina í samsettum orðum. Samt getur hvert forskeyti haft fleiri en eina merkingu, sbr. næstu tilvitnun hér á undan.

Þá er varla hægt að halda því fram eins og Sigrún gerir að merking samsetningarliða sé alltaf sú sama og grunnmerking orðsins: „Ef aftur á móti um nákvæmlega sömu merkingu fyrri liðar orðmyndunar og t.d. lýsingarorðs, forsetningar eða agnar er að ræða ber að greina sem samsett orð“ (1986:22). Dæmi Sigrúnar um samsett orð og umorðun þeirra duga til að afsanna þetta: *Háaloft* er ekki endilega *hátt loft* og *nýmjólk* þarf heldur alls ekki að vera *ný mjólk*. Síðasti liðurinn í skilgreiningu Sigrúnar á forskeyti sem kveður á um að forskeyti geti verið „myndan sem er samhljóða sjálfstæðu orði (frjálsu myndani) eða rót í slíku orði en hefur aðra merkingu ...“ (sjá skilgreiningu Sigrúnar í heild fremst í þessum kafla) er því tæplega nægileg röksemd til að skilja að forskeyti og fyrri hluta samsettra orða. Merkingarlegu forsendurnar sem Sigrún notar til aðgreiningar á forskeytum og fyrri liðum samsettra orða virðast því ekki vera sérlega traustar enda kemur í ljós að ekki er auðvelt að flokka forskeytin í merkingarflokka: „Merkingarflokkarnir [þ.e. fyrir forskeyti I sem eru bundin myndön] urðu alls sjö þar af er sá stærsti nokkurs konar ruslakista“ (1986:55).¹⁵ Forskeyti II, þ.e. forskeyti sem eru samhljóða sjálfstæðum orðum eða rótum þeirra eru ekki auðveldari viðfangs: „... reynt [var] að skipa forskeytum [þ.e. forskeytum II] niður eftir merkingu og þá kom fram skýr skipting í forskeyti með áherslumerkingu ... annars vegar og forskeyti með ýmiss konar lýsandi merkingu hins vegar ... Ekki var hægt að setja öll forskeytin í slíka merkingarflokka“ (1986:114–115).

Afstaða Sigrúnar til formlegrar framsetningar orðmyndunarreglna og mismunarins á orðmyndunargerðunum þremur sem hún gerir ráð fyrir er fremur óljós. Það verður t.d. ekki séð af ritgerðinni hvort hún telur öll forskeyti til róta eða ekki. Eina almenna skilgreiningin sem sett er fram um afleiðslu er frá Malkiel: „Derivation ... the interplay of a root morpheme with at least one grammatical morpheme“ (Sigrún Þorgeirsdóttir 1986:11; tilv. í Malkiel 1978:127). Þarna eru aðskeyti greinilega ekki talin vera rætur. Skilgreining

¹⁴Hjá Jackendoff er þessi munur ekki notaður til að benda á mismun á forskeytingu og samsetningu og af grein hans er ekki að ráða að hann geri ráð fyrir „ótakmörkuðum fjölda merkingarvensla“ þar sem hann setur upp dæmi um merkingarreglur fyrir samsett orð. Hann gerir ráð fyrir að merkingarreglurnar séu allar í orðasafninu og nái yfir öll hugsanleg vensl en raunveruleg orð séu tilgreind sérstaklega sem slík í orðasafninu.

¹⁵Í hinum flokkunum eru áherslumerking, neitandi merking, neikvæð merking, staðarmerking, tímamerking og fjöldi eða þvíumlíkt.

Sigrúnar á samsetningu er í ætt við hefðbundnar skilgreiningar en hún gefur þrjá kosti, þ.e. að miða við að í samsettum orðum séu fleiri en ein rót, stofn eða orð. Í kaflanum þar sem skilgreiningarnar eru fyrst settar fram færir hún ekki rök fyrir því hvert af þessu sé réttast en kaflanum lýkur á setningunni: „Samsett orð hafa þá fleiri en eina rót“ (1986:13). Síðar í ritgerðinni kemur fram að skilgreiningin á samsettum orðum er þröng: „Hér verður miðað við að liðir í samsettum orðum séu sjálfstæð orð eða rætur í sjálfstæðum orðum“ (1986:127–128).¹⁶ Orðin „samsett orð hafa þá fleiri en eina rót“ er auðvelt að skilja svo að orð sem ekki eru samsett hafi ekki nema eina rót og lýsing Sigrúnar á orðmyndunarreglu styður þann skilning þar sem hún lýsir aðeins afleiðslu og nær ekki yfir samsetningu (þ.e. í anda Aronoffs, sjá nmgr. 20 á bls. 71 og reglu Aronoffs á bls. 30). Sjálf flokkunin bendir hins vegar til þess að forskeyti geti verið rætur þar sem það eru einungis merkingarvenslin sem greina forskeyti frá samsetningarliðum, eins og fram kom hér að ofan.¹⁷

Orðalag í ritgerðinni bendir til þess að Sigrún telji þetta atriði ekki skipta miklu máli þar sem þetta er nokkuð á reiki. Þannig talar hún t.d. á einum stað um „orð og rætur úr ýmsum orðflokkum sem eru notuð eins og forskeyti (forliðir)“ (1986:14) og um orðin *af- ar, of og ofur* sem „hegða sér eins og forskeyti með nafnorðum og sögnum ...“ (1986:19). Þarna kemur ekkert fram sem bendir til þess að eðli orðanna og rótanna breytist og þau hætti að vera orð eða rætur. Forskeyti Sigrúnar hljóta því a.m.k. stundum að vera rætur enda fjallar hún sérstaklega um það hvort forskeyti og samhljóða orð séu afbrigði sama less eða ekki (sjá Sigrún Þorgeirsdóttir 1986:70–71). Hins vegar er svo talað um að aðskeyti sé myndað með reglu: „Skilgreining á óvirku aðskeyti felur í sér að það er ekki myndað með reglu og með því eru ekki mynduð ný orð“ (1986:9). Þarna er tæplega gert ráð fyrir að aðskeytið sé rót þar sem hæpið hlýtur að vera að tala um að mynda rót. Afstaða Sigrúnar til þess hvort viðskeyti og forskeyti eru rætur (og þar með les) eða ekki virðist því vera breytileg.

Eitt atriði í ritgerðinni bendir þó ótvírætt til þess að forskeyti séu les hjá Sigrúnu. Hún gerir ráð fyrir orðmyndun þar sem forskeyti og viðskeyti mynda orð án þess að nokkurt grunnorð sé þar á milli, t.d. í *frumlegur, geysilegur og rosalegur* (1986:147). Af þessu er óhjákvæmilegt að draga þá ályktun að aðskeytin (eða a.m.k. annaðhvort forskeyti eða viðskeyti) verði að vera les en ekki hluti af reglunum sjálfum (þ.e. ekki ferli eins og hjá Aronoff, Anderson o.fl.) þar sem erfitt er að sjá hvernig tvö ferli geta verkað á tómið og búið til orð. Samt sem áður er eina almenna lýsingin sem Sigrún gefur á orðmyndunarreglum í anda Aronoffs þar sem gert er ráð fyrir að orðmyndunarreglur séu ferli, eins og áður sagði. Vegna þess að Sigrún flokkar forskeyti og greinir þau frá samsetningarliðum eftir mismuni á merkingarvenslum en ekki eftir formlegum einkennum er þó nærtækt að álykta að forskeyti hjá henni gætu verið les, óháð því hvort viðskeytin eru það eða ekki.

Eins og hér hefur verið rakið eru mörkin milli samsetningar og forskeytingar hjá Sigrúnu byggð á merkingarlegum forsendum og ekki er tekið tillit til formlegra einkenna í orðmynduninni. Mörkin milli viðskeytingar og samsetningar eru sett með hefðbundnum íslenskum hætti og gert er ráð fyrir að viðskeyti geti verið samhljóða sjálfstæðum orðum (sbr. Alexander Jóhannesson (1927)). Formleg rök á borð við þau sem sett eru fram í 2.4.1 eru því ekki notuð til að greina samsetningu frá forskeytingu og viðskeytingu. Rökin fyrir því að skipta orðmyndun í þrjár megingerðir, þ.e. samsetningu, forskeytingu og viðskeytingu, í stað hefðbundinnar skiptingar í afleiðslu og samsetningu eru fölgín í nokkrum atriðum sem Sigrún telur vera ólík með forskeytingu og viðskeytingu:

¹⁶Samkvæmt þessu er óhugsandi að orðliðir geti verið samsetningarliðir ef í þeim er ekki rót sem kemur fyrir í sjálfstæðu orði. Þá verður að greina liði á borð við þá sem nefndir eru á bls. 24 (t.d. *micro-* og *tele-*) sem forskeyti. Sigrún nefnir þó engin dæmi um slíkt.

¹⁷Sama máli gegnir um viðskeyti þar sem Sigrún gerir ráð fyrir viðskeytum sem eru samhljóða sjálfstæðum orðum, eins og Alexander Jóhannesson o.fl.

(6) Munurinn á forskeytum og viðskeytum

(sbr. Sigrún Þorgeirsdóttir 1986:119–127)

		<i>Forskeyti:</i>	<i>Viðskeyti:</i>
a	Staða í orði:	Standa fremst í orði	Standa aftast í orði
b	Merking:	Bera merkingu	Bera ekki merkingu
c	Áhrif á orðfl.:	Hafa engin áhrif á orðflokki	Hafa áhrif á orðflokki
d	Með orðfl.:	Tengjast mörgum orðflokki	Tengjast einum orðflokki
f	Áhersla:	Hafa aðaláherslu	Hafa ekki aðaláherslu

Sigrún telur þann mun sem kemur fram í þessari töflu nægja til að rökstyðja að viðskeyti og forskeyti séu tvær mismunandi gerðir orðmyndunar sem ekki eigi að flokka saman: „Þessi munur sem hefur komið fram á forskeytum og viðskeytum finnst mér mæla mjög gegn því að flokka þessi tvö aðskeyti saman undir afleiðslu“ (1986:127).

Tvö af atriðunum sem þarna eru talin fram sem rök fyrir því að forskeyting og viðskeyting séu mismunandi gerðir orðmyndunar eru bein afleiðing af fyrsta liðnum í töflunni og geta því varla talist sjálfstæð rök. Staða í orði (a) ræður því að viðskeyti hafa áhrif á orðflokki (sjá c) þar sem öll orð í íslensku hafa formlegan hægri haus, þ.e. orðliðurinn sem er lengst til hægri í orði ræður alltaf orðflokki. Staða í orði ræður líka áherslu (sjá e) þar sem áhersla er alltaf á fyrsta atkvæði í orði, óháð því hvort það er forskeyti eða ekki, eins og Sigrún tekur reyndar fram (1986:126).¹⁸

Annar liðurinn í töflunni (b) er vandmeðfarinn eins og sjá má af því að málfræðingar veigra sér við að reyna að skilgreina muninn á afleiðslu og samsetningu út frá merkingu þannig að aðskeyti séu merkingarsnauð en samsetningarliðir ekki, sbr. 2.4.2 hér að framan. Sigrún virðist þarna flokka forskeyti með samsetningarliðum en samkvæmt henni er það samt ekki ótvírætt að forskeyti beri merkingu en viðskeyti ekki og hún segir „að finna megi mikilvægar undantekningar frá reglunni í báðum tilvikum“ (1986:122). Merkingarlegur munur á forskeyti og viðskeyti er því ekki afdráttarlaus heldur.

Fjórði liðurinn í töflunni (d), þ.e. með hve mörgum orðflokki forskeyti og viðskeyti eru notuð, er heldur ekki afdráttarlaus skv. Sigrúnu sem gefur nokkur dæmi um viðskeyti sem mynda orð af fleiri en einum orðflokki, þ.e. *-all*, *-ill*, *-ull*, *-ó* og *-sk*. Þetta er síðan borið saman við forskeytt orð sem sagt er að megi „nota með fleiri en einum orðflokki; sum þeirra, t.d. *al-*, má nota með öllum orðflokki ...“ (1986:125). Þessi samanburður er ekki í samræmi við orðalag í töflunni hér að ofan (sem tekið er beint úr ritgerðinni, sjá Sigrún Þorgeirsdóttir 1986:127) þar sem skýrum stöfum er sagt „tengjast mörgum orðflokki“ og „tengjast einum orðflokki“. Þau orð verða ekki skilin öðru vísi en svo að ætlunin sé að bera saman þá orðflokka sem viðskeyti og forskeyti geta bæst við, þ.e. orðflokki grunnorðanna sjálfra.¹⁹ Í reynd er gerður samanburður á heildarútkomunni úr orðmyndunarreglunum, þ.e. á afleiddum orðunum sjálfum. Þarna er því verið að bera saman ósambærilega hluti, þ.e. annars vegar orðflokki á úttakinu úr orðmyndunarreglum um viðskeytingu (sem ræðst af síðasta lið í orðinu, þ.e. viðskeytinu þar sem formlegir hægri hausar eru algildir í íslensku) og hins vegar orðflokki grunnorðsins sem forskeyti bæstist

¹⁸Þetta er reyndar ekki undantekningarlaust hvað forskeytin varðar eins og Sigrún bendir líka á.

¹⁹Slíkur samanburður á inntakinu í orðmyndunarreglur fyrir forskeytingu og viðskeytingu hefði e.t.v. gefið áhugaverða niðurstöðu og hefði a.m.k. verið tilefni til að athuga kenningu Aronoffs um einsleitann grunn (*Unitary Base Hypothesis*) sem Sigrún hafnar í reynd hvað forskeytingu varðar (án þess að nefna kenninguna með því nafni) þegar hún gerir ráð fyrir að eitt og sama forskeytið geti tengst mörgum orðflokki. Þetta atriði er ekki athugað í sambandi við viðskeytingu en þar er kenningunni um einsleita útkomu (*Unitary Output Hypothesis*) hins vegar hafnað með því að gera ráð fyrir að eitt viðskeyti geti myndað orð af fleiri en einum orðflokki, sbr. viðskeytin *-all*, *-ill*, *-ull*, *-ó* og *-sk*. (Kenningin um einsleita útkomu er augljós af bók Aronoffs þótt hann nefni hana ekki því nafni þar sem liðir í orðmyndunarreglum hans eru alltaf orðflokksmerktir. Nafnið er fengið úr Scalise 1986.)

framan á, þ.e. orðflokkinn á inntakinu í orðmyndunarregluna.²⁰

Niðurstaðan er því sú að eina atriðið í töflunni sem ótvírætt bendir til mismunar á viðskeytingu og forskeytingu sé mismunandi staða þessara liða í orði. Þar sem mörk forskeytingar og samsetningar eru aðeins byggð á merkingarlegum forsendum sem erfitt er að skilgreina nákvæmlega er þrískipting í orðmynduninni því e.t.v. fremur hugsuð sem einhvers konar prótótýpukenning en að orðmyndunargerðunum þremur sé ætlað að vera afdráttarlausar eins og venjulega er gerð krafa um í sambandi við skilgreiningar í generatífri málfræði.

Það sem gefur sérstakt tilefni til að skoða aðferðir og greiningu Sigrúnar í ljósi generatífra kenninga er það að tekið er fram í inngangi ritgerðarinnar að þar sé „stuðst við almenn hugtök í generatífri orðmyndunarfræði eftir því sem tilefni gefst til“ (1986:2). Í ljósi þessara orða er í verunni lítill gaumur gefinn að meginviðfangsefnum og meginhugmyndum generatífista. Sigrún segir reyndar að erfitt sé um vik að fást við generatífa orðmyndunarfræði vegna þess að „heilðstæð lýsing á generatífri orðmyndunarfræði hefur enn ekki verið samin“ (1986:163). Henni virðist því ekki hafa verið kunnugt um bók Scalises *Generative Morphology* en fyrsta útgáfa hennar kom út 1984. Hún virðist heldur ekki hafa haft aðgang að eldri generatífum verkum eins og Allen (1978), Siegel (1974) og Selkirk (1982) sem sum hver, að minnsta kosti, komu út allnokkru áður en ritgerðin var skrifuð. Þetta er bagalegt vegna þess að Sigrún hafnar generatífu kenningunum með rökum sem byggjast á merkingu en gerir ekki grein fyrir því á hverju generatífstær sjálfir byggja kenningar sínar, en eins og sjá má í næsta kafla hér á undan er merkingin nánast aukaatriði í skilgreiningum generatífista á muninum á afleiðslu og samsetningu. Sigrún hafnar því kenningum generatífista en hrekur þær ekki.

3.3.3 Margaret Stong-Jensen (1987)

Í greininni *Lexical Overgeneration in Icelandic* setur Margaret Stong-Jensen fram greiningu á bundnum síðari liðum í samsettum orðum sem myndaðir eru af sjálfstæðum orðum með viðskeytinu *-i*, t.d. *-yrði* af *orð*. Markmið hennar í greininni er að sýna fram á að gera verði ráð fyrir ofvirkum orðmyndunarreglum, þ.e. að ekki sé hægt að setja það skilyrði að úttakið úr öllum orðmyndunarreglum séu raunveruleg orð, eins og Aronoff og Kiparsky gera.

Viðfangsefni hennar eru afleiðd orð sem aldrei koma fyrir nema sem orðhlutar í samsettum orðum og dæmi sem hún nefnir um slíkt í ensku eru *goer*, *eyed* og *sightly* sem hún segir aðeins koma fyrir í orðum á borð við *church-goer*, *three-eyed* og *unsightly*. Það að orðin koma aðeins fyrir sem samsetningarliðir veldur vandamálum hjá þeim sem ekki gera ráð fyrir ofvirkri orðmyndun og þetta ferli þarfnast því sérstakrar skýringar:

Any linguistic explanation must account for the failure of such words to occur alone, while allowing the lexicon to generate them as parts of longer words.

(Stong-Jensen 1987:182)

Hugmyndakerfið sem Stong-Jensen er að vinna í er í ætt við mynd Pesetskys (1985) af orðasafninu þar sem sérstök rökformgerð í orðasafni tekur við hverjum hring af víxlverkandi orðmyndunar- og hljóðkerfisreglum þannig að orðgerðin verður sýnileg áfram þótt

²⁰Orðalag hér er í samræmi við kenningu Aronoffs um það að aðskeytin séu aðeins hluti reglunnar, en Sigrún virðist leggja þann skilning í þetta, ef marka má lýsingu hennar á orðmyndunarreglum (sjá þó athugasemd um aðskeyti sem les á bls. 69 hér). Ef gert er ráð fyrir að aðskeyti séu les og séu inntak í reglurnar eins og grunnorðin þá má orða þetta þannig að verið sé að bera saman áhrif aðskeytis á orðflokk annars vegar (í viðskeytingunni) og áhrif grunnorðsins á orðflokk hins vegar (í forskeytingu). Í báðum tilfellum ræður formlegur hægri haus orðflokki.

regluvirkni haldi áfram. Þetta er því að hálfu leyti líkt líkani Kiparskys, þ.e. með tilliti til víxlverkunarinnar, en ólíkt að því leyti að orðin flytja með sér upplýsingar um innri gerð á milli laga. Hornklofaeyðing fer m.ö.o. ekki fram í lok hvers lags (sjá (9)h á bls. 39 hér að framan). Leiðin sem Stong-Jensen fer í glímunni við orðhluta eins og *-menn*, *-hýsi* og *-nefni* byggist á því að gera ráð fyrir ofvirkri orðmyndun þannig að venjulegar orðmyndunarreglur myndi þessa bundnu samsetningarliði á venjulegan hátt. Það að þeir koma ekki fram sjálfstæðir skýrir hún síðan með lögmáli Kiparskys (1983) um hömlur á myndun samheita (*Avoid Synonymy Principle*):

Avoid Synonymy (Kiparsky 1983):

The output of a lexical rule may not be synonymous with an existing lexical item.

(Stong-Jensen 1987:190)

Til þess að hægt sé að beita þessu lögmáli verður innri gerð orðanna að halda áfram að vera sýnileg þar sem hluti af kenningunni felst í því að ekkert komi í veg fyrir samheiti ef um grunnorð er að ræða. Lögmálið á aðeins við um afleidd eða samsett orð, þ.e. afrakstur af orðmyndunarreglu. Það dugur því til að skýra að *-menn* getur ekki staðið frjálst þar sem það er samheiti við *maður* en hins vegar er ekkert sem kemur í veg fyrir samheiti eins og *maður* og *halur*.

Í upphafi greinar sinnar nefnir Margaret Stong-Jensen þrjár leiðir sem farnar hafa verið í glímunni við bundna orðliði af því tagi sem hér eru til umræðu: Allen (1978) telur þessa liði vera myndaða með venjulegum orðmyndunarreglum en telur þá síðan merktu í orðasafni þannig að þeir komi aldrei fram sjálfstæðir, í samræmi við það sem líkan á borð við kenningu Halles (1973) gefur færi á. Greining hennar byggist því á ofvirkni og skilyrðingu í orðasafni. Kiparsky (1982a) gerir ráð fyrir þrígreiningu í orðum af þessu tagi, t.d. í *church-goer*:

(7) [[church]_N [go]_V___]_{N,Agent}

og viðskeytið hefur þá flokkunarramma þar sem gert er ráð fyrir grunni af þessari gerð. Samkvæmt kenningu Kiparskys eru viðskeyti ekki eind í orðasafni heldur hluti af reglu sem verkar þarna á tvo liði í einu. Samkvæmt kerfi hans er ofvirkni bönnuð þar sem útkoman úr hverri reglu verður að vera raunverulegt orð.

Pesetsky (1985) deilir síðan á greiningu Kiparskys vegna þrígreiningarinnar sem ekki er þörf á til að lýsa enskri orðmyndun nema í orðum af þessu tagi. Þá benda staðreyndir um hliðtengingu til þess að aðskeyti séu af öðru tagi en samsetningarliðir. Samsetningarliði má hliðtengja (sjá (8) a) en ekki orðhluta á undan aðskeyti (sjá b) og heldur ekki aðskeytin sjálf (sjá c). Þetta sýnir, skv. Pesetsky, að aðskeyti eru ekki orðliðir (*constituents*) þar sem þau er ekki hægt að hliðtengja:

(8) **Hliðtenging liða:**

- | | | |
|---|---------------------|---|
| a | Samsetningarliðir: | hand riveted and decorated
(þ.e. hand riveted and hand decorated) |
| b | Liðir með aðskeyti: | *hand rivet- and machine decorated
(þ.e. hand riveted and machine decorated) |
| c | Aðskeyti: | *hand rivet-ed and -er
(þ.e. hand riveted and hand riveter) |

Því telur Pesetsky greininguna hljóta að vera þá að fyrst sé síðari hlutinn myndaður (*riveter*) og síðan fari samsetningin fram:

(9) $[[hand]_A [[rivet]_V er]_N]_N$

Þá segir Pesetsky þriggreiningu á borð við þá hjá Kiparsky hljóta að byggjast á því að aðskeytin séu orðliðir (a.m.k. eftir því sem Stong-Jensen segir):

Correspondingly, the structures [as in Kiparsky's version], which claim constituency for the suffix, predict gappings like **one eye- and handed*, **church go- and supporter*.
(Stong-Jensen 1987:183)

En samkvæmt Kiparsky sjálfum (sjá 2.5.4) eru aðskeyti aðeins hluti af orðmyndunarreglum, eins og sjá má af tilvitnun á bls. 40. Þar með eru þau ekki eindir í orðasafninu og geta því ekki verið orðliðir. Þarna er því eitthvað málum blandið. Fjórða greiningin sem nefnd er í greininni er síðan ættuð úr Lieber (1983) en greining hennar byggist á athugun á rökliðum í samsettum orðum og loks kemur Margaret Stong-Jensen með sína útgáfu sem byggir á því að bundni liðurinn sé myndaður með afleiðslureglu áður en samsetta orðið verður til, í samræmi við lagskipt líkan eins og líkan Kiparskys. Allar þessar útgáfur fylgja hér á eftir, regla Kiparskys í (10) a, útgáfa Pesetskys af greiningu Kiparskys í b, greining Pesetskys sjálfs í c, Lieber í d og Stong-Jensen í e:

(10) **Hugmyndir um greiningu:**

a	Kiparsky (regla):	$[[X] [X] __]$	$[[one]_Q [eye]_V __]_A$
b	K., skv. Pesetsky	$[[X] [X] [af]]$	$[[hand]_A [rivet]_V [ed]]_A$
c	Pesetsky	$[[X] [[X] af]]$	$[[one]_Q [[eye]_V ed]_A]_A$
d	Lieber (1983)	$[[[X] [X]] af]$	$[[[truck]_N [drive]_V]_V er]_N$
e	Stong-Jensen	$[[X] [X]]$	$[[one]_Q [eyed]_A]_A$
	sbr.	$[[X] [X]]$	$[[slangur]_N [yrði]_N]_N$
	og reglan	$[[X]af] \rightarrow X-af$	$[[orði]i] \rightarrow yrði$

Dæmin sem Margaret Stong-Jensen notar úr íslensku eru bundnir samsetningarliðir sem eru myndaðir af sjálfstæðum nafnorðum með nafnorðsviðskeytinu *-i* (í hvorugkyni)²¹ eins og hér er sýnt:

(11) **Ofvirk orðmyndun með aðskeytinu -i**

	Grunnorð:	Afleitt orð:	Dæmi:
a	dagur	-degi	hádegi
b	gras	-gresi	mýrgresi
c	hús	-hýsi	hjólhýsi
d	land	-lendi	láglandi
e	maður	-menni	göfugmenni, karlmenni
f	nafn	-nefni	auknefni
g	nótt	-nætti	miðnætti
h	orð	-yrði	slanguryrði, háðsyrði

Hún telur hljóðkerfisleg rök sýna að í íslensku hljóti bundnu liðirnir að vera myndaðir með afleiðslu áður en samsetta orðið er myndað og miðar þá við að orðmyndunin fari fram í lagskiptu líkani á borð við líkan Kiparskys. Meðal þess sem hún nefnir sem einkenni á I. stigi í líkaninu er d-innskot, aðblástur, framgómun, u-hljóðvarp og synkópa, auk

²¹Hún tekur sérstaklega fram að þetta eigi ekki við um orð sem mynduð eru af lýsingarorðum eða sögnum. Þetta á samt ekki við um öll orð sem mynduð eru af nafnorðum með þessu viðskeyti þar sem sum þeirra geta komið fyrir sjálfstæð.

i-hljóðvarps, sem hún segir vera bundið við I. stigið, en það er einmitt einkennandi fyrir bundnu liðina hér. Þá segir hún beygða fyrri hluta ekki koma fyrir á undan viðskeytinu sem hér um ræðir, þótt slíkt sé ekki bundið við samsetningu, sbr. það að viðskeyti eins og *-legur* og *-laus* komi bæði fyrir með óbeygðum og beygðum fyrri hlutum. Þá telur hún hliðtenginguna (sjá 12) sýna að afleiddu bundnu liðirnir hljóti að vera orðliðir (*constituents*) í samsettu orðunum sem þeir eru hluti af. Um afleiddu orðin gegnir öðru máli og það segir Margaret Stong-Jensen styrkja það enn frekar að afleiðslan fari fram í I. lagi líkansins, en hliðtenging í orðmyndun þaðan á ekki að ganga:²²

(12) **Dæmi um hliðtengingu:**

- | | | | |
|---|---|--------------|-----------------------------------|
| a | 1 | Samsett orð: | trjá- og runnaræktun |
| | 2 | | trjáræktun og -plöntun |
| b | 1 | Aðskeyti II: | drengi- og göfuglegur |
| | 2 | | sígarettu- og vínlaus |
| c | 1 | Aðskeyti I: | *Hann er bæði leik- og söngvari. |
| | 2 | | Hann er bæði leikari og söngvari. |
| | 3 | | skóg- og kjarrlendi |

Þessi dæmi telur Margaret Stong-Jensen sýna bæði það að bundnu liðirnir (eins og í c 3) séu myndaðir í I. lagi í líkaninu og að þeir séu orðliðir.

Vandamálið sem Margaret Stong-Jensen er að glíma við í greininni er meðal annars það að gera grein fyrir þessari orðmyndun þannig að aðeins komi fram raunveruleg orð, enda gengur hún út frá þeirri hugmynd að orðmyndunarreglurnar eigi að sýna öll tæk orð, en ekki fleira (nema hægt sé að skýra það á einhvern hátt eins og hér er gert). Þess vegna grípur hún til lögmáls Kiparskys um hömlur á myndun samheita. Afleiddu orðin sem koma aðeins fyrir bundin eru þá samheiti við grunnorðin sem þau eru leidd af þar sem skýringin á því að þau geta ekki staðið frjálts er einmitt sú að þarna sé um samheitapör að ræða. Reglan leyfir einfaldlega ekki myndun samheita af þessu tagi. Það er hins vegar ekkert því til fyrirstöðu að mynduð séu sjálfstæð orð með sama viðskeyti ef merking afleidda orðsins er ekki sú sama og orðsins sem það er leitt af, t.d. *lyndi* af *lund* og *veldi* af *vald*. (Og þá er væntanlega ekkert heldur sem kemur í veg fyrir að mynduð séu bundin orð í annarri merkingu en grunnorðið en þann möguleika ræðir Stong-Jensen ekki.) Samheitalögmál Kiparskys verkar ekki innan lags í líkaninu og því er ekkert því til fyrirstöðu að mynduð séu samsett orð af báðum orðmyndunum, grunnorðinu og bundnu samheiti þess, t.d. *slangurorð* og *slanguryrði*. Það er aðeins úttakið úr afleiðslunni sjálfri, þ.e. orðmynduninni á I. stigi í líkaninu sem þetta gildir um, a.m.k. í þessu tilfalli. Dæmi um samheiti þar sem annað orðið væri grunnorð en hitt afleitt orð í sömu merkingu yrði því að teljast gagndæmi gegn þessari kenningu.

3.3.4 Þorsteinn G. Indriðason (1994)

Í kándídatritgerð Þorsteins G. Indriðasonar, *Regluvirkni í orðasafni og utan þess. Um lexíkalska hljóðkerfisfræði íslensku* (1994), eru settar fram kenningar um íslenska orðmyndun með aðferðum lexíkalskrar hljóðkerfisfræði þar sem orðasafnið er lagskipt, eins

²²Dæmi b 1 um hliðtengingu orða með aðskeyti II dugar illa og önnur sambærileg virðast ekki betri: *???dugnaðar-* og *myndarlegur*, *???ítar-* og *vandlega*. Það orkar svo e.t.v. tvímælis að greina *-laus* sem viðskeyti, eins og nánar verður komið að síðar. Ef þetta er rétt athugað þá stenst röksemdafærslan um lagskiptinguna í greininni illa. Hins vegar er ljóst að hliðtengingin styður liðgerðina sem þarna er sett upp fyrir bundnu afleiddu orðin, *skóglend-* og *kjarrlendi* er alveg ótækt!

og hjá Kiparsky²³ (sjá 2.5.4. hér að framan) og hjá Margaret Stong-Jensen í næsta kafla hér á undan. Lagskiptingin byggist fyrst og fremst á hljóðkerfislegum rökum, þ.e. hún ákvarðast af virkni hljóðkerfisreglna, en henni er einnig ætlað að „endurspegla orðbyggingu eða orðmyndun viðkomandi tungumáls, m.ö.o. að „segja satt““ (Þorsteinn G. Indriðason 1994:61).

Þorsteinn segir meginmarkmið ritgerðarinnar vera tvíþætt: „að gefa yfirlit um helstu þætti lexíkalskrar hljóðkerfisfræði með nokkrum samanburði við aðrar stefnur í hljóðkerfisfræði ...“ og „að prófa kenninguna á nokkrum völdum efnum úr íslensku máli“ (1994:11). Í þessum kafla verða niðurstöður og flokkun Þorsteins athugaðar til þess að sjá hvaða mynd hann gerir sér af muninum á afleiðslu og samsetningu. Orðhlutafræðilegar röksemdir verða skoðaðar sérstaklega, en eins og fram kom í kaflanum um Kiparsky hér að framan virðist sá þátturinn oft vera tungumálsbundinn og er því sérstaklega áhugaverður til að sjá hvernig kenningunni um lagskipt orðasafn reiðir af þegar sett er fram kerfi sem ná á yfir öll stig í orðmyndun eins tungumáls. Þess ber þó að geta að orðhlutafræðilegar röksemdir eru ekki meginatriði í ritgerð Þorsteins og þar er öll áhersla á hljóðkerfislega þætti í kerfinu. Þorsteinn setur fram kenningar um viðskeytingu, samsetningu og beygingu, auk viðskeytingar greinis sem ekki verður fjallað um hér. Forskeyti fjallar Þorsteinn ekki um. Af hljóðkerfislegum niðurstöðum Þorsteins má draga þá ályktun að mun meiri skil séu á milli flokka viðskeyta innbyrðis en á milli viðskeyta í heild og samsetningar. Þar sem efnið í ritgerð hans er svo nátengt efni þessarar ritgerðar verður lagskiptingin í líkani hans skoðuð með tilliti til orðhlutafræði.

Líkan Þorsteins af orðasafninu er talsvert frábrugðið því sem sagt er frá í kaflanum um Kiparsky hér að framan enda styðst hann fremur við kenningar Mohanans (1986) en bók hans um lagskipt orðasafn í malajalam er mun ítarlegri en greinar Kiparskys. Þannig eru aðskeyti hjá Þorsteini talin vera eindir í orðasafninu sem raðað er saman en Kiparsky telur aðskeytin sjálf hins vegar aðeins vera hljóðform orðmyndunarreglnanna, í anda Aronoffs. Það er því ekki eðlismunur á aðskeytum og samsetningarliðum að þessu leyti hjá Þorsteini og grunneiningin í orðasafninu hjá honum er myndan: „Hugmyndin hér er sú að byggja upp orðið stig af stigi í lögum í orðasafninu með samsetningu myndana“ (1994:35). Þá er sá munur á aðferð Kiparskys og Þorsteins að Kiparsky gerir ráð fyrir að hornklofum sé eytt í lok hvers lags þannig að reglur sjá ekki inn í orð sem mynduð eru í fyrri lögum (sjá (9)h á bls. 39 hér að framan) en Þorsteinn gerir ráð fyrir hornklofaeyðingu eftir hverja einstaka orðmyndunaraðgerð, einnig innan laga. Endurkvæmar reglur innan lags hafa því ekki aðgang að upplýsingum um innri gerð orða sem mynduð eru í sama lagi og þær sjálfar verka í (sjá Þorsteinn G. Indriðason 1994:36). Þorsteinn styðst í þessu við skilgreiningu Mohanans sem hann segir vera nákvæmari en eldri skilgreiningar:

...því hún gerir ráð fyrir því að orðmyndun geti átt sér stað oftast en einu sinni í hverju lagi um sig og að upplýsingum um innri gerð orða sé eytt eftir hverja orðmyndun þannig að hljóðkerfisreglur á næsta regluhring (cycle) á eftir hafi ekki aðgang að henni. (Þorsteinn G. Indriðason 1994:36)

²³ Áður höfðu Kiparsky (1984), Kjartan G. Ottósson (1988) og Þórhallur Eyþórsson (1990) sett fram kenningar um íslensku samkvæmt þessu kenningakerfi. Hér verður aðeins fjallað um verk Þorsteins, þar sem Kiparsky og Kjartan sleppa samsetningu úr umfjöllun sinni og því verður lítið ráðið um mismuninn á afleiðslu og samsetningu af verkum þeirra. Efasemdir um ágæti lagskiptingarinnar koma síðan fram hjá Kristjáni Árnasyni (1987, 1988) og einnig efasemdir um að orðhlutabáttur málkerfisins þurfi endilega að eiga heima í orðasafninu: „Obviously, there are other things in the lexicon than morphology (e.g. syntactic constructions can be lexicalized as idioms); and indeed there is no logical necessity for morphology to be in the lexicon ...“ (Kristján Árnason 1988:2; sjá líka nmgr. 18 á bls. 29 hjá Þorsteini).

Að flestu öðru leyti er framsetning Þorsteins í samræmi við atriðin sem sett eru fram í kaflanum um Kiparsky hér að framan (sjá (9) á bls. 39), þ.e.a.s. hvað orðhlutafræði varðar, þótt lagskiptingin hjá Þorsteini sé önnur en gert er ráð fyrir þar. Skiptingin hjá Þorsteini er þessi (1994:149):

(13) **Lagskipting orðasafnsins hjá Þorsteini G. Indriðasyni:**

- lag 1: viðskeyting I
- lag 2: beyging
- lag 3: viðskeyting greinis
- lag 4: viðskeyting II, samsetning

Rökin fyrir þessari lagskiptingu segir Þorsteinn vera bæði hljóðkerfisleg og orðhlutafræðileg. Hljóðkerfislegu rökin „byggjast á því að reglur í orðasafni þurfi að verka í samliggjandi lögum“ en orðhlutafræðilegu rökin „byggjast að mestu á dreifingu orðhluta innan orðs“ (1994:56). Í reynd er greining Þorsteins (því sem næst) eingöngu byggð á hljóðkerfislegri flokkun sem byggð er á niðurstöðum úr rannsókn hans á virkni fimmtán hljóðkerfisreglna, tólf samhljóðareglna og þriggja sérhljóðareglna.²⁴ Þetta efni er meginuppistaðan í ritgerð Þorsteins, eins og áður sagði, enda er orðhlutafræðiþættinum ekki ætlaður stór hlutur hjá honum.

Þorsteinn skiptir viðskeytum í tvo flokka en skilgreining hans á muninum á viðskeyti og sjálfstæðu orði er þessi (leturbreytingar KB):

Í þessum inngangi er einnig nauðsynlegt að ákvarða hvað skilji að viðskeyti og sjálfstæðu orð. Hér verður notast við **grófa skilgreiningu** en ekki er tómt að fara út í þá gróskumiklu umræðu um það hvort þarna sé munur á eða ekki Raunar eru einnig flokkuð hér sem viðskeyti þau myndön sem yfirleitt hafa verið talin til hluta afleiddra samsetninga (sjá Sigurð Konráðsson 1987). Skilgreiningin sem notast verður við hér, og sem **þjónar ágætlega tilgangi sínum** í þessari ritgerð, er eftirfarandi:

Viðskeyti eru að því leyti frábrugðin sjálfstæðum orðum eða orðstofnum að þau geta ekki staðið ein sér. (Þorsteinn G. Indriðason 1994:70)

Aðra skilgreiningu á sjálfstæðu orði er ekki að finna í ritgerðinni og hlýtur því að verða að ráða það af skilgreiningunni hér að það geti staðið eitt sér þar sem annars væri merkingarlaus að skilgreina viðskeyti út frá þessu atriði. Í neðanmálsgrein (s.st.) tekur Þorsteinn fram að sumt af því sem hann flokkar sem viðskeyti geti „undir einhverjum kringumstæðum verið fullgild orð, sbr. *leikur*, *lyndi* og *laus*“.²⁵

Þorsteinn skoðar aðeins viðskeyti sem hefjast á *e*, *i*, *í*, *l*, *n*, *u* og *t*, en í því umhverfi hafa hljóðkerfisreglurnar sem hann er að rannsaka tækifæri til að verka. Ekki tekur hann

²⁴ Aðrir sem sett hafa fram greiningu á íslensku með þessum aðferðum hafa aðallega athugað sérhljóðareglur og niðurstöður verða aðrar þegar samhljóðareglur eru athugaðar líka:

Með því að skoða samhljóðareglur líka fæst skýrari mynd af lexíkalskri hljóðkerfisfræði íslensku, og stundum ganga niðurstöður þeirra rannsókna sem hér eru fram lagðar á skjön við eldri niðurstöður, einmitt vegna þessa. T.d. eru viðskeyti í íslensku einn samstæður hópur ef virkni sérhljóðareglna úr þeim yfir í rót er skoðuð, en sé virkni samhljóðareglna skoðuð er nauðsynlegt að skipta þeim í tvo flokka. (Þorsteinn G. Indriðason 1994:13)

²⁵ Það er athyglisvert að Þorsteinn virðist gera ráð fyrir því að orðstofnar geti líka „staðið einir sér“ en annars staðar í ritgerðinni kemur reyndar fram að með sjálfstæðu orði á hann við orð án endingar, sbr. afleiðslu orðsins *sjúklingur* (1994:37). Í því er viðskeytingin sögð fara fram í lagi A og frálegðin þaðan er sjálfstæða orðið [sjúkling] „sem jafnframt er innlegð í lag B þar á eftir þar sem endingu er skeytt við orðið ...“. Á öðrum stað segir svo: „Frálegð hvers lags í orðasafni er fullmyndað orð ...“ (1994:39). Fullmyndað orð þarna er m.ö.o. án endingar.

Þó öll viðskeyti sem hefjast á þessum hljóðum en ekki kemur fram hvernig viðskeytin eru valin.²⁶ Viðskeytin sem athuguð eru og flokkun þeirra er þessi (sjá 1994:77):

- (14) a **Viðskeyti I:** -elsi-, -il-, -ildi-, -indi-, -ing-, -ini-, -ísk-, -li-, -ling-, -nað-, -nesk-, -neski-, -ni-, -ning-, -uð-, -ug-, -ul-, -ung-
 b **Viðskeyti II:** -elsi-, -end-, -ett-, -laga-, -lát-, -laus-, -leg-, -leiðis-, -leik-, -lendi-, -leys-, -leysi-, -lífi-, -líki-, -ling-, -lynd-, -lyndi-, -læg-, -læti-, -nesk-, -neyti-, -nota-, -næmi-, -nætti-, -tak-, -ung-

Það er athyglisvert að -elsi-, -nesk- og -ung- koma fyrir í báðum flokkum. Þá segir Þorsteinn einnig að -elsi-, -laus-, -leg-, -ling-, -nesk- og -ung- geti valdið hljóðbreytingu í rót þótt þau séu flokkuð sem viðskeyti II (sjá 1994:76).²⁷

Hljóðkerfislegu rökin fyrir skiptingu viðskeyta í tvo flokka og lagskiptingu í líkaninu eru þau að viðskeyti I og beygingarendingar haga sér eins með tilliti til regluvirkni hljóðkerfisreglna ef umhverfið gefur tilefni til þess. Virkni hljóðkerfisreglnanna skipar síðan viðskeytum II og samsettum orðum saman í flokk, eins og sést á yfirlitstöflu Þorsteins um allar reglurnar fimmtán og virkni þeirra innan orðasafns og utan (1994:128). Hér fylgir sá hluti þessarar töflu sem sýnir mismunandi regluvirkni²⁸ milli rótar og viðskeytis I (*Rót+vsk.I*), stofns og endingar (*Stofn+end.*), rótar og viðskeytis II (*Rót+vsk.II*) og í samsettum orðum (*Samsetn.*). Stjórnumerking sýnir að umhverfi reglunnar kemur ekki fram.

(15) **Virgni hljóðkerfisreglna í orðasafni, skv. Þorsteini G. Indriðasyni:**

	Umhverfi			
	<i>Rót+vsk.I</i>	<i>Stofn+end.</i>	<i>Rót+vsk.II</i>	<i>Samsetn.</i>
Aðblástur	+	+	—	—
Afröddun	*	+	*	+
Framgómun	+	+	—	—
Lokhlj. á undan /n, l/	+	+	—	—
/d/-innskot	+	+	—	—
Frálíking	*	+	—	—
Önghljóðun lokhlj.	+	+	—	—
U-hljóðvarp	+	+	*	—
Brottf. áherslul. s.	+	+	*	—

Með þeirri skiptingu sem sýnd er í töflunni er skilyrðið um það að regla geti aðeins verkað í samliggjandi lögum ekki brotið (sjá (9) g á bls. 39 hér að framan). Þessar niðurstöður gefa afdráttarlaust til kynna að hljóðkerfislega séu skilin í orðmynduninni ekki á milli afleiðslu í heild og samsetningar heldur á milli viðskeytaflokkanna innbyrðis.

²⁶Með samanburði við listann um viðskeyti úr bók Alexanders Jóhannessonar (1927, sjá bls. 55–57 hér að framan) má sjá hvaða viðskeytum Þorsteinn sleppir. Viðskeytagreining Alexanders byggir á sögulegum grunni og því er eðlilegt að margt af því sem þar er komi ekki fram í greiningu á nútímamáli. Þó hefði e.t.v. verið ástæða til að hafa með viðskeyti eins og -i-, -inn-, -ir-, -isti-, -tur (-dur-, -ður); -und og -un þar sem sum af þessum viðskeytum eru mjög virk í málinu. Þau ættu því að flokkast sem viðskeyti II ef tekið er mið af þeirri kenningu í lexíkalskri hljóðkerfis- og orðmyndunarfræði að virkni aukist eftir því sem neðar dregur í líkaninu (sjá (9) k á bls. 39 hér að framan), en hljóðkerfislega virðast þau ekki vera samstæð. Loks er viðskeytið -un ekki með í viðskeytalistanum en hlýtur samt að teljast til viðskeyta I og er notað sem slíkt í dæmi á bls. 140 hjá Þorsteini.

²⁷Þorsteinn gerir ekki ráð fyrir tveimur samhljóða viðskeytum í þessum tilfellum, ef marka má eftirfarandi athugasemd: „Þó eru ekki alveg skörp skil milli viðskeyta að þessu leyti því í kafla 3.2.1 sáum við að fáein vsk.II gátu stundum valdið hljóðbreytingu í rót“ (1994:80).

²⁸Reglum þar sem virkni er eins í öllu orðasafninu er sleppt úr töflunni hér, þ.e. reglum um samlögun og önghljóðun nefhljóða og brottfallsreglum. Í þessum reglum kemur fram mismunur í virkni innan orðasafnsins og utan þess.

Orðhlutafræðilegu rökin sem Þorsteinn setur fram eru ekki eins sannfærandi og hljóðkerfislegu rökin enda er þeim ekki ætlað sama vægi.²⁹ Orðhlutafræðilegu rökin eru fólgin í dreifingu orðhluta innan orða. Þannig eru beygingarendingar aðgreindar frá viðskeytum I og skipað í sérstakt beygingarlag (lag 2) vegna þess að endingarnar koma alltaf fjær stofni en viðskeyti I.³⁰ Þá byggist greiningin á því að viðskeyti I geti aldrei komið fyrir á eftir viðskeyti II, eins og sjá má af eftirfarandi lýsingu Þorsteins sem byggð er á Mohanan:

Ef viðskeyti af þessum flokkum [vsk.I og vsk.II] koma fyrir innan sama orðs þá raða þau sér þannig að vsk.I koma fyrir innan vsk.II (nær rót). Viðskeyti af sama flokki geta auðveldlega tengst innbyrðis ... og ekkert er því til fyrirstöðu að vsk.II geti tengst beint við rót, svo fremi það sé eina viðskeytið í orðinu.“

(Þorsteinn G. Indriðason 1994:78)

Þorsteinn gefur fjögur dæmi til að sýna fram á að viðskeyti I geti ekki farið á eftir viðskeytum II og fylgja þau hér í töflu (16). Í öllum orðunum hefur Þorsteinn þann háttinn á að taka orð sem mynduð eru með einu viðskeyti úr hvorum flokki og reyna síðan að víxla röð viðskeytanna þannig að viðskeyti II færist fram fyrir viðskeyti I. Fremst í töflunni eru orðin eins og Þorsteinn setur þau upp (*höfð-ing-leg-ur*; **höfð-leg-ing-ur*) og eru þau skáletruð til aðgreiningar. Öðru efni í töflunni er bætt við hér til skýringar.

(16) **Dæmi um röðun viðskeyta I og viðskeyta II**
hjá Þorsteini G. Indriðasyni:

- | | | | | | |
|----|---|-------------------------|----|---------------|--|
| 1. | a | <i>höfð-ing-leg-ur</i> | i | höfðingi: | [[höfð] _N [-ing-i] _N] _N |
| | | | ii | höfðinglegur: | [[höfð-ing] _N [-leg-ur] _A] _A |
| | b | <i>*höfð-leg-ing-ur</i> | i | *höfðlegur: | [[höfð] _N [-leg-ur] _A] _A |
| | | | ii | — | |
| 2. | a | <i>hreyf-il-laga</i> | i | hreyfill: | [[hreyf] _V [-il] _N] _N |
| | | | ii | hreyfillaga: | [[hreyf-il] _N [-laga] _A] _A |
| | b | <i>*hreyf-laga-il</i> | i | *hreyflaga: | [[hreyf] _V [-laga] _A] _A |
| | | | ii | — | |

²⁹Í ritgerðinni kemur víða fram að orðhlutafræðilegu rökin virðast vera minna áriðandi en þau hljóðkerfislegu. Þar sem rökin stangast á ræður hljóðkerfisfræðin:

Mohanan (1986:52) telur að best sé að lagskiptingin sé studd bæði hljóðkerfis- og orðhlutafræðilegum rökum, en þó sé það ekki nauðsynlegt. Í þeim tilvikum sem hljóðkerfisfræðin gefur aðra niðurstöðu en orðhlutafræðin hefur slíkt misræmi verið leiðrétt með lykkjunni ...

(Þorsteinn G. Indriðason 1994:59)

Á öðrum stað segir að hlutverk lagskiptingarinnar sé „að takmarka virkni hljóðkerfisreglna þannig að þær verki eingöngu á það umhverfi sem myndað er í viðkomandi lagi“ (1994:36) og einnig: „Með lagskiptingu af þessu tagi er fundin leið til þess að hindra það að hljóðkerfisreglur verki án þess að nota tákni um orðhlutaskil“ (1994:37). Það hve sjónarhornið er afdráttarlaust bundið hljóðkerfisfræði sést þó e.t.v. best af eftirfarandi málsgrein (leturbreyting KB):

Liðgerðarreglurnar í setningahlutanum hafa svipuðu hlutverki að gegna og þær reglur sem tengja saman orðhluta í orðasafni: **þær búa til umhverfið sem hljóðkerfisreglurnar geta verkað í**
....

(Þorsteinn G. Indriðason 1994:54)

³⁰Beygingar verka þar með í lagi sem er á undan viðskeyttum greini, viðskeytum II og samsetningu. Þetta er ekki í samræmi við kenningu Packards (1990) um það að beygingar hljóti að vera næstar setningagerðarhluta málkerfisins (sjá nmgr. 45 á bls. 39 hér að framan), bæði vegna tengslanna við setningagerð og vegna þess hve virkar beygingar eru. Þá eru beygingarendingar aftast í orði, en Packard gerir einnig ráð fyrir því að myndön séu í línulegri röð í orðum í samræmi við lagskiptinguna.

3.	a	<i>djöf-ul-leg-ur</i>	i	djöfull:	[[djöf]? [-ull] _N] _N
			ii	djöfullegur:	[[djöful] _N [-legur] _A] _A
	b	<i>*djöf-leg-ul-ur</i>	i	*djöflegur:	[[djöf]? [-leg-ur] _A] _A
			ii	—	
4.	a	<i>göf-ug-lyndi</i>	i	göfugur:	[[göf]? [-ug-ur] _A] _A
			ii	göfuglyndi:	[[göf-ug] _A [-lyndi] _N] _N
	b	<i>*göf-lyndi-ug</i>	i	*göflyndi:	[[göf]? [-lyndi] _N] _N
			ii	—	

Í hornklofunum í töflunni eru beygingarendingar látnar fylgja síðari hluta orðs í öllum tilvikum og ekki greindar sérstaklega, enda er það í samræmi við greiningu Þorsteins (sjá kafla 6.3 hjá honum). Í þessum orðum bregður hins vegar svo við að hann virðist gera ráð fyrir að beygingarending viðskeytis II haldist, jafnvel þegar reynt er að mynda orð þar sem viðskeyti I fer á eftir því. Þetta veldur því t.d. í 3.b að viðskeytið *-ull* breytist í *ul-ur* sem í sjálfu sér ætti að vera nægilegt til að útkoma orðmyndunarreglunnar sem þarna er verið að prófa verði ótæk.

Ekki er athugað hvort það stenst merkingarlega að færa viðskeytin til á þennan hátt og þess er ekki getið að orðmyndunarreglur eru venjulega settar fram með tilliti til kenningarinnar um einsleitan grunn (*Unitary Base Hypothesis*). Samkvæmt þeirri kenningu getur hvert aðskeyti aðeins bæst við orð af einum orðflokki.³¹ Í þessu felst að við próf af þessu tagi verður að sýna fram á að viðskeyti sem verið er að athuga geti bæst við orð af þeim orðflokki sem dæmin sýna.³² Þetta á bæði við um viðskeyti I og II.

Af Ritmálsskrá Orðabókar Háskólans er t.d. ekki að sjá að *-laga* komi fyrir með fyrri hluta sem er sögn, en í 2.b er því bætt við sögnina *hreyfa*.³³ Þá væri e.t.v. betra að greina viðskeytið *-laga* (í 2.a og b) í tvennu lagi eða a.m.k. gera grein fyrir því á einhvern hátt að það er myndað af nafnorðinu *lag*. Þar sem viðskeytið *-a* er ekki meðal þeirra viðskeyta sem Þorsteinn athugar er ekki ljóst hvort það telst vera viðskeyti I eða II. Ef *-a* er viðskeyti I er hér (í 2.b) verið að prófa röðina viðskeyti II, I, I, en það er líka álitamál hvort tvö viðskeyti af flokki I geta komið fyrir í röð, eins og komið verður að aftur hér á eftir. Sama máli gegnir um afleidda liði sem enda á *-i* og eru taldir til viðskeyta hjá Þorsteini, t.d. *-lyndi* (í 4.a og b) og *-lendi*, *-leysi*, *-læti* og *-nætti*. Um þessa orðhluta gildir það sama og um *-laga*; í þeim er rót og einhvern veginn þarf að gera grein fyrir venslum við *land*, *-laus*, *-látur* og *nótt*. Viðskeytið *-i* veldur hljóðbreytingum í stofni og telst til viðskeyta I, skv. Margaret Stong-Jensen. Ef *-laus* er viðskeyti II (sbr. (14)b á bls. 77 hér) þá er ekki annað að sjá en að *-leysi* sé gagndæmi gegn kenningunni um það að viðskeyti I geti ekki bæst aftan við viðskeyti II. Orð af þessu tagi eru fjölmörg og í hefðbundinni íslenskri orðhlutagreiningu eru síðari hlutar þeirra ýmist taldir til viðskeyta (t.d. *-semi*) eða til samsetningarliða (t.d. *-lendi* og *-nætti*), sem talið er til viðskeyta II hjá Þorsteini.

Við uppsetningu dæma eins og í töflu (16) hlýtur að þurfa að gæta þess að hvert stig í afleiðslunni sé í samræmi við þær orðmyndunareglur sem verið er að prófa. Það er því varla eðlilegt að gera ráð fyrir því að hljóðbreytingar sem fylgja viðskeytum I komi líka fyrir þegar viðskeytunum er víxlað. Rótin (eða stofninn) hlýtur að þurfa að laga sig að því viðskeyti sem næst henni kemur. Orðhlutinn *höfð-* virðist þannig aðeins koma fyrir í

³¹ Jafnvel þeir sem hafna kenningunni gera venjulega ráð fyrir því að aðskeyti séu skilgreind með tilliti til þeirra orðflokka sem þau geta bæst við, en þeir geta þá verið fleiri en einn.

³² Samkvæmt nmgr. með dæmunum virðist Þorsteinn ekki telja þetta skipta miklu máli: „Best hefði verið að finna dæmi um vsk.I og vsk.II innan orðs, sem bæði mynduðu nafnorð eða lýsingarorð, en ekki ýmist eins og hér. Þó tel ég að dæmi [í (16)] gefi góða mynd af því sem verið er að reyna að sýna fram á“ (1994:79, nmgr. 62).

³³ Alls eru 289 dæmi um *-laga* í Ritmálsskrá og í þeim því sem næst öllum er fyrri liðurinn nafnorð. Þó bregður því fyrir að fyrri hluti sé lýsingarorð, t.d. í *skakklaga* og *flatlaga*.

orðunum *höfði*, *höfðingi*, *höfðaður*, *höfðóttur*, *höfða* (so) og *höfðun*, ef marka má Ritmálsskrá Orðabókar Háskólans, en þar eru 322 orð sem hefjast á *höfð*-.³⁴ Annars er myndin *höfuð*- alltaf notuð í orðunum í Ritmálsskránni, nema þar sem beygingarending bætist inn á orðhlutaskilum (þ.e. í lausum samsetningum og í afleiddum orðum sem mynduð eru á sama hátt).

Þá eru orðhlutarnir *djöf*- og *göf*- mjög óheppilegir til að prófa orðmyndunarreglur þar sem þeir koma aldrei fyrir nema í afleiddum orðum og verða að auki eiginlega að teljast af sama tagi og *hind*- í *hindber*, þ.e. stakmyndön (*cranberry morpheme*). Í Ritmálsskrá Orðabókarinnar eru aðeins fjörutíu orð sem hefjast á stafastrengnum *göf*- og þau eru öll leidd af lýsingarorðinu *göfugur* (nema það sjálft, auðvitað). Orðhlutinn *djöf*- kemur fyrir í framstöðu í 193 orðum í Ritmálsskrá, þ.e. í orðunum *djöfsi*, *djöfundir*, *djöfull* og orðum sem leidd eru af því síðastnefnda. Dreifing þessara orðhluta virðist því vera svo ströngum skilyrðum háð að það sannar ekkert um röðun viðskeyta að þeir geta ekki komið fyrir með viðskeytum í röðinni II, I. Staðreyndin er sú að orðhlutarnir *djöf*- og *göf*- tengjast eingöngu ákveðnum viðskeytum og önnur viðskeyti koma ekki til greina, óháð því hvort þau teljast til viðskeyta I eða II.

Ef prófa á hvort viðskeyti I getur bæst aftan við viðskeyti II hlýtur það að vera frumkrafa að inntakið í regluna um viðskeyti I sé tækt, sbr. þau orð Þorsteins að „frálegð hvers lags í orðasafni er fullmyndað orð . . .“ (1994:39) og einnig að „frálegð hvers lags er í raun baklæg gerð næsta lags á eftir“ (1994:37). Eins og sjá má af liðunum sem merktir eru (b.i) í töflunni skila orðmyndunarreglurnar um viðskeytingu II ótækum orðum (**höfðlegur*, **hreyflaga*, **djöflegur* og **göflyndi*) og þá er ástæðulaust að reyna frekari orðmyndun og því eru liðir (b.ii) tómir í töflunni. Þar sem röksemdafærsla Þorsteins um röðun viðskeyta I og II hvílir á orðunum fjórum í töflu (16) er röðunin enn ósönnuð.

Samkvæmt Þorsteini sjálfum virðast líka vera hömlur á því að tvö viðskeyti sem bæði teljast til viðskeyta I komi fyrir í röð. Þorsteinn telur þetta að vísu stafa af öðrum ástæðum en þeim sem koma í veg fyrir röðina viðskeyti I, viðskeyti II:

Engin dæmi fundust um röðina *rót-vsk.I-vsk.I-*. Í því tilviki gæti verið um tvennt að ræða: kerfiseyðu eða þá að ekki hafi verið leitað nógu vel því ekkert virðist vera því til fyrirstöðu að slík röð sé til innan orðs.

(Þorsteinn G. Indriðason 1994:79, nmgr. 63)

Ekki er mér alveg ljóst hvað kerfiseyða merkir í þessu samhengi en það er umhugsunarefni hvort það getur þá ekki líka átt við um það að viðskeyti II koma ekki fyrir á undan viðskeytum I. Er lausnin ekki einfaldlega sú að viðskeytum I fylgja skilyrði um grunninn sem þau geta bæst við?

Lagskiptingin sjálf hvílir í fleiri atriðum á veikum grunni orðhlutafræðilega, en eins og Þorsteinn bendir sjálfur á valda beygingarendingar á fyrri liðum í samsettum orðum vandkvæðum þar sem beygingin er undanfari samsetningarinnar samkvæmt lagskiptingunni. (Beygingin verkar í lagi 2 en samsetningin ekki fyrr en í lagi 4). Lausn Þorsteins er sú að gera ráð fyrir því að hver rót taki með sér sína endingu þegar hún fer í gegnum beygingarlagið. Þannig eru samsett orð í raun mynduð af tveimur fullmynduðum orðum, með endingum.³⁵ Röð orðhlutanna sýnir því ekki lagskiptinguna:

. . . Skipulag orðasafnsins í íslensku . . . er vel stutt hljóðkerfis- og orðhlutafræðilegum rökum, svo fremi gert sé ráð fyrir því að lagskipting orðasafnsins þurfi ekki að endurspegla röð orðhluta innan orðs (þ.e. að röð orðhlutanna sé „ólinuleg“). Með því

³⁴Það er þá vert rannsóknarefni hvort fleira bendir til þess að viðskeytin sem þessi orð eru mynduð með séu af flokki I.

³⁵Ekki er ljóst hvers vegna þetta leiðir ekki til þess að samsetningarliðir séu alltaf beygðir, en Þorsteinn stingur upp á því í nmgr. 112 á bls. 143 að óbeygðir fyrri hlutar séu merktir í orðasafni.

er átt við að röð orðhluta í t.d. fleirsamsettum orðum endurspeglar ekki lagskiptingu orðasafnsins ... Líta verði svo á að skipta megi hverju samsettu orði niður í rætur, og að ræturnar, ásamt þeim orðhlutum sem þeim tengjast, fari sérstaklega í gegnum ferlið í orðasafninu og tengist í samsetningarláginu.

(Þorsteinn G. Indriðason 1994:147)

Á grundvelli niðurstaðna sinna um virkni hljóðkerfisreglna í viðskeytum II og samsetningarlíðum gerir Þorsteinn síðan ráð fyrir að viðskeyti II gegni sama hlutverki og rætur. Hann telur viðskeyti II í raun vera svo lík samsetningarlíðum að hann veltir því fyrir sér hvort ástæða sé til að skilja þarna á milli:

... ástæðurnar fyrir því að telja vsk.II til róta [eru] í raun þrenns konar: í fyrsta lagi hljóðkerfislegar, þ.e. regluvirkni úr þessum viðskeytum er mjög svipuð og regluvirkni úr rótum seinni hluta samsettra orða yfir í fyrri hluta, og í öðru lagi geta þessi viðskeyti oft staðið í rötarsæti og það sjáum við ef við berum saman eftirfarandi dæmi; *hernaðar-legur*, *hernaðar-ástand*, *blygðunar-leysi*, *blygðunar-kennd* og t.d. *brennisteins-legur*: *brennisteins-fýla*, og í þriðja lagi hafa þessi viðskeyti eitthvert „innihald“, eða „merkingu.“³⁶

(Þorsteinn G. Indriðason 1994:144–145)

Þorsteinn gengur ekki svo langt að kveða upp úr með það að viðskeyti II séu rætur, en af greiningu hans er má ætla að hann telji engan eðlismun vera á viðskeytum II og samsetningarlíðum.

Tvö atriði enn er vert að nefna sem valda vandkvæðum í lagskiptu líkani eins og Þorsteinn setur fram. Annað þeirra tengist lögmálinu um rökformgerð orða (sjá bls. 27 hér að framan). Með aðferð Þorsteins verður að gera ráð fyrir því að afleiðsla með viðskeytum I fari alltaf fram á undan samsetningu. Þannig verða sagnleidd nafnorð alltaf að vera mynduð af grunnsögn og þá tapast vensl milli samsettra orða, t.d. í orðunum *malbika*, *malbikun*. Þar verður fyrst að mynda sögnina að *bika* og nafnorðið *bikun* og síðan að mynda tvö samsett orð³⁷ á nákvæmlega sama hátt með því að setja samsetningarlíðinn *mal-* framan við. Auðvitað er hægt, formsins vegna, að nota við þetta sömu aðferð og Þorsteinn gerir við beygingar innan samsettra orða og segja að þessir líðir séu sóttir inn í reglurnar með viðskeytunum á, en með því er m.a. verið að búa til afleidd orð í lagi 1 sem aldrei koma fram. Þannig verður, með aðferð Þorsteins, að búa til afleidda nafnorðið *-lifun* (sem hvergi kemur fram)³⁸ í lagi 1 til að hægt sé að setja saman *upplifun* í lagi 4. Það virðist mun einfaldara að leyfa reglu sem er meðal virkustu orðmyndunarreglna í málinu að verka líka á samsettar sagnir og mynda þetta orð af sögninni *upplifa*. Fjöldmörg dæmi

³⁶Eitt af þeim atriðum sem Þorsteinn telur greina viðskeyti I frá viðskeytum II er munur á merkingarlegu gegnsæi, en rökin sem hann færir fyrir því eru fremur veik:

Hér hefur allnokkuð verið rætt um hljóðkerfislega og orðmyndunarlega virkni viðskeyta en merking þeirra gæti einnig skipt máli. Merkingarlega virðist vera munur á milli viðskeyta úr þessum flokkum. Vsk.II virðast mun gegnsærri en vsk.I og svipar því til róta að því leyti ...

(Þorsteinn G. Indriðason 1994:80–81)

Dæmin sem Þorsteinn gefur eru um viðskeytin *-legur* (viðskeyti II) og *-naður* (viðskeyti I) og tekur hann tvö dæmi um hvert orð til að sýna muninn á merkingarlegu gegnsæi, þ.e. *hernaður*, *sparnaður*, *líflegur*, *asnalegur*. Merking viðskeytisins *-legur* er skýrð með „líkur einhverju“, eða eitthvað í þá áttina“ en um viðskeytið *-naður* segir að það sé „hins vegar erfiðara að skilgreina merkingarlega og reyndar ógerlegt“ (s.st.). Í samantekt á bls. 134 segir síðan um skiptingu viðskeytanna í flokka: „Enn fremur var sú niðurstaða studd merkingarlegum rökum. Vsk.II eru yfirleitt merkingarlega gegnsærri en vsk.I.“ Rökin eru fólgin í fjórum dæmum um tvö viðskeyti, eitt af hvorum flokki.

³⁷Sama á reyndar við um samsetta orðið *malbik* sem sögnin *malbika* er leidd af, þannig að orðin eru reyndar þrjú í þessu tilfelli.

³⁸Orðið *lifun* kemur að vísu fram í nafni á hljómplötu Trúbrots (ábending frá Eiríki Rögnvaldssyni).

af þessu tagi mætti nefna og verður komið aftur að þeim síðar.³⁹ Með aðferð Þorsteins er líka ógerlegt að gera grein fyrir því fyrirbæri sem Baldur Jónsson lýsir í greininni um samsett orð (1984) sem sagt er frá í kafla 3.2.4 hér að framan, þ.e. því að margsamsett orð hafa mun meiri tilhneigingu til þess að vera laust samsett en tvíliða samsetningar, sem gjarnan eru stofnsamsettar, sbr. t.d. *borðplata*, *skrifborðsplata*; *vefaðgangur*, *veraldarvefsaðgangur*. Þar sem hornklofaeyðing fer fram að afloknum hverjum einasta regluhring hjá Þorsteini geta eftirfylgjandi orðmyndunarreglur aldrei séð inn í orð.

Í þessum kafla hafa ýmsir gallar við lagskiptingu Þorsteins verið raktir og sjónunum beint að orðhlutalegum þætti skiptingarinnar. Meginuppistaðan í ritgerð Þorsteins og jafnframt merkasti þátturinn er þó að sjálfsögðu rannsókn hans á virkni hljóðkerfisreglnanna og þær niðurstöður hans að hljóðkerfisleg rök sýni skýrari skil á milli flokka viðskeyta en á milli samsetningar og viðskeytingar í heild. Þar er rökstuðningur hans ítarlegur og verður alls ekki dreginn í efa hér.

3.4 Niðurstaða

Þau verk sem hér hefur verið lýst eru mjög misjöfn að mörgu leyti. Þau eru skrifuð á löngum tíma, út frá mismunandi forsendum og kenningum og viðfangsefnin eru líka mjög ólík. Í þeim flestum er að finna fjölmörg atriði sem varpa ljósi á mismuninn á afleiðslu og samsetningu, í sumum þeirra mun fleiri en hér hafa verið tók á að rekja. Markmiðið hér er komast að því hvernig orðmyndun er skipt í afleiðslu og samsetningu í verkunum og hvaða forsendur liggja þar að baki. Nú verða helstu skilgreiningaratriði dregin saman á svipaðan hátt og gert var í lok síðasta kafla en í lok kaflans fylgja nokkrar vísbendingar um atriði sem áhugavert væri að skoða nánar.

Í verkunum sem fjallað er um í þessum kafla er skiptingin í afleiðslu og samsetningu ekki eins afdráttarlaus og í þeim erlendu ritum sem fjallað var um í 2. kafla, en þar kom fram að samstaða var um þessa aðgreiningu (a.m.k. í orði kveðnu), þótt áherslan á hana væri mismunandi. Í íslenskri umfjöllun er aðra sögu að segja og í þeim ritum sem hér hafa verið skoðuð koma fram þeir möguleikar á skiptingu sem sýndir eru í töflu 17.

Hefðbundin skipting milli afleiðslu og samsetningar, eins og sú sem greint er frá í 2. kafla, kemur fram hjá Alexander Jóhannessyni (AJ í töflu 17) í umfjöllun hans um viðskeytingu (1927) og hjá Birni Guðfinnssyni (BG), Baldri Jónssyni (BJ) og Eiríki Rögnvaldssyni (ER). Alexander gerir forskeyti hins vegar að undirflokki samsettra orða í umfjöllun sinni um samsettu orðin (1929) og það gerir Halldór Halldórsson (HH) líka. Sigrún Þorgeirsdóttir (SP) setur fram þrískiptingu og telur samsetningu, forskeytingu og viðskeytingu vera þrjár ólíkar gerðir orðmyndunar og loks er gert ráð fyrir tveimur flokkum viðskeyta hjá Margaret Stong-Jensen (MSJ) og Þorsteini G. Indriðasyni (PGI) þar sem annar flokkurinn (viðskeyti II) er í raun líkari samsetningarliðum en hinum viðskeytaflokknum (viðskeyti I). Hvorugt þeirra fjallar um forskeytingu en í kenningum um önnur tungumál er gert ráð fyrir að sambærileg skipting geti verið á þeim og á viðskeytunum, eftir því sem

³⁹Orðin *tölvuvæða*, *tölvuvæðing*; *hervæða*, *hervæðing* eru af þessu tagi. Sams konar vandamál koma fram víðar, þ.á m. í orðum sem oft eru tekin sem dæmi um klassískar liðgerðarþversagnir (sjá bls. 26 hér að framan). Hér er dæmi um muninn á þessu tvennu, sett upp á óformlegan hátt:

<i>Lagskipting:</i>		<i>Rökgerðargreining:</i>	
ummyndana-málfræðingur		ummyndanamálfræð-ingur	
um-myndun	mál-fræðingur	ummynd-un	mál-fræði
mynd-un	fræð-ingur	um-mynda	

þörf krefur (þ.e. eftir því sem hljóðkerfisleg hegðun þeirra segir til um).⁴⁰

(17) **Flokkun á orðmyndun í íslensku:**

	<i>Samsetning</i>	<i>Forskeyting</i>	<i>Viðskeyting</i>
AJ 1929, HH	Samsetning		Viðskeyting
AJ 1927, BG, BJ, ER	Samsetning	Afleiðsla	
SÞ	Samsetning	Forskeyting	Viðskeyting
MSJ, ÞGI	Samsetning		Vsk.I Vsk.II

Af dreifingunni í töflu (17) er nærtækast að draga þá ályktun að línur séu ekki mjög skýrar í skiptingu orðmyndunar í flokka í íslensku enda kemur víða fram í verkunum sjálfum að skilin séu mjög óljós. Flestar skilgreiningarnar eru sama marki brenndar og skilgreiningar í erlendum kennslubókum sem sagt var frá í 2. kafla; þær eru settar upp sem eins konar fyrirmynd eða leiðarvísir um það hvernig þekkja á dæmigert samsett orð eða dæmigerða afleiðslu.

Forsendur sem notaðar eru við skiptinguna í orðmynduninni eru mismunandi, eins og komið hefur fram í þessum kafla, enda eru verkin sundurleit. Hér fer á eftir stutt samantekt um hvert þeirra atriða sem nefnd eru sem hugsanleg greinimörk milli samsetningar og afleiðslu í lok síðsta kafla (sjá (17) á bls. 51–53):

- (18) a **Frjálst/bundið:** Í eldri verkunum er yfirleitt miðað við að aðskeyti sé bundið myndan en samsetningarliður frjáls í grunnskilgreiningum en jafnframt er gert ráð fyrir viðskeytum sem geta verið samhljóða sjálfstæðum orðum, þ.e. -*dómur*, -*háttur*, -*leikur* o.fl. Þetta er síðan tekið upp í generatífu umfjöllunina, t.d. hjá Eiríki Rögnvaldssyni (1990).⁴¹ Þorsteinn G. Indriðason (1994) gengur enn lengra í þessu en meðal þess sem hann telur til viðskeyta í ritgerð sinni eru afleidd orð (t.d. *lyndi*). Í íslensku verkunum kemur því ekki fram sú algjöra samstaða um að greina aðskeyti sem bundin myndön sem sagt er frá í 2. kafla hér að framan. Forskeyti eru talin til samsetningarliða hjá Alexander Jóhannessyni (1929) og Halldóri Halldórssyni (1950), sem þar með gera það ekki að skilyrði að samsetningarliðir séu frjálsir. Björn Guðfinnsson (1937),

⁴⁰Ýmsir hafa bent á að sum forskeyti í íslensku eru stundum áherslalaus og virðist merking þeirra vera breytileg eftir áherslunni (t.d. Jón Hilmar Jónsson (1980), Sveinn Bergsveinsson (1965) og Sigrún Þorgeirsdóttir (1986)), en í greininni *The Stress of Prefixes and Suffixes in Icelandic* hafnar Kristján Árnason (1987) því að skýringarinnar sé að leita í lagskiptingu. Forskeytin sem hann fjallar um eru *ó-*, *hálf-*, *full-* og *sí-* og Kristján heldur því fram að hljóðkerfislega séu þessi forskeyti sjálfstæð orð, þrátt fyrir það að orðmyndunarlega séu þau óumdeilanlega orðhlutar: „What I suggest instead is that the stressless prefixes do not form phonological words with their morphosyntactic heads, but are separate phonological words ...“ (1987:141). Ósamræmi af þessu tagi segir hann vera eðlilegt ef hljóðkerfishluti og orðmyndunarhluti málkerfisins eru aðskildir en mjög erfitt viðfangs í lexíkalskri orðhlutafræði:

... the sort of mismatch between morphological structure and phonological structure that is to be expected if the phonological component and the morphosyntactic component are separate, independently generated systems. Interpretive generative phonology can only account for this sort of thing by allowing a mixing of levels, which becomes more and more difficult to control.
(Kristján Árnason 1987:142)

⁴¹Þar er skilgreiningin samt sú að aðskeyti séu alltaf bundin: „Hlutverk þeirra er að búa til ný orð, en þau geta aldrei komið fyrir sjálfstæð“ (Eiríkur Rögnvaldsson 1990:18).

Baldur Jónsson (1984) og Eiríkur Rögnvaldsson virðast hins vegar gera ráð fyrir því í meginráttum að samsetningarliðir séu frjálsir, sem er þá í samræmi við þau orð Eiríks Rögnvaldssonar að venjan í íslensku sé „að telja að um samsetningu sé að ræða ef báðir liðirnir koma fyrir sjálfstæðir, en afleiðslu ella“ (1990:27). Hjá Baldri Jónssyni er skilgreiningin víðari en þar þurfa liðir í samsettu orði að vera til „sem sjálfstæð orð (beygjanleg eða óbeygjanleg) eða rætur í beygjanlegum orðum“ (1984:161). Margaret Stong-Jensen (1987) lýsir síðan ofvirkri orðmyndun og afleiddum samsetningarliðum sem aldrei geta staðið sjálfstætt, þannig að samsetningarliðir hjá henni þurfa ekki að vera frjálsir. Sumt af þessu tagi greinir Þorsteinn G. Indriðason sem viðskeyti, eins og áður sagði. Hjá Sigrúnu Þorgeirsdóttur (1986) geta forskeyti verið hvort heldur er frjáls eða bundin þannig að þau greinimörk skilja ekki á milli forskeyta og samsetningarliða. Greinimörkin frjálst/bundið virðast því ekki vera auðveld viðureignar eða mjög nýtileg til að marka skilin á milli afleiðslu og samsetningar í íslensku.

- b **Rótt:** Sumir höfundarnir skilgreina muninn á afleiðslu og samsetningu út frá því hvort rót er í orðhlutunum eða ekki (t.d. Baldur Jónsson (sjá bls. 63 hér) og Eiríkur Rögnvaldsson (sjá bls. 64 hér)). Hjá öðrum er á reiki hvort aðskeyti innihalda rætur eða ekki og virðast áhrif frá grein Halldórs Halldórssonar um breytinguna úr orði í viðskeyti (1976) ekki hafa minnkað þá óvissu. Þetta atriði er t.d. mjög óljóst hjá Sigrúnu Þorgeirsdóttur. Þorsteinn G. Indriðason skiptir síðan viðskeytum sínum í tvo flokka og í öðrum þeirra geta viðskeytin „tekið að sér „hlutverk“ róta“ (1994:141; sjá 3.3.4 hér að framan). Þetta flokkunatriði virðist því vera illa nothæft líka, eins og aðgreiningin frjálst/bundið, enda er allt annað en auðvelt að ákvarða í hverju tilfelli hvort orðhluti er rót eða ekki.⁴²
- c **Merking/málfræðilegt hlutverk:** Andstæðan merking/hlutverk er ekki sett fram á skipulegan hátt sem aðgreiningaratriði á milli samsetningar og afleiðslu í þeim verkum sem hér hafa verið skoðuð. Baldur Jónsson gerir þennan greinarmun á afleiðslu og samsetningu í stuttu máli (sbr. tilvitnun á bls. 63 hér) og hann virðist liggja í loftinu í bók Eiríks Rögnvaldssonar og á ýmsum stöðum í eldri bókunum. Hvergi er þó að finna greinargóða lýsingu á þessu. Sigrún Þorgeirsdóttir beitir merkingarlegum rökum til að skilja á milli samsetningar og forskeytingar en það virðist erfitt í framkvæmd og gengur ekki fyllilega upp. Hún hafnar því síðan að aðgreining á milli afleiðslu og samsetningar standist í íslensku þannig að þær merkingarlegu forsendur sem hún setur fram verða tæplega notaðar til að skilja þarna á milli. Þorsteinn G. Indriðason virðist gera ráð fyrir mismuni á viðskeytaflokkum sínum sem byggist á svipuðum forsendum og notaðar eru hjá þeim sem gera greinarmun á málfræðilegu hlutverki og merkingu en hann talar þó aðeins um mismunandi gegnsæja merkingu. Haldgóðar forsendur af þessu tagi er því ekki að finna í verkunum sem hér eru athuguð.

Af þessu ætti að vera ljóst að það er ekki mjög fýsilegt að reyna að halda fast við skilgreininguna sem sett er fram í byrjun þessarar ritgerðar, viðmiðunarskilgreininguna sem byggir á muninum á frjálsu og bundnu myndani og muninum á merkingu og málfræðilegu hlutverki. Niðurstaðan úr 2. kafla var reyndar sú að þar dygði þetta ekki fyllilega, eins og sést af töflu (16) á bls. 50. Þar skarast afleiðsla og samsetning vegna þess að

⁴²Í íslensku eru forsendurnar fyrir slíkri greiningu venjulega sögulegar, t.d. hjá Halldóri Halldórssyni (1976).

samsetningarliðir geta verið bundnir og aðskeyti eru ekki alltaf skilgreind með tilliti til málfræðilegs hlutverks. Ef niðurstaðan um þessi greinimörk í íslenskri umfjöllun er sett upp á sama hátt og gert var í þeirri töflu verður útkoman enn óljósari. Afleiðsla og samsetning skarast hér á sama hátt og í fyrri töflunni (sbr. liði b í báðum töflum). Í töflunni hér skarast afleiðsla og samsetning að auki vegna þess að það er ekki alltaf gert að skilyrði að viðskeyti í íslensku séu bundin myndön, sbr. *-dómur*, *-háttur* og *-leikur* (sjá lið c). Sum forskeyti Sigrúnar Þorgeirsdóttur falla sennilega líka í þennan flokk. Útkoman er því sú að dæmigerð aðskeyti eru bundin og hafa málfræðilegt hlutverk (sjá (18) a) og dæmigerðir samsetningarliðir eru frjálsir og hafa merkingu (sjá d) en þar á milli er grátt svæði þar sem mörkin eru óljós (sjá b og c):

(18) **Mörk afleiðslu og samsetningar skv. íslenska efninu:**

	$\pm$ hlutverk	$\pm$ bundið	
a	+	+	aðskeyti
b	—	+	aðskeyti/samsetningarliður
c	+	—	aðskeyti/samsetningarliður
d	—	—	samsetningarliður

Þessi niðurstaða er því ekki mjög hagstæð þeim sem vilja hafa flokkunarkerfi sín hrein og afdráttarlaus.

Í lok 2. kafla er settur fram listi um önnur hugsanleg greinimörk afleiðslu og samsetningar sem byggður var á framsetningu Aronoffs og Sridhars. Sum af þeim atriðum sem þar eru nefnd koma líka fram í þessum kafla en önnur alls ekki. Hér fylgir sambærilegt yfirlit um íslensku umfjöllunina í samanburði við greiningaratriðin frá Aronoff og Sridhar (sjá (4) á bls. 31–32 og (17) á bls. 51–52 hér að framan).

(19) a **Hljóðkerfisleg tengsl orðhluta:** Aronoff og Sridhar telja aðskeyti vera fasttengdari grunninum sem þau tengjast en samsetningarliði. Þetta kemur m.a. fram í meiri virkni hljóðkerfisreglna í afleiðslu en samsetningu og er lykilatriði hjá Anderson og í lagskiptingu Kiparskys, enda gera þeir báðir ráð fyrir því að aðskeyti séu hluti orðmyndunarreglu en samsetningarliðir séu les. Þorsteinn G. Indriðason rannsakar hljóðkerfislegu tengslin í íslenskri orðmyndun en niðurstaða hans er að mun skýrari skipting sé á milli tveggja flokka viðskeyta heldur en milli viðskeyta og samsettra orða ef regluvirkni hljóðkerfisreglna sker úr þar á milli. Þá telur hann bæði aðskeyti og samsetningarliði vera les í orðasafninu. Af niðurstöðum Þorsteins má draga þá ályktun að ástæðulaust sé að ætla að eðlismunur sé á afleiðslu og samsetningu, a.m.k. ef miðað er við greiningu Þorsteins á því hvað viðskeyti er.

b **Orðmyndunarleg tengsl orðhluta:** Það að aðskeyti eru talin vera fasttengdari grunninum sem þau tengjast en samsetningarliðir kemur líka fram í formlegum tengslum milli orðhluta, þannig að meiri hömlur eru á röðun aðskeyta í orði en samsetningarliða, skv. kenningum Aronoffs og Sridhars, Kiparskys og Andersons. Orðmyndunarþátturinn í lagskiptum líkönum af málkerfinu er settur upp á þessum forsendum, með mismörgum lögum eftir tungumálum. Í greiningu Þorsteins G. Indriðasonar kemur fram að það er allt annað en auðvelt að setja fram orðhlutafræðileg rök fyrir lagskiptingu í íslensku á þessum forsendum. Til þess að tilgáta hans um lagskiptingu í orðmynduninni verði í samræmi við útkomuna úr hljóðkerfisfræðilegri flokkun hans verður hann að taka þann kostinn að segja að röð orðhluta sé ólínuleg, m.a. til að geta gert grein fyrir því að endingar

er að finna á fyrri liðum í orðum, þ.e. í samsettum orðum og afleiddum orðum sem mynduð eru á sama hátt. Í reynd er útkoman sú að skipting Þorsteins er að öllu leyti byggð á hljóðkerfislegri flokkun hans og þar eru aðalmörkin á milli viðskeyta innbyrðis en ekki á milli viðskeytingar og samsetningar, eins og hér hefur komið fram. Tilraunir til að setja fram dæmi um hömlur á röðun milli viðskeytaflokkanna innbyrðis ganga ekki upp þar sem þess er ekki gætt að rétt umhverfi fyrir orðmyndunarreglur sé fyrir hendi þegar viðskeytum er víxlað. Hjá Baldri Jónssyni (1984, sjá 3.2.4) er hins vegar að finna dæmi þar sem sambærilegar hömlur á röðun forskeyta koma fram, þ.e. *aðalsamkeppni*, **sam-aðalkeppni*. Uppástunga Baldurs er sú að röðunin tengist gerð orðhlutans sem forskeytið tengist við þannig að *sam-* tengist stofni en *aðal-* tengist orðum.

Önnur atriði sem fram koma í listanum í lok 2. kafla eru minna afgerandi sem flokkunarforsendur hér. Umfjöllun um það að aðskeyti mynda lokaðan flokk orða en samsetningarliðir ekki og að aðskeyti þurfa ekki endilega að vera orðflokksmerkt en samsetningarliðir tilheyra höfuðorðflokkinum er ekki meðal þess sem hér hefur verið rakið. Síðasta atriðið sem hér verður nefnt er að því bregður fyrir í skilgreiningum að aðskeyti sé skilgreint út frá stöðu í orði, en hjá Aronoff og Sridhar er einmitt það að aðskeyti færist ekki úr einni stöðu í aðra eitt af þeim kennileitum sem greinir þau frá samsetningarliðum sem geta ýmist staðið sem fyrri eða síðari hlutar. Þetta atriði er þó ekki notað til að sýna fram á mun á afleiðslu og samsetningu í íslenska efninu þótt Sigrún Þorgeirsdóttir noti stöðu í orði til að gera grein fyrir mismuni á forskeyti og viðskeyti (sjá (6) á bls. 70 hér að framan).

Niðurstaðan úr þessum kafla er því sú að hér sé harla fátt sem sker afdráttarlaust úr um muninn á afleiðslu og samsetningu, eins og fram kemur í því hve skiptar skoðanir eru um það hvernig íslensk orðmyndun greinist í flokka (sjá töflu (17)). Hins vegar eru hér margar vísbendingar um ýmislegt sem forvitnilegt væri að leita svara við í gögnunum sem lýst verður í næsta kafla.

4 Greining á íslensku dæmasafni

4.1 Inngangur

Gagnagreining sú sem hér verður sagt frá er byggð á orðum úr Ritmálsskrá Orðabókar Háskólans (hér eftir OH) og á greiningin sér allanga forsögu.¹ Í gagnasafninu eru rúmlega 58 þúsund orð og eru þau myndangreind, stofnhlutagreind, hver orðhluti orðflokksgreindur, skilið er á milli frjálsra og bundinna liða og loks eru endingar á orðhlutaskilum greindar sérstaklega. Segja má að gagnalýsing sú sem hér fer á eftir sé sjálfstæður hluti þessarar ritgerðar og er henni ætlað að vera lykill að sjálfu gagnasafninu en það má nýta í ýmsum öðrum tilgangi en hér verður gert. Í þessum kafla er því sett fram nákvæm lýsing á öllum þeim greiningaratriðum sem fyrir koma í gagnasafninu. Í lok kaflans er síðan sagt frá þeim aðferðum sem notaðar eru við úrvinnslu gagnanna.

Í eftirfarandi lista eru nokkur atriði sem greið leið er að í gögnunum og þeim fylgja athugasemdir um það hvaða not má hafa af þeim í glímunni við viðfangsefnið í þessari ritgerð, í ljósi þess sem þegar hefur komið fram hér að framan:

(1) a Stofnhlutagreining:

Hér er vert að skoða hvernig viðskeyting og samsetning raðast í orðunum, en eins og nánar verður komið að hér á eftir er lögmálið um rökformgerð látið ráða í greiningunni. Hér er því farið eftir merkingarlegum venslum liða í orðum, sbr. dæmið *ummyndanamálfræðingur* (sjá nmgr. 39 á bls. 82) sem hér er greint sem afleitt orð af samsetta orðinu *ummyndanamálfræði*.

b Orðmyndunar- og/eða orðgerðarreglur með orðflokkgildum allra orðflokka og kyni nafnorða:

Með því að skoða orðmyndunarreglurnar og bera saman reglur um afleiðslu og samsetningu sést hvort virkni er mismunandi milli orðflokka. Þar má minna á að Selkirk setur reglur sínar um samsetningu og afleiðslu upp á tvo vegu vegna þess að göt eru í reglunum um samsetningu í ensku (sjá (7) á bls. 36 hér að framan). Í afleiðslu telur hún þetta ekki vera nauðsynlegt vegna þess að aðskeyti eru lokaður flokkur og flokkunarrámi er settur fram fyrir hvert aðskeyti.

c Upplýsingar um formlega eiginleika fyrri hluta samsettra og afleiddra orða, t.d. um fastar og lausar samsetningar, bandstafi o.fl.:

Þetta atriði þarf að skoða til þess að sjá í hverju formlegur mismunur á viðskeytingu og samsetningu er fólgin nákvæmlega, en vitað er að sum viðskeyti taka með sér beygða liði en önnur alls ekki. Hér er því komið atriði sem rennt gæti stoðum undir skiptingu Þorsteins G. Indriðasonar í tvo flokka viðskeyta.

¹Eins og fram kemur í formála var upprunalegt markmið með greiningunni annað en nú er orðið. Ætlunin var að skoða samsett orð, sérstaklega með tilliti til samsetningarháttar. Fljótlega kom þó í ljós að grundvallaratriði í allri greiningunni var að mörkin milli afleiðslu og samsetningar væru skýr, eða a.m.k. að ljóst væri ef þau væru það ekki.

- d Gerð orðhluta, þ.e. hvort þeir eru frjálsir eða bundnir:
Hér er komið að lykilatriði í skilgreiningu á aðskeytum, sbr. 2. kafla hér að framan, en vitað er að í íslensku gengur þetta ekki vel upp, eins og fram kom í 3. kafla. Því er vert að athuga hvers eðlis bundnir liðir sem ekki teljast vera aðskeyti eru og að hvaða leyti þeir eru frábrugðnir þeim liðum sem hér eru greindir sem aðskeyti.
- e Dreifing orðhluta og tíðni í safninu:
Það er skilgreiningaratriði á aðskeytum að þau flakka ekki á milli staða í orðum. Samsetningarliðir geta hins vegar verið hvort heldur er fyrri eða síðari hluti orðs. Spurningin er samt hvort það að orðhluti er óhreyfanlegur er ekki afleiðing þess að hann er skilyrtur sem bundið les, fremur en að það sé háð því að hann sé aðskeyti.

Ýmisleg önnur not má hafa af gögnunum í safninu en í frásögn af úrvinnslu úr gögnunum hér verður tekið mið af viðfangsefninu í þessari ritgerð, muninum á afleiðslu og samsetningu.

Í þessum kafla verður sagt frá gagnavinnunni sjálfri, efniviði, skipulagi gagnanna, vinnuaðferðum og því hvaða almennar niðurstöður má fá úr greiningunni. Efnisskipan kaflans er þessi: Að loknum kafla um tengsl mállýsinga og kenningasmíði og tískustrauma í málfræði hefst lýsing á gagnasafninu sjálfu. Í kafla 4.3 er sagt frá aðdraganda verksins og efniviði, ásamt þeim áhrifum sem val dæma úr Ritmálsskrá OH hefur á verkið. Í kafla 4.4 er sagt frá gagnavinnunni sjálfri, fræðilegum forsendum fyrir henni, og aðferðum í myndangreiningu og stofnhlutagreiningu. Í kafla 4.5 eru greiningaratriði í gögnunum rakin og gerð grein fyrir skipulagi gagnanna sjálfra og í 4.6 er síðan sagt frá því í stuttu máli hvernig úrvinnslu er háttað.

4.2 Mállýsingar og kenningasmíði

Nú um stundir virðist tilhneigingin vera sú í umfjöllun um orðmyndun, rétt eins og í annarri umfjöllun um málfræði, að kenningarnar móta valið á dæmunum en ekki öfugt og oft virðast menn leggja upp með það veganesti að athuga skuli eitt afmarkað atriði, eina kenningu sem finna skal dæmi um (og þá um leið gagndæmi gegn). Í slíkri vinnu eru dæmin valin á markvissan hátt í ljósi þess sem verið er að skoða. Slíkar aðferðir eru eðlilegar hjá málfræðingum sem eru að glíma við allsherjarmálfræðina (*Universal Grammar, UG*) samkvæmt kenningum generatífista og reyna að finna algildi í öllum tungumálum samkvæmt hugmyndum um lögmál og breytur (*Principles & Parameters*). Ef ekki er reynt að einangra fyrirbærin sem verið er að skoða og setja þeim skynsamlegan ramma kemst enginn neitt áfram í gagnaflóðinu. Hættan er sú að menn einblíni svo stíft á athugunarefnið sjálft og þau dæmi sem á skýran hátt sýna í hverju viðfangsefnið er fólgið að grunnurinn sjálfur, þ.e. grunnskilgreiningarnar, gleymist. Eins vill gleymast að líta á athugunarefnið í víðara samhengi, þ.e. sem hluta af heildarmállýsingu þess tungumáls (eða þeirra tungumála) sem verið er að fást við. Togstreitan sem fram kemur á milli þeirra kenninga sem raktar eru í 2. kafla hér að framan virðist að verulegu leyti vera af þessum toga, en eins og þar kemur fram ræður sjónarhornið að einhverju marki þeim niðurstöðum sem menn komast að. Þar kemur líka fram að málfræði er eins háð tískusveiflum og hver önnur fræðigrein, eins og sjá má af bók Newmeyers (1980), *Linguistic Theory in America*.

Mállýsingar (sem andstæða við málkenningar) virðast ekki eiga upp á pallborðið hjá málfræðingum þessa dagana, sbr. það sem Geoffrey Pullum hefur að segja í skynsamlegri ádeilu sinni á málfræðinga í dálki sínum sem upphaflega birtist í tímaritinu *Natural*

Language and Linguistic Theory 1983 (hér er vitnað í greinasafnið *The Great Eskimo Vocabulary Hoax*):

One clear example of a vogue-driven idea is the notion that explanation is a nobler goal than description. (Pullum 1991:11)

Þeir sem vilja fylgjast með ástunda því kenningasmíð af miklum móð, jafnvel svo miklum að sumum þykir nóg um, sbr. orð Rudolfs Botha í bókinni *Morphological Mechanisms* um grósku í kenningasmíði í lexíkalskri orðhlutafræði en hann telur slíkt ekki sérstakt merki um framfarir í fræðunum:

... in its present state of development, lexicalist morphology can only benefit from the identification and elimination of deficiencies in its theories. What should be avoided is a situation in which twenty or more lexicalist morphologists each propounds his/her own special theory as a serious alternative to the theories of the others ... Unrestrained proliferation of alternative theories is symptomatic of insufficient critical appraisal rather than of scientific progress. (Botha 1984:2)

Botha er þarna að tala um lexíkalska orðhlutafræði en orð þessi virðast rétt eins eiga við um önnur viðfangsefni málfræðinga. Tískan ræður því m.ö.o. að menn ástunda nú kenningasmíð af miklum krafti, jafnvel þannig að mikill fjöldi greina er skrifaður um mjög afmarkað fyrirbæri, t.d. eina setningagerð eða eina gerð samsettra nafnorða, þar sem örfá dæmi eru notuð mann fram af manni. Menn eru þá oft að máta kenningar á milli tungumála, koma með sína útgáfu sem leysir áhugavert vandamál þannig að eftir því verði tekið. Og víst er slíkt allra góðra gjalda vert!

Athyglin sem kenningasmíðirnir fá verður samt e.t.v. til þess að gamaldags gagnagrúsk verður útundan og mállýsingar færast í hendur orðabókarmanna og annarra „þartilgerðra“ sérvitrunga, fremur en að vera hlutverk þeirra sem teljast vera í framvarðasveit málfræðinga. Þörfin fyrir mállýsingar virðist þó vera engu minni en áður vegna þess að nýjar kenningar kalla á mállýsingar sem svara þeim spurningum sem nú eru uppi. Þess vegna þurfa mállýsingarnar að vera með öðrum hætti en áður tíðkaðist. Lykillinn að mati á kenningunum hlýtur nefnilega að vera fólgin í því að staðreyndirnar sem að baki liggja séu fyrir hendi og að farið sé með gögnin af fullri virðingu. Kenningarnar mega ekki verða mönnum svo dýrmætar að gagndæmi séu ekki tekin til greina, eins og Geoffrey Pullum bendir á í grein úr *Natural Language and Linguistic Theory*, þar sem hann segir málfræðinga stundum afgreiða staðreyndir sem aukaatriði og gera greinarmun á undantekningum og gagndæmum, sjálfum sér og fræðunum til skaða:

Linguists dismiss facts as “mere facts”; they distinguish between counterexamples and mere exceptions; they point out loftily that apparent counterexamples and unexplained phenomena should be carefully noted, but that it is often rational to put them aside pending further study when principles of a certain degree of explanatory power are at stake; they assign selected phenomena to the marked periphery; they will digress into philosophy of science and point out that there have been cases in history of apparent counterevidence that turned out not to be such ... (Pullum 1991:145)

Þessi tímaritsgrein Pullums er auðvitað skrifuð mönnum til upplyftingar og ánægju en ádeilan sem þar kemur fram er samt mjög athugunarverð. Samt eru nú sennilega fæstir málfræðingar tilbúnir til að taka undir orð hans um að málfræðingar ástundir erkilygar (eða „flaming lies“ eins og það heitir hjá Pullum) til að verja kenningarnar sínar:

... they will do anything, up to and including telling flaming lies, to avoid being in the situation that up to time t they thought that p was a principle of linguistic theory but at time t^1 a counterexample was adduced which showed that $\sim p$. (Pullum 1991:145)

Þá er það vonandi líka óhófleg svartsýni á heiðarleika náungans að halda að flokkadrættir séu eins miklir og Pullum vill meina:

Of course it isn't a mistake to think that if you discover that $\sim P$ you have falsified a theory that entails P . It is, however, a mistake to suppose that anyone other than your enthusiastic proponents will listen to you. (Pullum 1991:129)

Mun lúmskara er það virðingarleysi fyrir gögnum sem aðeins verður augljóst þegar svo vill til að verið er að fjalla um tungumál sem er lesandanum kunnuglegt. Stundum leiðir það til dæmis til vantrúar á vinnubrögð í fræðunum að sjá hvernig farið er með íslensk dæmi í erlendum ritum. Þar má nefna meðferðina á íslenskum dæmum í bókinni *Phonology in Generative Grammar* eftir Michael Kenstowicz (1994). Í umfjöllun um brottfall *j* og *v* í bakstöðu og á undan samhljóða er augljóst að höfundur kann ekki íslensku og hefur ekki látið neinn með nasasjón af málinu fara yfir dæmin fyrir sig. Þannig er hvorugkynsorðið *lyf* haft með nefnifallsendingu karlkyns, *lyf-ur* 'medicine': „the nominative singular is *lyf-ur*, not *lyff-ur*“ (Kenstowicz 1994:79–80). Eftirfarandi dæmi eru úr sömu bók, bls. 245 (áherslurammar KB):

(2)	nom.sg.	lifur	dag-ur	akur	hamar
	dat.sg.	lifr-i	dag-i	akr-i	hamr-i
	dat.pl.	lifr-um	dög-um	ökr-um	
	nom.sg.def.	lifr#inn	dag-ur#inn	akur#inn	hamar#inn
		'liver'	'day'	'acre'	'hammer'

Þarna er kvenkynsorðið *lifur* beygt eins og karlkynsorð, hljóðvarpi sleppt í þágufalli eintölu af orðinu *dagur* og gefin röng þýðing á orðinu *akur*. (Í ensku nútíma máli merkir orðið *acre* 'ekra' en ekki 'akur' sem réttara væri að þýða með enska orðinu 'field', sbr. skýringar í *Webster's Third New International Dictionary* (1979)). Þá má líka spyrja af hverju ekki er gefið þágufall fleirtölu af orðinu *hamar*, til samræmis við hin orðin. Ekki er að sjá af bókinni að höfundi sé ljóst að nafnorð í íslensku hafa kyn. Rétt er að geta þess að þessar villur hafa ekki áhrif á kenninguna sem verið er að setja fram hjá Kenstowicz; rangfærslur í dæmunum snerta ekki atriði sem hafa bein áhrif á kenninguna. En jafnvel þótt misþyrmingar á íslenskum dæmum séu aðeins fólgnar í hroðvirkni í framsetningu dæmanna sjálfra, án þess að það hafi bein áhrif á þá kenningu sem verið er að setja fram, nægir það til að maður missi trúna á fræðimann sem lætur slíkt frá sér.

Nú er bók Kenstowicz yfirlitsrit (þ.e. kennslubók) og e.t.v. er ekki sanngjarnt að ætla að menn sem eru að skrifa um eigin kenningar viðhafi vinnubrögð af þessu tagi. Þó hefur því heyrst fleygt að kenningar verði mönnum stundum of dýrmætar til að hægt sé að viðurkenna gagndæmi. Vandamálið er e.t.v. ekki síst það að oft er verið að fjalla um efni sem byggist á dæmum úr tungumáli (eða tungumálum) sem maður kann engin skil á og þá er auðvitað ómögulegt að sjá hversu réttar kenningar eru vegna þess að forsendurnar til að meta gögnin eru engar. Á stundum læðist líka að sá grunur að kenningar séu settar fram á tiltölulega veikum grunni, t.d. þannig að nokkur dæmi séu látin duga til að hengja flóknar og viðamiklar kenningar á. Oft eru slík dæmi úr tungumáli (eða tungumálum) sem lesandinn kann engin skil á og þá er auðvitað ómögulegt að sjá hversu réttar kenningar eru í ljósi þeirra, hvað þá að þekkingin sé næg til að meta kenningarnar almennt. Í áherslunni á kenningasmíði er því fólgin nokkur hætta sem e.t.v. er aðallega fólgin í tvennu. Annars vegar getur grunnurinn sem byggt er á verið of veikur, þannig að nokkur einangruð dæmi úr einu framandlegu tungumáli (eða fá dæmi úr nokkrum málum) eru látin duga til að hengja kenninguna á. Hins vegar er þess ekki gætt nægilega að leita gagndæma eða

þeim er jafnvel ekki sinnt, sbr. orð Pullums um heiðarleika málfræðinga hér að framan.

Þrátt fyrir þessar efasemdir um ofurvægi kenninganna er ljóst að engin leið er til að skoða gögnin nema fylgja þar einhverju kenningakerfi; öll flokkun hlýtur nefnilega að byggjast á einhvers konar greiningu. Án kenninganna er ekki hægt að skoða gögnin. Og kenningarnar eru einskis virði ef þær eru ekki nægilega studdar af gögnunum. Þörfin á gagnavinnu er því eins mikil nú og áður, ekki síst á sviðum þar sem í verunni er mjög lítið til af heimildum, eins og í umfjöllun um orðmyndun í íslensku nútímamáli. Allt þetta er nokkur hvati að því að leggja í þá þolinmæðisvinnu sem skoðun á stóru gagnasafni óneitanlega er, enda má segja að nú hafi nýir möguleikar opnast þar sem tæki og töl hafa breyst nægilega mikið til að gefa tækifæri sem eldri mönnum buðust ekki. Aðgangur að Ritmálsskrá OH gefur t.d. tækifæri til rannsókna sem ekki voru mögulegar áður. Togstreituna milli kenninganna og gagnanna verður svo hver að leysa á sinn hátt en í ljósi þeirra sveifna sem eru í kenningunum er mikilvægt að gögnin sjálf og lýsingin á þeim séu eins óháð einni tiltekinni kenningu og unnt er, a.m.k. að því marki að auðvelt sé að túlka niðurstöður frá sem flestum hliðum.

4.3 Gagnasafnið og Ritmálsskráin

Eins og þegar hefur komið fram er gagnasafnið að stofni til fengið úr Ritmálsskrá OH og val dæma ber þess merki að upphaflegur tilgangur verksins var nokkuð annar en nú er orðið. Fyrsta kveikjan að þessu verki voru vangaveltur um það hvort ástæða væri til að gera greinarmun á forskeyttum og samsettum orðum út frá formlegum einkennum liðanna. Orðin í safninu eru þess vegna valin úr Ritmálsskránni eftir þeirri orðgerðargreiningu sem þar er notuð og eru þau öll merkt sem **samsett** eða **forskeytt** orð.² Öll orðin koma fyrir í ritum frá þessari öld og þau eru úr höfuðorðflokkinum fjórum, nafnorð, lýsingarorð, atviksorð og sagnir. Þau eru valin eftir dæmafjölda um hvert orð, þ.e. um nafnorð og lýsingarorð í safninu eru 4 eða fleiri dæmi en um atviksorð og sagnir eru færri dæmi, enda voru þessir orðflokkar allir rýrari þegar til átti að taka. Orðafjöldinn úr Ritmálsskránni í gagnasafni mínu er þessi:

(3) Skipting milli orðflokka í gagnasafninu:

Kvenkynsnafnorð úr Ritmálsskrá:	12.090
Hvorugkynsnafnorð úr Ritmálsskrá:	10.005
Karlkynsnafnorð úr Ritmálsskrá:	11.451
Lýsingarorð úr Ritmálsskrá:	12.641
Atviksorð úr Ritmálsskrá:	1.803
Sagnorð úr Ritmálsskrá:	5.233
Orð úr Ritmálsskrá alls:	53.667

Til samanburðar má geta þess að í Ritmálsskránni allri eru u.þ.b. 502.000 nafnorð, u.þ.b. 84.000 lýsingarorð, tæplega 6.000 atviksorð og rúmlega 16.000 sagnir eða alls u.þ.b. 610.000 orð.

Kostirnir við að nota Ritmálsskrá OH eru ótvíræðir. Í fyrsta lagi er Ritmálsskráin byggð á gífurlega stóru seðlasafni, Ritmálssafni OH, en í því eru yfir sex hundruð þúsund orð úr rituðu máli frá 1540 til þessa dags. Alls eru í safninu um 2,3 milljónir seðla. Orðin eru valin með hefðbundinni orðtöku út frá mörgum og mismunandi forsendum, eins og

²Nánar verður greint frá orðgerðargreiningu í Ritmálsskrá í næsta undirkafla og þar kemur fram hvers vegna þessi leið er farið.

fram kemur í inngangi að *Sýnihefti sagnorðabókar* (Ásta Svavarsdóttir et al. 1993; þessi kafli er eftir Guðrúnu Kvaran):

Engar fastar reglur er hægt að setja um það hvað orðtekið skuli úr hverju riti og verður það ávallt mat þess sem les. Oftast er reynt að taka mið af efni ritsins sem verið er að lesa og athyglinni beint að orðum og orðasamböndum sem eru sérkennandi fyrir efnið en sjónir þess sem merkir í texta beinast einnig að einkennum í máli höfundar, mállyskuorðum og óvenjulegri notkun orða og orðasambanda.

(Ásta Svavarsdóttir et al. 1993:3)

Orðin eru m.ö.o. ekki valin sérstaklega með tilliti til orðmyndunar og þar sem forsendurnar fyrir valinu eru svo margvíslegar má ætla að safnið nýtist þokkalega vel sem eins konar slembisafn um orðgerðir. Þar sem safnið er mjög stórt má ætla að í því séu dæmi um (því sem næst) allar gerðir orðmyndunar í málinu, jafnvel þótt þar séu e.t.v. ekki dæmi um alla orðliði sem fyrir kunna að koma og þaðan af síður öll orð í íslensku.

Ritmálsskrá OH er að því leyti góður efniviður í gagnagreiningu af þessu tagi að þar er af nógu að taka. Hins vegar má líka segja að Ritmálsskráin sé ekki endilega marktæk um tíðni orðgerða. Öll orð í Ritmálsskránni skipa nokkuð jafnan sess, óháð tíðni þeirra í málinu þar sem orðtakan er illa til þess fallin að gefa upplýsingar um tíðni. Merkingar um dæmafjölda í Ritmálsskrá eru líka enn sem komið er fremur ófullkomnar og dæmafjöldi er aðeins gefinn þegar dæmin eru 1–5; annars eru orðin merkt með >. Nú stendur yfir innsláttur allra seðla í Ritmálssafni, annarra en seðla með stakdæmum. Þegar honum er lokið verður unnt að finna nákvæman dæmafjölda að baki hverju uppflettið, en jafnvel þá verður að hafa í huga að Ritmálssafnið er ekki góð heimild um tíðni orða í málinu. Þar af leiðir að tíðni mismunandi orðgerða er ekki hægt að meta út frá Ritmálsskránni með nokkurri vissu. Samt má ætla að þær vísbendingar um tíðni orðgerða sem Ritmálsskráin gefur séu nokkuð áreiðanlegar, einfaldlega vegna þess að orðin eru svo mörg.

Ritmálsskráin gefur heldur ekki endilega nákvæma mynd af virkri orðmyndun. Orðin sem valin eru í gagnasafnið eru öll merkt tuttugustu öldinni og talsverður hluti þeirri hlýtur að vera nýmyndaður á þessari öld. Samt er varasamt að treysta á að Ritmálsskráin sýni með réttu hve gömul orð eru þar sem tilviljun ræður því hvenær orð lendir á prenti og ekki síður því hvaða orð eru orðtekin.³ Orð í Ritmálssafni eru m.ö.o. örugglega til í textum frá þeim tíma sem þau eru orðtekin, en það segir ekkert um það hvort þau eru eldri. Að auki eru orðin í þetta sinn valin þannig að þau komi fyrir í ritum frá þessari öld, en ekki þannig að þau komi **fyrst** fyrir í ritum frá þessari öld. Þetta er í samræmi við það sjónarmið að hér er verið að skoða óvirkan orðaforða, málskilninginn, en ekki virka orðmyndun, málköpunina. Hér er m.ö.o. farin sú leið að taka gefinn orðaforða og greina hann **vegna þess að þetta verður málnotandinn að gera**. Væri sú leið farin að skoða einungis virka orðmyndun væri heildarmyndin einfaldari og reglulegri en næði þá aðeins yfir hluta af þeirri málkunnáttu sem hver einstaklingur býr yfir. Orðasafnið sjálft (þ.e. orðaforðinn) í allri sinni dýrð er líka hluti af málkunnáttunni. Með því að setja fram reglur um orðhlutagreiningu sem ná yfir þetta allt er því e.t.v. verið að setja fram reglur um **orðgerð** fremur en **orðmyndun**, sbr. orðmyndunarreglu Eiríks Rögnvaldssonar sem sýnd er í (4) á bls. 65 hér að framan, en sú regla nær bæði yfir orðmyndun og greiningu á orðum sem fyrir eru í orðasafni, eins og sjá má af því að örin í reglunni vísar í báðar áttir. Hér er því verið að skoða hvað það er sem rekur á fjörur málnotandans og hverjar reglurnar eru sem grípa verður til við túlkun á orðunum.

Ef skoða á virka orðmyndun verður að beita öðrum ráðum, enda hlýtur munurinn á virkri orðmyndun og skilningi að vera talsverður. Til þess að rannsaka virka orðmyndun

³Um gloppur í orðtöku og vélunnar viðbætur, sjá Ásta Svavarsdóttir et al. 1992 og Kristín Bjarnadóttir 1994.

væri t.d. hægt að skoða orðmyndun í barnamáli⁴ eða skoða ótæpilegt safn texta og athuga hvaða orðmyndunarreglur eru virkastar þar í nýmyndun. Hér er vakin athygli á þessu enn og aftur til að árétta hvert sjónarhornið er í því gagnasafni sem hér er skoðað. Í orðasafninu birtast mörg málstig, hvert innan um annað, og orðasafnið í heild er þess vegna ekki sérlega vel til þess fallið að skila snyrtilegum niðurstöðum úr samtímalegri greiningu, eins og Harry Bochner bendir á í bók sinni, *Simplicity in Generative Morphology*:

Not every linguistic generalization is significant. In fact, a generalization can hold for a large majority of cases, and still fail to be linguistically significant. **This is particularly true with respect to the lexicon, because the patterns that we see in the lexicon ultimately have historical sources.** Some of these patterns are significant generalizations that must be expressed by the synchronic grammar. Others, however, may be merely historical remnants. These historical remnants are of particular interest for internal reconstruction, since they allow us glimpses of an earlier state of affairs, but for synchronic analysis they are a pitfall, and must be screened out.

(Bochner 1993:205 [leturbreyting KB])

En venjulegur málnotandi þarf einmitt að glíma við orð af ýmsu tagi og frá ýmsum tímum og hefur þá oft ekkert við að styðjast annað en eigin málvitund.

4.3.1 Orðgreining í Ritmálsskrá OH

Flokkun sú sem notuð er í Ritmálsskránni liggur til grundvallar orðavali hér og því er rétt að gera nokkra grein fyrir henni og Ritmálsskránni sjálfri. Ritmálsskráin er tölvutæk yfirlitsskrá um Ritmálssafn OH og í henni eru upplýsingar um hvert uppflettiorð, þ.e. „haus á seðli“ (uppflettimynd orðsins: nefnifall eintölu af nafnorðum, nefnifall í karlkyni eintölu af lýsingarorðum og nafnháttur sagna), orðflokkur (latnesk skammstöfun) og kyn nafnorða (og tala, ef nafnorð er fleirtöluorð), orðgerð, dæmafjöldi (ef dæmi eru fimm eða færri), aldur elsta og yngsta dæmis og heimild um elsta dæmið í safninu (sjá t.d. Ásta Svavarsdóttir et al. 1993:9). Á skjámynd fyrir leit að einstöku orði í Ritmálsskránni, með svokallaðri spjaldleit, sést hvernig upplýsingar birtast notandanum:

RITMÁLSSKRÁ ORÐABÓKAR HÁSKÓLANS (Útg. 1.1)

```
FLETTA:  Leita Fram Aftur Telja Dæmi Heimildir Hætta
Leita að öðru orði
----- F1 birtir hjálp yfir upplýstan valkost
ORÐ.....: orðmyndun                      Ending:
  Orðfl.: n      Kyn: f      Orðg.: sv*      Fj. dæma:      >
  Aldur (elsta-yngsta) dæmis.: 19s          20m
Heimildaskammst.: Andv                      Bindi/hefti/árg.: 1876
Bls./staðsetn...: 4                        Sérmerking:
Höfundur.....:
Ártal.....: 1874-.
Titill.....: Andvari.
```

Hér sjást þær upplýsingar sem fást þegar orðið *orðmyndun* er slegið inn: Orðið er nafnorð (*Orðfl.: n*), í kvenkyni (*Kyn: f*), það er samsett og viðskeytt (*Orðg.: sv**) og dæmin eru fimm eða fleiri (*Fj.dæma: >*). Að auki er elsta heimild gefin (*Andvari...*) og loks sjást upplýsingar um aldur elsta og yngsta dæmis (*Aldur (elsta-yngsta) dæmis.: 19s 20m*).⁵

⁴Slíkar kannanir eru að vísu bæði erfiðar og tímafrekar, sjá t.d. greinar Röndu Mulford (1983) og Margrétar Pálsdóttur (1984) í *Íslensku máli* 5 og 6.

⁵Aldur er gefinn í aldarþriðjungum, *f, m, s*.

Orðin í safni mínu voru valin þannig að leitað var eftir aldri, fjölda dæma og orðgerð. Öll orðin koma fyrir á tuttugustu öld og upprunalega voru aðeins höfð með orð þar sem dæmi voru 4 eða fleiri. Síðar var bætt við atviksorðum og sögnum án tillits til dæmafjölda vegna þess hve rýr afraksturinn varð í fyrstu leit. Orðin voru valin eftir orðgerðargreiningunni í Ritmálsskránni og aðeins tekin með orð sem voru greind sem forskeytt eða samsett orð, þ.e. með merkingunum *f*, *fv*, *s*, *sv* (sjá kafla 4.3.4 hér á eftir). Gildin sem valið var eftir eru á hluta úr skjámynd hér á eftir.

ORÐ.....:	*				Ending:
Orðfl.:	*	Kyn:	*	Orðg.:	[f s] Fj. dæma: [4 5 >]
Aldur (elsta-yngsta) dæmis.:	*			20*	

Þrjú greiningaratriði sem notuð eru í Ritmálsskrá þarf að skýra vegna þeirra áhrifa sem þau hafa á gagnagreininguna sem hér er lýst. Í fyrsta lagi er það sú skilgreining á ‘orði’ sem kemur fram í uppflöttiorðum í Ritmálsskránni, í öðru lagi hver áhrif orðflokksgreining í Ritmálsskránni hefur á gagnavinnuna og loks hvers vegna valið er eftir orðgerð á þann hátt sem hér er gert.

4.3.2 Hvað er orð í Ritmálsskránni?

‘Orð’ í Ritmálsskránni er uppflöttiorð á seðli í Ritmálssafni OH og þar eru flettur ekki fleiryrtar. Stafsetning er að mestu leyti samræmd í uppflöttiorðum í Ritmálsskránni og orðin eru færð til nútímastafsetningar. Vafaatriðin í samræmingunni eru samt sem áður mörg og afbrigði af sumum orðum því fjölmörg. Eitt af þeim atriðum sem eru nokkuð á reiki er hvort rita skal eitt orð eða tvö, eins og kunnuglegt er af kennslubókum í stafsetningu og öðru efni þar sem fjallað er um málið.⁶

Í Ritmálsskránni eru slík fyrirbæri oft gerð að uppflöttiorði ef ritað er í einu orði en mjög sjaldan eða ekki ef ritað er í tveimur orðum.⁷ Þar ræður (yfirléitt) ritháttur höfundar textans sem orðtekinn er. Má þá einu gilda hvort algengara er að rita í tveimur orðum í nútímamáli og jafnvel talið réttara, samkvæmt þeim stafsetningarreglum sem nú eru viðhafðar. Þannig eru dæmi um *nokkurstaðar* og *nokkursstaðar* í Ritmálsskrá en ekki um *nokkursstaðar* og þar eru líka dæmi um orðin *samakonar*, *fleirkonar*, *margskonar*, *ýmiskonar*, *allskonar*, *samskonar*, *fimmiskonar*, *sumskonar*, *einskonar*, *fernskonar*, *einhverskonar*, *nokkurskonar* og *þesskonar* en leita verður undir uppflöttiorðinu *konar* ef finna á hinn ritháttinn, *þess konar* o.s.frv.

Hér fylgja nokkur dæmi úr Ritmálsskránni þar sem nokkur slík vafaatriði koma fram. Dæmin eru sýnd í þeirri mynd sem þau birtast á skjámynd úr Ritmálsskrá en felldar eru saman línur úr mörgum skjámyndum:

⁶Sbr. t.d. *Kennslubók í stafsetningu fyrir framhaldsskóla* eftir Árna Þórðarson og Gunnar Guðmundsson (6. útg. 1961, bls. 77–78), kaflinn *Eitt orð eða tvö*: „Oft er erfitt að átta sig á, hvort rita skuli eitt orð eða tvö, og verða vart gefnar um það tæmandi reglur“ og kaflann um eitt orð eða tvö í Reglum um frágang þingskjala og prentun umræðna (*Alþingistiðindi*, ágúst 1988:7–9): „Segja má að höfuðreglan, sem reynt hefur verið að koma á, sé sú að rita tvö orð eða fleiri þegar ekkert sérstakt mælir gegn því, en sé nokkuð augljóst að um eina heild er að ræða skal rita eitt orð. Athugið: Allt er þetta vandasamt og rétt að minna á að færustu málfræðingar telja að ekki sé til viðurkennd skilgreining á því hvað sé orð.“

⁷Jón Hilmar Jónsson hefur bent mér á að verið geti að uppflöttimynd endurspegli ekki alltaf rithátt í dæmi; verið geti að „samrituð“ uppflöttimynd komi fram á stundum þar sem dæmi sýnir ritmynd í aðgreindum orðum. Þetta væri á sinn hátt aðferð til að sleppa fram hjá þeirri reglu að færa ekki upp fleiryrtar flettur en það virðist vera gróin hefð í íslenskum orðabókum.

(4) „Eitt orð eða tvö“ í Ritmálsskrá:

tuttugukjaftraður	n m	s	1	20fm	20fm	Aðvestan
tuttugukrónupeningur	n m	sv	4	19s	19s	Nf
tuttugumilljónkróna	adj	s	1	20m	20m	Birt
tuttuguogfimmurapeningur	n m	sv	1	19s	19s	Lagalþ
tuttuguogfimmeyringur	n m	sv	3	20fm	20m	JThorSv
tuttuguogfimmfalda	v	s	1	20f	20f	Alþt
tuttuguogfjórðmæltur	adj	s	1	19s	19s	HSigBragfr
þúsundgeinnarnætúrþóttáti	n m	s	1	20ms	20ms	KristmGStutt
þúsundgeinnarnætúrþóttáti	n m	s	1	20m	20m	HKLGæ
annarsvegar	adv	s	2	19s	20f	MJPLeik
hversvegna	adv	s	5	17m	20f	RJónGramm
enguaðsíður	adv	s	1	20m	20m	HKLSjfélk
margstaðar	adv	f	>	17m	19m	Ann
hvergiðstaðar	adv	s	2	19m	19s	GPórðTún
alstaðar	adv	f*	>	16s	20m	2Mós
hinstaðar	adv	s	1	19m	19m	Urs
allannarstaðar	adv	s	2	18m	19m	JÁNucl
nokkurstaðar	adv	s	1	19m	19m	JÁÞj
engisstaðar	adv	s	1	19m	19m	NielsJFlór
sumsstaðar	adv	s	4	18s	19m	LFR
einsstaðar	adv	s	1	19s	19s	Bjarki
neinsstaðar	adv	s	>	16m	20m	Hebr
hinsstaðar	adv	s	1	19f	19f	HJPHreð
annarsstaðar	adv	s	4	16s	18ms	3Mós
einhversstaðar	adv	s	4	18m	19m	JÁrnGlós
nokkursstaðar	adv	s	5	16s	19m	2Kong

Margt af þessu tagi er venjulega ekki sett upp sem eitt orð en fylgir með í gagnasafni mínu af áður nefndum ástæðum.

4.3.3 Um orðflokksgreiningu í Ritmálsskrá

Orðflokksgreiningin í Ritmálsskránni er næsta hefðbundin orðabókargreining þar sem hvert orð hefur sinn orðflokk og ekki er greint eftir setningarstöðu nema í undantekningartilvikum, t.d. þar sem hvorugkyn lýsingarorða er greint sem atviksorð. Í Ritmálsskránni eru notaðar latneskar skammstafanir fyrir orðflokka og er þeim haldið í gagnasafni mínu. Orðflokksamerkingarnar sem þar eru notaðar eru þessar: *adj* (lýsingarorð), *adv* (atviksorð), *f* (nafnorð í kvenkyni), *fpl* (nafnorð í kvenkyni fleirtölu), *m* (nafnorð í karlkyni), *mpl* (nafnorð í karlkyni fleirtölu), *n* (nafnorð í hvorugkyni), *npl* (nafnorð í hvorugkyni fleirtölu), *num* (töluorð), *pron* (fornöfn) og *v* (sagnir). Í úrvinnslunni koma síðan til fleiri orðflokksamerkingar eins og greint verður frá í kaflanum 4.5.2 hér á eftir.

Eitt af þeim vandamálum sem upp koma við það að nota orðalista úr Ritmálsskránni sem stofn í orðmyndunargreiningu er að þar eru ýmsar orðmyndir færðar upp undir hefðbundnum orðabókaruppflettimyndum, burtséð frá því hvort þær uppflettimyndir eru í raun og veru til í málinu. Við þetta verður orðflokksgreiningin stundum vafasöm. Sem dæmi um slíkt má nefna lýsingarháttarmyndir sem settar eru upp undir nafnhætti, jafnvel þó að sögnin sjálf sé sjaldgæf eða komi ekki fyrir í germynd. Öll dæmi undir uppflettimyndunum *stíghækka* og *stíglækka* í seðlasafninu eru t.d. um lýsingarhátt nútíðar en ekki um germynd. Önnur dæmi um slíkt eru miðmyndarsagnir sem eru sjaldgæfar eða finnast ekki í germynd, t.d. *ólmast* og *þarfnastr*,⁸ en eru samt settar upp sem slíkar, og nafnorð

⁸Skýringin á því að slíkar sagnir eru settar upp í germynd í Ritmálssafni eru reyndar mjög oft sögulegar þar sem sagnirnar koma að einhverju marki fyrir í germynd í eldra máli.

sem aðeins koma fyrir í aukafalli en eru samt sem áður sett upp í nefnifalli, eins og t.d. *tag*. Atriði af þessu tagi koma ekki að sök í orðmyndunarlýsingu þegar um er að ræða beygingarmyndir eins og aukafall af nafnorði en leiða til þess að lýsingarhættir og miðmyndarsagnir fara stundum forgörðum og í stað þess er verið að greina germyndarsagnir sem í raun og veru koma aldrei fyrir.

4.3.4 Um orðgerðargreiningu í Ritmálsskrá

Hér að framan var frá því greint að orðin í safni mínu væru valin eftir orðgerðargreiningu í Ritmálssafni þannig að aðeins væru tekin samsett og forskeytt orð. Þar sem athugunar-efnið hér er ekki síður viðskeyting en samsetning og forskeyting er rétt að skýra ástæður fyrir þessu en þær má rekja til þess hvernig orðgerðargreining í Ritmálsskránni er unnin. Hér á eftir styðst ég við athugasemdir og leiðbeiningar sem notaðar voru við vinnuna við Ritmálsskrána,⁹ auk Ritmálsskrárinnar sjálfrar.

Gerð Ritmálsskrárinnar var á sínum tíma risavaxið verkefni og þá þurfti marga að athuga í einu. Því var sú leið farin að láta mjög einfalda orðgerðargreiningu nægja. Hvert orð var merkt einni aðalorðgerð, þ.e. samsett orð, forskeytt orð eða grunnorð, og merkt með táknunum *s*, *f* og *g*. Velja þurfti eitt aðaltákn og var samsetning látin hafa forgang gagnvart forskeytingu, þannig að orð sem bæði var forskeytt og samsett var aðeins merkt með *s*. Búnir voru til vinnulistar til að auðvelda fólki flokkunina og þar kemur skýrt fram að orðgerðargreiningin var aðeins hugsuð sem áfangi í verkinu og ætlunin var að taka aftur til við orðmyndunarhlutann síðar. Í leiðbeiningunum eru eftirfarandi forsendur gefnar fyrir því að telja orð samsett:

Viðmiðunin þar er sú að orðliðir af stofni sem komið getur fyrir sjálfstæður setji orð í s-flokk sé annar sjálfstæður liður á undan þeim, að öðrum kosti lendi orðið í g-flokki.
(Leiðbeiningar, dagsettar 6/6 '84)

Síðan fylgir listi um liði sem „samkvæmt þessu settu orð í s-flokk“ og eru dæmi gefin um hvern lið:

(5) Listi yfir samsetningarliði í Ritmálsskrá:

-háttur (<i>fíflaháttur</i>)	-lyndi (<i>göfuglyndi</i>)
-gangur (<i>flumbrugangur, asnagangur</i>)	-remmi (<i>hamremmi</i>)
-yrki (<i>einyrki</i>)	-stand (<i>ekkjastand</i>)
-seti (<i>búseti</i>)	-kvæmur (<i>gagnkvæmur</i>)
-þegi (<i>lánþegi</i>)	-leitur (<i>bjartleitur, breiðleitur</i>)
-lagi (<i>félagi</i>)	-lyndur (<i>glæðlyndur</i>)
-beri (<i>boðberi</i>)	-ráður (<i>einráður</i>)
-úð (<i>mannúð</i>)	-tugur (<i>tvítugur</i>)
-kunn (<i>vorkunn</i>)	-ýgur (<i>mannýgur</i>)
-syn (<i>nauðsyn</i>)	-látur (<i>hæglátur</i>)
-stæða (<i>fjarstæða</i>)	-ósa (<i>vatnsósa</i>)
-laga (<i>tillaga</i>)	-ræður (<i>tíræður</i>)
-vísi (<i>málvísi</i>)	-verður (<i>áhugaverður</i>)
-mennska (<i>kaupmennska, illmennska</i>)	-kenndur (<i>vatnskenndur</i>)
-læti (<i>fálæti</i>)	-faldur (<i>margfaldur</i>)
-menni (<i>margmenni, illmenni</i>)	-spár (<i>forspár</i>)
-lendi (<i>mýrlendi</i>)	-sær (<i>auðsær</i>)

⁹Leiðbeiningar þessar eru án titils en á þeim eru dagsetningar, 3/6 '84 og 6/6 '84.

-bær (<i>mannbær</i>)	-vaka (<i>andvaka</i>)
-ær (<i>einær</i>)	-megin (<i>hinummegin</i>)
-laga (<i>hringlaga</i>)	-konar (<i>einskonar</i>)
-svefta (<i>vansvefta</i>)	-slags (<i>allsslags</i>)

Til forskeyta voru þeir liðir taldir sem ekki koma fyrir sem sjálfstæðir stofnar, t.d. *for-*, *ó-* og *tor-* en hins vegar ekki liðirnir *dauð-* og *band-* (í *dauðfeginn*, *bandóður*), sem koma fyrir sem sjálfstæðir stofnar. Þessi viðmiðun er þó ekki algild, eins og sjá má af eftirfarandi broti úr leiðbeiningunum þar sem undantekningar frá reglunni eru taldar upp:

Þegar forsetningar og atviksorð koma fyrir sem forliðir er litið á þau sem forskeyti (*á-stand*, *til-kynna*, *brott-för*, *inn-bú*). Til forskeyta teljast í heild þeir forliðir sem láta í ljós vísun til stefnu (afstöðu, staðsetningar), þar með talin „áttaorðin“ *norður*, *suður*, *austur*, *vestur* og tilbrigði þeirra (hér er að öðru leyti átt við forliði eins og *heim-*, *heima-*, *heiman-*, *neðan-*, *niður*, *ofan-*, *upp-* o.s.frv.). Til forskeyta teljast einnig allir þeir forliðir sem í er fólgið tölu-, fjölda- eða magnildi (kvantórar), þ.e. liðir eins og *ein-*, *tví-* (*tve-*, *tvæ*, *tvö-*), *þrí* (*þre-*, *fjór-* *fer-*) (töluorðin til og með 12 þar sem þau koma fyrir í forliðarstöðu), *al-*, *sum-*, *marg*, *fá-* o.s.frv. Óhjákvæmilegt er að taka tillit til forliða erlendra orða og greina þar forskeyti út frá hliðstæðum forsendum og í hinum íslensku. (Leiðbeiningar, dagsettar 3/6 '84)

Lagt er til í leiðbeiningartextanum sem hér er vitnað til að komið sé upp lista um þá liði sem greindir eru sem forskeyti eftir því sem verkinu miðar og drög að lista um bókstafina *a* til *g* fylgir. Hér fylgir fyrsti hluti listans sem nær yfir bókstafina *a* og *á*. Í síðari hluta listans eru erlend forskeyti en gert er ráð fyrir að þau séu greind líka, óháð því hvort þau koma aðeins fyrir í orðum sem telja verður líklegt að séu tökuorð sem heild án þess að um þau finnist dæmi sem telja verður til íslenskrar orðmyndunar.

(6) Dæmi um forskeyti í Ritmálsskrá:

A/Á:	auka- (<i>auka-atríði</i> , <i>auka-legur</i>)
á- (<i>á-hugi</i> , <i>á-skapa</i> , <i>á-kveðinn</i>)	austur- (<i>austur-bær</i>)
að- (<i>að-koma</i> , <i>að-skilja</i> , <i>að-gætinn</i>)	austan- (<i>austan-átt</i>)
aðal- (<i>aðal-fundur</i>)	- - -
af- (<i>af-sanna</i> , <i>af-rek</i> , <i>af-leitur</i>)	a- (<i>a-sósíal</i>)
afar- (<i>afar-kostir</i> , <i>afar-tíður</i>)	ab- (<i>ab-solvera</i> , <i>ab-normal</i>)
áfram- (<i>áfram-hald</i> , <i>áfram-gengur</i>)	ad- (<i>ag-</i>) (<i>ad-vokat</i> , <i>ad-júinkt</i> , <i>ag-gressívur</i>)
aftan- (<i>aftan-hlaðinn</i> , <i>aftan-rýr</i>)	allo- (<i>allo-fón</i>)
aftur- (<i>aftur-boginn</i> , <i>aftur-för</i>)	ambi- (<i>ambi-valens</i>)
al- (<i>al-sæll</i> , <i>al-gæska</i> , <i>al-heimta</i>)	an- (<i>an-alfabet</i>)
all- (<i>all-sterkur</i>)	ana- (<i>ana-lytískur</i> , <i>ana-lógí</i>)
alls- (<i>alls-laús</i> , <i>alls-staðar</i>)	anti- (<i>anti-semíti</i> , <i>anti-tesa</i>)
and- (<i>and-vígur</i> , <i>and-úð</i> , <i>and-mæla</i>)	apo- (<i>apo-kryfa</i> , <i>apo-plectiskur</i>)
andur- (<i>andur-orða</i>)	auto- (<i>auto-katalýtiskur</i> , <i>auto-kratískur</i>)
at- (<i>at-huga</i> , <i>at-kvæði</i>)	
au- (<i>au-virðilegur</i> , <i>au-fúsa</i>)	
auð- (<i>auð-séður</i> , <i>auð-trúa</i>)	
auk- (<i>auk-reitis</i> , <i>auk-nefni</i>)	

Ekki var gert ráð fyrir því að viðskeytt orð væru sérstakur orðgerðarflokkur en samt var sá möguleiki gefinn að bæta upplýsingum um viðskeytingu við sem eins konar auka-merkingu innan aðalflokkanna þriggja. Upphaflega átti þetta aðeins við grunnorð og for-

skeytt orð, en síðar var einnig bætt við þeim möguleika að sýna viðskeyti í samsettu orði. Í fyrstu lotu var gert ráð fyrir að greina eftirfarandi liði sem viðskeyti.¹⁰

(7) Listi yfir viðskeyti í Ritmálsskrá:

-andi (<i>nemandi, dómandi</i>)	-ning (<i>skráning, kvaðning</i>)
-ari (<i>kennari, dómari</i>)	-ung (<i>hörmung, háðung</i>)
-ningur (<i>flutningur</i>)	-sjón (<i>spekúlasjón</i>)
-ingi (<i>heimskingi, ættingi</i>)	-semi (<i>góðsemi, vinnusemi</i>)
-lingur (<i>þyrsklingur</i>)	-semd (<i>vinsemd</i>)
-isti (<i>fasisti</i>)	-heit (<i>blankheit, hortugheit</i>)
-ismi (<i>fasismi</i>)	-legur (<i>óttalegur, bölvalegur</i>)
-ungur (<i>glerungur</i>)	-óttur (<i>blettóttur, kringlóttur</i>)
-ungi (<i>sveitungi</i>)	-samur (<i>líknsamur, vinnusamur</i>)
-leiki (<i>kærleiki, fríðleiki</i>)	-ugur (<i>l-igur</i>) (<i>máttugur, skítugur</i>)
-leikur (<i>kærleikur, fríðleikur</i>)	-andi (<i>spennandi, vonandi</i>)
-skapur (<i>dónaskapur</i>)	-lega (<i>bráðlega</i>)
-dómur (<i>ræfildómur, kristindómur</i>)	-ast (<i>gerast</i>)
-an/-un (<i>skemmtan, skemmtun</i>)	-era (<i>blamma, skandalisera</i>)
-andi (<i>kveðandi</i>)	
-ing (<i>fíring, skýring</i>)	

Orð með viðskeytum sem ekki eru á þessum lista eru merkt sem grunnorð. Nokkrar breytingar munu hafa verið gerðar á orðgerðargreiningunni á meðan á vinnunni stóð og þar sem margir unnu að henni varð samræmið minna en til stóð í upphafi. Það er líka ljóst að orðgerðargreiningin eins og hún er nú í Ritmálsskrá var aðeins upphafsáfangi og ætlunin var (og er) að taka aftur til við orðmyndunarhlutann síðar.

Á valmynd í Ritmálsskránni er nú að finna þessa möguleika í orðmyndunargreiningu: *g, gv, f, fs, fv, s, sv*. Vegna breytinganna sem gerðar voru á greiningunni á meðan á verkinu stóð eru merkingarnar mismikið nýttar. Þannig eru aðeins fjögur orð merkt *fs* (forskeytt og samsett) í Ritmálsskránni, orðin *óvefrænn, óíslenskaður, allfólksmargur* og *afvegaleiða*, enda má segja að þessi merking sé ekki í samræmi við leiðbeiningarnar sem vísað var í hér að framan, þ.e. að velja beri **eitt** af aðaltáknunum þremur, *g, f, s*. Samræming er verulegum erfiðleikum háð þegar margir vinna verk af þessu tagi sem þar að auki er í mótun á meðan á vinnunni stendur. Talsvert er þess vegna um ósamræmi í orðgerðargreiningunni, eins og sjá má af eftirfarandi dæmum þar sem orð, orðflokkur, kyn nafnorða og orðgerðargreining (í ramma til glöggvunar) í Ritmálsskrá eru sýnd:

¹⁰Sérstaklega er tekið fram í leiðbeiningartextanum að viðskeytin eigi að bíða betri tíma: „Innan g-flokks og f-flokks er takmarkaður hópur valinna viðskeyta merktur sérstaklega. Að öðru leyti er stefnt að því að viðskeytum verði sinnt frekar þegar skránni er lokið.“ Jón Hilmar Jónsson hefur bent mér á að fulljóst var strax í upphafi að fullt samræmi næðist ekki fyrr en öll orðin yrðu tölvutæk og smala mætti saman orðum sömu gerðar (með sama viðskeyti o.s.frv.). Kóðarnir voru að miklu leyti hugsaðir til að greiða fyrir því. Og einmitt vegna þess að samræmi myndi ekki nást meðan á greiningunni stóð var strax horfið frá því sem fyrst þótti liggja beint við, að merkja skilin í orðunum sjálfum. Þá þarf að hafa í huga að orðgerðarmerkingin skar sig algerlega úr við gerð Ritmálsskrárinnar að því leyti að þar gekk „skrásetjarinn“ ekki að klárum staðreyndum (eins og um titil og aldur) eða gat fylgt fyrri úrskurði (þótt hann gæti út af fyrir sig orkað tvímælis, þ.e. um uppflettimynd og orðflokk), heldur varð að úrskurða um myndunareinkenni hvers einstaks orðs án þess að hafa þá heildarmynd sem forsendur matsins byggðust á.

(8) Dæmi um orðgerðargreiningu í Ritmálsskrá:

suðurafríkanskur	adj	f	þebverskur	adj	g
suðurafrískur	adj	fv	kúbverskur	adj	s
suðuramerískur	adj	s	naddverskur	adj	g
suðurarabískur	adj	sv	oddverskur	adj	s
vesturbrún	n f	f	schwabneskur	adj	gv
vesturburst	n f	s	serbneskur	adj	g
vesturhorn	n n	s	sorbneskur	adj	s
vesturhreppur	n m	f	tsjúdneskur	adj	g

Versti ókosturinn við greininguna í Ritmálsskránni er samt e.t.v. sá að hún sýnir ekki stofnhlutagreiningu; hún er „flöt“. Þannig kemur mismunurinn á afleiðslu af samsettu orði (*Mývetn-ingur*, *Flensborg-ari*, *andvarp-an*) og samsetningu þar sem síðari hlutinn er viðskeytt grunnorð (*Níkeu-játning*, *afbragðs-menntun*, *arfs-lýsing*, *asbest-einangrun*) hvergi fram; öll þessi orð eru greind á sama hátt, þau eru sögð bæði samsett og viðskeytt og merkt með *sv*. Þarna er merki um viðskeytið í orðgerðargreiningunni, jafnvel þótt það sé innan orðhluta í samsettu orði, vegna þess að svo vill til að það er hluti af síðari hluta samsetta orðsins. Engar vísbendingar eru hins vegar gefnar um viðskeytingu innan orðliða í samsettu orði ef svo vill til að viðskeytta orðið er fyrri hlutinn í samsetningunni. Þannig eru upplýsingar um viðskeytingu að því leyti misvísandi að þær eru gefnar fyrir liði í samsettu orði ef svo vill til að um síðari hlutann er að ræða en annars ekki. Í greiningu á orðunum *árabreyting* og *löggbreyting* kemur því fram að þar finnst viðskeyti (orðin eru merkt *sv*) en ekki í orðunum *breytingarár* og *breytingarlög* (sem merkt eru *s*).

Sams konar samfall á orðgerðum kemur fram í merkingum á orðum sem eru bæði forskeytt og viðskeytt, þ.e. merkt með *fv*. Þar sem greiningin er flöt er enginn munur á því hvort viðskeyti er bætt við forskeytt orð eða forskeyti við viðskeytt orð. Orðgerðin í eftirfarandi orðum er því greind á sama hátt: *óalandi* (adj *fv*), *óaldarlegur* (adj *fv*), *óalmennilega* (adv *fv*). Stofnhlutagreining orðanna er þó ekki eins, eins og sést í (9) hér á eftir þar sem samfall nokkurra orðgerða í Ritmálsskrá kemur fram. (Skýringar við aftasta dálk: *X* og *Y* eru grunnorð, *f* er forskeyti og *v* er viðskeyti.)

(9) Dæmi um samfall orðgerða í Ritmálsskrá:

	<i>Rms.</i>	<i>Stofnhlutagreining:</i>
Mývetningur	sv	[X Y]v
Níkeujátning	sv	[X] [Yv]
skattalög	s	[X] [Y]
breytingarlög	s	[Xv] [Y]
óalandi	fv	f[Xv]
óaldarlegur	fv	[fX]v
óalmennilegur	fv	f[[fX]v]
aðallega	fv	[X]v eða f[X] eða f[]v (?)
aðalkyndari	fv	f[Xv]

Eins og þarna sést falla orðgerðir líka saman vegna þess að ekki er tekið tillit til þess hver orðmyndunargrunnurinn í orðinu er (þ.e. grunnurinn sem verið er að bæta forskeyti og viðskeyti við). Þannig er enginn munur á orðgerð í *aðallegur*, *aðallega* og *aðalkosning*, *aðalkyndari*, *aðallæknir*. Öll þessi orð eru merkt með *fv* og gildir þá einu hvort grunnorð leynist á milli forskeytis og viðskeytis eða ekki. Í orðinu *aðallega* virðist vera gert ráð fyrir því að forskeyti og viðskeyti geti myndað orð án þess að grunnorð kom við sögu. Í

orðinu *óalmennilegur* kemur líka fram að upplýsingar um endurvirkni í forskeytingunni tapast; orð er merkt á sama hátt hvort sem forskeytin eru eitt eða fleiri. (Bæði *al-* og *ó-* eru talin til forskeyta í Ritmálsskrá.) Á sama hátt hverfa allar aðrar upplýsingar um endurkvæmni í orðmynduninni.

Vegna þeirra takmarkana sem eru á orðgreiningunni í Ritmálsskránni var mér ljóst frá upphafi að hún myndi ekki nýtast mér nema að mjög litlu leyti. Að auki er ég ekki sammála þeirri greiningu sem þar er notuð. Þar eru bæði merkingarlegar og formlegar forsendur notaðar en þeim er þó ekki haldið alveg til streitu, eins og sjá má af tilvitnunum hér á undan. Reglan er yfirleitt sú að frjáls myndön teljast vera samsetningarliðir en ekki aðskeyti, en samt eru sum atviksorð (þ.e. agnir og „áttarorðin“ sem óumdeilanlega geta staðið sjálfstætt) talin til forskeyta og það hlýtur að vera gert á merkingarlegum forsendum. Annars staðar er merkingarlegum forsendum hafnað, sbr. það að *dauð-* og *band-* í *dauðleiður* og *bandvitlaus* eru ekki greind sem forskeyti, sem þó er alvanalegt að gera. Því var sú leið farin hér að velja forskeytt og samsett orð úr safninu, á þann hátt sem þegar hefur verið lýst. Aðeins hluti viðskeyta er merktur sem slíkur í Ritmálsskrá (a.m.k. enn sem komið er) og að auki eru merkingarnar aðeins notaðar þegar viðskeyti eru aftast í orði. Viðskeytttra orða í Ritmálsskránni má því rétt eins leita með því að slá inn leitarstrengi úr orðunum sjálfum. Þá er merkingin á viðskeytum undirskipuð öðrum orðgerðarmerkingum í Ritmálsskránni og dæmi um þau fylgja því sjálfkrafa með þegar beðið er um forskeytt eða samsett orð. Dæmasafnið er svo stórt að ég hef trú á því að þar komi fram allar gerðir orðmyndunar í Ritmálsskránni, enda slagar úrtakið hátt í tíunda hluta af safninu í heild.

4.4 Gagnavinnan

Eins og fram kemur í formála hófst gagnavinna sú sem hér verður frá sagt á útmánuðum 1989 og hefur þess vegna staðið í langan tíma og með mörgum hléum.¹¹ Gagnaskipulagið ber þess nokkur merki enda þótt því hafi verið gjörbylt nokkrum sinnum frá upphafi. Öll gagnavinna er unnin á tölvur Orðabókar Háskólans, þ.e. á Unix-vélar sem ráða við röðun og flokkun á miklu efni. Hér verður vinnulagi við greininguna ekki lýst í smáatriðum, enda ætti að verða ljóst af lýsingu á skipulagi gagnanna í næsta kafla (4.5) um hvað málið snýst. Í aðalatriðum má segja að gagnavinnan hafi farið fram í þremur áföngum. Fyrst voru öll orðin myndangreind og var það upphaflega gert með því að nota línuskiptingaforrit en afraksturinn af því var síðan yfirfarinn vandlega. Síðan voru orðin stofnhlutagreind og var það gert með því að setja inn mismunandi merki á öllum skilum. Loks var tekið upp það skipulag sem fram kemur í gagnasafninu sjálfu eins og það er nú og sagt verður frá í næsta kafla, en þar er aðeins gerð grein fyrir einni orðmyndunarreglu í hverri færslu (eða línu) í gögnunum, í stað þess að sýna öll skil í hverju orði í einu. Í þessum kafla verður sagt frá grunnforsendum fyrir greiningunni og fyrstu tveimur vinnslustigunum, þ.e. myndangreiningu og stofnhlutagreiningu.

4.4.1 Fræðilegar forsendur fyrir greiningunni

Í þessum kafla verður sagt frá því hvernig skilið er á milli samsetningar og afleiðslu í gögnunum sjálfum og þeim fræðilegu forsendum sem liggja að baki greiningarinnar. Greiningin byggist á kenningum um tvígreiningu, endurkvæmum orðmyndunarreglum þar sem gildi liða er oftast strangt afmarkað í fræðunum og loks er hér stuðst við kenninguna um

¹¹Lýsing á vinnulagi á fyrstu stigum verksins, þ.e. við myndangreiningu og stofnhlutagreiningu er að finna í B.A.-ritgerð minni, *Stofnhlutagreining samsettra orða* (Kristín Bjarnadóttir 1990b). Hér verður aðeins sagt frá skipulagi gagnanna eins og það er nú og forsagan í vinnunni ekki rakin.

rökgerð orða, t.d. eins og hún kemur fram hjá Botha (sjá bls. 27 hér að framan). Það eru að verulegu leyti gögnin sjálf sem vísa veginn við val á kenningum, eins og nú verður komið að.

Hér að framan var vikið að því nokkrum orðum að í „fyrirmyndargagnalýsingunni“ eigi gögnin að vera óháð kenningum en jafnframt er þess getið að slíkt sé óskhyggja þar sem öll flokkun er háð einhverjum skilgreiningum (og þar með kenningum) sem flokkað er eftir. Takmarkið þarf því að vera að finna þær flokkunarforsendur sem geta gefið niðurstöður sem túlka má eftir hvaða kenningu sem er. Nú skal játað að gagnavinnan hér er unnin eftir kenningum sem skipast á ákveðinn stað í fræðunum. Valið á þeim kenningum mótast auðvitað af persónulegum smekk en að auki má segja að gagnavinna af þessu tagi velji sér kenninguna (eða a.m.k. aðferðirnar) að nokkru leyti sjálf. Þegar vinna á við stafræn gögn á tölvuskjá er sjálfgefið að stafastrengir ráða ferðinni. Um leið má segja að einingarnar sjálfar (þ.e. orð og orðhlutar) öðlist sjálfstætt líf. Þá er e.t.v. nærtækara að hugsa um þær allar sem sjálfstæðar einingar í orðasafni fremur en að skipta þeim í orð eða les annars vegar og svo í afrakstur af ferli hins vegar, þ.e. einingar sem eru hluti af orðmyndunarreglum eins og aðskeytin eru t.d. hjá Stephen R. Anderson (sjá 2.5.5). Þetta leiðir einnig til formflokunar fremur en til merkingarlegrar eða hljóðkerfislegrar flokkunar, enda yrði að beita öðrum vinnubrögðum við slíkt. Spurningin er hins vegar sú hvort athuga á alla orðhluta út frá sömu forsendum eða hvort gera á tilraun til að skilja á milli afleiðslu og samsetningar strax við uppsetninguna á kerfinu sjálfu í þeirri von að það skili niðurstöðum um samanburð þarna á milli.

Í gagnagreiningu þeirri sem hér verður lýst má segja að farið sé bil beggja. Viðskeyting er aðskilin frá samsetningu og greind sérstaklega, eins og sagt verður frá hér á eftir, þannig að gerður er skýr greinarmunur í greiningunni á tveimur gerðum orðmyndunar og er þá stuðst við hefðbundna íslenska greiningu á viðskeytum (sjá kafla 4.5.3.2). Þannig má fá fram aðgreindar orðmyndunarreglur um viðskeytingu og samsetningu, eins og þær sem Selkirk setur fram (sjá 2.5.3 hér að framan). Forskeyting er hins vegar ekki aðgreind frá samsetningu í kerfinu sjálfu, en eins og sést af 3. kafla hér á undan er sá háttur oft hafður á í greiningu á íslensku. Reglur um forskeytingu falla þannig saman við almennar reglur um samsetningu. Ef athuga á forskeytin sérstaklega verður því að skoða hvert forskeyti fyrir sig og draga saman niðurstöður um þau en kerfið sjálft skilur á milli viðskeytingar og samsetningar sem nýta má til samanburðar. Þarna eru í verunni farnar tvær leiðir að sama marki; annars vegar er skilið á milli orðmyndunargerða, þ.e. viðskeytingar og samsetningar, til að skoða hvort skiptingin á rétt á sér og hins vegar eru forskeyting og samsetning sameinuð þannig að gögnunum sjálfum er ætlað að skila niðurstöðu um það hvort þörf er á þessum skilum. Í báðum tilvikum eru gögnin tiltæk til að skoða muninn á afleiðslu og samsetningu og munurinn felst í aðferðinni sem nota þarf við að skoða vafaatriði, t.d. það hvort munur er á viðskeytum og öðrum bundnum síðari hlutum og á milli mismunandi gerða bundinna fyrri hluta. Þessi leið var farin vegna þeirrar tilhneigingar til að skilgreina forskeyti ekki eins strangt út frá greinimörkunum frjálst/bundið og venjulega er gert við viðskeyti. Þessi munur á aðferðum við meðferð á forskeytingu og viðskeytingu á sér nokkra stoð í íslenskri greiningu, eins og sjá má af yfirlitsmynd um flokkun orðmyndunar á bls. 83, en aðallega er hann þó tilkominn af hagnýtum ástæðum, eins og nánar verður komið að síðar.

4.4.1.1 Kenningin um tvígreiningu

Í gagnavinnunni er gengið út frá kenningunni um tvígreiningu og hefur það hagnýtt gildi þar sem með því mótast einfaldast uppsetning gagnanna til muna vegna þess að aðeins er verið að skoða ein skil í hverju orði í einu. Í kenningunni felst þó margt annað en eintómt

hagnýtt gildi og með því að telja hana algilda eru settar talsverðar hömlur á það hvernig orðasafnið er byggt upp og hvernig orðmyndun er talin fara fram. Kenningin er viðtekin í orðmyndunarfræði hjá allflestum, sjá t.d. umfjöllun hjá Scalise (1986:146–151), og er eitt þeirra atriða sem generatíf málfræði hefur tekið í arf frá formgerðarsinum:

Because we find from experience that linguistic structure tends to be binary (i.e. to consist of two-divisional constructions), we assume in analysis that a particular construction consists of two immediate constituents . . . (Nida 1949:92)

Scalise (1986:146) segir að tvígreiningarkenninguna í generatífri orðmyndunarfræði megi rekja til Aronoffs og kenningar hans um það að orðmyndunarregla bæti aðeins einu aðskeyti við í einu („one affix, one rule hypothesis“ skv. Scalise) en með þeirri reglu verður tvígreiningin óhjákvæmileg afleiðing af því hvernig reglurnar eru settar upp.¹² Kenningin er síðan sett upp undir nafninu *Binary Branching Hypothesis* hjá Scalise (1986:146).

Í setningafræði hefur kenningin um tvígreiningu verið rökstudd með því að sá sem lærir málið verði að geta skilið á milli mögulegra formgerða út frá traustum lögmálum þannig að val sé ekki ótakmarkað (og á reyndar að vera einrætt; sjá t.d. Haegeman 1991). Richard Kayne var einna fyrstur til að gera tvígreininguna að algjöru skilyrði í generatífri setningafræði (þ.e. í GB-kenningum; sjá Kayne 1984).¹³ Kenning hans um ótvírætt ákvarðaðar leiðir (*unambiguous paths*) hefur haft mikil áhrif enda virðist hún vera sannfærandi í leitinni að algildum sem skýra það hvernig börn fara að því að læra málið. Óformleg skýring Kaynes á fyrirbærinu er þessi:

Informally¹⁴ put . . . , an unambiguous path is a path such that, in tracing it out, one is never forced to make a choice between two (or more) unused branches, both pointing in the same direction. (Kayne 1984:132)

Ef þessi kenning er rétt þarf málnotandinn því aldrei að velta fyrir sér fleiri en einni leið í einu upp eftir hríslu og gerð hríslunnar er fyrir fram ákvörðuð. Þetta segir Kayne vera innbyggt í málkerfið:

Intolerance (by the language faculty) of a special kind of formal ambiguity has a consequence that no lexical item can have more than one immediate complement. (Kayne 1984:150)

Nokkuð hefur verið á reiki hvort þetta skilyrði er talið algilt hjá þeim setningafræðingum sem vinna eftir kenningunum um stjórnun og bindingu (GB) en í naumhyggjunni bregður svo við að kenningin um tvígreiningu er orðin órjúfanlegur hluti af kenningunni sjálfri þar sem hún er innifalin í reglunni um sameiningu (*merge*) sem byggist á því að setningar eru byggðar upp „neðan frá“ þannig að tveir (og aðeins tveir) liðir í einu eru

¹²Ekki eru allir á þeirri skoðun að tvígreining sé óhjákvæmileg. Undantekningar eru til, t.d. í glímunni við hringskeyti o.þ.h.; sjá t.d. Lieber 1992. Spencer (1991:445) virðist líka gera ráð fyrir stífri tvígreiningu í samsettum orðum en ekki endilega í afleiðslu.

¹³Kaflinn sem hér er vitnað til birtist fyrst í greinarformi 1981.

¹⁴Sjálf skilgreiningin er á þessa leið (Kayne, s.st.):

An unambiguous path in T is a path $P = (A_0 \dots A_i, A_{i+1} \dots A_n)$ such that:

- a if A_i immediately dominates A_{i+1} , then A_i immediately dominates no node in T other than A_{i+1} , with the permissible exception of A_{i-1}
- b if A_i is immediately dominated by A_{i+1} , then A_i is immediately dominated by no node in T other than A_{i+1} , with the permissible exception of A_{i-1}

teknir úr orðasafninu og sameinaðir.¹⁵ [Upprunaleg vísun var í handrit Höskuldar Þráinssonar sem er einn ritstjóra verksins.] Þarna virðist vera komið atriði sem gæti höfðað til setningafræðilega sinnaðra orðmyndunarfræðinga þar sem tvígreiningu í orðmyndun mætti þá setja fram á svipaðan hátt með því að gera alltaf ráð fyrir samröðun lesa. Ekki má þó gleyma því að tvígreiningin er líka hluti af kenningu Aronoffs og annarra sem gera ráð fyrir að afleiðsla sé ferli; þarna er því atriði sem þó nokkur samstaða virðist vera um meðal orðmyndunarfræðinga. Í köflunum sem hér koma á eftir kemur síðan í ljós hvaða afleiðingar kenningin um tvígreiningu hefur á greiningu gagnanna sem hér er fjallað um.

4.4.1.2 Orðmyndunarreglur og $\bar{X}$ -kerfið

Kenningin um tvígreiningu leiðir til þess að hægt er að setja upp einfaldar orðmyndunarreglur til að lýsa allri orðmyndun, eins og t.d. er gert hjá Selkirk (sjá kafla 2.5.3 hér að framan). Ef gert er ráð fyrir því að orð séu táknuð með X^0 , eins og gert er í $\bar{X}$ -kerfinu í setningafræði og að aðskeyti séu alltaf bundin, en þá má tákna þau með X^{-1} (til að sýna að þau eru hluti af X), þá nægja þrjár reglur til að sýna alla orðmyndun:

$$(10) \quad \begin{array}{ll} \text{a} & \text{Forskeytt orð: } X^0 \longrightarrow X^{-1} X^0 \\ \text{b} & \text{Viðskeytt orð: } X^0 \longrightarrow X^0 X^{-1} \\ \text{c} & \text{Samsett orð: } X^0 \longrightarrow X^0 X^0 \end{array}$$

X er hér notað fyrir orðflokksmerkin, eins og gert er í reglu Aronoffs (sjá 2.5.1) og hjá Selkirk (sjá 2.5.3) og í stað þess má setja hefðbundnar skammstafanir fyrir orðflokka, eins og Selkirk gerir t.d. í reglunum um samsetningu (sjá (7) á bls. 36 hér að framan). Til þess að lýsa íslenskri orðmyndun má þá líka taka mark af því að í íslensku eru formlegir hægri hausar allsráðandi, þ.e. orðflokkur ákvarðast alltaf af síðari lið, og nota X og Y fyrir ótilteknu orðflokksgildin. Þá sést líka af reglunum að orðflokkur síðari hluta ræður orðflokki orðsins sem hver regla myndar:

$$(11) \quad \begin{array}{ll} \text{a} & \text{Forskeytt orð: } X^0 \longrightarrow Y^{-1} X^0 \\ \text{b} & \text{Viðskeytt orð: } X^0 \longrightarrow Y^0 X^{-1} \\ \text{c} & \text{Samsett orð: } X^0 \longrightarrow Y^0 X^0 \end{array}$$

Rannsóknarefnið hér er því að finna gildin á X^0 og X^{-1} og hvort ástæða er til að skilja á milli þessara reglna.

Við uppsetningu á þessum reglum er gengið út frá því að orðmyndunarreglur séu að öllu leyti endurkvæmar, þ.e. X^0 stendur fyrir hvaða hugsanlegt orð sem er, grunnorð, afleidd orð og samsett orð af öllu tagi. Þarna er því sami skilningur lagður í X^0 og í setningafræði, þ.e. X^0 er eining sem setja má inn í setningarhríslur. Að auki er X^0 svo orðmyndunargrunnur, þ.e. eining sem orðmyndunarreglurnar verka á.¹⁶ Eins og fram kemur hér á eftir fer setningafræðileg skilgreining á X^0 ekki alltaf saman við þá orðmyndunarlegu; sum fyrirbæri hljóta að teljast orðmyndunargrunnur án þess að þau séu hægt að setja inn í setningu, t.d. bundin afleidd orð eins og Margaret Stong-Jensen lýsir í grein sinni (sjá 3.3.3 hér að framan).


Í reglunum hér að ofan eru aðskeyti merkt með X^{-1} en það er nokkuð á reiki milli höfunda hvernig útfærslan á $\bar{X}$ -kerfinu er í orðmyndunarfræði. Þar eru aðallega tvær leiðir færar. Annars vegar er tákunin á bundnum liðum (þ.e. aðskeytum) fest með því að vísa

¹⁵Sjá t.d. inngang í Abraham et al. 1996.

¹⁶Í skilningi þeirra sem halda því fram að orðmyndunarreglur séu ferli er X^0 þá lesið sem regla breytir á tiltekinn hátt. Í skilningi hinna sem gera ráð fyrir að aðskeyti séu les er X^0 þá eining sem aðskeyti geta bæst við.

til þess að þau eru alltaf viðhengi á X^0 . Þetta er sú leið sem farin er hér að ofan, og er táknunin svipuð því sem Scalise (1986) notar.¹⁷ Selkirk festir líka táknunina á orðhlutum sem eru minni en orð og merkir aðskeyti með X^{af} , t.d. $X \rightarrow X^{af}$ X sem samsvarar reglu (11)a hér á undan. Kerfi hennar byggir því ekki á vörpunum innan orða og $\bar{X}$ -kerfið innan orðs og í setningu er því ekki byggt upp eftir sömu lögmálum hjá henni. Hún hafnar því hins vegar að nota mínus-merkta liði, eins og fram kemur í nmgr. 37 og 34 á bls. 35 og 34 hér að framan, vegna þess að tölugildin hafa sérstakt hlutverk í $\bar{X}$ -kerfinu, þ.e. þau eru notuð til að tákna varpanir. Þessu hlutverki talna vill hún ekki raska og notar því aðra og alls óskylda táknun til að merkja aðskeyti þar sem hún telur nauðsynlegt að gera strangan greinarmun á aðskeytum og orðum í orðmyndunarreglum sínum (af ástæðum sem raktar eru á bls. 34–35 hér að framan). Það sem Scalise, Selkirk og reglurnar hér að ofan eiga sameiginlegt er því það að táknunin á bundnum liðum er fest, þ.e. allir liðir sem táknaðir eru með X^{-1} eða X^{af} eru aðskeyti.

Hin leiðin við að útfæra $\bar{X}$ -kerfið er að byggja það á vörpunum, á sama hátt og gert er í setningafræði. Þetta er leiðin sem Peter Ackema (1995) fer, en hans sjónarhorn er það að um orðmyndun gildi setningafræðilögmál þótt orðmyndunin sjálf eigi sér stað í orðasafninu (sjá nmgr. 59 á bls. 48 þar sem mismunandi afstöðu til þessa er lýst). Hjá Ackema eru liðir innan orðs því settir upp með merkingunum X^{-1} , X^{-2} o.s.frv., óháð því hvort þeir eru bundnir eða ekki og ákvarðast gildið einungis af stöðu innan orðs.



Þarna er orðmyndunargrunnurinn *legal* ýmist V^{-1} eða V^{-2} eftir því hve flókin afleiðslan er. Loks gerir Lieber ráð fyrir því að öll orðmyndun sé í raun fólgin í einni endurkvæmri reglu og merkir öll les á sama hátt, þ.e. með X^0 . Hjá henni dugar því ein regla til að lýsa allri orðmyndun, þ.e. regla (10)c eða (11)c hér að framan. Þetta er þá í verunni sama regla og sú sem gengur undir nafninu *merge* í naumhyggjustefnu í setningafræði. Lieber gerir því fræðilega séð engan greinarmun á afleiðslu og samsetningu þótt hún hiki ekki við að nefna fyrirbærin þeim nöfnum þegar svo ber undir.

Í gagnavinnunni sem hér verður sagt frá var frá upphafi tekin sú stefna að ganga út frá reglum eins og þeim sem settar eru fram í (10) hér að framan og gera greinarmun á afleiðslu og samsetningu á þann hátt sem þar er sýnt. Þetta mótast af því að rannsóknar-efnið er einmitt það að komast að því hvernig skiptingunni milli afleiðslu og samsetningar er háttað. Hér er því farin hefðbundin leið, eftir þeirri braut sem mótuð var í vinnunni við fyrsta áfanga verksins (sjá Kristín Bjarnadóttir 1990b). Þau vandkvæði eru á þessu að erfitt er að komast að því hver skilin á milli X^0 og X^{-1} eru. Í táknuninni í reglum

¹⁷ Scalise notar að auki X^1 til að tákna orð sem orðmyndunarreglu hefur verið beitt á og sú táknun var tekin upp í B.A.-ritgerð minni (1990b). Þar hentaði hún vel þar sem heppilegt var að gera greinarmun á grunnorðum og öðrum orðum í verkefninu sem þar var unnið, t.d. til að skoða mun á föstum og lausum samsetningum í einsamsettum og margsamsettum orðum. Reglurnar þar líta svona út:

a	Forskeytt orð:	X^1	$\rightarrow$	$Y^{-1} X^0$
b	Viðskeytt orð:	X^1	$\rightarrow$	$Y^0 X^{-1}$
c	Samsett orð:	X^1	$\rightarrow$	$Y^0 X^0$

Þessi táknun er að því leytnu óheppileg að hún samræmist illa hefðbundnu $\bar{X}$ -kerfi í setningafræði.

hér að framan má segja að eingöngu sé miðað við muninn á bundnu myndani og orð-myndunareiningu sem í einhverjum skilningi er orð (en eins og sjá má af 2. kafla virðast allir þeir erlendu fræðimenn sem þar er vitnað í vera sammála um það að aðskeyti séu bundin myndön). Niðurstaða mín 1990 var sú að mismunurinn á frjálsum og bundnu myndani dygði engan veginn til að skilja á milli afleiðslu og samsetningar og af niðurstöðum 3. kafla hér að framan er líka ljóst að flokkunarforsendurnar í íslensku eru mjög erfiðar viðureignar.

Þannig bendir Sigrún Þorgeirsdóttir t.d. á það í kándíðatsritgerð sinni að í íslensku sé talsverður fjöldi dæma um orð sem samsett eru úr „einingum sem ekki geta talist til sjálfstæðra orða“ (1986:147). Samkvæmt greiningu Sigrúnar er jafnvel að finna orð sem mynduð eru af forskeyti og viðskeyti, án þess að nokkurt ‘orð’ (þ.e. X^0) komi þar við sögu, t.d. *frum-legur*, *geysi-legur* og *rosa-legur*. Ef greiningu Sigrúnar á forskeyti er haldið til streitu í þessum orðum og fyrri hlutar þeirra taldir til forskeyta verður annaðhvort að segja að síðari hlutinn *-legur* sé ‘orð’ (eða a.m.k. bundið hugsanlegt orð, þ.e. X^0 af einhverju tagi) eða skilgreina forskeyti á annan hátt. Þar með ættu forskeyti þá að falla í sama flokk og samsetningarliðir, þ.e. þau ættu þá að teljast vera X^0 . Forskeyting er þá undirflokkur samsetningar, eins og hjá Alexander Jóhannessyni (1929) og Halldóri Halldórssyni (1950). Ef hvorugur orðhlutinn í þessum orðum er greindur sem X^0 verður að gera ráð fyrir enn einni orðmyndunarreglu, þ.e. reglunni $X^0 \rightarrow X^{-1} X^{-1}$ sem skeytir saman tveimur aðskeytum. Ef miðað er við kenningu þar sem afleiðsla er ferli er slíkt óhugsandi þar sem regla getur ekki verkað á tómið og jafnvel hjá þeim sem gera ráð fyrir því að aðskeyti séu les er þetta vafasamt og hlýtur þá að byggjast á því að aðskeyti geti verið rætur. Tæplega hefur nokkrum manni dottið í hug í fullri alvöru að setja fram reglu sem býr til **rótlaus** orð.

Í reglunum er ekki sýnt sérstaklega að X^0 geti verið bundinn orðhluti og segja má að það liggir í tákuninni að svo eigi ekki að vera. Bundnir orðhlutar sem aldrei koma fyrir sjálfstæðir, jafnvel þótt þeir verði að teljast vera rætur (t.d. *kirsu-* og *hind-* í *kirsuþer* og *hindþer*), falla því illa að þessu kerfi. Sama máli gegnir um bundin hugsanleg orð eins og þau sem Margaret Stong-Jensen lýsir og sagt er frá í kafla 3.3.3 hér að framan. Síðari hlutar orðanna *afarmenni*, *fjölmenni*, *ómenni*, *fjölkvæni* og *hádegi* eru afleiðdir með viðskeytinu *-i* og koma aldrei fyrir sjálfstæðir. Þessi atriði sem nú hafa verið nefnd (þ.e. orðmyndun af forskeyti og viðskeyti og bundnir orðhlutar sem ekki eru aðskeyti) sýna að það er lykilatriði að athuga muninn á frjálsum og bundnum orðhlutum sérstaklega. Ljóst er að reglurnar hér að framan duga ekki til að lýsa staðreyndunum í íslensku ef gert er ráð fyrir því að X^0 sé alltaf frjálst og X^{-1} alltaf bundið, en sú mun vera grunnhugmyndin í tákuninni. Þess vegna þarf að athuga sérstaklega hvort einhver önnur atriði koma í ljós í gögnunum sem rennt geta stoðum undir hefðbundna skiptingu í afleiðslu og samsetningu. Hinn kosturinn er svo sá að hafna því alfarið að skiptingin sem fram kemur í reglunum þremur í (10) eigi rétt á sér í íslensku. Með því móti væri um leið tekið undir þau sjónarmið Lieber að ein innsetningarregla dugi til að sýna alla orðmyndun.

4.4.1.3 Lögmálið um rökformgerð orða

Þriðja atriðið sem er lykilatriði í greiningunni er lögmálið um rökformgerð sem vitnað er í á bls. 27 hér að framan, en í því felst að merkingarlegt samhengi í orðum ráði stofnhlutagreiningu þeirra. Þessi kenning er í fullu samræmi við íslenska hefð, eins og sjá má af umfjöllun um greinar Baldurs Jónssonar í kafla 3.2.4 hér að framan og í kaflanum um stofnhlutagreiningu hér á eftir en þar er vitnað í bók Eiríks Rögnvaldssonar (1990) þessu til stuðnings (sjá bls. 107–108 hér). Með því að styðjast við rökformgerð við stofnhlutagreiningu er lagskiptu líkani af orðasafninu hafnað, eins og fram kemur á bls. 81–82 hér

að framan (sjá t.d. nmgr. 39 á bls. 82 og greiningu á orðinu *ummyndanamálfræðingur*), enda er niðurstaðan úr 3. kafla hér að framan sú að orðhlutafræðilegar röksemdir fyrir því líkani sýni ekki fram á að lagskiptingin eigi rétt á sér. Nánar verður komið að þessu atriði í kaflanum um stofnhlutagreiningu hér á eftir.

4.4.1.4 Gögnin og fræðin

Eins og hér hefur komið fram eru fræðilegar forsendur fyrir greiningunni byggðar á örfáum og einföldum atriðum, þ.e. kenningunni um tvígreiningu, mismuninum á bundnum og frjálsum liðum og lögmálinu um rökformgerð. Tvígreiningin er viðtekin hefð í umfjöllun um íslenska orðmyndun og hefur tvímælalausa kosti í gagnavinnslunni vegna þess að hún leiðir til þess að aldrei er verið að greina nema ein skil í orði í einu, afrakstur einnar orðmyndunarreglu. Hver færsla í gögnunum verður þess vegna tiltölulega einföld og allar færslur eru settar upp á sama hátt. Hins vegar setur tvígreiningin því nokkrar skorður hvernig lýsingin er sett upp, eins og fram kemur hér á eftir. Í umfjöllun um íslenska orðmyndun er líka venjulega gert ráð fyrir að rökformgerð ráði greiningu orða, en eins og fram hefur komið hér að framan eru þó undantekningar á því, t.d. þegar gert er ráð fyrir lagskiptu orðasafni. Hér er þó farin sú leið sem Eiríkur Rögnvaldsson mótar í kennslubók sinni, af ástæðum sem þegar hafa verið settar fram og komið verður aftur að síðar. Mismunurinn á frjálsum og bundnum liðum er síðan lykillinn að athugunarefninu sjálfu en þar virðast kenningar um ljós skil afleiðslu og samsetningar eins og í reglum Scalises stangast á við raunveruleikann.


4.4.2 Myndangreiningin

Sú stefna var mótuð í upphafi þessa verks að greina ætti í myndön eftir málkunnáttufræði en ekki málfræðikunnáttu, en það er þó annmörkum háð. Þetta var ljóst strax á fyrstu stigum verksins og því eiga þau orð enn við sem höfð eru um þetta í B.A.-ritgerð minni (1990b). Þar segir m.a. að vandinn við að nota þessa aðferð á dæmi úr Ritmálsskránni hafi verið sá að mörg þeirra orða sem þar koma fyrir eru alls ekki í virkum orðaforða mínum. Þess vegna var stundum nauðsynlegt að leita heimilda við myndangreininguna og nota- drýgsta hjálpartækið reyndist vera *Íslensk orðsifjabók* eftir Ásgeir Blöndal Magnússon (1989) sem var í vinnslu á Orðabók Háskólans á meðan upphaflega vinnan við myndangreininguna stóð yfir. Ritmálsskráin sjálf og önnur gögn í fórum OH komu líka að góðu gagni. Hugmyndin var samt sem áður sú að greiningin yrði samtímaleg, en greining sem byggist á málkunnáttu og málskilningi hlýtur alltaf að vera einstaklingsbundin og þar af leiðandi umdeilanleg. Þessari stefnu hefur verið haldið síðan, eftir því sem kostur er, en vandamál af þessu tagi verða þeim mun meira áberandi eftir því sem reynt er að samræma gögnin meira. Því má ætla að seilst sé út fyrir samtímalega greiningu hér og þar. Höfuðstefnan í myndangreiningunni er í reynd sú að auðþekkjalegir orðhlutar eru greindir sem slíkir, jafnvel þótt það leiði til þess að „afgangarnir“ verði þar með að torkennilegum einingum í greiningunni sem aldrei koma fyrir sjálfstæðar en fullnægja því að engu öðru leyti að vera taldar til aðskeyta, eins og stakmyndönnin *hind-* og *kirsu-* í *hindber* og *kirsuber* (sjá tilvitnun í Níða á bls. 18 hér að framan og kafla 2.3.2 í kennslubók Eiríks Rögnvaldssonar (1990:21)). Þessi tilhneiging til stöðlunar gengur þó ekki alltaf upp, enda eru þess dæmi að erlend tökuorð sem tekin eru inn í málið í heilu lagi hafi að geyma orðhluta sem eru óþekkjalegir frá íslenskum orðhlutum. Það er t.d. ekki gott að segja hvað venjulegum málnotanda finnst um *-ari* í orðunum *bæjari*, *spæjari* og *brandari* og hvort máltilfinningin gerir greinarmun á þessum orðum og *pönkari*, *stuðari* og *gaflari*. Í gögnunum eru tökuorð sem ætla má að séu tekin inn í málið sem heild ekki sundurgreind en mörg slík atriði eru vafamál.

4.4.3 Stofnhlutagreining

Stofnhlutagreiningin er unnin eftir rökformgerð orðanna, eins og áður sagði, og í anda þess sem segir í bók Eiríks Rögnvaldssonar (*Íslensk orðhlutafræði*, 1990:27–28), þ.e. að orð hafi ákveðna innri byggingu ef þau eru sett saman úr mörgum myndönum: „orðin hafa ekki flata formgerð frekar en setningar“. Eiríkur tekur orðin *vörubílstjóri* (þ.e. ‘maður sem stjórnar vörubíl’) og *strætóbílstjóri* (þ.e. ‘bílstjóri á strætó’) sem dæmi um þetta en þar eru meginskil ekki á sama stað í orðunum þótt þau séu býsna lík við fyrstu sýn. Það eru rökleg vensl liðanna (þ.e.a.s. merking orðsins) sem ráða formgerð orðanna, eins og sést af umorðuninni í dæmum Eiríks hér á undan.

Í B.A.-ritgerð minni (1990b) eru gefin fleiri dæmi þessu til áréttingar. Eitt þeirra er orðið *rottuflóaflekkusótt*. Í orðinu eru fjórir liðir en sá liðafjöldi gefur möguleika á fimm mismunandi orðgerðum:



Hríslurnar í (13)a sýna rétta greiningu á þessu orði. ‘Sótt’ sú sem átt er við er ‘flekku-sótt’ af einhverju tagi sem kennd er við eða berst með ‘rottufló’, en ekki ‘flóaflekku-sótt’ sem hrjáir ‘rottur’ (13)b og (13)c eða ‘sótt’ sem einhverra hluta vegna er kennd við ‘rottuflóaflekku’ (13)d og (13)e. Þótt hríslurnar í b–e eigi ekki við orðið ‘rottuflóaflekku-sótt’ er auðvelt að finna önnur orð þar sem sambærilegar hríslur eða hornklofar eiga við, eins og sjá má af eftirfarandi dæmum ((14)a er sömu gerðar og (13)b, o.s.frv.):

- (14) a [iðnaðar[þjóð[fé-lag]]]
 b [höfuð[[við-fangs]efni]]
 c [[[bú-fjár]ræktar]nefnd]
 d [[hand[knatt-leiks]]mót]

Af þessum dæmum sést að greiningu á röklegri samsetningu orða verður að byggja á málskilningi, en hann er að sjálfsögðu einstaklingsbundinn og umdeilanlegur.

Helstu vandamál í stofnhlutagreiningunni tengjast því hver grunneiningin (eða orð-

myndunargrunnurinn, X^0) getur verið í orðmyndunarreglunum, en hér á undan er nefnt að hún geti verið ‘orð’, frjálst eða bundið (e.t.v. myndað á ofvirkan hátt). Tvígreiningin virðist heldur ekki ganga upp nema orðmyndunargrunnurinn geti líka verið eining sem er stærri en orð eða orðhluti, eins og sjá má af eftirfarandi dæmum:

- | | | | |
|------|---|-----------------|-------------------|
| (15) | a | ofanafrista | ofanálag |
| | | ofaniburðarefni | utanyfirpils |
| | | útafbreyting | úteftirleið |
| | | útúrboruháttur | útúrdúr |
| | b | gleymmérei | millijöklatímabil |
| | | þriggjaflaska | þrjátíuárastríðið |

Til þess að hægt sé að halda tvígreiningunni til streitu í (15)a verður að gera ráð fyrir að orðmyndunargrunnurinn sé *ofanaf*, *ofaná*, *ofaní*, *utanyfir*, *útaf*, *úteftir* og *útúr*, eða m.ö.o. að gera ráð fyrir einhvers konar samsettum forsetningum eða ögnum. Þó svo að þetta séu allt tvö orð samkvæmt íslenskum stafsetningarreglum má áreiðanlega halda fram með nokkrum rétti að dæmi eins og *ofaní* séu eitt orð, hvað sem stafsetningarreglurnar segja, sbr. styttu myndina *oní*. Í (15)b virðist vera ógerlegt annað en að gera ráð fyrir að orðmyndunargrunnurinn geti verið stærri eining en orð. *Gleymmérei* hlýtur að vera setning, *millijökla* lítur úr eins og forsetningarliður og *þriggjafla* og *þrjátíuára* virðast vera nafnliðir. Ef orðmyndunarreglur eins og þær sem settar eru fram í (10) á bls. 103 eiga að ná yfir orð þar sem slíka liði er að finna verður að gera ráð fyrir að orðmyndunargrunnurinn (X^0) geti verið orð, orðhluti og setningarliður, eða nánast að X^0 geti verið hvað sem er. Hvort sem menn vilja fallast á slíka kenningu eða ekki þá dugar greining af þessu tagi til þess að finna þau markatilfelli sem athuga þarf nánar enda eru þau merkt sérstaklega í gögnunum. Tvígreiningin er því vel nothæf í hagnýtum tilgangi (burtséð frá fræðilegum forsendum) og þjónar að auki því markmiði að takmarka upplýsingarnar sem þarf að koma fyrir í hverri línu í gagnasafninu þar sem aðeins ein skil í hverri línu (færslu) eru skoðuð í einu. Greining á margsamsettum og/eða afleiddum orðum er því unnin í mörgum stigum. Til dæmis má taka orðið *aðalbláberjalyng* sem greint er í þremur áföngum þar sem orðinu er skipt á einum stað í einu:

- | | | |
|------|---|----------------------|
| (16) | a | [aðalbláberja][lyng] |
| | b | [aðal][bláber] |
| | c | [blá][ber] |

(Nánari skýringar á greiningunni ásamt dæmum eru í næsta kafla.) Bætt er inn línum í gagnasafnið ef orð sem koma fyrir í margsamsettum orðum er ekki þegar að finna í safninu. Viðbótarlínurnar eru sérstaklega merktar í gagnasafninu (sjá kaflann um orðgerðargreiningu hér á eftir).

Við þetta stækkar gagnasafnið nokkuð, en viðbótarlínur í grunnskránni eru 4.554 og orð úr Ritmálsskrá eru alls 53.667. Heildartala greiningarorða í gagnasafninu er því 58.222.

4.5 Greiningaratriðin í gögnunum

Gögnin eru geymd í einni textaskrá þar sem eitt greiningarorð er í hverri línu og hver lína skiptist síðan í þrettán svið þar sem greiningaratriðunum er komið fyrir. Merkingar í sviðum eru eins staðlaðar og frekast er unnt, þannig að takmarkað mengi gilda er að finna í hverju þeirra, eins og lýst verður í þessum kafla. Við uppsetninguna var reynt að hafa

grunnatriði í gagnasafnsfræðum í huga, að svo miklu leyti sem það er á mínu færi, en aðalatriðið virðist vera að athuga aðeins eitt atriði í einu. Það er nefnilega auðveldara að sameina upplýsingar úr mörgum sviðum en að skilja þau í sundur eftir á. Það að gögnin eru ekki sett upp í gagnasafnskerfi heldur höfð í einfaldri textaskrá stafar af því að á þann hátt gat ég sjálf ráðið öllu um uppsetninguna og þurfti ekki að leita á náðir annarra um aðstoð við vélavinnu. Unix-tól af ýmsu tagi (*sed*, *awk*, *grep* og *perl* aðallega) gagnast líka ágætlega við að nýta textaskrár eins og gagnagrunn og tiltölulega einfaldar skriftur duga til að fá fram hvaða niðurstöður sem er úr gögnunum. Samræmingarvinna væri þó sennilega fljótlegri í gagnasafni en jafnvel við það mátti nýta hinar og þessar skriftur til að bera saman merkingar í einstökum sviðum og á milli samstæðra sviða. Sviðaskiptingar í línu og greiningaratriðin eru þessi:

(17) Sviðaskipting í línum:

I.	2	3	II.	5	6	III.	8	9	IV.	11	12	V.
1			4			7			10			13
acetylgas	n	1	acetylen	-0	0	acetylen	n	g	gas	n	g	l
aðkast	n	*1	að	-0	0	að	adv	g	kast	n	gv	l
aðkastsgisli	m	12	aðkasts	-s	ee	aðkast	n	1	gisli	m	g	l

Eins og sjá má af sýnishorninu skiptist hver lína í fimm aðalhluta. Í fyrsta hlutanum (I) er greiningarorðið sjálft og upplýsingar um það í heild: orð, orðflokkur og orðgerð. Efnið í fyrstu tveimur sviðunum, þ.e. orð og orðflokkur (I.1 og 2), er fengið beint úr Ritmálsskránni en orðgerðargreiningin ekki. Í II. og III. hluta er greining á fyrri hluta greiningarorðsins og í IV. hluta er greining á síðari hluta greiningarorðsins. Aftast er svið fyrir athugasemdir af ýmsu tagi, vafaatriði, vísanir á milli orða o.þ.h.

Hlutar I., III. og IV. eru allir byggðir upp á sama hátt. Í hverjum þeirra kemur fram samsett og/eða afleitt orð eða orðhluti, ásamt skammstöfunum fyrir orðflokk og orðgerð. Í II. hluta er greining á fyrri hluta greiningarorðsins þar sem skilið er á milli mismunandi samsetningarháttanna. Í næstu köflum verða greiningaratriðin skýrð og sýnt hvaða gildi geta komið fyrir í hverju sviði. Á eftirfarandi töflu eru vísanir í skýringar á greiningaratriðum í einstökum sviðum.

(18) Greiningaratriði í hverju sviði:

I.	1.	Greiningarorðið sjálft	sjá 4.5.1
	2.	Orðflokkur greiningarorðsins	sjá 4.5.2
	3.	Orðgerð greiningarorðsins	sjá 4.5.3
II.	4.	Fyrri hluti greiningarorðsins	sjá 4.5.4
	5.	Ending fyrri hluta	sjá 4.5.4
	6.	Greining endingar	sjá 4.5.4
III.	7.	Uppflettimynd fyrri hluta	sjá 4.5.1
	8.	Orðflokkur fyrri hluta	sjá 4.5.2
	9.	Orðgerð fyrri hluta	sjá 4.5.3
IV.	10.	Síðari hluti	sjá 4.5.1
	11.	Orðflokkur síðari hluta	sjá 4.5.2
	12.	Orðgerð síðari hluta	sjá 4.5.3
V.	13.	Athugasemdir	

4.5.1 Greiningarorð

Fremst í hverri línu (I.1.) er sjálft greiningarorðið, þ.e. orð úr Ritmálsskrá og þær viðbætur sem verða til vegna tvígreiningarinnar, en eins og áður sagði (sjá 4.4.3) eru orðhlutar færðir upp þegar þeir þarfnast frekari greiningar. Orðhlutarnir sjálfir eru settir upp innan hverrar línu á sama hátt og greiningarorðin, þ.e. þeir eru lemmaðir og þeim fylgja upplýsingar um orðflokk og orðgerð. Þannig eru svið I.1–3, III.7–9 og IV.10–12 sambærileg; á hverjum stað er eitt greiningarorð eða orðhluti, ásamt skammstöfun fyrir orðflokk og orðgerð. Viðbætur við efni úr Ritmálsskrá í fyrsta sviði eru merktar með stjörnu við orðgerðarskammstöfun. Hér á eftir eru dæmi um orðið *atvinna*, bæði sem greiningarorð og sem fyrri og síðari hluti samsetts orðs:¹⁸

(19) **Dæmi um sambærileg greiningarsvið:**

Greiningarorð:		Fyrri hluti:	Síðari hluti:
atvinna f 1	at -0 0	at adv !	vinna f gv
atvinnuaukning f 12	atvinnu -u ee	atvinna f 1	aukning f gv
lífsatvinna f 21	lífs -s ee	líf n g	atvinna f 1

Allir fyrri hlutar eru lemmaðir eftir því sem kostur er, þ.e. nafnorð eru sett upp í nefnifalli (yfirleitt í eintölu), lýsingarorð eru í nefnifalli eintölu karlkyns og sagnir eru í nafnhætti. Orðhlutar sem eru óumdeilanlega samsettir eða afleiddir, án þess að koma fyrir sem sjálfstæð orð, eru stundum færðir upp undir samsetningarmyndinni óbreyttir ef uppflettimynd er óljós eða vafasöm (t.d. *fárán-* í *fáránlegur*).¹⁹ Eins og áður sagði eru öll orð sem fyrir koma sem fyrri eða seinni hlutar greiningarorðanna færð upp sem sjálfstæð greiningarorð þegar þörf er á. Nokkur vandamál fylgja afbrigðilegum liðum í orðmynduninni, þ.e. liðum sem telja verður stærri en orð (sbr. dæmi þau um setningarliði sem talin eru upp í (15) hér að framan; sjá kafla 4.5.3 hér á eftir). Þá eru samsett orð af agnarsögnum þess eðlis að ögnin er sjálfstætt orð í nafnhætti en samsetningarliður í lýsingarhætti og sagnleiddum nafnorðum. Þar sem lýsingarhættir og sagnleidd nafnorð eru venjulega leidd af nafnhætti er gripið til þess ráðs hér að setja upp nafnháttarmyndir í greiningunni sem ekki eiga sér stoð í raunveruleikanum, þ.e. samsettar myndir í nafnhætti í stað sagnarsambands (t.d. orðmyndin **aðbúa* í stað *búa að* í greiningu á orðinu *adbúnaður*). Þessi afbrigðilegu greiningarorð eru merkt sérstaklega og þau má túlka á tvo vegu. Í fyrsta lagi er hugsanlegt að halda því fram að samsetti nafnhátturinn sé raunverulegur grunnur í orðmynduninni sem hvergi kemur fram, eins konar hugsanlegt orð sem aðrar myndir eru dregnar af. Þá má einnig líta á samsetta nafnháttinn sem skrifbrigði (*notational variant*) af agnarsögninni sem eingöngu er til þess ætlað að léttu vélarvinnuna sem öll byggist á stafastrongjum í fastri röð. Nánar verður komið að þessu efni síðar.

4.5.2 Orðflokksmerkingar

Orðflokksgreining fylgir öllum orðum úr Ritmálsskránni og viðbótarorð sem verða til vegna tvígreiningarinnar og allir fyrri og síðari hlutar greiningarorðanna eru síðan orðflokksgreindir á sama hátt, eftir því sem unnt er. Orðflokkur greiningarorðsins sjálfs er í sviði I.2, orðflokkur fyrri hlutans í sviði III.8 og orðflokkur síðari hlutans í sviði IV.11. Latneskar skammstafanir eru notaðar, eins og í Ritmálsskránni (sjá 4.3.3). Þar sem aðeins voru valin orð úr höfuðorðflokkinum fjórum²⁰ í upphaflegt gagnasafn bætast við

¹⁸Sjá yfirlit um tákni á bls. 125–126.

¹⁹Skv. *Íslenskri orðsifjabók* eftir Ásgeir Blöndal Magnússon er þetta orð líklega í ætt við *fárænn* og *fáræna*.

²⁰Ekki er gerður greinarmunur á atviksorðum og forsetningum í greiningunni og er hvort tveggja merkt *adv*.

skammstafanir þegar farið er að greina orðhlutana. Suma orðhluta er illgerlegt að orðflokksgreina og eru þeir merktir með 0 eða ?, t.d. *fárán-* í *fáránlegur*. Skammstafanir fyrir orðflokka í gagnasafninu eru þessar:

(20) **Orðflokksmerkingar:**

<i>adj:</i>	lýsingarorð
<i>adv:</i>	atviksorð
<i>f:</i>	kvenkynsnafnorð í eintölu
<i>fpl:</i>	kvenkynsnafnorð í fleirtölu
<i>m:</i>	karlkynsnafnorð í eintölu
<i>mpl:</i>	karlkynsnafnorð í fleirtölu
<i>n:</i>	hvorugkynsnafnorð í eintölu
<i>npl:</i>	hvorugkynsnafnorð í fleirtölu
<i>pron:</i>	fornafn
<i>v:</i>	sagnorð
<i>conj:</i>	samtenging
<i>int:</i>	upphrópun
<i>0; ?:</i>	órðflokksgreint

Ef vafi er á kyni nafnorðs er notað skástrik til að gefa tvo möguleika, t.d. í orðinu *heilbrigði* sem fær orðflokksmerkinguna *f/n*, í samræmi við orðflokksgreiningu í Ritmáls-skránni. Við kyngreiningu á nafnorðum, öðrum en þeim sem fengin eru beint úr Ritmáls-skrá, ræður mín eigin máltilfinning og yfirleitt er aðeins einn möguleiki gefinn. Einstaka orð sem eru mjög undarlega samsett fá ‘+’ sem aukamerkingu við orðflokka, t.d. *gleymmérei* f+ og *faðirvor* n+. Merkið sýnir aðeins að orðflokksgreiningin sé afbrigðileg og er þá átt við að í þessum orðum stífur orðflokksþátturinn ekki upp eftir hríslunni á eðlilegan hátt. (*Ei* er atviksorð og *vor* er fornafn; þessi orð eru því undantekningar frá reglunni um formlegan hægri haus í íslenskrí orðmyndun.)

Sumt í orðflokksgreiningunni kann að orka tvímælis enda er oft erfitt að ákveða af hvaða orði tiltekinn orðhluti er dreginn. Sérstaklega á þetta við um samstofna orð, t.d. nafnorð og sagnir, þar sem formið á orðhlutanum sjálfum tilheyrir ekki afdráttarlaust öðrum hvorum orðflokknum. Vafaatriði eru stundum merkt með spurningarmerki í gögnunum, en oft er þó líklegra (eða algengara) formið látið ráða.²¹

4.5.3 Orðgerðargreining

Í orðgerðargreiningunni er byggt á mismuninum á frjálsum og bundnum orðhluta og muninum á grunnorði og öðrum orðum (þ.e. ~grunnorði, orðum sem eru annaðhvort afleidd eða samsett). Greint er á milli tveggja gerða orðmyndunar, þ.e. samsetningar og viðskeytingar og notuð mismunandi táknkerfi fyrir þetta tvennt. Segja má að þetta sé gert á þann hátt að viðskeytingin myndi eins konar viðbótarkerfi við samsetningargreininguna, þ.e. merki um viðskeytingu eru hengd utan á samsetningartáknin. Ekki er skilið á milli samsetningar og forskeytingar á sama hátt í táknkerfinu sjálfu og upplýsingar um mun á þessu tvennu verður þá að lesa úr gildum samsetningartáknanna.

Stofnhlutagreiningin byggist á röklegu samhengi orðanna og þar verður að treysta á málskilninginn, rétt eins og við myndangreininguna. Er *hafrannsóknaskip* til dæmis ‘skip sem stundar hafrannsóknir’ eða ‘rannsóknaskip sem skoðar hafið’? Hér ræður málskiln-

²¹ Ekki eru allir sammála um að yfirleitt eigi að greina orðhluta í orðflokka, sbr. Josefsson (1995) sem vill ekki að orðhlutar hafi orðflokka.

ingur minn og samkvæmt honum er fyrri greiningin betri. Hún er auk þess í samræmi við önnur orð, t.d. *hafrannsóknastofnun*. Ef allar orðmyndunarreglur eru eins einfaldar og reglurnar í (10) á bls. 103 þá skiptir þetta e.t.v. minna máli fræðilega en ætla mætti þar sem valið stendur þá á milli tveggja orðgerða sem báðar finnast í málinu. Það er þá aðeins við skoðun á stofnhlutagreiningunni sjálfri, tíðni orðgerða o.þ.h. sem hvert einstakt dæmi getur hnikað niðurstöðum.

Í eftirfarandi undirköflum verður orðgerðargreiningunni lýst og byrjað á samsetningunni (4.5.3.1), síðan verður viðskeytingu lýst (4.5.3.2). Þá verður komið að ýmsum orðgerðum þar sem álitamál er hvernig túlka á orðmyndunargrunninn (eða X^0), svo sem í þeim orðum sem Margaret Stong-Jensen fæst við í umfjöllun sinni um ofvirkni (4.5.3.3.1), í agnarsögnum (4.5.3.3.2), í samsettum atviksorðum og forsetningum þar sem venjan er að rita í tveimur orðum (4.5.3.3.3) og loks í orðum þar sem setningarliðir eru sjálfstæð orð eða orðhlutar (4.5.3.3.4–8). Yfirlit um orðgerðargreininguna er síðan í kafla 4.5.3.4.

4.5.3.1 Orð af orði?

Í samsettum orðum er grunneiningin g sem táknar grunnorð en síðan er stofnhlutagreining sýnd með tiltölulega einföldum talnakóða þannig að notaðir eru hækkandi tölustafir eftir því sem skilin verða ofar í stofnhlutahríslu. Orð sem sett er saman úr tveimur grunnorðum er þannig merkt með 1 , þ.e. $[g + g] = 1$, t.d. *blá-ber*. Margsamsett orð eru svo táknud með því að bæta við tölum sem fara hækkandi eftir því sem liðum fjölgar, þ.e. $1 + g = 12$ (eða $[[g + g] + g] = 12$), t.d. *bláberja-súpa*, og $g + 1 = 21$ (eða $[g + [g + g]] = 21$), t.d. *aðal-bláber*. Hæsta tala á við meginskil í orði, þ.e. skilin sem greind eru í fyrstu orðmyndunarreglu hvers orðs.

(21) Dæmi um stofnhlutagreiningu:

a	atvinnuleysis-trygging	123
	atvinnu-leysi	12
	at-vinna	1
b	flugumferðar-stjóri	213
	flug-umferð	21
	um-ferð	1
c	hrepps-búnaðarfélag	321
	búnaðar-félag	21
	fé-lag	1
d	yfir-fasteignamatsnefnd	4123
	fasteignamats-nefnd	123
	fasteigna-mat	12
	fast-eign	1
e	aðstoðar-menntamálaráðherra	13121
	að-stoð	1
	menntamála-ráðherra	121
	mennta-mál	1
	ráð-herra	1

Þetta einfalda talnakerfi hefur þann kost að auðvelt er að finna villur í því, þ.e. ósamræmi í sviðum í hverri línu í gögnunum. Með því að skipta hverjum talnastreng á hæstu tölunni í honum fást talnastrengirnir fyrir orðhlutana, eins og sjá má af dæmunum hér að ofan. Greiningarorð með strengnum 121 er þá samsett úr tveimur tvíliða samsetningum ($1 + 1$),

orð með strengnum 121312 er þá samsett úr 121 + 12 o.s.frv. Tölustafakóðinn sýnir því bæði að orð er samsett og hver stofnhlutagreiningin er.

Orð og orðhlutar (aðrir en viðskeyti, sjá næsta kafla) sem ekki koma fyrir sjálfstæð eru merkt með upphrópunarmerki í orðgerðarsviðinu og er því merki bætt við aðra orðgerðargreiningu. Fyrri hluti orðsins *andkannalegur* er t.d. greindur sem samsett orð en það kemur hvergi fram sjálfstætt og fær því merkinguna *andkanni m 1!*. Í stað þess að rita *g!* við grunnorð sem ekki koma fyrir sjálfstæð er upphrópunarmerkið notað stakt. Forskeyti eru merkt á þennan hátt, t.d. *al 0 !* í *alheiðinn*, en aðrir fyrri hlutar sem hvergi koma fram sjálfstæðir eru merktir á sama hátt, t.d. stakmyndön.²²

4.5.3.2 Viðskeyting

Greining á viðskeytum er gerð þannig að merki um viðskeytið (*v*) er bætt við þá greiningu sem hér hefur verið lýst. Afleiðsla af samsettu orði sem í eru tveir liðir er þá merkt með táknuinu *1v*, t.d. *endurhæfing f 1v* af samsettu sögninni *endurhæfa v 1*. Vegna þess að skammstöfunin *v* er notuð í orðflokksgreiningunni fyrir sagnir eru viðskeyti merkt með *vsk* þegar nota þarf táknið sjálfstætt, t.d. *+ing f vsk* í *endurhæfing*.²³

(22) Dæmi um viðskeytingu:

a

endurhæfa	v	*1	endur	-0	0	endur	0	!	hæfa	v	g	
endurhæfing	f	1v	endurhæf	-0	0	endurhæfa	v	1	+ing	f	vsk	

b

hervæða	v	1	her	-0	0	her	m	g	væða	v	g	
hervæddur	adj	1v	hervæd	-0	0	hervæða	v	1	+dur	adj	vsk	
hervæðing	f	1v	hervæð	-0	0	hervæða	v	1	+ing	f	vsk	

Segja má að í gagnavinnslnunni hafi verið tekin geðþóttaákvörðun um hvað skyldi teljast viðskeyti og hvað ekki. Alls eru 4.632 greiningarorð í gögnunum þar sem orðgreiningin *vsk* kemur fyrir. Ekki eru öll viðskeytt grunnorð færð upp sérstaklega sem greiningarorð í grunnskránni sjálfri en þau er að finna í sérstakri skrá sem í eru 4.671 orð. Þar er að finna 183 viðskeyti sem merkt eru sérstaklega og skilin sýnd með bandstriki. Listi um orðhluta sem greindir eru sem viðskeyti í gögnunum fer hér á eftir og eru strengirnir teknir beint upp úr skránum og ýmis afbrigði koma fram í þeim. Dæmi úr viðbótarskránni eru merkt með (viðb.). Í kafla 5.3.2 hér á eftir er síðan samanburður á viðskeytum og bundnum síðari liðum, en þar kemur fram hversu traust þessi skipting er.

(23) Viðskeyti sem mynda lýsingarorð:

+a <i>holgóma</i>	+dur <i>afskræmdur</i>	+ískur <i>kontrópunktískur</i>
+að <i>sigað, reykað</i> (viðb.)	+ður <i>afmáður</i>	+ja <i>geðja</i> (viðb.)
+aður <i>afhöfðaður</i>	+ga <i>málga</i> (viðb.)	+kur <i>máttkur</i> (viðb.)
+agur <i>heilagur</i> (viðb.)	+gur <i>dulúðgur</i>	+l <i>máll</i> (viðb.)
+all <i>athugall</i>	+i <i>forvitri</i>	+legur <i>afkáralegur</i>
+andi <i>aðnjótandi</i>	+ið <i>litið</i> (viðb.)	+ll <i>aðsjáll</i>
+anskur <i>júlíanskur</i>	+inn <i>aðgætinn</i>	+n <i>gagnrýnn</i>
+asta <i>einasta</i> (viðb.)	+is <i>eflis</i> (viðb.)	+na <i>litna</i> (viðb.)
+astur <i>náðugastur</i> (viðb.)	+iskur <i>færeyiskur</i>	+neskur <i>jarðneskur</i> (viðb.)

²²Orðflokksmerking við orðhlutann er 0 enda er ekki sjálfgefið hver orðflokkurinn ætti að vera. E.t.v. er þetta eitt af einkennum forskeyta en sama máli gildir þá um stakmyndön sem eru fyrri hlutar.

²³Til hægðarauka í gagnavinnslnunni eru viðskeyti merkt með + fremst í orðhlutasviðinu (sviði nr. 10; viðskeyti sem verið er að greina eru að sjálfsögðu alltaf síðari hluti greiningarorða). Vafadæmi eru merkt með ‘?’.

+óttur gáróttur	+skur austurlenskur	+ugur ánauðugur
+r forspár	+stur áminnstur	+ull athugull
+rænn austrænn	+t sett (viðb.)	+ur aðgengur
+sa lyksa (viðb.)	+ttur þvættur (viðb.)	+verskur krítverskur
+samur aðfinnslusamur	+tur aðgættur	+vi ölvi (viðb.)

(24) Viðskeyti sem mynda atviksorð:

+0 alhugað	+i margsögli	+s afbragðs
+a helvíta	+is andhælis	+st virðingarfullst
+an hvaðan (viðb.)	+ja hraðbyrja	+t allseint
+andi viðunandi	+la síðarla	+tt eldhratt
+ast allajafnast	+lega afbrigðilega	+um álitum
+ð núorðið	+na allavegana	+ur nættur (viðb.)

(25) Viðskeyti sem mynda kvenkynsnafnorð:

+0 álykt	+ing aðgreining	+semd meinsemd
+a alsæla	+ingar tryggingar (viðb.)	+semi frændsemi
+an ávísan	+ingja hamingja (viðb.)	+ska fákænska
+asta kærasta (viðb.)	+ir gjörðir (viðb.)	+sla aðfinnsla
+átta veðráttá	+ist angist (viðb.)	+sna mylsna (viðb.)
+d aftasæld	+ja smiðja (viðb.)	+t auðmýkt
+dir tengdir (viðb.)	+jung nýjung (viðb.)	+tir gæftir (viðb.)
+ð ákefð	+ka blaðka (viðb.)	+un aðdáun
+ða tregða (viðb.)	+kka blákka (viðb.)	+und þríund (viðb.)
+ðir birgðir (viðb.)	+la afræsla	+ung háðung (viðb.)
+eskja forneskja (viðb.)	+n áþján	+ur tekjur (viðb.)
+gan hylgdan (viðb.)	+na auðna (viðb.)	+usta ærusta
+gi græðgi (viðb.)	+ni aðgætni	+va söngva (viðb.)
+i hjartsýni	+ning afsetning	+ysta forysta (viðb.)
+ind eigind (viðb.)	+ræna hafæna	

(26) Viðskeyti sem mynda karlkynsnafnorð:

+aður iðnaður (viðb.)	+ir ábætir	+ski hanski (viðb.)
+aldur faraldur (viðb.)	+ismi kapítalismi (viðb.)	+stur afrakstur
+all staðall (viðb.)	+isti aðventisti	+ttur aðdráttur
+andi aðdragandi	+kur þurrkur (viðb.)	+tungur sextungur
+angur leiðangur (viðb.)	+leikar erfiðleikar (viðb.)	+tur aflestur
+ari afréttari	+leiki áreiðanleiki	+uður samfögnuður
+di fjöldi (viðb.)	+leikur ástúðleikur	+ull vöndull (viðb.)
+dómur armingjadómur	+lingur ágræðlingur	+undur völundur (viðb.)
+ður aðburður	+lungur miðlungur	+ungar sturlungar (viðb.)
+gar feðgar (viðb.)	+mi blámi (viðb.)	+ungi sýslungi (viðb.)
+i ákafi	+n svefn (viðb.)	+ungur áttflötungur
+ill afriðill	+naður aðbúnaður	+ur inngangur
+ingar mislingar (viðb.)	+ni gráni (viðb.)	+verji skipverji
+ingi allsleysingi	+ningur ásetningur	+vi klökkvi
+ingur alfræðingur	+nungur trjánungur (viðb.)	+vingur gervingur (viðb.)
+inn faxinn (viðb.)	+skapur blíðskapur	

(27) Viðskeyti sem mynda hvorugkynsnafnorð:

+0 áhorf	+heit óforskömmugheit	+sl viðkennsl
+ald kafald (viðb.)	+i arfgengi	+sli aðrennsli
+aldur sjáaldur	+ildi þunnildi	+sni fylgsni (viðb.)
+an líkan (viðb.)	+indi bindindi	+stur vafstur (viðb.)
+di uppeldi	+irí fiskirí (viðb.)	+ur dægur (viðb.)
+elsi tildragelsi	+í bróderí (viðb.)	+vi snævi (viðb.)
+erni þjóðerni (viðb.)	+ni skyggni (viðb.)	
+gin feðgin (viðb.)	+rildi rifrildi (viðb.)	

(28) Viðskeyti sem mynda sagnir:

+a andskota	+ja maríumeyja	+sa hreinsa (viðb.)
+ast afglapast	+jast samsekjast	+skast ráðsmennskast
+da vernda (viðb.)	+ka óhreinka	+st ferfaldast
+era fernisera (viðb.)	+kka víkka (viðb.)	+va heimskva (viðb.)
+ga holdga (viðb.)	+ma bláma (viðb.)	
+ísera íslandísera	+na fullkomna	

Auk þeirra viðskeyta hér á undan sem fengin eru úr aukaskránni um viðskeyti er dálítið um orðhluta í gögnunum sem greindir eru sem afleidd orð (og merktir *gv*) án þess að viðskeytið sé aðgreint sérstaklega. Alls eru þessir orðhlutar 160 og listi um þá fylgir hér á eftir (sjá (29)). Oft eru þetta orðhlutar þar sem í verunni er seilst of langt í orðgerðargreiningunni og venjulegur málskilningur myndi ekki duga til að tiltaka hvert viðskeytið er. Þá eru þarna orð sem ekki eru mynduð með venjulegri viðskeytingu (sama við hvaða málstig er miðað), heldur með svokallaðri ‘núll-viðskeytingu’ eða ‘endurmerkingu’ (*conversion*). Loks eru þarna orðhlutar eins og *bæjar* og *vörpum* sem eru síðari hlutar aukafallsliða eða forsetningarliða sem standa sem atviksorð. Að þeim verður komið í 4.5.3.3.5–7 en merkingar á síðari hlutum af þessu tagi eru nokkuð á reiki í safninu.²⁴

Hér eftir verður farið með þessi orð eins og grunnorð og greiningu á þeim ekki sinnt frekar.

(29) Afleidd orð sem farið er með sem grunnorð:

einka v <i>gv</i> !	skaf n <i>gv</i>	hnig n <i>gv</i>	rek n <i>gv</i>
flyksa f <i>gv</i>	vaf n <i>gv</i>	sig n <i>gv</i>	vik n <i>gv</i>
átta adj <i>gv</i> !	drif n <i>gv</i>	stemning f <i>gv</i> ?	volk n <i>gv</i>
gá f <i>gv</i>	drif npl <i>gv</i>	forretning f <i>gv</i> ?	fok n <i>gv</i>
gljá f <i>gv</i> !	þrif npl <i>gv</i>	flog npl <i>gv</i>	strok n <i>gv</i>
sjá f <i>gv</i>	svif n <i>gv</i>	sog n <i>gv</i>	vask n <i>gv</i>
blá f <i>gv</i>	svif npl <i>gv</i>	eyg f <i>gv</i> !	tök npl <i>gv</i>
stað n <i>gv</i>	rof n <i>gv</i>	drög npl <i>gv</i>	tal n <i>gv</i>
vað n <i>gv</i>	starf n <i>gv</i>	þumbaldi m <i>gv</i> ?	hall n <i>gv</i> !
bið f <i>gv</i>	hvarf n <i>gv</i>	heimili n <i>gv</i>	ræfill m <i>gv</i> ?
reið f <i>gv</i>	svarf n <i>gv</i>	templari m <i>gv</i> ?	býll adj <i>gv</i> !
skrið n <i>gv</i>	horf n <i>gv</i>	kanslari m <i>gv</i> ?	mæll adj <i>gv</i> !
einurð f <i>gv</i> ?	töf f <i>gv</i>	tartari m <i>gv</i> ?	spjöll npl <i>gv</i>
glöð f <i>gv</i>	legg n <i>gv</i> !	klak n <i>gv</i>	þol n <i>gv</i>
haf n <i>gv</i> !	högg n <i>gv</i>	tak n <i>gv</i>	baul n <i>gv</i>

²⁴Allir liðir af þessu tagi eru sérmerktir í athugasemdasviði en fullt samræmi er ekki í orðgreiningunni sjálfri enda er form liðanna afbrigðilegt.

völ f gv	djúp n gv	skjótur m gv!	slit npl gv
tóm n gv	bæjar adv gv+	bætur fpl gv	rit n gv
vörpum adv gv+	leikar mpl gv	mætur adj gv	strit n gv
safn n gv	innar adv gv	trúr adj gv	kalt adv gv
lygn adj gv	hár adj gv!	knýr m gv	bilt adv gv
skin n gv	gljár adj gv!	ær adj gv!	villt adv gv
fíkn f gv	spár adj gv!	frær adj gv	got n gv
sénn adj gv!	ger adj gv!	sær adj gv!	skot n gv
forkunn f gv	búðir fpl gv	för f gv	skot npl gv
miskunn f gv	farir fpl gv	huliðs 0 gv!	lot n gv
prjón n gv	hersir m gv	hrifs n gv	lot npl gv!
sjón f gv	rór adj gv	vildis 0 gv!	brot n gv
hrun n gv	erfiður adj gv	ris n gv	þrot n gv
sýn f gv	tvígur adj gv	kyns adj gv+	mót n gv
gap n gv	búðingur m gv?	skíps adv gv!	mót npl gv
tap n gv	riklingur m gv	dægurs adv gv!	flökurt adv gv!
dráp n gv	kuðungur m gv	mat n gv	kast n gv
grip n gv	duttlungur m gv	át n gv	reist f gv?
grip npl gv	spjátrungur m gv	lát n gv	síst adv gv
stapp n gv	sterkur m gv	lát npl gv	köst npl gv
stopp n gv	faðmur adj gv!	sát f gv	frétt adv gv
varp n gv	feðmur adj gv!	sát n gv	hvöt f gv
kaup n gv	vetur adj gv!	bit n gv	
kaup npl gv	litur adj gv	beit f gv	
hlaup n gv	viltur adj gv	slit n gv	

Venjulegur málnotandi er sennilega í flestum tilvikum ekki í neinum vandræðum með að sjá tengsl þessara orða við grunnorðin sem telja verður að þau séu leidd af en sjálf orðmyndunin er ógagnsæ.²⁵

4.5.3.3 Tvígreiningin og vandamál í orðgerðargreiningunni

Í kafla 4.4.3 um stofnhlutagreiningu hér að framan var þess getið að tvígreining í orðmyndun gengi ekki upp nema gert væri ráð fyrir ofvirkum orðmyndunarreglum og samsettum orðhlutum sem ekki kæmu fyrir sjálfstæðir, en orðhluta af því tagi kalla ég bundna samsetningarliði. Að auki finnast setningarliðir sem orðhlutar, en það er ekki í samræmi við orðmyndunarreglurnar sem settar voru upp í (10) á bls. 103. Nú verður fjallað um þetta í stuttu máli.

4.5.3.3.1 Ofvirk orðmyndun

Í kafla 3.3.3 hér að framan var sagt frá greiningu Margaret Stong-Jensen á ofvirkni í íslenskri orðmyndun og greiningu hennar á bundnum orðhlutum sem myndaðir eru með viðskeytinu *-i*, t.d. *-menni*, *-hýsi* og *-yrði*.²⁶ Ýmsir bundnir orðhlutar af þessu tagi koma

²⁵Ef þessi orð eru þá á annað borð afleidd en ekki geymd í „búntum“ eða „klösum“ í orðasafninu, sjá t.d. hugmyndir van Marle í bókinni *On the Paradigmatic Dimension of Morphological Creativity* (1984).

²⁶Eitt af lykilatriðunum í kenningum Aronoffs og fleiri generatífra orðmyndunarfræðinga er að mállýsingar þeirra verki á sama hátt og gerð er krafa um í setningafræði, þ.e. að allar tækar formgerðir séu leyfðar en allar ótækar formgerðir útilokaðar. Í grein sinni grípur Margaret Stong-Jensen til lögmáls Kiparskys um hömlur á myndun samheita til þess að skýra hvers vegna gera má ráð fyrir ofvirkri orðmyndunarreglu í orðunum sem hún er að athuga án þess að það leiði til þess að búin séu til ótæk orð, þ.e. mun fleiri orð af þessu tagi en í verunni koma fyrir. Hugmyndir Aronoffs o.fl. um „blocking“ virðast skila svipaðri niðurstöðu. Einhver innbyggð tregða virðist vera gegn nýjum orðum eins og kemur gjarnan fram í viðbrögðunum: „Já, en það heitir ...“. Sams

fyrir í gögnunum og valda þeir stundum erfiðleikum í greiningu þar sem ekki er alltaf ljóst hver liðgerð orðanna er. Meðal þessara orða eru klassísk dæmi um liðgerðarþversagnir sem hafa orðið mörgum umfjöllunarefni, t.d. í ensku eins og sjá má af greiningunni í (10) á bls. 73 hér að framan en þar koma fram fimm mismunandi greiningar á orðum eins og *one-eyed* og *hand-riveted*.

Vandamálið er m.a. það að rökgerðin er ekki vel ljós í mörgum þessara orða og formið sjálft gefur ekki alltaf góðar vísbendingar. Það er til dæmis erfitt að ákvarða liðgerð þegar annar eða báðir liðirnir í orði koma ekki fyrir sjálfstæðir, eins og í orðunum *andfætingur*, *eintrjáníningur*, *andbanningur*, *ferfættur*, *ferfætlingur*, *áttblöðungur*. Merkingarlega virðast tengslin oft helst vera við setningarliði; *eintrjáníningur* er bátur sem gerður er úr ‘einu tré’, *flatbytna* er bátur með ‘flatan botn’ og *tvíbytna* er ker eða ílát með ‘tveimur botnum’.²⁷ Formlega séð virðist þó ekki vera góður kostur að gera ráð fyrir því að orð af þessu tagi séu leidd af setningarliðum, en þó er það e.t.v. ekki útilokað þar sem gera verður ráð fyrir afleiðslu af setningarliðum í annars konar orðum sem komið verður að í næstu köflum hér á eftir. Hér er sú leið þó ekki farin heldur er í gögnunum gert ráð fyrir ofvirkri orðmyndun af því tagi sem Margaret Stong-Jensen lýsir og eru ósjálfstæðir afleiddir síðari hlutar orða merktir með *gv!*.

(30) Greining á bundnum afleiddum síðari liðum:

afarmenni	n	1	afar	-0	0	afar	adv	g menni	n	gv!	
bleyðimenni	n	1	bleyði	-i	b	blauður	adj	g menni	n	gv!	
búramenni	n	1	búra	-a	e*	búri	m	g menni	n	gv!	
eintrjáníningur	m	1	ein	-0	0	einn	num	g trjáníningur	m	gv!	
eintrjánínungur	m	1	ein	-0	0	einn	num	g trjánínungur	m	gv!	
dauffingraður	adj	1	dauf	-0	0	daufur	adj	g fingraður	adj	gv!	
berhendur	adj	1	ber	-0	0	ber	adj	g hendur	adj	gv!	
berhentur	adj	1	ber	-0	0	ber	adj	g hentur	adj	gv!	
berhöfðaður	adj	1	ber	-0	0	ber	adj	g höfðaður	adj	gv!	

Búast má við að ekki sé fullt samræmi í greiningu orða af þessu tagi enda er greiningin verulega tvíræð og hefur reyndar sveiflast dálítið í meðferðinni á meðan á gagnavinnslunni stóð. Að auki er oft erfitt að meta hvort orðhlutarnir koma fyrir sem sjálfstæð orð eða ekki; þannig er orðhlutinn *-hentur* t.d. greindur sem bundinn liður í gögnunum en *fættur* sem sjálfstætt orð. Við greininguna var að nokkru leyti stuðst við Ritmálsskrá OH en margt í þessu sambandi er á reiki og verður eiginlega ekki útkljáð á einn veg eða annan.²⁸ Öll orð af þessu tagi eru sérmerkt í athugasemdasviði með athugasemd um að skoða eigi setningarlið til að athuga merkingarvensl á milli liða.

Orðin sem greind eru á þennan hátt eru af ýmsum gerðum. Þar eru t.d. nafnorð sem enda á *-ingur*, *-lingur* og *-ungur* (*andfætingur*, *armfætlingur*, *ferfætlingur*, *tvífætlingur*, *þrífætlingur*, *tólffótungur*, *þrílaufungur*) og lýsingarorð sem enda á *-a*, *-aður*, *-dur*, *-tur*, *-ugur* (*albrima*, *fjórthjóla*, *fjórthjólaður*, *berhendur*, *berhentur*, *harðsvírugur*). Þá koma fyrir atviksorð af þessu tagi líka, t.d. *einhestis*.

Athyglisvert er að skoða hvers konar lýsingarorð það eru sem helst koma fyrir með síðari hlutum sem fá greininguna *gv!*. Þessi orðgerð virðist oft vera merkingarlega bundin þannig að fyrri hlutinn er ákvæði sem tilgreinir einhverja órjúfanlega eiginleika sem síðari hlutinn hefur. Eiginleikarnir eru aðeins í þeim skilningi órjúfanlegir að síðari hlutinn getur ekki komið fyrir án þess að einhverjir eiginleikar af þessu tagi fylgi með í orðinu. Þannig

konar tregða gildir ekki gegn nýjum setningum. Í íslensku virðist þetta líka gilda um form orða, t.d. hvað varðar samsetningarhátt, sjá t.d. Kristín Bjarnadóttir (1995a).

²⁷ Orðið er einnig notað um mjög djúp stöðuvötn eða tjarnir.

²⁸ Í vissu samhengi virðist vera hægt að nota flesta liði af þessu tagi sjálfstætt, t.d. í spurningum.

er orðið *höfðaður* tæplega notað nema með ákvæði af einhverju tagi, t.d. í orðunum *berhöfðaður*, *marghöfðaður*, *tvíhöfðaður*, *þríhöfðaður*, e.t.v. vegna þess að ástæðulaust er að nota orðið öðru vísi. Orðið er aðeins notað um fyrirbæri sem hafa höfuð og þá er ástæðulaust að taka fram að fyrirbærið hafi höfuð nema ákvæðið fylgi; það að vera *höfðaður* liggur í hlutarins eðli.²⁹ Hér á eftir fylgja nokkur dæmi sem sýna þetta fyrirbæri nánar. Í öllum orðunum virðist síðari hlutinn óhugsandi sem sjálfstætt orð:

(31) **Bundnir afleiddir síðari liðir:**

-blaðaður	breið-, einblaðaður	-hælaður	ein-, háhælaður
-botnaður	ein-, flatbotnaður	-höfða	rauð-, tvíhöfða
-brima	albrima	-höfðaður	ber-, tvíhöfðaður
-brjóstaður	harð-, svalbrjóstaður	-kríkaður	berkríkaður
-bytna	flat-, tvíbytna	-leggjaður	ber-, langleggjaður
-dálkaður	tvídálkaður	-loftaður	tví-, þríloftaður
-dýraður	ein-, tvídýraður	-lokkaður	fagurlokkaður
-eggjaður	eineggjaður	-múlaður	harðmúlaður
-eggjaður	hvass-, tvíeggjaður	-sjávaður	há-, lágsjávaður
-feðra	samfeðra	-skjaldaður	berskjaldaður
-fingraður	lang-, rósingraður	-skoltaður	fattskoltaður
-fjallaður	blá-, gullfjallaður	-svíraður	harðsvíraður
-fóta	lausfóta	-trýndur	stutttrýndur
-gólfaður	tvígólfaður	-tyngdur	tvítyngdur
-hálsaður	berhálsaður	-uggaður	linuggaður
-hjartaður	fróm-, ljónhjartaður	-ullaður	fín-, stuttullaður
-hjóla	fjórhjóla	-veggjaður	lág-, þunnveggjaður
-hrossa	marghrossa	-viðaður	grann-, sterkviðaður
-hryggjaður	upphryggjaður	-þumlaður	ein-, tvíþumlaður

Í þessum orðum leynist því skemmtilegt rannsóknarefni sem ekki hefur verið athugað sérstaklega að þessu sinni, þ.e. að hve miklu leyti þessi formgerð orða er bundin merkingarlegum skilyrðum. Fyrirbærið minnir að sumu leyti á aðra málfræðilega formgerð sem virðist merkingarlega skilyrt á sama hátt, þ.e. á þágufall með nafnorðum í forsetningarlið, t.d. í orðum Skarphéðins: „... er þér og nær að stanga úr tönnum **þér** rassgarnarendann merarinnar ...“. Þessi formgerð virðist vera bundin við órjúfanlega eign (sjá ritgerðina *Dativus Sympatheticus* (Kristín Bjarnadóttir 1990a) og B.A.-ritgerð Steingríms Þórðarsonar (1979)) og segja má að ákvæðisliðirnir með orðunum hér að ofan eigi við einhvers konar órjúfanlegan hluta heildar líka.

Þau orð þar sem gera verður ráð fyrir ofvirkni í orðmynduninni eru ekki bundin við þau atriði sem hér hafa verið nefnd en í greiningu þeirra eru orðhlutar sem ekki koma fyrir sjálfstæðir merktir á þann hátt sem hér hefur verið skýrt frá, þ.e. með *gv!*.

4.5.3.3.2 Agnarsagnir

Agnarsagnir í íslensku virðast vera af þrennu tagi. Sumar þeirra koma aðeins fyrir sem samsett orð, aðrar geta ýmist verið samsettar eða sagnasamband og í þriðja floknum eru þá þær sagnir sem aðeins koma fyrir sem samband. Á eftirfarandi töflu eru dæmi um þetta þrennt:

²⁹Í Ritmálssafni finnast að vísu dæmi um orðið *höfðaður*, þ.e. *höfðað skip* og *höfðaður þorskur*. Merking orðsins er skemmtilega tvíræð: *höfðað skip* hefur (dreka)höfuð en *höfðaður þorskur* er afhausður.

(32) Agnarsagnir:

	I.		II.		III.
aðfrævast	*frævast að	aðgæta	gæta að	*aðbúa	búa að
aðvara	*vara að	?aðhlynna	hlynna að	*aðdást	dást að
afbaka	*baka af	afdæma	dæma af	*aðfinna	finna að
afeitra	*eittra af	afgirða	girða af	*afganga	ganga af
framreikna	*reikna fram	framreiða	reiða fram	*framdraga	draga fram
tileinka	*einka til	tilsníða	sníða til	*tilslá	slá til
umbera	*bera um	umskipast	skipast um	*umræða	ræða um

Allar þessar gerðir eiga það sameiginlegt að orð sem af þeim eru dregin eru samsett, þ.e. agnirnar bætast framan á sagnarstofninn. Þetta á bæði við lýsingarhætti, sagnleidd nafn-orð og önnur afleidd eða samsett orð, t.d. *aðfrævun*, *aðhlynning*, *aðhlynnandi*, *aðgæsla*, *aðgætanlegur*, *aðgætari*, *aðdáun* og *aðdánlegur*. Í greiningunni er sá kostur tekinn að gera ráð fyrir hliðstæðri grunnmynd að baki allra afleiddu samsettu orðanna sem af agnar-sögnum eru dregin og leiða þau öll af samsettum sögnum, án tillits til þess hvort sú mynd er til í raunveruleikanum eða ekki. Tilbúnað myndir eru merktar með stjörnu í orðgerðarsviði, eins og allar aðrar viðbótarorðmyndir sem bæt看 er inn í gögnin, en að auki eru agnarsagnir merktar sérstaklega með tvíkrossi (#) í orðgerðarsviðinu. Greint er á milli sagna eins og *aðgæta*, *gæta að* og sagna eins og **aðdást*, *dást að* í gögnunum með því að merkja þær fyrri með tveimur tvíkrossum (##), sem vísar til þess að bæði samsetta sögnin og sögn með lausri ögn séu tækar myndir í málinu, en þær síðari eru aðeins merktar með einum tvíkrossi og eru aðeins tækar með lausri ögn. Sagnir eins og *aðfrævast* sem alltaf eru samsettar eru ekki merktar sérstaklega í gögnunum og farið er með þær eins og önnur samsett orð. Merkingarnar í runnskrá sjást hér á eftir:

(33) Merkingar á agnarsögnum:

aðdá	v	*1#	að	-0	0	að	adv	g	dá	v	g
aðdánlegur	adj	1v	aðdán	-an	b	aðdá	v	1#	+legur	adj	vsk
aðdári	m	1v	aðdá	-0	0	aðdá	v	1#	+ari	m	vsk
aðgæsla	f	1v	aðgæt	-0	0	aðgæta	v	1##	+sla	f	vsk
aðgæslulaus	adj	*12	aðgæslu	-u	ee	aðgæsla	f	1v	laus	adj	g
aðgæta	v	1##	að	-0	0	að	adv	g	gæta	v	g
aðgætinn	adj	1v	aðgæt	-0	0	aðgæta	v	1##	+inn	adj	vsk
aðgætnei	f	*1v	aðgæt	-0	0	aðgæta	v	1##	+ni	f	vsk

Talsvert er á reiki hvaða agnarsagnir það eru sem teljast tækar sem samsettar sagnir í germynd. Sögnin að *aðhlynna* var t.d. meðal þeirra sagna sem ég hafði umhugsunarlaust sett í flokk með sögnum sem aðeins geta komið fyrir með lausri ögn (og merkt #) en þá heyrði ég hana notaða á förnum vegi í germynd sem samsett orð og þar með fékk sögnin annan tvíkross í gögnunum. Ritmálsskrá OH verður að litlum notum í sambandi við athugun á þessu þar sem nafnháttarmyndir eru oft settar upp þótt aðeins séu dæmi um lýsingarhætti á seðlunum. Flokkaskiptingin í þeim sögnum sem merktar eru með tvíkrossum er því ekki mjög áreiðanleg, sem er bagalegt vegna þess að það er aðeins í þeim sögnum sem aldrei koma fyrir í germynd með áfastri ögn (þ.e. í #-merktum sögnum) sem verið er að setja upp orðasafnsmyndir (eða orðmyndunargrunn) sem hvergi kemur fram í veruleikanum. Í gögnunum eru nú 656 sagnmyndir sem merktar eru með ## og eru því ýmist með föstum eða lausum ögnum og 311 sagnmyndir sem merktar eru með # en þar eru agnirnar alltaf lausar. Skiptingin er, eins og áður sagði, ekki áreiðanleg, en við því er þó ekki margt að gera. Að því er ég fæ best séð er eina leiðin til að skýra mismuninn á agnarsögnum og samsettum sögnum sú að upplýsingar um það hvort agnirnar geta verið frjálsar, bundnar

eða hvorttveggja séu í orðasafni með hverju sambandi, rétt eins og upplýsingarnar um frjáls og bundin myndön hljóta að vera.

Annað athugunarefni í sambandi við agnarsagnir er það að í sumum þeirra koma fram fyrri liðir sem ómögulegt virðist að flokka öðruvísi en sem bundna samsetta liði, þ.e. samsettar agnir eða forsetningar sem tæplega koma fyrir sjálfstætt. Áður hefur verið vikið að þessu (sjá (15) á bls. 108 hér að framan), og hér eru dæmi um agnarsagnir til áréttingar. Í lið (34)a eru ósamsettar agnir eða forsetningar, eins og sjá má í aftari dálki, en þar eru sagnasamböndin sem samsettu orðin eru dregin af. Í (34)b eru síðan samsettar agnir eða forsetningar:

(34) **Agnarsagnir:**

a.	tilfinnanlegur	finna til	*tilfinna
	uppsegjanlegur	segja upp	*uppsegja
	viðkunnanlegur	kunna við	*viðkunna
	ínáanlegur	ná í e–ð	*íná e–ð
	umflýjanlegur	umflýja e–ð	*flýja um e–ð
	upprætanlegur	uppræta e–ð	*ræta e–ð upp
b.	óframúrráðanlegur	ráða fram úr e–u	*framúrráða e–u
	útáliggjandi	liggja út á e–ð	*útáliggja e–ð

Þessir samsettu liðir í agnarsögnunum eru af sama tagi og nokkrir þeirra liða sem lýst verður í næsta kafla.

4.5.3.3.3 Samsettar agnir eða forsetningar

Hér að framan var því lýst hvernig gert er ráð fyrir samsettum ögnum (eða forsetningum) sem samsetningarliðum í afleiddum myndum af agnarsögnum, þannig að orðhlutinn *framúr* er greindur sem samsett forsetning eða atviksorð í orðum eins og *óframúrráðanlegur*. Atriði af þessu tagi koma ekki aðeins fyrir í agnarsögnum og gera verður ráð fyrir fjölda samsettra orða af þessu tagi, ef tvígreining á að ganga upp í öllu safninu. Samsetta ögnin eða forsetningin getur þá verið hvort heldur er sjálfstætt orð eða orðhluti. Íslensk stafsetning styður þessa greiningu oft, a.m.k. ýmis stafsetningarafbrigði sem notuð eru í Ritmálssafni OH, en þar eru tvírtar flettur ekki teknar upp (sjá 4.3.2 hér að framan). Einu afbrigðin sem þar finnast eru því oft og tíðum myndir sem ekki eru í samræmi við þá stafsetningu sem mælt er með í kennslubókum, sbr. dæmi sem gefin eru í (4) („Eitt orð eða tvö“) á bls. 95 hér að framan. Því er í gögnunum dálítið af greiningarorðum úr Ritmálssafninu þar sem skv. nútímastafsetningu væri venja að rita tvö eða fleiri orð. Af eftirfarandi lista sést hvað um er að ræða:

(35) **Samsett atviksorð og forsetningar:**

aftanfyrir	austurundir	frammí	heimvið	hingaðtil
aftanundir	austurúr	framundan	héðanífrá	innaraf
afturávið	áfram	framundir	héðanmegin	inneftir
afturundan	bakatil	framúr	héðanmeginfrá	innhjá
afturút	ennnú	fyrirfram	hérmeð	ífram
austrá	framá	fyrir	hértíð	ífrá
austureftir	framávið	fyrir	hérnámegin	ívið
austurfrá	framhjá	háttupp	hértíð	meðfram
austurundan	frammað	heimundir	hérum	neðanum

neðanundir	ofaná	uppá	utanyfir	útífrá
niðriundan	ofanundan	uppeftir	utarfrá	útúr
niðrímóti	ofanundir	upptil	utarfyrir	útyfir
niðrundan	onímilli	uppi	útaf	vestrum
niðrundir	suðurundan	uppum	útaffyrir	vesturundan
niðurundan	sunnanfram	uppyfir	útá	yfrum
norðanfram	umfram	utanað	úteftir	
ofanaf	undirniðri	utanvið	úti	

Orð af þessu tagi eru hér hiklaust greind sem samsett orð og er það enda stutt af stafsetningu margra, svo og af stytum myndum eins og *oní*, *yfrum* og *suðrum*. Sams konar afbrigði koma síðan fram sem samsetningarliðir í greiningarorðum í gögnunum, t.d. í orðunum *inneftirleið* og *framímaður*.

4.5.3.3.4 Setningarliðir

Það er e.t.v. hluti af arfinum frá formgerðarsinum (sjá kafla 2.3 hér að framan) að yfirleitt virðist ekki vera ráð fyrir því gert í generatífri orðhlutafræði að setningarliðir geti verið inntak í orðmyndunarreglur. Bannið við blöndun sviða virðist vera svo lífseigt að margir gefa efni sem erfitt er að greina á annan hátt en sem setningarliði inni í orðum engan gaum eða telja orðmyndun af þessu tagi útilokaða. Þessari hugmynd er meira að segja gert svo hátt undir höfði í kennslubók Scalises *Generative Morphology* (1986) að hljóta þar sérstakt nafn, *No Phrase Constraint*, en þá vill nú ekki betur til en svo að nafnið á hömlunni brýtur þá hömlu sem þar er verið að lýsa. Í næstu undirköflum er helstu gerðum setningarliða sem fyrir koma í gögnunum lýst. Alls eru orðin með liðum af þessu tagi 653 í aðalgagnaskránni eins og hún er nú og skiptast þeir í nokkra flokka eftir gerð. Brugðið hefur verið á það ráð að merkja þessa liði ekki eftir orðgerð á sama hátt og önnur orð heldur eru setningarliðirnir merktir sem slíkir í gögnunum, án frekari greiningar. Verða nú sýnd dæmi um hvernig þetta er gert.

4.5.3.3.5 Forsetningarliðir sem sjálfstæð atviksorð

Atviksorð eru orðflokkur sem erfitt er að henda reiður á eins og augljóst er af orðum sem greind eru sem atviksorð í Ritmálsskrá en þau eru býsna sundurleit. Um þessi orð gildir líka það sama og áður hefur komið fram; ritháttur í Ritmálssafni leiðir til þess að ýmislegt er ritað í einu orði (og þá jafnframt orðflokksgreint í einu lagi) sem rétt eins gæti komið fyrir í texta í tvennu lagi. Meðal þeirra atviksorða sem svo eru greind í Ritmálsskrá eru t.d. eftirfarandi dæmi um forsetningarliði sem allir eru ritaðir í einu orði þar:

(36) Atviksorð sem eru forsetningarliðir :

austanfjarðar	innanheims	innanskóla	ofansjóar	utangarðs
innanborðs	innanhéraðs	innanstokks	ofanstriks	utangötu
innanbrjósts	innanhúsa	innantúns	ofanvatns	utanhafnar
innanbúðar	innanhúss	neðanstriks	ofanþilja	utanhandar
innanbæjar	innankaups	ofandala	sunnanfjalls	utanheims
innandjúps	innanklæða	ofandekks	sunnanfjólts	utanhéraðs
innandyra	innanlegs	ofanfata	utanborðs	utanhliðs
innanfélags	innanlærs	ofanfjalls	utanbókar	utanhúss
innanfjarða	innanrifja	ofangarðs	utanbúðar	utanklepps
innangarðs	innanskers	ofanjarðar	utanflokka	utanlands
innanhandar	innanskips	ofanmáls	utanfundar	utanlegs

utanlærs	utanrjóðurs	utanslóðar	utansviðs	vestanfjarðar
utanmatar	utanskerja	utanstokks	utantúns	yfirmáta
utanmáls	utanskóla	utansveitar	utanveltu	

Hér er ekki um venjulega orðmyndun að ræða, enda hefur verið brugðið á það ráð að merkja þessi orð ekki eftir orðgerð á sama hátt og annars er gert. Í eftirfarandi sýnishorni úr grunnskránni sést hvernig orðin eru merkt með *Fl* í þriðja sviði í línunni til að sýna að þetta eru forsetningarliðir. Í athugasemdasviði aftast er þess svo getið sérstaklega að þarna séu setningarliðir (hér *Sl*) á ferðinni eða að ástæða sé að athuga hvort svo sé. Að auki er orðgerð síðari hlutans merkt sérstaklega (*g+*) en af því merki má ráða að ekki sé um venjulega orðgerðargreiningu að ræða, enda endar orðið á aukafallsendingu.

(37) Greining á forsetningarliðum:

innanfjarða	adv	Fl	innan	-0	0	innan	adv	gv	fjarða	mpl	g+	l Sl.
innanklæða	adv	Fl	innan	-0	0	innan	adv	gv	klæða	npl	g+	l Sl.
innanrifja	adv	Fl	innan	-0	0	innan	adv	gv	rifja	npl	g+	l Sl.
ofanþilja	adv	Fl	ofan	-0	0	ofan	adv	g	þilja	fpl	g+	l Sl.
utanskerja	adv	Fl	utan	-0	0	utan	adv	gv	skerja	npl	g+	l Sl.
utanflokka	adv	Fl	utan	-0	0	utan	adv	gv	flokka	mpl	g+	l Sl.

Liðir af þessu tagi geta líka komið fyrir innan samsettra orða og eru þá greindir á sama hátt, eins og nú verður greint frá.

4.5.3.3.6 Forsetningarliðir sem orðhlutar

Í dæmasafninu er talsverður fjöldi orða með forsetningarlið að fyrri hluta. Dæmin skiptast í tvennt. Í fyrsta lagi eru orð þar sem fyrri hlutinn er forsetningarliður sem alltaf er tvö sjálfstæð orð þegar hann er ekki hluti í orði. Hins vegar eru svo dæmi um forsetningarliði eins og þá sem lýst var í næsta kafla hér á undan, þ.e. liði þar sem ekki sýnist óhugsandi af áherslumynstri (og stafsetningu) að liðirnir hafi verið endurtúlkaðir sem eitt atviksorð.

(38) Forsetningarliðir sem orðhlutar:

a	á-tali-sónn	*átali	á tali
b	millifundanefnd	*millifunda	milli funda
c	millipinganefnd	*millipinga	milli þinga
d	millilandaferð	*millilanda	milli landa
e	milliríkjamál	*milliríkja	milli ríkja
f	innan hússmet	innan húss	innan húss
g	innanlandsfriður	innanlands	innan lands
h	utangarðsmaður	utangarðs	utan garðs
i	utanskóla	utanskóla	utan skóla

Þetta sést betur ef báðir möguleikar eru sýndir í setningum:

- (39)
- a Síminn er alltaf á tali/*átali.
 - b Nefndin starfar milli funda/*millifunda.
 - c Nefndin starfar milli þinga/*millipinga.
 - d Ferðin var milli landa/*millilanda.
 - e Deilurnar voru milli ríkja/*milliríkja.
 - f Metið var sett ?innan húss/innan húss.
 - g Það var friður ?innan lands/innanlands.

- h Hann er utan flokka/utanflokka.
- i Hann er ?utan garðs/utagarðs í þjóðfélaginu.
- j Verslun ?utan lands/utanlands hefur gengið vel.
- k Næsta vetur ætlar hann að vera ?utan skóla/utanskóla.

Liðir af þessu tagi eru greindir sem forsetningarliðir innan orða en þeir eru ekki gerðir að greiningarorði og færðir upp sérstaklega í gögnunum nema þegar þeir koma líka fyrir sem sjálfstæð orð. Þannig er *innan húss* greiningarorð en ekki *milliríkja* sem aðeins kemur fyrir sem orðhluti, t.d. í *milliríkjasamningur*. Oft er settur punktur á orðaskilum innan forsetningarliðar en þó ekki alltaf, eins og hér sést:

(40) Forsetningarliðir sem orðhlutar í gögnunum:

innanlandsfriður	m	12	innanlands	-0	0	innanlands	adv	Fl	friður	m	g
millifundaneftnd	f	12	millifunda	-0	0	milli.funda	adv	Fl	neftnd	f	gv
millipinganeftnd	f	12	millipinga	-0	0	milli.pinga	adv	Fl	neftnd	f	gv
millilandaferð	f	12	millilanda	-0	0	milli.landa	adv	Fl	ferð	f	gv
milliríkjamál	n	12	milliríkja	-0	0	milli.ríkja	adv	Fl	mál	n	g
innan hússmet	n	12	innan húss	-0	0	innan húss	adv	Fl	met	n	g
innanlandsfriður	m	12	innanlands	-0	0	innanlands	adv	Fl	friður	m	g
utanflokkamaður	m	12	utanflokka	-0	0	utan.flokka	adv	Fl	maður	m	g
utagarðsmaður	m	12	utagarðs	-0	0	utan.garðs	adv	Fl	maður	m	g
utanlandsverslun	f	12	utanlands	-0	0	utan.lands	adv	Fl	verslun	f	gv
utanskólasveinn	m	12	utanskóla	-0	0	utan.skóla	adv	Fl	sveinn	m	g

Orðið *millistríðsár* er greint á sama hátt og þessi orð, jafnvel þótt þar sé ekki um venjulegan forsetningarlið að ræða.

4.5.3.3.7 Aukafall nafnliða sem atviksorð

Ýmsir frosnir eða hálfrosnir aukafallsliðir eru notaðir sem atviksorð og greindir sem slíkir í Ritmálsskrá OH en myndun slíkra atviksorða lýtur engum venjulegum orðmyndunarreglum á borð við þær sem hér eru til umræðu. Líkindin eru einna mest við forsetningarliðina sem sagt er frá í 4.5.3.3.5. Þessir liðir eru af ýmsu tagi, eins og sjá má af þessum dæmum:

(41) Aukafallsliðir:

miðvega	tvovega	bréfkyns	allajafna	margskonar
afvega	miðskipa	síðsumars	neinsstaðar	sumskonar
klofvega	samskipa	samsumars	miðsvegar	einskonar
langvega	þverskipa	snemmsumars	hinsvegar	þesskonar
tvívega	miðskips	alladaga	allshugar	...
karlvega	langskips	miðjavega	samaháttar	
söðulvega	þverskips	einhverntíma	allsháttar	
einvega	þjóðsagnakyns	nokkurntíma	...	

Ekki er fullt samræmi í greiningu þessara orða í gögnunum en þau eru merkt sem setningarliðir í orðgerðarsviði (*Al* eða *Nl*) og að auki eru þau öll merkt sérstaklega í at-hugasemdastuviði aftast í greiningarlínunni. Í orðgerðargreiningu seinni hlutans er að auki sýnt að orðin eru afbrigðileg, ýmist með því að merkja liðinn með *g+* eða *gv!*. Greining orðanna er líka að því leytinu tvíráð að deila má um hvort það er ekki fallendingin sjálf sem greina ætti sem haus í orðinu en það er þó ekki gert hér.

Farið er með orð af þessu tagi sem koma fyrir sem orðhlutar í öðrum orðum eins og gert var við forsetningarliði sem orðhluta og lýst var í 4.5.3.3.6 hér að framan.

4.5.3.3.8 Aðrir setningarliðir sem orðhlutar

Aukafallsliðir eins og þeir sem sagt er frá í næsta kafla hér á undan koma líka fyrir sem orðhlutar í öðrum orðum, en að auki er dálítið af venjulegum nafnliðum sem koma fyrir sem orðhlutar í gögnunum. Þar eru ákvæðisliðir sem innihalda tölur áberandi, eins og sjá má af eftirfarandi dæmum:³⁰

(42) Nafnliðir innan orða:

áttablaðabrot	fjögramannafar	sjöviknafasta	tólfpumlungaþarmur
einsatkvæðismál	hálfárslega	sexrúðugluggi	þriðjabekkjjarlega
einsmannshljóð	hálfsmánaðarlega	tíufjórðungavætt	þriggjaþelafaska
fimmáraáætlun	hálfsmánaðartími	tólfblaðabrot	þúsundaráhátíð

Orð eins og þau sem hér eru sýnd og dæmin um forsetningaliði sem orðhluta (t.d. *milliríkjamál*, sjá 4.5.3.3.6) ættu að duga til þess að sýna að ekki er hægt að halda fast í þá hugmynd að setningarliðir eigi ekki að vera inntak í orðmyndunarreglur. Hamla sú sem sagt er frá í byrjun þessa kafla fellur því á fleiru en sínu eigin nafni. Þá sýna þessi dæmi líka að kenning Scalises (1986, sjá líka Di Sciullo & Williams 1987) um það að setningarliðir geti þá og því aðeins verið orðhlutar að þeir séu orðasafnseindir, þ.e. geymdir sem heild í orðasafninu, á tæplega við rök að styðjast. Á þeirri kenningu, meðal annars, byggist það að hægt sé að halda setningarhluta málkerfisins og orðasafninu stranglega aðskildum:

... this process seems to be limited to lexicalized phrases, a point which is relevant for the organization of the lexicon, since it requires that such phrases be stored in the lexicon, in addition to the usual words. (Scalise 1986:156)

Tæplega er þó hægt að halda því fram að *áttablaða*, *milliríkja* eða *dömur og hattar* séu orðasafnseindir, hvorki sem samsett orð né sem setningarliðir, t.d. í orðunum *áttablaðabrot*, *milliríkjadeila* og *Dömu- og hattabúðin*.

Orð af þessu tagi eru einmitt meðal þess sem Lieber telur sanna að ekki sé hægt að skilja orðhlutafraði og setningafraði algerlega að. Eiríkur Rögnvaldsson kemst að sömu niðurstöðu í greininni *Collocations and the Minimalist Program* (1993) en þar bendir hann á að naumhyggjukenningin opni möguleika á því að endurskoða tengsl orðasafns og setningarhluta málkerfisins. Eiríkur bendir á að þetta er nauðsynlegt bæði vegna þess að ýmiss konar setningarleg fyrirbæri eru augljóslega geymd í orðasafninu³¹ og líka vegna þeirra fyrirbæra sem hér eru til athugunar, þ.e. orðmyndunar þar sem greiður aðgangur þarf að vera að setningarhluta málkerfisins.

³⁰ Í B.A.-ritgerð minni (1990b) var nokkuð fjölskrúðugra úrval dæma um nafnliði sem orðhluta, t.d. *þúsund og einnarnætur-pótentáti*, *Matvæla- og landbúnaðarstofnun*, *sameiningarogaðgreiningarregla*, *þrjátíuárastríðið*, *þúsundaráhátíð* og *Bosch-Dewandre-Servo-hemill*. Fyrsta gerðin, hliðtengdir nafnliðir sem orðhluti er ekki mjög sjaldgæf en virðist oftast nær koma fyrir í stofnanaheitum o.þ.h. Orð af því tagi eru ekki algeng í Ritmáls-skránni.

³¹ Grein Eiríks fjallar um fast orðalag, t.d. ríka tilhneigingu sem sum orð hafa til að standa alltaf (eða oftast) í sama samhengi án þess að þar sé um eiginleg orðasambönd að ræða, í þeirri merkingu sem venjulega er lögð í það hugtak. (Jón Hilmar Jónsson nefnir fyrirbæri af þessu tagi 'orðastæður' (*collocations*) og einkennin eru þau að merking og setningagerð er alveg gagnsæ en tilhneigingin til að ákveðin orð standi saman er mjög sterk.) Dæmin sem Eiríkur nefnir um þetta eru fengin úr *Orðstöðulykli Íslendinga sagna* (Eiríkur Rögnvaldsson et al. 1992): *að berjast alldjurflega* og *verjast alldrengilega* (sjá líka Eiríkur Rögnvaldsson 1995). Í generatífri málfræði hefur ekki verið nein leið til að lýsa þessu fyrirbæri fyrr en þá í fyrsta lagi með naumhyggjunni.

Þá eru þess einnig dæmi að aðrir og enn flóknari liðir en þeir sem hér hafa verið nefndir komi fyrir sem orðhlutar en í gagnasafninu eru slík dæmi fá. Þar eru þó orðin *gleymmérei* sem hlýtur að þurfa að greina sem setningu og *faðirvorið* sem eðlilegt er að greina sem nafnlið. Í B.A.-ritgerð minni (1990b) var nokkru fjölbreytilegra dæmasafn af þessu tagi enda var þar leitað í stakdæmum í Ritmálsskrá OH að slíku efni. Orð af þessu tagi eru reyndar mjög oft stakdæmi eða eins konar einnotaorð og í þeim virðast vera lítil takmörk fyrir því sem hægt er að gera, eins og sjá má af eftirfarandi dæmum sem mörg hver eru nánast orðaleikir: „Það ætti eiginlega að kalla þetta *ervallabré* eða *séstvallabré* — hún er svo lítil“ (FM 90,9 kl. 8:45 6. sept. 1993).³² Fleiri dæmi af sama tagi fara hér á eftir:

- (43) a ég-er-bara-einn-af-ykkur-strákunum-brosið
 b innáhverteinastaheimilisfrægur
 c nöldur-skamma-hótana-gerðu-það-nú-fyrir-mig-jarm
 d borgarsigekkimennirnir
 e Og það eru 'kemur-alltaf-of-seint' mennirnir
 (Björn Franzson, Mbl. 6/11 1971)
 f Hann sveimérþáaði sér duglega
 (Þórarinn Eldjárn. 1985. *Margsaga*, bls. 33.)
 g Það þýðir ekkert að bjóða svona „ef-og-þá-kannski-hluti“
 (Ásmundur Stefánsson, þáverandi forseti ASÍ, fréttir í RÚV)

Þessi dæmi sýna að því virðast ekki vera nokkrar hömlur settar hvaða setningarliðir geta orðið að orðhluta á þennan hátt. Kenning Scalises um það að aðeins setningarliðir sem geymdir eru sem heild í orðasafni geti verið orðhlutar er því ekki mjög sannfærandi í ljósi þessara dæma. Spurningin er þá að hve miklu leyti þetta telst vera eðlileg orðmyndun, fremur en leikur með málið. Á sama hátt leikur fólk sér stöku sinnum með tiltekin viðskeyti, t.d. *-ismi* og jafnvel *-isti*: „Ég skil ekkert í öllum þessum ismum.“ Það er skiljanlegt að fátt eitt af slíku efni skuli vera í gagnasafninu, bæði vegna þess að slíkt efni er fremur bundið talmáli og kemst því sjaldan á prent, og eins vegna þess að dæmi eru hér valin úr Ritmálssafninu eftir fjölda seðla. Algeng verða einstök orð af þessu tagi sennilega seint.

Setningarliðir í orðmynduninni skiptast því í tvennt. Annars vegar er þanþol málsins reynt til hins ítrasta í orðaleikjum og sennilega er öllum ljóst að þar er verið að brjóta (venjulegar) orðmyndunarreglur. Þetta á t.d. við um dæmin í (43) hér á undan. Hins vegar eru svo orð sem hljóta að teljast alveg eðlileg (sjá (38) og (42)) og stinga málnotendur ekki á nokkurn hátt. Þau hljóta því að vera hluti þess sem orðmyndunarreglurnar verða að lýsa. Í þeim eru líka setningarliðir og þeir geta ekki talist vera orðasafnseindir. Kenning Scalises stenst því varla um íslenska orðmyndun.

4.5.3.4 Yfirlit um tákni í orðgerðarsviði

Í undanfarandi köflum hefur öllum afbrigðum af táknum sem fyrir koma í orðgerðarsviðunum þremur (sviðum 3, 9 og 12 í hverri færslu) í gögnunum verið lýst. Hér fylgir heildaryfirlit yfir öll tákni.

Orðgerðarsviðið með greiningarorðinu sjálfu (svið 3) er notað til þess að merkja orð sem eru viðbætur við upprunalegu greiningarorðin úr Ritmálsskránni. Þetta er gert með því að setja stjörnu fremst í orðgerðartáknið. Orðgerðartáknin sjálf eru því í verunni þrískipt: Fremst er stjörnumerkingin sem sýnir hvort orðið er úr upprunalegum orðalista

³²Nemendur mínir í námskeiðinu 05.40.05 Beyginga- og orðmyndunarfræði á árunum 1991 og 1992 og ýmsir aðrir vinir mínir hafa í gegnum árin gausað að mér ýmsum dæmum af þessu tagi. Heimildamanna er ekki getið við slík dæmi þar sem ógerlegt reyndist að rekja þau. Hafi þeir bestu þakki samt!

úr Ritmálsskrá eða ekki, þá er talnastrengur fyrir stofnhlutagreiningu samsetningar og forsetningar, og loks er viðskeyting sýnd aftast í strengnum. Gildin sem notuð eru og fyrirkomulag þeirra er sýnt í eftirfarandi töflu.

(44) Orðgerðarsviðið:

Uppruni:	X:	Viðskeyting:
* ekki úr Rms.	g grunnorð	v viðskeytt orð
	l einsamsett orð	
	12, 121 ... margsamsett orð	
	! bundið	
	vsk viðskeyti	
	Xl, Al, Fl ... setningarliður	

Auk þessara tákna er slæðingur af öðrum merkjum við vafaatriði í orðgerðarstrengjum í gögnunum, t.d. spurningarmerki eða stjarna þar sem greining er óljós og + við afbrigðilega síðari hluta atviksorða. Loks er tvíkross notaður til að sýna gerð agnarsagna, á þann veg sem áður hefur verið sagt frá, og á einstöku stað er þess sérstaklega getið í orðgerðarsviði ef greiningarorð er í miðstigi (*lvmst*, *gmst*, *gvmst*). Öll afbrigði af gildum sem koma fyrir í orðgreiningarsviðunum í grunnskránni er að finna í eftirfarandi lista:

(45) Gildi í orðgerðargreiningarsviði:

!	1?	12##	1231?	1321	21?	3121?	g	gv
!?	1#	*121	1234	1?/Nl	21##	*321	g!	gv+
!+	1##	121	123v	*1v	213	321	g?	gvmst
?	1##?	121?	*12v	*1v!	213?	321?	g*	Nl
1	*12	1213	12v	*1v?	2131	4123?	g+	Sl?
1!	*12?	12131	12v?	1v	2131?	*Al	gmst	Sl
1?	*12#	121v	1312	1v	213v	Al	*gv!	vsk
1#	*12##	*123	1312?	1v?	*21v	Al?	*gv?	Xl
1##	12	123	13121	lvmst	21v	Fl	gv!?	Xlv
1##?	12?	123?	13121?	*21	312	Fl?	gv!	
1!	12#	1231	*1321	21	3121	*g	gv?	

Í orðgerðargreiningunni virðist tvígreiningin því ganga upp, með þeim formerkjum um túlkun á orðmyndun og þeim gerðum af orðmyndunargrunni sem hér hefur verið sagt frá. Þar ber að telja að X^0 verður bæði að geta verið stærra en orð (þ.e. setningarliður) og minna en orð (þ.e. bundinn liður, sjá 4.5.3.3.1 og 4.5.3.3.4).

4.5.4 Endingar og greining á þeim

Eitt af því sem forvitnilegt er að skoða í íslenskri orðmyndun er fjölbreytnin í orðmyndunarhætti. Hefðbundið er að skipta samsettum orðum í þrjá flokka eftir formi samsetningar, þ.e. í fastar og lausar samsetningar og bandstafssamsetningar eða tengistafssamsetningar, eins og Halldór Halldórsson nefnir þær. Skilgreiningar Halldórs úr *Íslenzkri málfræði handa æðri skólum* (1950) hljóða svo:

- (46) a **Föst samsetning** er það nefnt, ef engin beygingarending fylgir fyrra lið samsetta orðsins. Fyrri liður er þá eitt af þrennu: **stofn fallorðs**, **stofn sagnar** eða **smáorð** (atviksorð, forsetning).

Dæmi: hundgá, bardagi, framkvæmd, tilburðr.

- b **Laus samsetning** er það nefnt, ef beygingarending fylgir fyrri lið, venjulega eignarfallsending, en stundum þágufallsending.

Dæmi: vallarsýn, banamaðr, hugumstór.

- c **Tengistafssamsetning** er það nefnt, ef milli samsetningarliðanna er sérhljóð (svonefndur tengistafur), sem í vitund manna er hvorki hluti af stofni né fallending.

Dæmi: ráðunautr, linditré, okumaður.

(Halldór Halldórsson 1950:196–197)

Halldór telur reyndar „mjög hæpið að telja tengistafssamsetningar sérstakan flokk samsettra orða, þó að svo líti út frá sjónarmiði íslenzkrar tungu“ (1950:197) þar sem uppruna þeirra má rekja á mismunandi veg og þeir eru því sögulega ekki samstæðir. Í samtímalegri greiningu á nútímamáli er þó ekki annað fært en að gera ráð fyrir bandstöfum, þótt ekki séu þeir samstæðir að öllu leyti. Í greiningunni hér er því allt „aðskotaefni“ í orðmynduninni merkt á sama hátt, bæði þeir liðir sem venjulegt er að telja bandstafi, t.d. *-i-* í *eldibrandur* og *-u-* í *ráðunautur* og þeir liðir sem e.t.v. væri réttara að greina sem eins konar afbrigðilegar eignarfallsmyndir. Dæmi um slíkt eru *-s-* í *kúplingsdiskur* og *afbrýðissamur*.³³ Þá er *-i-* á skilum í orðum eins og *breytileiki* einnig merkt sem bandstafur, en umfjöllun um þetta atriði er að finna hjá Baldri Jónssyni (1984) en þar segir hann *i* hafa varðveist „sem leifar af forsögulegu stofnvíðskeyti“ í orðum sem hafa *felli-*, *fleygi-*, *keppi-* o.s.frv. að forlið. Um þetta segir Baldur svo:

Frá því sjónarmiði séð eru þetta því fastar samsetningar eða stofnsamsetningar. Þetta virðist nú vera orðið frjó orðmyndunareining og komið út fyrir sín sögulegu mörk.

Það má t.d. sjá í orðinu *hreinsibúnaður*. Í stofni sagnarinnar *hreinsa* er ekkert *i*, enda er hún ö-sögn. Þetta er því hæpin orðmyndun. (Baldur Jónsson 1984:95)

Þá er *-an-* (eða *-n-*) í orðum eins og *hugsanlegur* einnig greint sem bandstafur hér.³⁴

Flokkun Halldórs í (46) á við samsett orð en sumir liðir sem oft eru flokkaðir sem víðskeyti (t.d. *-legur*, *-háttur* og *-skapur*) geta líka tekið með sér beygða fyrri liði. Þessir liðir eru einmitt dæmi um markatilvik þar sem það er ekki sjálfgefið hvort þá á að flokka sem orð (X^0) eða víðskeyti. Það er því nærtækt að athuga hvort greining á formi fyrri liða skilar einhverjum upplýsingum sem gagnast mættu í því sambandi.

Í fjórða til sjötta sviði í hverri línu í gagnasafninu er greining á fyrri hluta hvers greiningarorðs. Í fjórða sviði kemur orðhlutinn sjálfur fram í þeirri mynd sem hann hefur í orðinu, ending er sérstaklega tilgreind í fimmta sviði og loks er greining á endingunni í sjötta sviði. Hér er sýnishorn af því hvernig greining á fyrri hluta lítur út í gögnunum:

(47) **Dæmi um greiningu á endingum:**

mýrarver n l	mýrar -ar ee	mýri f g	ver n g l
mýrarækt f l	mýra -a ef	mýri f g	rækt f gv l
mýrfugl m l	mýr -0 0	mýri f g	fugl m g l

³³Í *afbrýðissamur* kemur fram eignarfallsmynd sem einnig kom fram í sjálfstæðum orðum í eldra máli, eins og Jón Hilmar Jónsson bendir á í formála að *Orðabók* Gunnlaugs Oddsonar (1991; fyrsta útgáfa kom út 1819) en þar segir hann að endingin *-is* í eignarfalli kvenkynsorða komi fram í ritum Gunnlaugs, „einkum á skilum samsetningarliða, þar sem endingin *-is* er rótgróin í sumum orðum, en einnig lítillaga í enda orðs“ (bls. xxvii). Meðal dæma sem gefin eru um þessa endingu í sjálfstæðu orði er „uppspretta til vorrar rósemis og huggunar“.

³⁴Alexander Jóhannesson (1927:67) telur þetta (a.m.k. stundum) vera leifar af lýsingarháttarmynd nútíðar; sjá líka B.A.-ritgerð Bjarnveigar Ingvarsdóttur (1992) „Þetta er orðið *lokalegt*“. Um víðskeytið *-legur* og tengsl þess við *grunnorð*.

mýrispýta f l	mýri -0 0	mýri f g	spýta f g l
mýrispýta f l	mýris -s b	mýri f g	spýta f g l

Endingarnar eru skráðar á því formi sem þær hafa í fyrri hlutunum sjálfum og þær hefjast alltaf á bandstriki. Endingarleysi er táknað með 0. Þá er spurningarmerki eða stjarna notað til að sýna óregluleika, eins og víðar er gert í greiningunni. Hér fylgir tafla um endingastrengina í tíðniröð, ásamt dæmum um hvern streng.

(48) **Endingar fyrri hluta í tíðniröð:**

Ending:	Tíðni:	Dæmi:	Ending:	Tíðni:	Dæmi:
-0	33.481	acetylen -0	-um	24	dáðum -um
-a	8.726	aðalbláberja -a	-t	23	allt -t
-s	5.116	aðals -s	-in	7	heyrrin -in
-ar	5.035	aðdáunar -ar	-tt	7	hátt -tt
-u	4.246	aðfinnslu -u	-n	4	einhvern -n
-i	787	aðgengi -i	-?	4	sín -?
-na	195	augna -na	-ans	3	ansans -ans
-an	175	aðdáan -an	-i?	2	burni -i?
-r	166	ár -r	-m	2	smám -m
-ur	166	eyðimerkur -ur	-s*	1	millistríðs -s?
-ra	50	allra -ra	-st	1	lengst -st

Tiltölulega lítil not eru af þessu sviði einu og sér og það nýtist þá fyrst til fulls þegar greiningin á endingunum er skoðuð samtímis. Þær upplýsingar er að finna í sjötta sviði í hverri línu og saman eru sviðin til margra hluta nytsamleg. Til að nefna eitt dæmi þá má nota þau til að finna allar samsetningar þar sem fyrri hlutinn er kvenkynsnafnorð sem endar á -na.

Eftir greiningu á endingum í sjötta sviði má flokka orð eftir föstum og lausum samsetningum, bandstöfum og öðrum afbrigðum í formi fyrri hlutanna. Greint er í samræmi við íslenska hefð og orðhlutar sem eru samhljóða sjálfstæðum beygingarmyndum eru hikaust kenndir við sjálfstæðu myndirnar. Eignarfalli er skipt eftir tölu eftir því sem kostur er. Í orðum þar sem eignarfall eintölu og fleirtölu er samhljóða verður að grípa til þess að greina eignarfall þar sem tala er óskilgreind. Algengustu formin eru þau sem Halldór Halldórsson minnst á, þ.e. stofn og eignarfallsmynd, en þágufallsmyndirnar sem hann nefnir líka koma einnig fyrir. Þá er talsvert um bandstafi, eins og sést hér á eftir þar sem algengustu flokkar í endingagreiningunni eru sýndir, ásamt tíðnitölum og dæmum:

(49) **Greining á endingu fyrri hluta:**

Skammstöfun:	Tíðni:	Skýring og dæmi
0	33.353	Stofnsamsetning (eða endingarlaus fyrri hluti) acetylen -0 0 í acetylengas
ee	14.555	Eignarfallsmynd í eintölu aðals -s ee í aðalsmerki
ef	6.373	Eignarfallsmynd í fleirtölu aðalbláberja -a ef í aðalbláberjalýng
e*	2.323	Eignarfall eintölu eða fleirtölu (samhljóða) alþýðuskóla -a e* í alþýðuskólakennari
þgf	121	Þágufall dáðum -um þgf í dáðumhróðugur

b 1.212 Bandstafur
aðdään -an *b* í aðdäänlegur

Lýsingarorð sem fyrrihlutar geta verið með ýmsum hætti, þótt fjölbreytnin í nafnorðum sé svo mikil í orðmynduninni að aðrir orðflokkar verða gjarnan út undan í lýsingum. Nokkuð er um það í gögnunum að lýsingarorð hafi ýmsar endingar innan samsetts orðs og slíkar endingar fá merkið *x* í gögnunum. Þessar endingar eru af ýmsu tagi og þar á meðal eru fyrri liðir sem beygjast innan orðs, t.d. í *litliskattur*, *langatöng*, *mjóileggur*, *stórstofa*, *stóriburkni*, *stóridómur*, *stórisannleikur*, *svartigaldur*, *svartipétur* og *svartisnigill*. Þessi orð hafa enn ekki verið flokkuð til fulls og endingargreining í þeim öllum er aðeins *x*. Þá bregður fyrir hvorugkynsmyndum í orðhlutum (sjá (50)) og er slíkt merkt með *hk*. Í gögnunum er einnig örlítið um dæmi um stigbreytt orð³⁵ og eru orðhlutarnir merktir með *mst* og *est* í gögnunum. Í tveimur af stigbreyttu orðunum kemur fram beyging á fyrri hluta, eins og í *litlaskatti*, *löngutöng* og *mjóalegg*, þ.e. fyrri hlutinn beygist sem samsetningarlíður. Þetta eru orðin *hæstiréttur* og *efriskoltur*, en samsetningarmyndir af þeim sjást í orðunum *hæstaréttarlögmaður* og *efriskoltsbein*.

(50) Greining á endingu lýsingarorða:

Skammstöfun:	Tíðni:	Skýring og dæmi
0	6.017	Endingarlaus lýsingarorðsfyrrihluti <i>góð -0 0 í góðfús</i>
<i>x</i>	178	Lýsingarorðsfyrrihluti með ótiltekinni endingu <i>blökku -u x í blökkupræll</i>
<i>hk</i>	31	Hvorugkyn <i>allt -t hk í alltað</i>
<i>est</i>	14	Efsta stig <i>hæsti -i est í hæstiréttur</i>
<i>mst</i>	7	Miðstig <i>efri -0 mst í efriskoltur</i>

Loks eru í eftirfarandi töflu dæmi um mjög furðulegar endingar sem sennilega væri réttara að greina á annan hátt, en þar er sennilega um setningarliði að ræða og fyrri hlutarnir lúta því engum venjulegum orðmyndunarlögmálum.³⁶

(51) Aðrar endingar:

Skammstöfun:	Tíðni:	Skýring og dæmi:
<i>eegr</i>	4	Eignarfall eintölu með greini <i>ansans -ans eegr í ansansári</i>
<i>nf</i>	2	Nefnifall <i>faðir -0 nf í faðirvor</i>
<i>þf</i>	8	Þolfall <i>einhvern -n þf í einhverneginn</i>

Formlega er ekki gerður greinarmunur á því hvaða orðflokki endingarnar fylgja. Til þess að fá fram þær upplýsingar verður að skoða áttunda svið í línunni þar sem orðflokkur á uppflættimynd fyrri hluta kemur fram. Það segir sig þó sjálft að fallendingar eiga aðeins við um fallorð, en endingarleysi og bandstafur kemur fyrir bæði í fallorðum og sögnum. Smáorð sem fyrri hlutar eru svo alltaf endingarlaus.

³⁵Ekki hefur tvöfalda stigbreytingu rekið á fjörur mínar nema í orðinu *hæstlaunaðasti*.

³⁶Síðasta atriðið á þessum lista er t.d. sennilega bundið við aukafallsliði, sjá 4.5.3.3.7.

Til þess að fá fram ítarlegar upplýsingar um formgerð fyrri hlutanna þarf því að athuga endingarnar sjálfar og greininguna á þeim, ásamt orðflokki og orðgerð fyrri hluta sem fram koma í áttunda og níunda sviði í hverri færslu.³⁷

4.6 Sýnishorn af úrvinnslunni

Nú hefur uppbyggingu og skipulagi gagnasafnsins verið lýst og eins og fram hefur komið eru álitamál í greiningunni mörg. Verk af þessu tagi er bundið máltilfinningu þess sem við greininguna fæst og endalaust má breyta og bæta. Þeir sem skoða gagnasafnið eru því beðnir að koma athugasemdum á framfæri um allt sem betur mætti fara en ætlunin er að gagnasafnið verði áfram í notkun og verði endurbætt eftir því sem tækifæri gefast og þörf er á.

Hér í lokin fylgir stutt lýsing á vinnuaðferðum við úrvinnslu úr gögnunum og brot af þeim niðurstöðum sem fá má úr greiningunni, sem sýnishorn um það hvernig nýta má gögnin. Fyrst er sagt lauslega frá vinnuaðferðum og síðan er sýnt hvernig fá má upplýsingar um orðmyndunarreglur af mismunandi gerðum, eftir því hvert viðfangsefnið er hverju sinni. Í næsta kafla eru síðan lýsingar á því hvernig gögnin eru nýtt til þess að skoða mismuninn á afleiðslu og samsetningu.

Eins og fram kemur hér að framan eru öll gögnin geymd í textaskrár og úrvinnsla úr þeim er því ekki eins auðveld og verið gæti ef notað væri gagnasafnsforrit. Á vinnslustigi hefur það samt haft marga kosti hve einfaldar skrárnar eru þar sem þeim hefur verið kollsteypt eins oft og verða vildi og öllu skipulagi gjörbreytt með einföldum aðferðum, þ.e. með því að nota Unix-tól af ýmsu tagi og beita einfaldri strengjavinnslu. Þetta hefur þó þann galla í för með sér að umhverfið sem notandanum er búið er ekki sérlega aðlaðandi og það kostar nokkra þjálfun að læra að flétta saman þær skipanir sem þörf er á.

Úrvinnsla úr gögnunum fer fram með því að flokka eftir hinum ýmsu gildum í sviðunum í færslunum og skoða síðan hvert svið fyrir sig eða tvö eða fleiri svið saman til að sjá hvernig venslum á milli þeirra er háttað. Til þess að sýna hvernig úrvinnslan fer fram og hvernig aðlaga má niðurstöðurnar að rannsóknarefni hverju sinni verður nú sýnt hvernig upplýsingar úr sviðum sem sýna orðflokk, orðgerð og endingar eru nýttar til að fá fram efni sem nýtist í að setja fram orðmyndunarreglur.

Grundvallaratriðið í framsetningu orðmyndunarreglnanna hér er orðflokksþátturinn, en reglurnar geta annars verið af ýmsu tagi eftir því hve nákvæm greiningin á að vera. Með því að velja saman öll svið sem snerta form liðanna, þ.e. orðflokk, orðgerð, endingar og greiningu á þeim, fæst listi sem nýta má til að setja fram allar orðmyndunarreglur í gögnunum. Þar sem afbrigði í greiningunni eru mjög mörg verður þessi listi í óstaðlaðri mynd fremur óaðlaðandi, einfaldlega vegna þess að hann er alltof langur og erftitt er að

³⁷Til þess að full not yrðu af þessari greiningu væri gott að bæta inn upplýsingum um beygingarflokka nafnorða við fyrri hlutana. Þannig mætti athuga sérstaklega þau orð þar sem í verunni er val milli fastrar og lausrar samsetningar eða á milli eignarfalls eintölu og fleirtölu en samsetningarháttur nafnorða af sumum beygingarflokkum ákvarðast af beygingarflokknum sjálfum. Þannig eru nafnorð sem beygjast veikt ekki fyrir hluti í stofnsamsettum orðum, eins og sést af orðunum *pennaljómi*, **pennljómi*, *stelpuskott*, **stelpskott*. (Stofnsamsetningar af *hjarta* eru undantekning, t.d. í *hjartveikur* (sjá Ari Páll Kristinsson 1991:49).) Þá virðist valið á eignarfalli eintölu og fleirtölu a.m.k. stundum háð beygingarflokki. Fleirtalan virðist t.d. vera óhugsandi (eða því sem næst) í samsetningarliðum af allflestum kvenkynsnafnorðum sem fá *-na* í fleirtölu, eins og sjá má af orðunum *perutré*, **permatré*, *fikjutré*, **fiknatré*. Orðhlutar af öðrum beygingarflokkum eru hins vegar gjarnan í fleirtölu í sambærilegum orðum, t.d. í *eplatré*. (E.t.v. hefur þetta atriði breyst í tímans rás. Hjá Jóni Ólafssyni úr Grunnavík bregður fyrir fleirtölu í samsetningarliðum sem ætla má að séu óhugsandi í nútímamáli, t.d. í orðinu *kaknakorn* sem fyrir kemur í þýðingunni á *Nikulási Klím* (sjá Holberg 1948, útg. Jóns Helgasonar, bls. 206). Orðið mun eiga við 'litla köku' en Grunnvíkingur notar orðhlutann *-korn* sem smækkunarendingu í fleiri orðum, t.d. í *bæklingskorn*, *eikarkorn*, *embættiskorn*, *hnífukorn*, *hrífukorn*, bæði í *Klím* og í *Orðabók* sinni.)

fá ljósa mynd af öllu því efni sem fyrir kemur. Sýnishorn úr fjörtíu línunum í gagnasafninu fylgir hér á eftir og þar kemur fram hvað um er að ræða:

(52) Sýnishorn: Línur 1.979–2.018 úr grunnskrá:

arinstöð	f	1	arin	-0	0	arinn	m	g	stöð	f g
arkarhrafn	m	1	arkar	-ar	ee	örk	f	g	hrafn	m g
arkastærð	f	1	arka	-a	ef	örk	f	g	stærð	f gv
armband	n	*1	arm	-0	0	armur	m	g	band	n g
armbandsúr	n	12	armbands	-s	ee	armband	n	l	úr	n g
armflugfjöður	f	21	arm	-0	0	armur	m	g	flugfjöður	f l
armfætlingur	m	1	arm	-0	0	armur	m	g	fætlingur	m gv!
armingjadómur	m	gv	armingja	-a	e*	armingi	m	gv	+dómur	m vsk
armlag	n	1	arm	-0	0	armur	m	g	lag	n g
armlög	npl	1	arm	-0	0	armur	m	g	lög	npl g
armrétt	f	1	arm	-0	0	armur	m	g	rétt	f gv
armstóll	m	1	arm	-0	0	armur	m	g	stóll	m g
arnarungi	m	1	arnar	-ar	ee	örn	m	g	ungi	m gv
arnfleygur	adj	1	arn	-0	0	örn	m	g	fleygur	adj gv
arnhvass	adj	1	arn	-0	0	örn	m	g	hvass	adj g
arnhöfðóttur	adj	1	arn	-0	0	örn	m	g	höfðóttur	adj gv
aronsvöndur	m	1	arons	-s	ee	aron	m	g	vöndur	m g
artargóður	adj	1	artar	-ar	ee	art	f	g	góður	adj g
artarmaður	m	1	artar	-ar	ee	art	f	g	maður	m g
asahláka	f	1	asa	-a	e*	asi	m	g	hláka	f gv
asalaus	adj	1	asa	-a	e*	asi	m	g	laus	adj g
asarigning	f	1	asa	-a	e*	asi	m	g	rigning	f gv
asbestpípa	f	1	asbest	-0	0	asbest	n	g	pípa	f g
asbestplata	f	1	asbest	-0	0	asbest	n	g	plata	f g
asdictæki	n	1	asdic	-0	0	asdic	n	g	tæki	n g
asfaltbera	v	1	asfalt	-0	0	asfalt	n	g	bera	v g
asfaltborinn	adj	1v	asfaltbor	-0	0	asfaltbera	v	l	+inn	adj vsk
asfiskur	m	1	as	-0	0	asi	m	g	fiskur	m g
askasmiður	m	1	aska	-a	ef	askur	m	g	smiður	m gv
asklok	n	1	ask	-0	0	askur	m	g	lok	n g
askmala	v	1	ask	-0	0	askur	m	g	mala	v g
askméla	v	1	ask	-0	0	askur	m	g	méla	v gv
askoti	m	1	a	-0	0	a	0	!	skoti	m gv
askvaða	v	*1!	ask	-0	0	ask	0	!	vaða	v gv
askvaðandi	adj	1v	askvað	-0	0	askvaða	v	1!	+andi	adj vsk
asnaspark	n	1	asna	-a	e*	asni	m	g	spark	n g
assvíti	adv	1	ass	-0	0	ass	0	!	víti	adv g+
astralheimur	m	1	astral	-0	0	astral	0	!	heimur	m g
astrallíkami	m	1	astral	-0	0	astral	0	!	líkami	m g
atburðaflétta	f	12	atburða	-a	ef	atburður	m	1	flétta	f g

Efniviðurinn í orðmyndunarreglur sem skilar sér úr þessu er síðan hægt að breyta í öllu hefðbundnari uppsetningu á orðmyndunarreglum með því að raða strengjunum úr gagnasafninu upp aftur. Orðmyndunarreglan úr neðstu línunni (*atburðaflétta*) er þá svona:

(53) Orðmyndunarreglur úr gagnaskrá:

Strengur úr gagnaskrá: *Orðmyndunarregla:*
 $f^{12} -a \text{ ef } m \text{ l } f \text{ g}$ $f^{12} \longrightarrow m^{1-ae} f g$

Alls eru afbrigði af orðmyndunarreglum sem fá má fram úr orðunum fjörtíu í (52) með þessu móti 33 og segja má að það sé þvílíkur fjöldi að fremur óaðlaðandi sé að reyna að túlka niðurstöðurnar. Helst eru reglur af þessu tagi nýtilegar til dæmaleitar þegar verið er að athuga mjög afmarkaðan flokk orða.

(54) Orðmyndunarreglur I

$\text{adj}^1 \rightarrow \text{m}^{g-00} \text{adj}^g$	$\text{f}^1 \rightarrow \text{f}^{g-ae} \text{f}^{gv}$	$\text{m}^{gv} \rightarrow \text{m}^{gv-ae*} \text{m}^{vsk}$
$\text{adj}^1 \rightarrow \text{m}^{g-00} \text{adj}^{gv}$	$\text{f}^{12} \rightarrow \text{m}^{1-ae} \text{f}^g$	$\text{n}^{*1} \rightarrow \text{m}^{g-00} \text{n}^g$
$\text{adj}^1 \rightarrow \text{m}^{g-ae*} \text{adj}^g$	$\text{f}^{21} \rightarrow \text{m}^{g-00} \text{f}^1$	$\text{n}^1 \rightarrow \text{m}^{g-00} \text{n}^g$
$\text{adj}^1 \rightarrow \text{f}^{g-aree} \text{adj}^g$	$\text{m}^1 \rightarrow 0^{1-00} \text{m}^g$	$\text{n}^1 \rightarrow \text{n}^{g-00} \text{n}^g$
$\text{adj}^{1v} \rightarrow \text{v}^{1-00} \text{adj}^{vsk}$	$\text{m}^1 \rightarrow 0^{1-00} \text{m}^{gv}$	$\text{n}^1 \rightarrow \text{m}^{g-ae*} \text{n}^g$
$\text{adj}^{1v} \rightarrow \text{v}^{1!-00} \text{adj}^{vsk}$	$\text{m}^1 \rightarrow \text{m}^{g-00} \text{m}^g$	$\text{n}^{12} \rightarrow \text{n}^{1-see} \text{n}^g$
$\text{adv}^1 \rightarrow 0^{1-00} \text{adv}^{g+}$	$\text{m}^1 \rightarrow \text{m}^{g-00} \text{m}^{gv!}$	$\text{npl}^1 \rightarrow \text{m}^{g-00} \text{npl}^g$
$\text{f}^1 \rightarrow \text{m}^{g-00} \text{f}^g$	$\text{m}^1 \rightarrow \text{m}^{g-ae} \text{m}^{gv}$	$\text{v}^{*1!} \rightarrow 0^{1-00} \text{v}^{gv}$
$\text{f}^1 \rightarrow \text{m}^{g-00} \text{f}^{gv}$	$\text{m}^1 \rightarrow \text{f}^{g-aree} \text{m}^g$	$\text{v}^1 \rightarrow \text{m}^{g-00} \text{v}^g$
$\text{f}^1 \rightarrow \text{n}^{g-00} \text{f}^g$	$\text{m}^1 \rightarrow \text{m}^{g-aree} \text{m}^{gv}$	$\text{v}^1 \rightarrow \text{m}^{g-00} \text{v}^{gv}$
$\text{f}^1 \rightarrow \text{m}^{g-ae*} \text{f}^{gv}$	$\text{m}^1 \rightarrow \text{m}^{g-see} \text{m}^g$	$\text{v}^1 \rightarrow \text{n}^{g-00} \text{v}^g$

Ef fá á fram heildarreglur um helstu gerðir orðmyndunar verður að reyna að nálgast heildarmyndina með því að staðla þær upplýsingar sem fram koma í reglunum. Til þess hafa verið búnar til nokkrar skriftur sem eiga það sameiginlegt að fella saman undirflokkka í hinum ýmsu sviðum í færslunum. Hér fylgja nokkur dæmi um hvernig þetta er gert.

- (55) a Orðflokkur: Skammstafanir sem notaðar eru um orðflokk í skránum gefa kyn og tölu nafnorða. Með því að sameina öll nafnorð einfaldast útkoman til muna:

1. *f, fpl, fn, fm, n, npl, m, mpl* → **no**

Þessari aðferð má beita þegar kyn eða tala nafnorða skiptir ekki máli í því sem verið er að leita að.

- b Orðgerð: Oft er nægilegt að gera greinarmun á grunnorðum, einsamsettum orðum og margsamsettum orðum, t.d. ef athuga á mismuninn á föstum og lausum samsetningum (sbr. rannsókn Baldurs Jónssonar á tilhneigingunni til lausra samsetninga í orðum þar sem fyrri liður er samsettur; sjá kafla 3.2.4). Orðgerðir má t.d. sameina á þennan hátt:

1. Grunnorð: *g, g*, g+, g?, !, !+, !?* → **g**
(og einnig sömu tákn með stjörnu, þ.e. viðbótarefni við orðin úr Ritmálskrá: **g, *g*, *g+, *g?* → **g**; sama á við alla aðra liði hér á eftir.)
2. Afleiðsla af grunnorði: *gv, gv!, gv?, gv+* → **gv**
3. Einsamsett orð: *1, 1!, 1#, 1##, 1##?, 1?* → **1**
4. Afleiðsla af einsamsettum orðum: *1v, 1v!, 1v?* → **1v**
5. Margsamsett orð: *12, 121, 1213, 132312, 121?, 123, 1231 ...* → **M**
6. Afleiðsla af margsamsettum orðum: *12v, 21v, 121v, 123v, 213v* → **Mv**
7. Setningarliðir: *Al, Al?, Fl, Fl?, Nl, Sl, Sl?, Xl* → **Xl**
8. (Afleiðsla af setningarliðum er þegar aðeins merkt með *Xlv*).

Stundum má ganga einn lengra í einföldun, t.d. með því að gera ekki greinarmun á einsamsettum og margsamsettum orðum, og er þá haldið áfram að sameina greiningartákn á sama hátt og hér hefur verið sýnt:

1. Samsett orð: *1, M* → **S**
2. Afleiðsla af samsettum orðum: *1v, Mv* → **Sv**

- c Endingar: Oft skiptir ekki máli hver eiginleg beygingarending er í framsetningu reglna og dugir þá greiningin ein. Því má oft sleppa fimmta sviði í færslunum í úrvinnslunni. Þá þarf oft ekki að gera greinarmun á eignarfalli eintölu og fleirtölu í endingunum, nema rannsóknarefnið sjálft sé bundið því atriði. Við þetta staðlast útkoman enn:

1. Fimmta sviði er sleppt en þar koma fyrir 22 mismunandi endingar.
2. Eignarfall felld saman: $e^*, ee, ef \rightarrow E$

Það fer svo eftir viðfangsefninu hverju sinni hvaða kostur er valinn við framsetningu á reglunum. Hér fylgja dæmi sem sýna hvernig efniviðurinn í orðmyndunarreglurnar breytist eftir því sem stöðluninni í (55) er beitt:

(56) **Orðmyndunarreglur II, orðflokkar felldir saman:**
(26 reglur alls)

$\text{adj}^1 \rightarrow \text{no}^g - 00 \text{ adj}^g$	$\text{no}^1 \rightarrow 0^! - 00 \text{ no}^{gv}$	$\text{no}^1 \rightarrow \text{no}^g - \text{see} \text{ no}^g$
$\text{adj}^1 \rightarrow \text{no}^g - 00 \text{ adj}^{gv}$	$\text{no}^1 \rightarrow \text{no}^g - 00 \text{ no}^g$	$\text{no}^{gv} \rightarrow \text{no}^{gv} - \text{ae}^* \text{ no}^{vsk}$
$\text{adj}^1 \rightarrow \text{no}^g - \text{ae}^* \text{ adj}^g$	$\text{no}^1 \rightarrow \text{no}^g - 00 \text{ no}^{gv}$	$\text{no}^{12} \rightarrow \text{no}^1 - \text{see} \text{ no}^g$
$\text{adj}^1 \rightarrow \text{no}^g - \text{aree} \text{ adj}^g$	$\text{no}^1 \rightarrow \text{no}^g - 00 \text{ no}^{gv!}$	$\text{no}^{12} \rightarrow \text{no}^1 - \text{aef} \text{ no}^g$
$\text{adj}^{1v} \rightarrow v^1 - 00 \text{ adj}^{vsk}$	$\text{no}^1 \rightarrow \text{no}^g - \text{ae}^* \text{ no}^g$	$\text{no}^{21} \rightarrow \text{no}^g - 00 \text{ no}^1$
$\text{adj}^{1v} \rightarrow v^1 - 00 \text{ adj}^{vsk}$	$\text{no}^1 \rightarrow \text{no}^g - \text{ae}^* \text{ no}^{gv}$	$v^* 1^! \rightarrow 0^! - 00 \text{ v}^{gv}$
$\text{adv}^1 \rightarrow 0^! - 00 \text{ adv}^g$	$\text{no}^1 \rightarrow \text{no}^g - \text{aef} \text{ no}^{gv}$	$v^1 \rightarrow \text{no}^g - 00 \text{ v}^g$
$\text{no}^* 1^! \rightarrow \text{no}^g - 00 \text{ no}^g$	$\text{no}^1 \rightarrow \text{no}^g - \text{aree} \text{ no}^g$	$v^1 \rightarrow m^g - 00 \text{ v}^{gv}$
$\text{no}^1 \rightarrow 0^! - 00 \text{ no}^g$	$\text{no}^1 \rightarrow \text{no}^g - \text{aree} \text{ no}^{gv}$	

(57) **Orðmyndunarreglur III, orðgerðargreining einfölduð:**
(23 reglur alls)

$\text{adj}^1 \rightarrow \text{no}^g - 00 \text{ adj}^g$	$\text{no}^1 \rightarrow \text{no}^g - 00 \text{ no}^g$	$\text{no}^{gv} \rightarrow \text{no}^{gv} - \text{ae}^* \text{ no}^{vsk}$
$\text{adj}^1 \rightarrow \text{no}^g - 00 \text{ adj}^{gv}$	$\text{no}^1 \rightarrow \text{no}^g - 00 \text{ no}^{gv}$	$\text{no}^M \rightarrow \text{no}^g - 00 \text{ no}^1$
$\text{adj}^1 \rightarrow \text{no}^g - \text{ae}^* \text{ adj}^g$	$\text{no}^1 \rightarrow \text{no}^g - \text{ae}^* \text{ no}^g$	$\text{no}^M \rightarrow \text{no}^1 - \text{aef} \text{ no}^g$
$\text{adj}^1 \rightarrow \text{no}^g - \text{aree} \text{ adj}^g$	$\text{no}^1 \rightarrow \text{no}^g - \text{ae}^* \text{ no}^{gv}$	$\text{no}^M \rightarrow \text{no}^1 - \text{see} \text{ no}^g$
$\text{adj}^{1v} \rightarrow v^1 - 00 \text{ adj}^{vsk}$	$\text{no}^1 \rightarrow \text{no}^g - \text{aef} \text{ no}^{gv}$	$v^1 \rightarrow 0^! - 00 \text{ v}^{gv}$
$\text{adv}^1 \rightarrow 0^! - 00 \text{ adv}^g$	$\text{no}^1 \rightarrow \text{no}^g - \text{aree} \text{ no}^g$	$v^1 \rightarrow \text{no}^g - 00 \text{ v}^g$
$\text{no}^1 \rightarrow 0^! - 00 \text{ no}^g$	$\text{no}^1 \rightarrow \text{no}^g - \text{aree} \text{ no}^{gv}$	$v^1 \rightarrow m^g - 00 \text{ v}^{gv}$
$\text{no}^1 \rightarrow 0^! - 00 \text{ no}^{gv}$	$\text{no}^1 \rightarrow \text{no}^g - \text{see} \text{ no}^g$	

(58) **Orðmyndunarreglur IV, endingum sleppt og endingagreining einfölduð:**
(17 reglur alls)

$\text{adj}^1 \rightarrow \text{no}^g 0 \text{ adj}^g$	$\text{no}^1 \rightarrow 0^! 0 \text{ no}^{gv}$	$\text{no}^M \rightarrow \text{no}^g 0 \text{ no}^1$
$\text{adj}^1 \rightarrow \text{no}^g 0 \text{ adj}^{gv}$	$\text{no}^1 \rightarrow \text{no}^g 0 \text{ no}^g$	$\text{no}^M \rightarrow \text{no}^{1E} \text{ no}^g$
$\text{adj}^1 \rightarrow \text{no}^g E \text{ adj}^g$	$\text{no}^1 \rightarrow \text{no}^g 0 \text{ no}^{gv}$	$v^1 \rightarrow 0^! 0 \text{ v}^{gv}$
$\text{adj}^{1v} \rightarrow v^1 0 \text{ adj}^{vsk}$	$\text{no}^1 \rightarrow \text{no}^g E \text{ no}^g$	$v^1 \rightarrow \text{no}^g 0 \text{ v}^g$
$\text{adv}^1 \rightarrow 0^! 0 \text{ adv}^g$	$\text{no}^1 \rightarrow \text{no}^g E \text{ no}^{gv}$	$v^1 \rightarrow \text{no}^g 0 \text{ v}^{gv}$
$\text{no}^1 \rightarrow 0^! 0 \text{ no}^g$	$\text{no}^{gv} \rightarrow \text{no}^{gv} E \text{ no}^{vsk}$	

(59) **Orðmyndunarreglur V, endingagreiningu sleppt:**
(14 reglur alls)

$\text{adj}^1 \rightarrow \text{no}^g \text{ adj}^g$	$\text{adj}^1 \rightarrow \text{no}^g \text{ adj}^{gv}$	$\text{adj}^{1v} \rightarrow v^1 \text{ adj}^{vsk}$
$\text{adv}^1 \rightarrow 0^! \text{ adv}^g$	$\text{no}^1 \rightarrow 0^! \text{ no}^g$	$\text{no}^1 \rightarrow 0^! \text{ no}^{gv}$
$\text{no}^1 \rightarrow \text{no}^g \text{ no}^g$	$\text{no}^1 \rightarrow \text{no}^g \text{ no}^{gv}$	$\text{no}^{gv} \rightarrow \text{no}^{gv} \text{ no}^{vsk}$
$\text{no}^M \rightarrow \text{no}^g \text{ no}^1$	$\text{no}^M \rightarrow \text{no}^1 \text{ no}^g$	$v^1 \rightarrow 0^! 0 \text{ v}^{gv}$
$v^1 \rightarrow \text{no}^g 0 \text{ v}^g$	$v^1 \rightarrow \text{no}^g 0 \text{ v}^{gv}$	

(60) **Orðmyndunarreglur VI, orðgerðir felldar saman:**

$\text{adj} \rightarrow \text{no} \text{ adj}$	$\text{no} \rightarrow \text{no} \text{ no}$
$\text{adj} \rightarrow v \text{ adj}^{vsk}$	$\text{no} \rightarrow \text{no} \text{ no}^{vsk}$
$\text{adv} \rightarrow 0 \text{ adv}$	$v \rightarrow 0 v$
$\text{no} \rightarrow 0 \text{ no}$	$v \rightarrow \text{no} v$

Í (60) eru aðeins þær upplýsingar hafðar með sem Selkirk (sjá bls. 35 hér að framan) notar til að greina á milli reglna um viðskeytingu og samsetningu, þ.e. hér er aðeins gefinn

orðflokkur og upplýsingar um það hvort um samsetningu eða viðskeytingu er að ræða.³⁸ Í næsta kafla eru reglur af þessu tagi úr öllu safninu einmitt notaðar til samanburðar við reglurnar hjá Selkirk til að athuga hvort fram koma göt í reglunum um samsetningu, eins og í ensku, en það atriði telur hún mikilvæga ástæðu þess að skilja á milli afleiðslu og samsetningar í reglum sínum.

Hér verður þetta litla sýnishorn látið duga til að sýna hvernig unnið er úr gögnunum. Í næsta kafla verður síðan skýrt frá niðurstöðum um atriði sem varða viðfangsefnið hér en nú verður staðar numið í lýsingum á úrvinnslunni sjálfri.

³⁸Þar sem dálítið er af óorðflokksmerktum liðum í greiningunni koma þarna fram reglur með 0 í stað orðflokksgildis. Óorðflokksmerktu liðina að baki þessum reglum er hægt að skoða í greiningarstrengjunum sjálfum í (52) á bls. 131.

5 Gögnin og viðfangsefnið

5.1 Inngangur

Í þessum kafla verður athugað að hvaða gagni gögnin koma við að svara þeim spurningum sem settar hafa verið fram í þessari ritgerð um flokkunaratriði sem notuð eru til að skilja á milli afleiðslu og samsetningar. Bein not af gagnasafninu við þetta eru fólgin í athugun á formlegum einkennum¹ og greinimörkin sem skoða þarf eru þau sem sett eru fram í 2. kafla. Eins og ljóst er af niðurstöðukafla þar er þó ekki einrætt hvernig túlka á þessi greinimörk enda eru skiptar skoðanir um mörg atriði sem þar koma fram. Þeir höfundar sem fjallað er um í 2. kafla virðast vera sammála um að aðskeyti séu bundin myndön og gengið verður út frá því að svo sé í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir, enda eru gögnin sérstaklega sett upp með þetta í huga. Hins vegar eru sömu höfundar ekki sammála um það hvort aðskeyti gegni málfræðilegu hlutverki og heldur ekki um það hvort í aðskeytum er rót eða ekki. Í íslenska efninu sem fjallað er um í 3. kafla er þetta enn meira á reiki, eins og fram kemur í niðurstöðukafla þar (3.4). Nú verður athugað hver niðurstaðan verður ef báðir þessir þættir eru taldir vera skilgreiningaratriði á aðskeytum, þ.e. að þau gegni málfræðilegu hlutverki og að í þeim sé ekki rót. Hér verður því reynt að skoða mjög þrönga skilgreiningu til að sjá hvaða niðurstöðu hún gefur.

Notum af gagnasafninu við það að skoða formlegan mun á afleiðslu og samsetningu má skipta í tvennt. Annars vegar eru atriði þar sem upplýsingar fást með því að bera saman mismunandi liði í sömu stöðu í orði, þ.e. bundna liði og grunnorð sem fyrri hluta og viðskeyti, bundna liði og grunnorð sem koma fyrir sem síðari hlutar í orðum. Meðal þess sem þar þarf að skoða er orðflokksgreining fyrri hlutanna, en eitt af einkennum forskeyta er (a.m.k. hjá sumum) talið vera að þau hafa ekki orðflokk (sjá t.d. greinimörk forskeyta hjá Aronoff og Sridhar (1988) í (4)a 2. á bls. 31 hér að framan). Við athugun á gögnunum kemur í ljós að þetta á ekki síður við um bundna liði sem ekki er hefðbundið að greina sem forskeyti, t.d. stakmyndön, en þar er oft ógerlegt að greina orðflokk. Þetta atriði verður því tæplega notað til að skilja þarna á milli. Þá geta tíðnitölur úr gögnunum gefið vísbendingar um það hvort orðhluti gegnir málfræðilegu hlutverki þar sem tíðnitölur um kerfisfyrirbæri eru yfirleitt háar, eins og vikið verður að hér á eftir. Einnig þarf að athuga hvort í orðhlutunum er rót eða ekki, að svo miklu leyti sem það er yfirleitt hægt. Loks er oftast reiknað með því að aðskeyti séu lokaður flokkur orða, eins og kerfisfyrirbærin eru reyndar alltaf. Niðurstaða skoðunar á liðunum sjálfum sem sagt er frá í þessum kafla er sú að engin orðhlutafræðileg rök séu fyrir því að gera stífan greinarmun á eðli samsetningar og afleiðslu þar sem mörkin þarna á milli eru mjög óljós.

Síðari hluti athugunarinnar á gögnunum felst í því að skoða vensl milli liða í orðunum. Þar þarf að athuga hvernig mismunandi endingar á fyrri hlutum dreifast í afleiðslu og samsetningu en vitað er að sumir orðhlutar sem hefðbundið er að greina sem viðskeyti

¹Gagnasafnið nýtist ekki til að skoða merkingarleg eða hljóðkerfisleg einkenni í þeirri mynd sem það er nú þótt vel mætti hugsa sér að bæta slíkum upplýsingum inn síðar. Gagnasafnið gefur heldur ekki rétta mynd af virkni í orðmyndun, eins og fram kemur í kafla 4.3 hér að framan, enda eru orðin ekki valin með það í huga að skoða virkni.

taka á undan sér beygða liði, t.d. *-legur* (*ánægjulegur*) og *-samur* (*atorkusamur*). Þá þarf einnig að skoða hvort sjálfar orðmyndunarreglurnar þurfa að vera mismunandi eftir því hvort um afleiðslu eða samsetningu er að ræða, eins og hjá Selkirk, en hún telur að sýna verði mismunandi regluvirkni í afleiðslu og samsetningu með því að halda reglunum alveg aðgreindum (sjá umfjöllun um göt í regluvirkni í enskum samsetningum, bls. 36 hér að framan). Í íslensku er hins vegar ekki um sambærileg göt í reglunum að ræða, eins og sýnt verður í þessum kafla. Loks þarf að athuga víxlverkun afleiðslu og samsetningar, en eins og sjá má af umfjöllun um liðgerðarþversagnir hér að framan eru skiptar skoðanir um það hvort afleiðsla getur farið á eftir samsetningu eða ekki. Sýnd verða dæmi um alhæfingar sem tapast ef tekin er sú stefna að takmarka flæði milli samsetningar og afleiðslu þannig að samsett orð geti ekki verið inntak í reglur um afleiðslu. Þá er t.d. ekki hægt að mynda sagnleidd nafnorð með sama hætti af grunnsögnum og samsettum sögnum.

Efnisskipan í kaflanum er byggð á þeim atriðum sem hér hafa verið talin upp. Í kafla 5.2 er stutt umfjöllun um það hvað í því felst að orðhluti gegni málfræðilegu hlutverki og hvernig rætur eru greindar hér en síðan er hafist handa við að skoða mismunandi gerðir orðhluta (sjá 5.3). Er þá miðað við orðgerðargreininguna sem sagt er frá í næsta kafla hér á undan. Bornir eru saman liðir sem greindir eru sem aðskeyti, bundnir liðir og grunnorð, gerð þeirra og fjöldi í safninu. Athugun á liðunum er skipt í tvennt, þ.e. í athugun á fyrri hlutum (sjá 5.3.1) og á síðari hlutum (sjá 5.3.2). Í síðari hluta kaflans (5.4) er efni sem byggt er á athugun á orðmyndunarreglum eins og þeim sem sýndar eru í lok 4. kafla. Fyrst er mismunandi form fyrri liða í afleiðslu og samsetningu skoðað (5.4.1). Síðan eru orðmyndunarreglurnar sjálfar athugaðar og sýnt hvernig niðurstöðutölur um orðflokksildi í þeim eru úr öllu safninu (sjá 5.4.2). Í 5.4.3 er víxlverkun afleiðslu og samsetningar athuguð og í 5.5 er samantekt um niðurstöður.

5.2 Málfræðilegt hlutverk og rætur

Eins og fram hefur komið hér að framan er erfitt að finna greinargóðar lýsingar á því hvað málfræðilegt hlutverk er og eins virðist ekki alltaf vera auðvelt að ákvarða hvað rót er. Þess er enginn kostur að grandgæfa þetta til hlítar en hér fylgja örstuttar vangaveltur um það hvaða atriði geta komið að notum í greiningu eins og þeirri sem hér er sagt frá.

5.2.1 Hvað er málfræðilegt hlutverk?

Í skilgreiningunni á muninum á afleiðslu og samsetningu í byrjun þessarar ritgerðar (sjá (1) á bls. 7) er munurinn á málfræðilegu hlutverki og merkingu eitt þeirra greinimerkja sem notuð eru til að skilja aðskeyti frá samsetningarliðum en samt er eins og menn veigri sér við að nota þetta atriði til að skýra muninn á afleiðslu og samsetningu (sjá 2.4.2 hér að framan). Það er líka fremur óljóst til hvers verið er að vísa þegar rætt er um málfræðilegt eða málkerfislegt (fúnksjónalt) hlutverk tiltekinna fyrirbæra. Í víðasta skilningi má e.t.v. segja að öll kerfisbundin fyrirbæri í málinu gegni einhvers konar málkerfislegu hlutverki, t.d. merkingarlegir eðlisflokkar orða, framsetning á talnakerfum o.þ.h. Í þrengsta skilningi má síðan e.t.v. segja að málkerfislegt hlutverk orðs eða orðhluta sé bundið við það að vera birtingarform málfræðilegrar formdeildar. Þar með er hugtakið þrengt en eftir stendur að skilgreina þarf hvað málfræðileg formdeild er.

Í *Íslenskri orðhlutafræði* (1990:46–50) skýrir Eiríkur Rögnvaldsson fyrst hvað átt er við með hugtakinu málfræðileg formdeild með því að gefa dæmi um beygingarlegar formdeildir og nefnir þar formdeildirnar ‘tölu’ og ‘tíð’. Byrjun skýringarinnar á formdeildinni ‘tölu’ hljóðar svo:

Slíkar flokkanir, sem taka til (nær) allra orða af ákveðnum flokki, eru nefndar **málfræðilegar formdeildir**. **Tala** er þannig málfræðileg formdeild í íslensku, því að hún er táknuð á reglubundinn hátt í formi (nær) allra nafnorða; og undirdeildir (gildi) hennar eru tvær, **eintala** og **fleirtala**. (Eiríkur Rögnvaldsson 1990:47)

Síðan fylgja útskýringar á muninum á beygingarlegum og setningarlegum formdeildum, en þar kemur fram mismunur milli tungumála, eins og Eiríkur bendir á (s.st.). Hann tekur m.a. þolmynd sem dæmi um setningarlega formdeild. Bæði beygingarlegar og setningarlegar formdeildir byggjast á andstæðukerfum, eins og því sem kemur fram hjá Eiríki hér að ofan í sambandi við tölu, og framsetning formdeildanna er í samræmi við það, t.d. [±ft] fyrir tölu og [±þt] fyrir tíð. Eiríkur fjallar ekki um orðmyndunarlegar formdeildir í bók sinni og það er umhugsunarefni hvaða málfræðilegu andstæðukerfi koma til greina í orðmyndun. Í þrengsta skilningi má e.t.v. segja að andstæðukerfi í orðmyndun gætu verið bundin við formlega þætti sem fylgja hverju lesi í orðasafninu, þ.e. þætti sem allir eru tengdir sjálfum orðflokkinum, til dæmis orðflokksildin sjálf, valhömlur og flokkunarráttar. Ef þessi stefna er tekin er málfræðilegt hlutverk algjörlega skilið frá hugsanlegum merkingarbreytingum sem verða í orðmynduninni. Eftirfarandi dæmi sýna hvað við er átt:

- (1) a
 1. Maðurinn teiknaði kött
 2. Maðurinn sem teiknaði köttinn ...
 3. Teiknarinn kláraði myndina af kettinum
 4. Teikningin af kettinum var ágæt
 5. Teiknaði kötturinn var stór og feitur
 6. Maðurinn er síteiknandi
 7. Maðurinn er óteiknandi (?)
- b
 1. Maðurinn málaði hús
 2. Maðurinn sem málaði húsið ...
 3. Málariinn lauk við húsið
 4. Málunin á húsinu tókst vel
 5. Málningin var hvít
 6. Málaða húsið er hvítt
 7. Maðurinn er símálandi
 8. Húsið er ómálað

Hægt er að halda því fram að enginn merkingarmunur sé á sjálfum verknaðinum í dæmum a 1.–3. og b 1.–3. Þótt setningunum í liðum a 3. og b 3. hafi í báðum tilfellum verið breytt til þess að þar kæmu ekki fyrir samstofna gerandnafnorð og sögn.² Í myndun gerandorða með viðskeytinu *-ari* kemur líka fram eins hreinræktað málfræðilegt hlutverk viðskeytis og hægt er að ímynda sér.³ Sama máli gegnir um sagnleiddu nafnorðin í a 4. og b 4.–5. og lýsingarorðin í a 5. og b 6.; þar virðist liggja ljóst fyrir að grunnmerking sagnarinnar helst en breyting verður í því hvernig merkingarhlutverk koma fram. Breytingin í þessum orðum kemur því fram í setningafræðilegum atriðum. Dæmi a 6.–7. og b 7.–8. eru hins vegar óljósari. Þegar bætt er við orðhluta sem gerir orð neikvætt eða sýnir endurtekningu er þá verið að breyta merkingu orðs eða sýnir það andstæðu í málkerfinu? Og jafnvel þótt orðmyndun af þessu tagi sé talin dæmi um andstæðu í málkerfinu sjálfu, er það formleg

²Þ.e.: „Málariinn málaði húsið“ og „Teiknarinn teiknaði köttinn.“

³Samt geta orðið merkingarbreytingar í orðunum, m.a.s. með þessu viðskeyti.

eða merkingarleg andstæða?⁴ Þetta vandamál er ekki auðleyst og mörkin eru ekki mjög skýr.

Í 2. kafla hér að framan er nefnt að aðskeyti tilheyri lokuðum flokki en samsetningarliðir ekki. Í einhverjum skilningi hlýtur þetta að eiga við öll fyrirbæri í málkerfinu sem gegna málfræðilegu hlutverki, þ.e. eru birtingarform málfræðilegra formdeilda.⁵ Það er síðan eðlilegt að liðir sem gegna málfræðilegu hlutverki séu fáir þar sem aðgreining í málkerfinu af þessu tagi byggir á tiltölulega fáum og strangt afmörkuðum formdeildum. Það er svo einkenni á öllum fyrirbærum í málinu sem gegna málfræðilegu hlutverki að tíðni þeirra er mikil. Þar nægir að nefna kerfisorð en samkvæmt *Íslenskri orðtíðnibók* (Jörgen Pind et al. 1991) eru algengustu sagnir í málinu einmitt hjálparsagnirnar *vera* og *hafa*. Algengasta nafnorð í málinu er *maður* en merkingin ein (eða vísunin) nægir til að skýra tíðni orðsins. Þar að auki er orðið líka notað sem kerfisorð, a.m.k. í talmáli, þ.e. sem eins konar fornafnsígildi, og orðið gæti því verið enn algengara í talmáli en í ritmáli sem *Orðtíðnibókin* er byggð á.⁶ Yfirþyrmandi tíðni kerfisorðanna sést af því að orðið *maður* er aðeins í fertugasta sæti yfir algengustu orð, skv. *Orðtíðnibókinni*, en á undan eru samtengingar, hjálparsagnir, forsetningar og fornöfn, þ.e. dæmigerð kerfisorð.⁷ Tíðnitölur um einstaka bundna liði ættu því að gefa einhverjar vísbendingar um þetta þar sem kerfisfyrirbæri hafa oft háa tíðni. Þó er rétt að fara varlega í að álykta um þetta; ekki er víst að sama gildi um alla orðhluta sem gegna málfræðilegu hlutverki og um önnur kerfisfyrirbæri.⁸ Eina færa leiðin er samt sú að gefa þessu gaum þar sem nákvæmur merkingarlegur samanburður er meira verk en svo að hér verði í hann ráðist. Jafnframt verður hér á eftir reynt að athuga hve augljóst málfræðilegt hlutverk orðhlutanna er, eftir því sem kostur er.

5.2.2 Hvað er rót?

Í 2. kafla hér að framan er vikið að því hér og þar hvaða skilning menn leggja í orðið rót en nákvæmust er skilgreiningin sem vitnað er í úr bók Nidas í (2) á bls. 18. Að sögn Nidas er merkingin oftast notuð til að greina rætur frá öðrum myndönnum, þegar til kastanna kemur (sjá tilvitnun neðst á bls. 18 hér að framan), en auk þess nefnir hann stöðu í orði, hljóðkerfislega þætti og tíðni. Í gagnavinnu eins og þeirri sem hér er sagt frá er þess þó ekki kostur að styðjast við merkinguna nema að hluta, enda er greiningin öll byggð á forminu einu. Hér er því ekki annar kostur en að nota eins konar útilokunaraðferð til að komast að því hvaða liðir geta alls ekki verið aðskeyti.

⁴Tala í nafnorðum í íslensku er t.d. skýrt dæmi um kerfisadgreiningu: *Maðurinn teiknaði kött* og *Maðurinn teiknaði ketti*. Hins vegar er ekki á sama hátt hægt að nota forskeytið *sí-* til að tákna að það er verknaðurinn 'að teikna' sem kemur fyrir oftast en einu sinni. Tala í sögnum er (yfirleitt) bundin við rökliði með sögninni (venjulega frumlag) en ekki sjálfan verknaðinn sem felst í sögninni.

⁵Breytingar á málfræðilegum formdeildum eru ekki algengar en þær eru þó til. Þótt nýjar fleirtöluendingar, ný persónuformöfn eða nýjar hjálparsagnir virðist vera því sem næst óhugsandi sýnir sagan að allt þetta getur birst í kjölfar meiriháttar breytinga á málkerfinu. Dæmi um það eru breytingar á birtingarvísunum í tíðbeygingu og horfi, eins og þær sem lýst er í bók Peters Ackemas þegar hjálparsagnir tóku við hlutverki því sem beygingarendingar sagna höfðu áður í germönskum og rómönskum málum (sjá 4. kafla í Ackema 1995:175–277). M.a. vegna breytinga af þessu tagi er erfitt að ákvarða hvað felst í hugtakinu 'lokaður flokkur' og þess vegna er erfitt að nota það sem skilgreiningaratriði, t.d. til að gera greinarmun á afleiðslu og samsetningu. Fyrst breytingar á lokuðum flokkum eru mögulegar á annað borð er erfitt að nota þetta til þess að draga skil á milli flokka.

⁶Það að orðið er notað sem fornafn sést glögglega af eftirfarandi setningu sem höfð var um nýþvegin og bónaðan býl: „Maður er bara aldeilis orðinn finni“ Þá hef ég heyrt orðið notað um kött: „Maður er bara styggur í dag.“ Hvorugt fyrirbærið getur með nokkru móti talist mannlegt en þau eru e.t.v. persónugerð.

⁷Röðin er þessi: *og, vera, að* (st), *í, á, það, hann, ég, sem, hafa, hún, en, ekki, til, þessi, við, um, með, af, að* (ao), *sí, koma, verða, fyrir, segja, allur, sá, svo, fara, þegar, eftir, sinn, annar, geta, úr, taka, eiga, upp, þú* og þá loks kemur *maður* í fertugasta sæti.

⁸Þá er heldur ekki útilokað að aðrir bundnir liðir en aðskeyti geti verið mjög algengir; kerfisorð eru t.d. ekki einu algengu orðin í málinu.

Þar er byggt á því skilgreiningaratriði að rót hljóti að vera í hverju orði, eins og t.d. má sjá í reglu Baldurs Jónssonar (1987) um byggingu íslenskra orða ((2) á bls. 62 hér að framan). Hér er sem sagt byggt á þeirri hugmynd að allar einingar í orði séu valfrjálsar nema ein, þ.e. rótin.⁹ Ef það skilgreinir aðskeyti að það sé ekki rót, eins og raunin hlýtur að vera hjá þeim sem halda því fram að aðskeyti sé afrakstur af reglu en ekki eind í orðasafni, þá ætti aðskeyti ekki að geta verið orðmyndunargrunnur fyrir önnur aðskeyti. Orðhluti sem er kjarni í orði (sjá umfjöllun um Níða í kafla 2.3.1 hér að framan) getur því ekki verið aðskeyti. Á þessum forsendum er því útilokað að orðhlutar eins og *þre-* í *þremningur* og *fer-* í *ferhyrningur* geti verið forskeyti þar sem þeir koma líka fyrir í orðunum *þrennd*, *þrenning*, *þrennir*, *ferningur* og *fernir* þar sem enga aðra rót er að finna.

5.2.3 Skilgreining á aðskeyti

Með því að miða við þau atriði sem nú hafa verið nefnd er strangasta skilgreining á aðskeyti þessi:

- (2) a Aðskeyti er bundinn liður sem hefur málfræðilegt hlutverk og inniheldur ekki rót.
- b Málfræðilegt hlutverk aðskeytis er bundið við það að aðskeytið sé birtingarvísir orðmyndunarlegrar formdeildar.¹⁰
- c Orðmyndunarleg formdeild er kerfisbundin framsetning á andstæðum sem byggjast á orðasafnsþáttum lesa, þ.e. orðflokks-gildum, merkingarhlutverkum og valhömlum. Andstæðurnar birtast t.d. í pörum á borð við ‘verknaðarsögn/gerandi’ (*kafa/kafari*) og ‘verknaðarsögn/verknaður’ (*kafa/köfun*).¹¹

Önnur atriði sem nefnd hafa verið í skilgreiningum hér að framan eru annaðhvort þess eðlis að ekki gefst kostur á að athuga þau hér (þ.e. þau eru merkingarleg eða hljóðkerfisleg) eða þau eru innifalin í því sem hér stendur. Það að aðskeyti eru lokaður flokkur er bein afleiðing af því að þau gegna málfræðilegu hlutverki þar sem öll kerfisfyrirbærin tilheyra lokuðum flokki af einhverju tagi.¹² Það að aðskeyti eru stöðubundin ræðst síðan af sjálfum skilgreiningunum á hverju aðskeyti fyrir sig, hvort sem það er gert með orðmyndunarreglu eða með skilyrðingum á lesum. Í báðum tilfellum er umhverfi orðhlutans sjálfkrafa lýst í þeim upplýsingum sem eru um hann í orðasafninu. Loks eru skilgreiningar sem byggjast á mismunandi tengslum orðhluta (hljóðkerfis- eða orðmyndunarlegum, sjá yfirlit í (17) í lok 2. kafla) e.t.v. fremur afleiðing af mismunandi eðli orðhlutanna en atriði sem byggja á skilgreiningarnar sjálfar á.

5.3 Bundnir liðir, aðskeyti og samsetningarliðir

Nú verður gerður samanburður á flokkum orðhluta sem greindir eru í gagnasafninu sem bundnir liðir eða aðskeyti og þeir einnig bornir saman við grunnorð sem hafa sömu stöðu

⁹Hér er m.ö.o. verið að hafna reglunni sem nefnd er á bls. 105 (4.4.1.2) hér að framan, þ.e. reglu sem skeytir saman tveimur aðskeytum: $X^0 \rightarrow X^{-1} X^{-1}$.

¹⁰Hér er þá gerður greinarmunur á aðskeyti og beygingarendingu.

¹¹Þetta er aðeins tilraun til skilgreiningar. Til þess að setja fram fullmótaða skilgreiningu þarf að gera könnun á venslum liða í afleiddum orðum.

¹²Aðskeyti virðast ekki vera alveg lokaður flokkur eins og sést af tökuviðskeytum *-isti* og *-ismi*. Með því fyrra eru 410 orð í Rítmálsskrá OH, það elsta frá síðari hluta 16. aldar (*organisti*) sem líklega er tökuorð í heild. Í yngri dæmum er viðskeytið notað með íslenskum stofnum, t.d. í *þrílembisti* frá miðri 19. öld. Í Rítmálsskrá eru 380 orð með *-ismi*; elst þeirra er *latínismi* frá miðri 19. öld. Halldór Halldórsson fjallar um tökuviðskeyti í íslensku í greininni „Nokkur erlend viðskeyti í íslenzku og frjósemi þeirra“ (1969a).

í orði. Markmiðið er að athuga hvernig skilgreiningin sem sett er fram í (2) hér að ofan reynist í ljósi gagnanna.

Eins og fram kemur í yfirlitskafla um tákni í orðgerðarsviði (sjá 4.5.3.4) eru ósamsettir og óafleiddir liðir ýmist táknaðir með g (þ.e. grunnorð), $!$ fyrir bundinn orðhluta sem telst vera ígildi 'orðs' (þ.e. bundið X^0) og vs_k (þ.e. X^{-1} sem síðari hluti) fyrir viðskeyti. Eins og fram kemur í 4. kafla er ekki greint á milli forskeyta og annarra bundinna fyrri hluta í gögnunum. Til samanburðar fylgja hér tölur um tíðni þessara orðgerðarstrengja sem sýna hvernig grunnorð og aðrir ósamsettir og óafleiddir liðir dreifast í orðunum. Í töflunni kemur líka fram hver heildarfjöldi óafleiddra og ósamsettra orðhluta¹³ er í gögnunum en alls er þar að finna 6.017 orðhluta af þessu tagi. Þetta er því heildarfjöldi grunneininga í 58.222 orðum alls (sjá sundurliðun í (3) á bls. 91 og athugasemd aftast í kafla 4.4.3).

(3) **Dreifing óafleiddra og ósamsettra liða:**

	Fyrri hlutar:	Seinni hlutar:	F+s. hlutar:	Alls:
Grunnorð:	1.257	1.903	2.234	5.394
Bundin X^0 :	251	177		428
Aðskeyti:		195		195
Alls:	1.508	2.275	2.234	<u>6.017</u>
Allir orðhlutar:	7.158	6.679	3.596	

Það er athugunarefni hvort dreifing samsetningarliða er eins frjáls og hún ætti í verunni að vera ef sú kenning Aronoffs að samsetningarliðir geti verið hvort heldur er fyrri eða síðari hluti orðs er rétt (sjá t.d. (4) á bls. 31–32 hér að framan). Í gögnunum eru 2.234 grunnorð sem koma bæði fyrir sem fyrri og síðari liðir en 1.257 grunnorð koma aðeins fyrir sem fyrri hlutar og 1.903 grunnorð koma aðeins fyrir sem síðari hlutar. Nú er auðvitað alls ekki útilokað að grunnorð dreifist öðru vísi í öðrum orðum en þeim sem hér eru skoðuð en hér er mikill fjöldi grunnorða sem kemur aðeins fyrir annaðhvort sem fyrri eða síðari hluti. Því er vert að velta fyrir sér hvort þetta er ekki háð merkingu einstakra orða. Ef svo er þá er munurinn á aðskeyti, sem er alltaf stöðubundið samkvæmt skilgreiningunni, og samsetningarlið sem er stöðubundinn, e.t.v. vegna merkingar, ekki eins afgerandi að þessu leyti og oft er látið í veðri vaka. Þetta er þó mjög erfitt að athuga og breytir því heldur ekki í sjálfu sér að formlega séð eiga öll grunnorð að geta komið fyrir sem hvaða orðhluti sem er. Svo virðist þó ekki vera í reynd ef marka má tölurnar hér á undan.¹⁴ Munurinn virðist því einungis vera sá að í bundnu liðunum er það skilgreiningaratriði hvar liðir geta komið fyrir og ákvarðast beinlínis af flokkunarramma lesanna eða framsetningu orðmyndunarreglna, hjá þeim sem telja orðmyndunina vera ferli en ekki samröðun lesa. Í samsettum orðum verður mismunur í dreifingu ekki skýrður formlega á þennan hátt. Tölurnar um dreifingu samsetningarliða gefa samt tilefni til þess að athuga hvernig þessari „frjálsu“ dreifingu grunnorða sem samsetningarliða er háttað, einfaldlega vegna þess hve mörg grunnorð koma aðeins fyrir á öðrum hvorum staðnum.

Í töflunni kemur líka fram hve lítill fjöldi bundinna liða er, miðað við gífurlegan fjölda grunnorða. Alls eru grunnorðin 5.394 en bundnir liðir, bæði fyrri og síðari hlutar, eru aðeins 623. Hér fylgir fyrsti hluti af lista um alla orðhluta í gagnasafninu í tíðniröð, þ.e. orðhlutar úr sjöunda og tíunda sviði í hverri færslu ásamt meðfylgjandi orðflokks- og

¹³Með þeim formverkjum um myndangreiningu sem byggð er á máltilfinningu sem sett er fram í kafla 4.4.2 hér að framan; ef greint væri á málsögulegum forsendum yrðu tölurnar aðrar. Þá eru beygingarendingar ekki taldar þarna með þar sem þær eru ekki aðgreindar sérstaklega í orðmyndunarlýsingu hér.

¹⁴Hér kemur enn einu sinni fram munurinn á því sem er og því sem getur verið, rétt eins og í þeirri aðgreiningu sem gerð er á raunverulegum og hugsanlegum orðum (sbr. umfjöllun í kafla 3.3.3 hér að framan). Útilokað virðist vera að gera þar greinarmun á í samsettum orðum.

orðgerðargreiningu (sjá (17) á bls. 109). Hér eru aðeins birtir 143 orðhlutar sem koma fyrir hundrað sinnum eða oftar.

(4) **Orðhlutar í tíðniröð:**

1486 ó 0 !	194 saga f g	146 rauður adj g	117 jökull m gv
982 laus adj g	191 jörð f g	145 starf n gv	114 flokkur m g
947 maður m g	190 +aður adj vsk	143 fram adv g	114 kenndur adj gv
813 +legur adj vsk	187 fræði f gv	143 +ingur m vsk	114 nýr adj g
724 +lega adv vsk	186 bók f g	143 kona f g	114 verslun f gv
391 smár adj g	185 skip n g	143 +un f vsk	113 gangur m gv
363 mál n g	184 hönd f g	142 tré n g	113 sí 0 !
360 fullur adj g	184 langur adj g	141 ferð f gv	113 undir adv g
328 land n g	182 sól f g	141 mis adv !	112 band n g
323 sam adv !	180 lag n g	140 blað n g	111 höfuð n g
310 hálfur adj g	178 verk n g	140 hringur m g	111 miður adj g
310 +inn adj vsk	174 mynd f g	140 +samur adj vsk	110 ríkur adj g
306 stór adj g	173 fé n g	140 til adv g	109 sumar n g
289 af adv g	173 vél f g	139 heimur m g	108 list f g
287 út adv g	172 hugur m g	135 félag n l	108 sandur m g
286 vatn n g	172 +ing f vsk	132 blóð n g	108 þrí num !
276 hús n g	169 blár adj g	131 barn n g	107 nótt f g
272 líf n g	169 endur 0 !	131 gull n g	106 +andi adj vsk
253 al 0 !	169 fjall n g	131 of adv g	105 frum 0 !
241 upp adv g	167 góður adj g	130 staður m g	105 matur m g
240 hár adj g	167 járn n g	129 gras n g	105 menning f gv
239 efni n g	167 loft n g	128 kerfi n g	105 stöð f g
238 fiskur m g	164 lög npl g	127 aðal n g	104 bein n g
237 tví num !	163 stjórn f gv	127 hestur m g	104 garður m g
236 +i n vsk	163 vinna f gv	124 ár n g	104 kol n g
234 á adv g	163 yfir adv g	123 grár adj g	104 þver adj g
227 mikill adj g	159 megin adv g	123 hvítur adj g	103 ást f g
223 lítill adj g	158 ljós n g	123 leikur m gv	103 réttur m g
223 steinn m g	157 tími m g	123 vegur m g	103 +tur adj vsk
216 for adv !	156 sjálfur pron g	123 veiði f gv	103 við adv g
206 þjóð f g	156 skóli m g	122 stefna f g	102 gerð f gv
203 sjór m g	154 veður n g	122 trú f g	101 +ni f vsk
202 einn num g	150 eldur m g	121 fagur adj g	100 horn n g
201 orð n g	150 um adv g	120 hljóð n g	100 straumur m g
196 dagur m g	148 harður adj g	119 ís m g	...
194 margur adj g	147 inn adv g	119 ráð n g	

Eins og sjá má ægir þarna öllu saman, grunnorðum, afleiddum orðum, viðskeytum og bundnum fyrri hlutum, sem merktir eru með ! (t.d. *ó 0 !*). Á listanum er enginn orðhluti sem greindur er sem bundinn síðari hluti (með merkingunni !) en viðskeyti eru þar allnokkur. Aðeins eitt samsett orð er þarna á meðal, orðið *félag* sem hefur tíðnitöluna 135.¹⁵ Auðveldara er að átta sig á tíðnitölunum ef orðhlutarnir eru flokkaðir eftir stöðu í orði og eftir orðgerðartáknunum, eins og nú verður gert. Þeir listar eru síðan efniviður í athugun á liðunum sjálfum og mismunandi gerð þeirra.

¹⁵Orðið er langefst af samsettum orðum. Næstu samsettu orðin í listanum og tíðnitölur fyrir þau eru þessi: *aðferð* (59), *samband* (58), *rannsókn* og *framleiðsla* (44), *verksmiðja* (39), *ástand* (29), *tilraun* (26), *tímabil* (24), *lögmal* og *fyrirtæki* (22). Margsamsett orð finnast síðan ekki fyrir en mun neðar á listanum: *fyrirkomulag* (9), *þjóðfélag* (8), *útgerðarmaður*, *umsjónarmaður*, *umboðsmaður*, *samfélag* og *atviksord* (4).

5.3.1 Samanburður á bundnum og frjálsum fyrri hlutum

Eins og sjá má af meðferðinni sem forskeyti hljóta í greiningu í íslenskum ritum (sjá t.d. yfirlit í (17) á bls. 83 hér að framan) er erfitt að skera úr um það hvaða orðhlutar teljast til forskeyta í íslensku og þá um leið á hvaða forsendum á að byggja slíka greiningu. Í 2. kafla hér að framan kemur fram að í þeim erlendu ritum sem þar er fjallað um er alltaf gert ráð fyrir því að aðskeyti séu bundin myndön en svo er ekki í íslenskri greiningu (sjá t.d. lista um forskeyti Sigrúnar Þorgeirsdóttur (1986) á bls. 66–67 hér að framan). Í greiningunni í gagnasafninu hér er ekki gerður munur á forskeytum og öðrum bundnum fyrri hlutum, eins og áður hefur komið fram, og því verður að athuga alla bundna fyrri hluta og hvort og hvernig þeir skiptast í flokka eftir þeim forsendum sem hér hafa komið fram. Hér er hins vegar gengið út frá því að forskeyti þurfi að vera bundin myndön, eins og gert er í 2. kafla hér að framan, enda eru það venjulega merkingarlegar forsendur sem verða til þess að því skilyrði er sleppt í íslensku (sjá t.d. kafla 3.3.2 hér að framan). Það sem þarf að skoða er því aðallega hvort orðhlutarnir gegna málfræðilegu hlutverki, og þar ættu tíðnitölur að geta gefið vísbendingu, og hvort í orðhlutunum er rót eða ekki.

Hér á eftir fylgja tveir listar sem notaðir eru í þessum samanburði. Í fyrri listanum eru algengustu grunnorð sem koma fyrir sem fyrri hlutar í safninu. Á listanum eru 120 algengustu grunnorðin í tíðniröð og eru þau birt í þeirri mynd sem þau hafa í sjöunda sviði í hverri færslu, þ.e. hér er uppflettimynd orðanna, nefnifall nafnorða o.s.frv. Í listanum kemur því ekki fram mismunur á formi fyrri hlutanna eftir samsetningarhætti. Í síðari listanum eru síðan bundnir fyrri hlutar, alls 251 orðhluti. Algengustu grunnorð sem fyrri hlutar í gagnasafninu eru þessi:

(5) Fyrrihlutar í tíðniröð, grunnorð:

370 smár adj g	135 fram adv g	99 við adv g	76 nótt f g
310 hálfur adj g	133 til adv g	98 kol n g	75 grár adj g
286 út adv g	131 fjall n g	96 sumar n g	75 her m g
285 af adv g	131 of adv g	93 gras n g	75 hraun n g
272 stór adj g	129 eldur m g	93 sandur m g	74 hundur m g
240 upp adv g	128 steinn m g	93 tré n g	74 hvítur adj g
229 á adv g	127 aðal n g	91 jafn adv g	74 vél f g
209 fullur adj g	127 járn n g	91 skip n g	73 hraður adj g
202 land n g	125 mál n g	89 hús n g	72 heima adv g
200 einn num g	124 fé n g	87 ást f g	72 heimur m g
200 vatn n g	124 langur adj g	84 að adv g	72 sauður m g
194 maður m g	121 gull n g	84 vor n g	71 veður n g
185 hár adj g	117 loft n g	82 himinn m g	69 barn n g
185 líf n g	115 ljós n g	81 efni n g	69 snjór m g
181 sjór m g	114 blóð n g	81 hel f g	67 hestur m g
175 margur adj g	114 lög npl g	81 hringur m g	67 illur adj g
168 þjóð f g	112 harður adj g	81 í adv g	67 síld f g
160 yfir adv g	111 miður adj g	81 matur m g	66 svartur adj g
157 fiskur m g	110 blár adj g	80 flug n g	65 kyn n g
156 sjálfur pron g	106 nýr adj g	79 hey n g	65 litur m g
156 sól f g	105 undir adv g	79 silfur n g	65 verk n g
154 hönd f g	104 þver adj g	79 trú f g	64 bráður adj g
147 inn adv g	101 ís m g	78 fyrir adv g	64 vindur m g
145 um adv g	100 höfuð n g	77 bók f g	63 bær m g
138 jörð f g	100 rauður adj g	77 skóli m g	63 olía f g
136 hugur m g	99 orð n g	77 vetur m g	61 eftir adv g

61 fár adj g	61 sár adj g	59 haust n g	58 hiti m g
61 forn adj g	60 dagur m g	59 mór m g	58 úr adv g
61 niður adv g	60 hljóð n g	59 náttúra f g	...
61 ráð n g	59 bein n g	58 frá adv g	
61 saga f g	59 friður m g	58 grjót n g	

Á þessum lista eru kerfisörð mjög áberandi, eins og forsetningar og atviksorð (*út, af, upp, á, yfir, inn, um, fram, til og of*), töluörð og fornöfn (*einn, margur, sjálfur*), auk orðhluta sem hér eru greindir sem lýsingarörð en mjög oft eru greindir sem forskeyti í íslensku (*smá-, hálf-, stór-, full-, há-, harð-, blá-, rauð-, grá- og sár-*). Margir þessara orðhluta eru ýmist notaðir í eiginlegri merkingu eða til áherslu.¹⁶ Orðhlutar af sama tagi sem hér eru greindir sem nafnorð eru t.d. *eld-, aðal-, blóð-, kol-, hel-, hund-* og *sauð-* og er þá form látið ráða en ekki merking, enda er hér ekki gerður munur á orðunum eftir því í hvaða merkingu orðhlutar standa. Munurinn á listunum í (5) hér á undan og (6) hér á eftir er einungis fólgin í muninum á frjálsum og bundnu myndani.¹⁷

Á listanum um bundna fyrri hluta kennir ýmissa grasa. Þar eru bæði mjög algengir orðhlutar og allmörg stakdæmi. Einstaka orðhlutar á listanum koma fyrir sem sjálfstæð orð í föstum orðasamböndum, t.d. *ó-, endur-, mis-, sí- og van* í orðasamböndunum *vera um og ó, endur fyrir löngu, fara einhvers á mis, sí og æ og of eða van*. Hér eru þessir orðhlutar þó greindir sem bundin myndön þar sem þeir koma aðeins fyrir sem hluti orðasafnseinda, jafnvel þótt þær eindir séu setningarlegar.¹⁸ Fæstir bundnu fyrrihlutarnir í (6) eru orðflokksgreindir en nokkur hending er hvernig þessu er farið. Segja má að sú orðflokksgreining sem fram kemur í þessum orðhlutum sé að því leytinu marklaus að hún er að verulegu leyti unnin út frá merkingu. Þannig eru *sam-, for- og gagn-* t.d. merkt sem atviksorð (*adv*) í gögnunum vegna merkingarlegra tengsla við *saman, fyrir og gegn*. Á sama hátt er *fjöl-* merkt sem lýsingarörð (*adj*), út frá óljósum merkingarlegum forsendum. Þá eru töluliðirnir *tví-, þrí-, fer-, þre-, tvæ-, fír- og þrenn-* allir merktir sem töluörð (*num*) í gögnunum og var hugsunin þá sú að hægt væri að flokka saman öll afbrigði af töluörðum, bundin og sjálfstæð, á auðveldan hátt. Þessar orðflokksmerkingar á bundnum fyrri hlutum hafa í raun ekkert formlegt gildi og segja má að hér sé stundum seilst of langt í orðflokksmerkingum. Þrátt fyrir þessar óraunhæfu merkingar er áberandi í (6) að flestir orðhlutarnir hafa einmitt enga orðflokksmerkingu. Sumir málfræðingar (t.d. Aronoff og Sridhar, sjá (4)a 2. á bls. 31) telja það vera einkenni á forskeytum að þau hafi ekki orðflokk en þetta atriði nýtist samt ekki til að skilja á milli forskeyta og annarra bundinna fyrri hluta. Um bundnu orðhlutana gegnir nefnilega sama máli og oft er ógerlegt að greina orðflokk fyrir liðar, þótt hann sé greinilega stakmyndan en ekki forskeyti. Bundnu orðhlutarnir eru nokkuð sundurleitir, eins og hér má sjá:

(6) **Fyrrihlutar í tíðniröð, bundnir liðir:**

1486 ó 0 !	169 endur 0 !	99 van 0 !	60 and 0 !
323 sam adv !	141 mis adv !	83 fjöl adj !	52 auð 0 !
253 al 0 !	113 sí 0 !	79 ör 0 !	52 kven 0 !
237 tví num !	108 þrí num !	78 gagn adv !	33 ger adv !
216 for adv !	105 frum 0 !	67 all 0 !	31 einka 0 !

¹⁶Sigrún Þorgeirsdóttir (1986) gerir nákvæma grein fyrir notkun áhersluliða af þessu tagi.

¹⁷Tíu algengustu nafnorðin sem fyrri hlutar eru *land, vatn, maður, líf, sjór, þjóð, fiskur, sól, hönd og jörð* en ekkert þeirra er hugsanlegt að greina sem forskeyti út frá neinum forsendum (nema e.t.v. *hand-* í *handónýtur*).

¹⁸Þessari stefnu er annars ekki fylgt í gagnagreiningunni þannig að segja má að þeir orðhlutar sem hér eru taldir upp heyrir til undantekninga að þessu leyti. Þetta var þó eina leiðin sem fær var til að ná utan um þetta enda er orðasambandsnotkunin afskaplega fastbundin.

31 ná 0 !	2 ind 0 !	1 etaz 0 !	1 kópal 0 !
31 tor 0 !	2 jústis 0 !	1 fjarg 0 !	1 kræsa v !
28 þaul 0 !	2 kakk 0 !	1 flunku 0 !	1 köpur 0 !
23 at adv !	2 kar 0 !	1 flunkur 0 !	1 lakmus 0 !
23 be 0 !	2 kontra 0 !	1 fúk 0 !	1 leiðin 0 !
22 fer num !	2 kúbík 0 !	1 fær 0 !	1 lís 0 !
20 fjar adv !	2 míkro 0 !	1 geheime 0 !	1 lú n !
18 gervi adj !	2 myrtus 0 !	1 gjörvi 0 !	1 marin 0 !
18 vara adv !	2 nítro 0 !	1 glaxó 0 !	1 medister 0 !
14 viður 0 !	2 nýstár 0 !	1 glim 0 !	1 mega 0 !
12 bí adv !	2 obbo adv !	1 gran 0 !	1 millí 0 !
12 sjald adv !	2 ré 0 !	1 grund 0 !	1 mór 0 !
11 dá 0 !	2 rú 0 !	1 gyro 0 !	1 myría 0 !
11 loð n !	2 rúnn 0 !	1 gæfð f gv !	1 mæti n !
9 dán f !	2 síl n !	1 ham 0 !	1 naður 0 !
8 glæsa v !	2 skjallur adj ! ²⁰	1 hann 0 !	1 oxal 0 !
7 gis 0 !	2 snur 0 !	1 hans 0 !	1 pent 0 !
7 grand 0 !	2 spott 0 !	1 há 0 !	1 po 0 !
5 an 0 !	2 súb 0 !	1 he 0 !	1 presenter 0 !
5 bryn 0 !	2 sví 0 !	1 hessían 0 !	1 pún 0 !
5 erki 0 !	2 tvæ num !	1 himpi 0 !	1 re 0 !
5 gal 0 !	2 viðá 0 !	1 hind 0 !	1 real 0 !
5 skar 0 !	2 virkja 0 !	1 hitti 0 !	1 reddu 0 !
5 val 0 !	2 ýkja adv !	1 hí 0 !	1 riga 0 !
4 au 0 !	2 öldur 0 !	1 hnar 0 !	1 runkel 0 !
4 gol 0 !	2 ömur 0 !	1 hnó 0 !	1 rúst 0 !
4 grann 0 !	1 a 0 !	1 hol 0 !	1 ræ 0 !
4 indó 0 !	1 am 0 !	1 hrok 0 !	1 sagti 0 !
4 kloss 0 !	1 amino 0 !	1 hræva 0 !	1 sentí 0 !
4 mögu 0 !	1 ann 0 !	1 hrævar 0 !	1 séntil 0 !
3 draf 0 !	1 ask 0 !	1 húllum 0 !	1 sigti 0 !
3 freð 0 !	1 ass 0 !	1 hý 0 !	1 skalot 0 !
3 gífur 0 !	1 ástral 0 !	1 hýa 0 !	1 skorsón 0 !
3 ið 0 !	1 ba 0 !	1 iðja 0 !	1 skrá 0 !
3 kag 0 !	1 bal 0 !	1 infra 0 !	1 skút 0 !
3 lé 0 !	1 bald 0 !	1 ítar 0 !	1 sleifara 0 !
3 spanskur adj ! ¹⁹	1 bar adj !	1 kakal 0 !	1 slembi 0 !
3 pre num !	1 ber m !	1 kampa 0 !	1 sóren 0 !
2 astral 0 !	1 búkk 0 !	1 kan 0 !	1 span 0 !
2 er 0 !	1 cif 0 !	1 kapp 0 !	1 spegi 0 !
2 feiki 0 !	1 dándi n !	1 kartur m !	1 spíg 0 !
2 fimbul 0 !	1 dánu 0 !	1 kirsi 0 !	1 splunkur 0 !
2 fír num !	1 desí 0 !	1 kirsu 0 !	1 spró 0 !
2 flór 0 !	1 dí 0 !	1 kíli 0 !	1 spurs 0 !
2 flum 0 !	1 dol 0 !	1 klipp 0 !	1 stikk 0 !
2 gasa 0 !	1 dratt 0 !	1 koð 0 !	1 stjór m !
2 geipi 0 !	1 du 0 !	1 konferens 0 !	1 sum 0 !
2 hryn 0 !	1 endrar adv !	1 kontró 0 !	1 sunn? adv !

¹⁹Orðhlutinn kemur fyrir í orðunum *spanskgrænn*, *spanskgræna* og *spanskreyr* en þetta afbrigði er ekki að finna sjálfstætt. Líklegt er að orðin séu tökuorð (sem heild) úr dönsku, sbr. uppflettiorðið *spanskgræna* í *Íslenskri orðsifjabók* (Ásgeir Blöndal Magnússon 1989), en orðin eru myndangreind vegna þess að síðari hlutarnir eru auðþekkjanlegir.

²⁰Orðið er sett upp sem lýsingarorð (með endingu) í samræmi við Ritmálsskrá OH en þar er aðeins eitt dæmi úr Þjóðsagnasafni Sigfúsar Sigfússonar (1922–1959). Annars eru engin dæmi um orðið sjálfstætt.

1 svaka 0 !	1 tindil 0 !	1 veimil 0 !	1 wards 0 !
1 sváfur 0 !	1 tsetse 0 !	1 ver n !	1 ýtar 0 !
1 svigur 0 !	1 turnip 0 !	1 vett 0 !	1 þrenn num !
1 synódal 0 !	1 turtil 0 !	1 viki 0 !	1 þul 0 !
1 sypres 0 !	1 ultra 0 !	1 villi 0 !	1 ær 0 !
1 tas 0 !	1 vað f !	1 virka 0 !	1 ævar 0 !
1 tá 0 !	1 vanin adj !	1 vor 0 !	1 önd 0 !
1 tetra 0 !	1 vág 0 !	1 vormel 0 !	1 örv 0 !
1 tér 0 !	1 ve 0 !	1 vös 0 !	

Með nokkurri einföldun má segja að listinn skiptist í tvennt, eins og reyndar var vitað fyrir fram. Þarna eru bæði allir bundnir liðir úr gögnunum sem hugsanlega gætu flokkast sem forskeyti, eins og *ó-* sem er efst á listanum, og líka allir þeir fyrri hlutar sem verða að teljast til stakmyndana, þ.e. orðhlutar sem aðeins finnast sem torkennilegir liðir í örfáum orðum, eins og *hind-* í *hindber*. Með því að athuga tíðnitölurnar og gerð liðanna sjálfra má reyna að komast að því hvar mörkin á milli þessara flokka liggja. Nú verður þessi skipting athuguð og byrjað á því að tína frá alla þá liði sem ekki geta með nokkru móti talist til íslenskra forskeyta. Þetta eru erlendir orðhlutar, bæði erlend forskeyti og eiginleg orð (sjá 5.3.1.1), og síðan íslenskir orðhlutar sem ekki koma fyrir frjálssir án þess að þeir hafi nokkur einkenni forskeyta, þ.e. stakmyndön (sjá 5.3.1.2). Þau koma fyrir í mjög fáum orðum og tíðnitölurnar koma því að gagni við athugun á þessu. Loks er umhugsunarefni hvort stofnbrigði sem aðeins koma fyrir sem orðhlutar eiga að teljast til forskeyta eða ekki (sjá 5.3.1.3), ef skilgreiningar eru rýmri en sú sem sett er fram í (2) á bls. 139 og það er ekki gert að skilyrði að í aðskeytum sé rót. Sú greining væri þá í anda Aronoffs og Sridhars (sjá 2.5.2 hér að framan). Sú leið er þó ekki farin hér.

5.3.1.1 Erlendir orðhlutar

Talsvert mikið af þeim torkennilegu orðhlutum sem taldir eru upp í (6) eru erlend orð eða orðhlutar. Þar á meðal eru erlend forskeyti sem e.t.v. er ekki rétt að greina sérstaklega frá þeim orðhlutum sem þau fylgja þar sem deila má um hvort hér er íslensk orðmyndun á ferðinni. Líklegra virðist að orðin þar sem þessir orðhlutar koma fyrir séu tekin inn í málið sem ein heild. Mörg þessara orða, a.m.k. orð úr tugakerfinu og ýmis eðlis- og efnafræðiorð, eru þó mjög algeng og að auki tilheyra þau ákveðnu kerfi og koma því fyrir í meira en einu orði hvert þannig að líklegt er að málnotandinn greini þetta ósjálfrátt sem myndön.²¹

(7) Erlend forskeyti:

23 be 0 ! <i>bedraga</i>	2 kúbík 0 ! <i>kúbíkfet</i>	1 kontró 0 ! <i>kontrópunktur</i>
12 bí adv ! <i>bífala</i>	2 míkro 0 ! <i>míkrófilma</i>	1 mega 0 ! <i>megatonn</i>
5 an 0 ! <i>angefa</i>	2 nítro 0 ! <i>nítrosellulósi</i>	1 millí 0 ! <i>millígramm</i>
5 erki 0 ! <i>erkibófi</i>	2 súb 0 ! <i>súbnóta</i>	1 sentí 0 ! <i>sentímetri</i>
4 indó 0 ! <i>indóevrópskur</i>	1 desí 0 ! <i>desímeter</i>	1 tetra 0 ! <i>tetraklórefni</i>
2 kontra 0 ! <i>kontrapunktur</i>	1 infra 0 ! <i>infrarauður</i>	1 ultra 0 ! <i>ultrafjólublár</i>

Auðvitað er það athugunarefni hvaða stöðu orðhlutar af þessu tagi hafa í málkerfinu en hér er sú afstaða tekin að þeir teljist ekki til íslenskra forskeyta þar sem nýmyndanir með

²¹ Sigrún Þorgeirsdóttir athugar þessa orðhluta sérstaklega í ritgerð sinni (1986, sjá kafla 3.6) og helstu forskeyti af þessu tagi eru nefnd í upptalningu hennar á því sem hún greinir sem forskeyti, sbr. (5) a 4. á bls. 66 hér að framan. Látið verður liggja á milli hluta hér hvort greina á þessa orðhluta sem forskeyti í erlendum málum. Það er stundum gert og stundum ekki, sjá t.d. dæmi frá Adams (1973) á bls. 24 hér að framan.

þeim af íslenskum stofnum finnast varla. Þeir geta því tæplega talist gegna málfræðilegu hlutverki í íslensku þótt flestir málnotendur hafi sennilega tilfinningu fyrir því að þetta séu forskeyti í erlendum málum. Forskeytin *be-*, *bí-* og *an-* virðast til dæmis yfirleitt hafa komið inn í málið í orðum sem tekin eru inn sem ein heild, t.d. í *bekлага*, *bífala* og *ankлага*, en þó mun eitthvað vera um nýmyndanir í eldra máli.²² Ekkert orðanna þar sem þessir orðhlutar koma fyrir í gögnunum virðist vera nýmyndun og því er líklegra að málnotendur greini þessi erlendu forskeyti sem einhvers konar stakmyndön eða a.m.k. óvirka liði. Af þeim átján erlendu forskeytum sem talin eru upp í (7) virðist aðeins *erki-sýna* þess einhver merki að vera virkt í íslenskri orðmyndun, eins og dæmið *erkibófi sýnir*.²³

Aðrir erlendir orðhlutar sem fá greininguna ! eru af ýmsu tagi og misgamlir í málinu. Flestir þeirra koma fyrir í stakdæmum eins og sjá má af listanum í (8). Eina sameiginlega einkennið er að orðhlutarnir koma tæplega fyrir sem sjálfstæð orð í íslensku og oft eru þetta einhvers konar heiti, t.d. *hessíanstrigi*, *vormeldúkur*, *gyroáttaviti*, *myrtuslundur* og *myrtussveigur*.

(8) Erlendir orðhlutar:

4 mögu 0 ! mögulegur	1 myría 0 ! myríameter
4 kloss 0 ! klossbremsa	1 oxal 0 ! oxalsýra
3 spanskur adj ! <i>spanskgræna</i>	1 pent 0 ! <i>pentskúfur</i>
2 astral 0 ! <i>astralheimur</i>	1 po 0 ! <i>posteik</i>
2 ind 0 ! <i>indgermanskur</i>	1 presenter 0 ! <i>presenterbakki</i>
2 jústis 0 ! <i>jústiskassi</i>	1 pún 0 ! <i>púnverskur</i>
2 myrtus 0 ! <i>myrtussveigur</i>	1 re 0 ! <i>redobla</i>
2 spott 0 ! <i>spottprís</i>	1 real 0 ! <i>realstúdent</i>
1 amino 0 ! <i>aminosýra</i>	1 runkel 0 ! <i>runkelrófa</i>
1 ástral 0 ! <i>ástralland</i>	1 rúst 0 ! <i>rústberja</i>
1 cif 0 ! <i>cifverð</i>	1 sagti 0 ! <i>sagtirólega</i>
1 etaz 0 ! <i>etazráð</i>	1 séntil 0 ! <i>séntilmaður</i>
1 geheime 0 ! <i>geheimeetazráð</i>	1 sigti 0 ! <i>sigtimál</i>
1 glaxó 0 ! <i>glaxómjólk</i>	1 skalot 0 ! <i>skalotlaukur</i>
1 gyro 0 ! <i>gyroáttaviti</i>	1 skorsón 0 ! <i>skorsónsrót</i>
1 hessían 0 ! <i>hessíanstrigi</i>	1 sóren 0 ! <i>sórenskrifari</i>
1 kakal 0 ! <i>kakalofn</i>	1 spegi 0 ! <i>spegisíld</i>
1 kan 0 ! <i>kanverskur</i>	1 spurs 0 ! <i>spursmál</i>
1 kirsi 0 ! <i>kirsiber</i>	1 synódal 0 ! <i>synódalréttur</i>
1 kirsu 0 ! <i>kirsiber</i>	1 sypres 0 ! <i>syprestré</i>
1 kili 0 ! <i>kílisaltþétur</i>	1 tsetse 0 ! <i>tsetsefluga</i>
1 klipp 0 ! <i>klippfiskur</i>	1 turnip 0 ! <i>turnipsrófa</i>
1 konferens 0 ! <i>konferensráð</i>	1 turtil 0 ! <i>turtildúfa</i>
1 kópal 0 ! <i>kópalakk</i>	1 viki 0 ! <i>vikivaki</i>
1 lakmus 0 ! <i>lakmusappír</i>	1 villi 0 ! <i>villivekk</i>
1 medister 0 ! <i>medisterpylsa</i>	1 vormel 0 ! <i>vormeldúkur</i>
1 mór 0 ! <i>mórber</i>	1 wards 0 ! <i>wardsfiskur</i>

²²Í Ritmálssafni OH er mjög fátt slíkra dæma en þó má e.t.v. nefna *befjötra* sem reyndar er merkt tuttugustu öld.

²³Forskeytið *súper* er ekki að finna í gögnunum en líklegt er að það sé virkt í talmáli. Þó getur rétt eins verið að greina eigi *súper* sem sjálfstætt orð þar sem það er líka notað sem atviksorð: „Þetta er alveg súper“. Fleiri tökuorðhlutar af þessu tagi gætu verið virkir í talmáli, t.d. *últra-* (*últrahægrimaður*) og jafnvel *mega-*, eins og Eiríkur Rögnvaldsson hefur bent mér á.

Mörkin á milli erlendra orðhluta og þeirra orðhluta sem talin eru í næsta kafla hér á eftir eru ekki alltaf mjög greinileg en í (8) er reynt að miða við að orðhlutarnir séu þess eðlis að þeir hafi komið inn í málið sem orðhlutar í tökuorðum, jafnvel þótt aðrir hlutar í orðunum hafi verið þýddir, t.d. *myrtus* í *myrtussveigur*.

5.3.1.2 Stakmyndön

Sambærilegir orðhlutar en ekki alveg eins útlenskulegir eru svo í eftirfarandi lista (9). Sumt af þessu ætti e.t.v. að fá greininguna *gv!* og teljast til afleiðslu en allir eiga þessir orðhlutar það sameiginlegt að vera mjög torkennilegir og eiginlega ekki skiljanlegir nema í orðunum sem þeir eru hluti af.²⁴ Orðin í (9) eru sundurleit. Þarna eru orðhlutar sem virðast ekki eiga hliðstæðu í öðrum íslenskum orðum, t.d. *dándis-* í *dándispíka* og *flór-* í *flórsykur*. Aðrir orðhlutar eru síðan skyldir rótum í öðrum orðum í málinu enda þótt þeir séu svo breyttir að venjulegur málnotandi sjái tæplega tengsl þar á milli lengur, t.d. *draf-* í *drafúldinn* sem mun vera skylt sögninni *drafa*, skv. *Íslenskri orðsifjabók* (Ásgeir Blöndal Magnússon 1989). Loks eru þarna hrein og klár stakmyndön, þ.á m. *hind-* í *hindber*.

(9) Stakmyndön:

7 grand 0 ! <i>grandgæfa</i>	2 ömur 0 ! <i>ömurlyndur, ömurlega</i>
5 gal 0 ! <i>galgopi, galopinn</i>	1 am 0 ! <i>ambaga</i>
5 val 0 ! <i>valhnota</i>	1 ann 0 ! <i>annmarki</i>
4 grann 0 ! <i>grannkanna</i>	1 ask 0 ! <i>askvaðandi</i>
3 draf 0 ! <i>drafúldinn</i>	1 bal 0 ! <i>balstýrugur</i>
3 gífur 0 ! <i>gífurlega, gífurýrði</i>	1 bald 0 ! <i>baldstýrugur</i>
3 ið 0 ! <i>iðgjald, iðgjafi</i>	1 bar adj ! <i>baraxlaður</i>
3 kag 0 ! <i>kagbæta, kaghýða</i>	1 ber m ! <i>berserkur</i>
3 lé 0 ! <i>lébarn; lébarði</i>	1 búkk 0 ! <i>búkkár</i>
2 er 0 ! <i>erlendur</i>	1 dándi n ! <i>dándispíka</i>
2 feiki 0 ! <i>feikilegur, feikimikill</i>	1 dáu 0 ! <i>dánumenni</i>
2 fimbul 0 ! <i>fimbulkaldur</i>	1 dí 0 ! <i>dísætur</i>
2 flór 0 ! <i>flórsykur</i>	1 dol 0 ! <i>dolfallinn</i>
2 flum 0 ! <i>flumósa</i>	1 fjarg 0 ! <i>fjargviðrast</i>
2 gasa 0 ! <i>gasalega</i>	1 flunku 0 ! <i>flunkunýr</i>
2 geipi 0 ! <i>geipilega</i>	1 flunkur 0 ! <i>flunkurnýr</i>
2 kakk 0 ! <i>kakkbera, kakkþykkur</i>	1 fær 0 ! <i>Færeyjar</i>
2 kar 0 ! <i>karbættur</i>	1 glim 0 ! <i>glimskakka</i>
2 nýstár 0 ! <i>nýstárlegur</i> ²⁵	1 gran 0 ! <i>gransöngvari</i>
2 ré 0 ! <i>rélegur</i>	1 grund 0 ! <i>grundvöllur</i>
2 rú 0 ! <i>rúbaggi, rúétinn</i>	1 ham 0 ! <i>hamborg</i>
2 rúnn 0 ! <i>rúnnhöggva, rúnnsalta</i>	1 hann 0 ! <i>hannyrðir</i>
2 síl n ! <i>sílgrænn, sílspíkaður</i>	1 há 0 ! <i>hábinda</i>
2 skjallur adj ! <i>skjallahvítur</i>	1 himpi 0 ! <i>himpigimpi</i>
2 snur 0 ! <i>snurfusa</i> ²⁶	1 hind 0 ! <i>hindber</i>
2 við 0 ! <i>viðamikill</i>	1 hí 0 ! <i>híbýli</i>
2 virkja 0 ! <i>virkjamikill</i>	1 hnar 0 ! <i>hnarreistur</i>
2 öldur 0 ! <i>öldurmenni</i>	

²⁴Hér verður ekki rakið hvernig hver orðhluti er tilkominn í málinu enda er hér miðað við samtímalega greiningu, samkvæmt málkenndinni einni.

²⁵Skv. *Íslenskri orðsifjabók* (Ásgeir Blöndal Magnússon 1989) er uppruni þessa orðhluta óljós; sennilegt er að málnotendur tengi fyrri hlutann við lýsingarorðið *nýr* en það gerir Ásgeir ekki beinlínis. Hér er orðhlutinn því ekki greindur í sundur.

²⁶Sennilega væri réttara að skipta þessu orði ekki, sjá þó *Íslenska orðsifjabók* (1989) þar sem vísað er í afbrigðið *snurfusa* og rótskyldu sögnina *fusa* til að sýna myndanskiptinguna.

1 hnó 0 ! <i>hnóhnika</i>	1 spíg 0 ! <i>spígspora</i>
1 hol 0 ! <i>holland</i>	1 splunkur 0 ! <i>splunkurnýr</i>
1 hrok 0 ! <i>hrokbullandi</i>	1 spró 0 ! <i>sprósetja</i>
1 húllum 0 ! <i>húllumhæ</i>	1 stikk 0 ! <i>stikkfrí</i>
1 hý 0 ! <i>hýbýli</i>	1 sum 0 ! <i>sumtag</i>
1 hýa 0 ! <i>hýalín</i>	1 svaka 0 ! <i>svakafenginn</i>
1 iðja 0 ! <i>iðjagrænn</i>	1 sváfa 0 ! <i>sváfalækur</i>
1 ítar 0 ! <i>ítarlega</i>	1 svigur 0 ! <i>svigurmæli</i>
1 kampa 0 ! <i>kampavín</i>	1 tas 0 ! <i>tasvígur</i>
1 kapp 0 ! <i>kappmella</i>	1 tá 0 ! <i>táhreinn</i>
1 kartur m ! <i>kartnagla</i>	1 tér 0 ! <i>ótérlegur</i>
1 koð 0 ! <i>koðræna</i>	1 tindil 0 ! <i>tindilfættur</i>
1 kræsa v ! <i>kræsilegur</i>	1 vanin adj ! <i>vaninhyrður</i>
1 köpur 0 ! <i>köpuryrði</i>	1 vág 0 ! <i>vágbinda</i>
1 lís 0 ! <i>lispund</i>	1 ve 0 ! <i>vefengja</i>
1 lú n ! <i>lúberja</i>	1 veimil 0 ! <i>veimiltíta</i>
1 marin 0 ! <i>marinkjarni</i>	1 ver n ! <i>vergangur</i>
1 naður 0 ! <i>naðurrullur</i>	1 vett 0 ! <i>vettvangur</i>
1 reddu 0 ! <i>redduskel</i>	1 virka 0 ! <i>virkamikill</i>
1 riga 0 ! <i>rigaporskur</i>	1 vor 0 ! <i>vorkenna</i>
1 ræ 0 ! <i>rækarl</i>	1 ýtar 0 ! <i>ýtarlega</i>
1 skrá 0 ! <i>skráþurr</i>	1 þul 0 ! <i>þulbaldi</i>
1 skút 0 ! <i>skútyrði</i>	1 ær 0 ! <i>ærlegur</i>
1 sleifara 0 ! <i>sleifaralag</i>	1 önd 0 ! <i>öndverður</i>
1 slembi 0 ! <i>slembilukka</i>	1 örv 0 ! <i>örvhentur</i>
1 span 0 ! <i>spangóla</i>	

Mörkin á milli orðhlutanna í þessum lista og í listanum um erlend stakmyndön í íslensku (8) eru alls ekki ljós og sama máli gegnir um mörkin á milli (9) og (10) hér á eftir en þar eru orðhlutar sem í eru stofnbrigði sem ekki koma fram í sjálfstæðum myndum orða. Þessari flokkun er því fremur ætlað að sýna hve fjölbreytilegir þessir liðir eru en að hér sé um eðlisflokkun að ræða.

5.3.1.3 Bundnir stofnar og stofnbrigði

Í (10) hér á eftir eru orðhlutar þar sem auðvelt er að finna sömu rætur í öðrum orðum, án þess að þær komi fyrir nema í orðum sem eru afrakstur af einhvers konar orðmyndunarreglum, t.d. *loð* í *loðband* sem líka kemur fyrir í afleidda orðinu *loðinn*, *freð* í *freðfiskur* og *freðmýri* sem líka finnst í afleidda orðinu *freðinn* og *sjald* í *sjaldgæfur* en þar er ljóst að um rót er að ræða þegar atviksorðið *sjaldan* er haft í huga. Þarna er erfitt að sjá nákvæmlega hver orðmyndunartengslin eru enda eru þarna á ferðinni stofnar eða stofnbrigði sem hafa mjög takmarkaða dreifingu og koma t.d. ekki fyrir í beygingarmyndum grunnorða af þessum rótum. Þá eru afbrigði í listanum sem aðeins koma fyrir bundin, t.d. *at-* og *viður-* (sbr. *athöfn* og *viðurværi*) en frjálsu myndönnin *að* og *við* eru ekki greind sem forskeyti hér þótt svo sé stundum gert (sjá t.d. tilvísun í leiðbeiningar um greiningu forskeyta í Ritmáls-skrá OH á bls. 97 hér að framan).²⁷ Samkvæmt greinimörkum sem Aronoff og Sridhar (1988) setja fram um muninn á forskeytum og samsetningarliðum eru stofnbrigði e.t.v. nóg til að gera þarna greinarmun á en þeir sýna einmitt dæmi úr kannada um samstofna orðhluta þar sem annar kemur fyrir frjáls en hinn ekki og greina síðan bundna liðinn sem forskeyti, aðallega með hljóðkerfisfræðilegum rökum (sjá Aronoff & Sridhar 1988:181).

²⁷Í sögulegri greiningu er *at* til dæmis greint sem forskeyti; sjá *Íslenska orðsifjabók* (Ásgeir Blöndal Magnússon 1989).

Þar hlýtur þó fleira að þurfa að koma til en það eitt að í orðhlutunum séu stofnbrigði sem aldrei koma fyrir frjáls og hér verða slíkir orðhlutar ekki taldir til forskeyta þar sem í þeim eru óumdeilanlega rætur og þeir gegna ekki málfræðilegu hlutverki.

Þá eru þarna dæmi um orðhluta sem koma fyrir sem beygðir fyrri hlutar í orðum án þess að koma nokkurn tíma fyrir sem sjálfstæð orð, t.d. *dánar-* í *dánardægur* en skv. *Íslenskri orðsifjabók* er þetta beygingarmynd af kvenkynsorðinu *dán*. Álitamál er hvort orð af þessu tagi eiga heima hér eða á listanum hér á undan um eiginleg stakmyndön (9) og byggist staðsetningin hér á því að málnotandinn sjái skyldleika orðhluta eins og *dánar-* og rótskylds orðs eins og *dáinn*. Mjög er þó óvíst hvernig þessu er farið í einstökum orðum og eins hlýtur hér að vera munur milli manna. Tveir af liðunum geta sennilega líka staðið sjálfstæðir, þ.e. *gervi* og *vara*, en einhverjar hömlur virðast samt vera á dreifingu þeirra.

(10) Stofnbrigði og bundnir stofnar:

52 kven 0 ! <i>kvenfrelsi</i>	3 freð 0 ! <i>freðfiskur; freðmýri</i>
33 ger adv ! <i>gersemi</i> ²⁸	2 hryn 0 ! <i>hrynhenda</i>
28 þaul 0 ! <i>þaulspyrrja</i> ²⁹	2 sví 0 ! <i>svívirða</i>
23 at adv ! <i>athöfn</i>	2 ýkja adv ! <i>ýkjahár</i>
18 gervi adj ! <i>gerviblóm</i>	1 dratt 0 ! <i>dratthalast</i>
18 vara adv ! <i>varaforseti</i>	1 endrar adv ! <i>endrar nær</i>
14 viður 0 ! <i>viðurloða</i>	1 fúk 0 ! <i>fúkyrða</i>
12 sjald adv ! <i>sjaldgæfur</i>	1 gjörvi 0 ! <i>gjörvilegur</i>
11 dá 0 ! <i>dádýr</i> ³⁰	1 hræva 0 ! <i>hrævadaunn</i>
11 loð n ! <i>loðband</i>	1 hrævar 0 ! <i>hrævar</i>
9 dán f ! <i>dánardægur</i>	1 leiðin 0 ! <i>leiðinlegur</i>
8 glæsa v ! <i>glæsikona</i>	1 mæti n ! <i>mætismaður</i>
7 gis 0 ! <i>gistenntur</i>	1 stjórn m ! <i>stjórnborðamegin</i>
7 grand 0 ! <i>grandgæfa</i>	1 sunn adv ! <i>sunnlands</i>
5 bryn 0 ! <i>bryndreki</i>	1 vað f ! <i>vaðmál</i>
5 skar 0 ! <i>skarkoli</i>	1 vös 0 ! <i>vösólfur</i>
4 gol 0 ! <i>golbíldóttur</i>	1 ævar 0 ! <i>ævargamall</i>

Loks er þá að geta nokkurra orðhluta sem eru eins konar afbakanir af ýmsu tagi eða styttingar, t.d. *obbo* í *obbolítill*.

(11) Afbakanir:

au 0 ! <i>aufúsa, austroka, auvirða, auvirði</i>	du 0 ! <i>dulítill</i>
obbo 0 ! <i>obbolítill, obbovel</i>	ass 0 ! <i>assvíti</i>
ba 0 ! <i>bastofa</i>	hans 0 ! <i>hansvítis</i>
a 0 ! <i>askoti</i>	hitti 0 ! <i>hittifyrra</i>
he 0 ! <i>hegrýtis</i>	

Liðirnir í (10) og (11) verða ekki flokkaðir frekar hér en þeir eiga það allir sameiginlegt að geta ekki verið forskeyti samkvæmt þeim skilgreiningum sem settar hafa verið fram

²⁸Skv. *Íslenskri orðsifjabók* er þessi orðhluti skyldur sögninni *gera*. Tengslin eru samt svo óljós að e.t.v. ætti að greina þetta sem e.k. stakmyndan, þrátt fyrir dæmafjöldann.

²⁹Orðhlutinn *þaul-* kemur líka fyrir frjáls í orðasambandinu *spyrrja í þaula* en er samt greindur hér sem bundið myndan vegna þess hve sjaldgæfur hann er og fastbundinn orðasambandinu.

³⁰Hér er í verunni sennilega um fleiri en einn lið að ræða; í *dáfallega, dálítill* er liðurinn sennilega skyldur sögninni *dá*.

hér að framan. Þeir eru að vísu allir bundnir en í þeim öllum hlýtur að teljast vera rót og enginn þeirra gegnir málfræðilegu hlutverki fremur en að hann hafi eiginlega merkingu.

Sama máli gegnir um sjö orðhluta til viðbótar sem allir eru taldir vera bundnir en sumir þeirra eru talsvert algengir. Þetta eru stofnbrigði af töluorðum og þar með er auðvitað rót í þeim öllum.

(12) **Töluliðir:**

		adj	adv	no	v	
237	tví num !	94	8	53	82	<i>tvíbreiður, tvíhendis,</i> <i>tvídægra, tvíbrjóta</i>
108	þrí num !	44	4	26	36	<i>þríheilagur, þrísinnis,</i> <i>þrífótur, þríkrossa</i>
3	þre num !	1			2	<i>þrevetur, þrefalda</i>
2	fír num !	2				<i>fírkantur, fírtomma</i>
2	tvæ num !	1		1		<i>tvævetur, tvævetla</i>
1	þrenn num !	1				<i>þrennmenningur</i>
22	fer num !	7		12	3	<i>ferkantaður, fersöngur, ferhöggva</i>

Hér verða þessir orðhlutar ekki taldir til forskeyta með þeim rökum að sumir þeirra koma fyrir í afleiddum orðum þar sem þeir hljóta að taka stöðu X^0 í orðmyndunarreglunum, t.d. í *tvíund*, *þríund*, *ferund*, *þrennd* og *þrenning*. Tíðnitölur um þessa liði sjást í (12) og eru þær sundurgreindar eftir orðflokki síðari hlutanna sem töluliðirnir bætast framan við og síðan gefin dæmi um hvern orðflokk.

Ef allir þeir liðir sem nú hafa verið taldir upp eru ekki taldir til forskeyta fer hringurinn að þrengjast.

5.3.1.4 Hefðbundin íslensk forskeyti

Nú standa eftir 19 bundnir fyrri hlutar og meðal þeirra eru sumir þeir orðhlutar sem algengastir eru í gagnasafninu, t.d. *ó-* sem er þar efst á blaði, *al-* sem er í nítjándasta sæti og *for-* sem er í þrítugasta sæti. Hér eru liðir sem venjulegt er að telja til forskeyta í íslensku, t.d. hjá Birni Guðfinnssyni (*and-*, *for-*, *mis-*, *ó-*, *tor-* og *ör-*; sjá bls. 61 hér að framan). Allir orðhlutarnir eru greindir sem forskeyti í ritgerð Sigrúnar Þorgeirsdóttur (1986, sjá lista um forskeyti hjá henni í (5) á bls. 66–67 hér); flestir sem bundin forskeyti: *ó-*, *al-*, *for-*, *endur-*, *frum-*, *fjöl-*, *ör-*, *gagn-*, *and-*, *auð-*, *tor-*, *einka-* og *fjar-*; þrír sem hálfbundin forskeyti: *mis-*, *sí-* og *van-*; og loks þrír sem forskeyti 2, sem eru þá ekki bundin: *sam-*, *all-* og *ná-*. Hér fer á eftir listi um þessa orðhluta, ásamt dæmum og tölum um það við hvaða orðflokka þeir tengjast:

(13) **Forskeyti?**

		adj	adv	no	v	
1486	ó 0 !	1116	166	178	26	<i>óaðfinnanlegur, ókeypis,</i> <i>óvit, óstillast</i>
323	sam adv !	89	19	134	81	<i>samaldra, samhliða,</i> <i>samhljómur, samgróa</i>
253	al 0 !	151	10	48	44	<i>alauður, albyrðis,</i> <i>albirta, alsýkna</i>
216	for adv !	29	12	82	93	<i>forgamall, forðyrir,</i> <i>forhönd, forþéna</i>
169	endur 0 !	7		28	144	<i>endurkræfur, endurfundur,</i>

					<i>endurtaka</i>
141	mis adv !	43	5	27	66 <i>misaldra, mislengi,</i>
					<i>misgengi, mismuna</i>
113	sí 0 !	69	1	4	39 <i>síblautur, síávallt,</i>
					<i>síbylja, sígeispa</i>
105	frum 0 !	14		79	12 <i>frumbjarga, frumbók,</i>
					<i>frumkveða</i>
99	van 0 !	29	1	31	38 <i>vanfær, vanhauta,</i>
					<i>vaneldi, vanmeta</i>
83	fjöl adj !	42	1	27	13 <i>fjölfjóður, fjölvíða,</i>
					<i>fjölbýli, fjölmenna</i>
79	ör 0 !	43	2	22	12 <i>ördaður, örsjaldan,</i>
					<i>örtröð, örvænta</i>
78	gagn adv !	39		18	21 <i>gagnauðugur, gagnárás,</i>
					<i>gagnálykta</i>
67	all 0 !	23	44		
60	and 0 !	17	8	26	9 <i>andbreskur, andfætis,</i>
					<i>andlag, andmæla</i>
52	auð 0 !	43	4		5 <i>auðsær, auðsýnilega,</i>
					<i>auðvelda</i>
31	tor 0 !	20		4	7 <i>torgleymdur, torfæra,</i>
					<i>torvelda</i>
31	ná 0 !	14	2	11	4 <i>nákunnur, nálega,</i>
					<i>nágrenni, nástæla</i>
31	einka 0 !	1	1	29	<i>einkalegur, einkalega,</i>
					<i>einkaeign</i>
20	fjar adv !	9	1	7	3 <i>fjarsýnn, fjarlendis,</i>
					<i>fjarsveit, fjarstýra</i>

Efst á þessum lista trónir sá orðhluti sem er algengastur allra orðhluta í gagnasafninu,³¹ þ.e. bundni fyrri hlutinn *ó*-. Ef einhverjir orðhlutar í íslensku eiga að teljast til forskeyta þá er hér kominn sá sem þar er efstur á blaði og verður hann því athugaður sérstaklega hér.

Eins og sjá má af greiningunni fær *ó*- enga orðflokksmerkingu enda yrði að greina orðflokk út frá merkingarlegu sjónarmiði eingöngu þar sem orðhlutinn kemur ekki fyrir nema sem bundinn fyrri hluti.³² Merkingarlega mætti e.t.v. greina þetta sem atviksorð eins og neitunarorðið *ekki*. Virknin er mikil, eins og sjá má af tölunum, og loks myndu sumir líklega telja orðhlutann gegna málfræðilegu hlutverki, fremur en að hann hafi eiginlega merkingu. Samkvæmt Sigrúnu Þorgeirsdóttur hefur *ó*- tvær aðalmerkingar: „Í fyrsta lagi táknar *ó*- neitun ... Þessi merking er algengust með lo. og lh. en einnig höfð með no. og jafnvel ao.“ (Sigrún Þorgeirsdóttir 1986:45; meðal dæma hennar eru *óbyggð*, *ódauðleiki*; *óánægður*, *ófrumlegur*; *óbeinlínis*). Hin merkingin á *ó*- er, skv. Sigrúnu, „e–ð neikvætt, vont, óaðlaðandi“ (s.st.; meðal dæma hennar eru *óbeit*, *óbragð*; *ófrægja*, *óhreinka*).³³ Í hreinni neitunarmerkingu má auðveldlega halda því fram að *ó*- hafi málfræðilegt hlutverk enda gegnir orðhlutinn þar sama hlutverki og atviksorðið *ekki* sem vissulega er stundum talið hafa málfræðilegt hlutverk, a.m.k. hjá þeim setningafræðingum sem setja upp

³¹Hér er rétt að minna á að beygingarendingar eru ekki með í þessum tölum.

³²Þá er upphrópunin *ó* talin einsheiti; sjá líka athugasemd um orðasambandið *að vera um og ó* á bls. 143 hér á undan.

³³Í *Íslenskri orðsifjabók* (Ásgeir Blöndal Magnússon 1989:682) er merkingin þrískipt: „... *ó*- umhverfir merkingu jákvæðra orða ..., gefur hlutlausum orðum niðrandi tákngildi ... og herðir á merkingu (sumra) neikvæðra orða“.

setningarhríslur sínar þannig að neitunin eigi heima í sérstökum neitunarlið í setningunni (þ.e. í kerfisliðnum eða „fúnksjónal“ hausnum NegP).³⁴ Hins vegar er erfiðara að finna út hvaða málfræðilegu hlutverki *ó-* gegnir þegar það er ekki neitun en hefur niðrandi merkingu. Skilin á milli merkingar og málfræðilegs hlutverks eru ekki ljós þarna. Þá má einnig deila um það hvort *ó-* er rót eða ekki. Meira að segja í hefðbundinni sögulegri greiningu er þetta vafaatriði. Í *Íslenskri orðsifjabók* er *ó-* sagt vera neikvæður forliður, upprunninn af hvarfstigi neitunarorðsins **ne* en í því hlýtur að teljast vera rót, sbr. orðin *nei* og *né*. Í ensku er sami orðhluti (þ.e. *un-*) hins vegar hiklaust greindur sem forskeyti, bæði í málfræðibókum og í orðabókum, t.d. í *Oxford English Dictionary* (1989). Ef miðað er við að forskeytið þurfi að vera birtingarvísir orðmyndunarlegrar formdeildar verður erfiðara að rökstyðja að *ó-* sé forskeyti þar sem það umhverfir merkingu orða en breytir hins vegar ekki málfræðilegum orðasafnsþáttum.

Málfræðilegt hlutverk annarra orðhluta en *ó-* í listanum í (13) er enn óljósara og athugun á því hvort í orðhlutunum er rót eða ekki leiðir í ljós að mjög fáir orðhlutar fullnægja öllum skilyrðunum þremur í skilgreiningunni í (2) á bls. 139. Dæmi um nákvæmlega sömu mynd finnast í grunnorðum eða afleiddum orðum í sjö af þeim liðum sem taldir eru upp í (13) (sjá (14) a) og afleiddu orðin sem hér eru notuð til samanburðar eru öll viðskeytt og viðskeytin sjálf eru ekki rætur (sjá 5.3.2.2 hér á eftir). Í þremur tilfellum koma liðirnir fyrir í í föstum orðasamböndum (sjá (14) b).³⁵

(14) **Orðhlutar sem hljóta að teljast rætur:**

- | | | | |
|---|----|--------|-----------------------------------|
| a | 1. | sam- | saman, samur |
| | 2. | frum- | fruma, frums, frumsa |
| | 3. | fjöl- | fjöld, fjöldi, fjölga |
| | 4. | all- | allur |
| | 5. | ná- | nánd |
| | 6. | einka- | einkar, einkum, einn |
| | 7. | fjar- | fjarri |
| b | 1. | mis- | fara einhvers á mis, farast á mis |
| | 2. | sí- | sí og æ |
| | 3. | van- | ýmist of eða van |

Með því að vísa til þess að reglan sem býr til rótlaus orð sé ekki gild (sjá bls. 105 og 139 hér að framan) er því útilokað að þessir liðir geti talist vera forskeyti ef það er talið vera skilgreiningaratriði að aðskeyti séu ekki rætur.

Fjórir orðhlutar í (13) bera þess öll merki að í þeim sé rót þótt málnotendur sjái ekki endilega sögulegan skyldleika við önnur afbrigði rótanna sem þar eru. Í *Íslenskri orðsifjabók* eru tveir þessara orðhluta taldir vera forskeyti, þ.e. *al-* og *for-*, en tekið er fram að þeir séu skyldir sjálfstæðu orðunum *allur* og *fyrir* þannig að í orðhlutunum hlýtur að vera (eða a.m.k. hafa verið) rót. Orðhlutarnir *endur-* og *gegn-* eru ekki greindir sem forskeyti í *Íslenskri orðsifjabók*. Fyrri orðhlutinn er upprunalega sagður vera sjálfstætt atviksorð með merkinguna ‘forðum; aftur, á ný’ en sá síðari er sagður vera skyldur atviksorðinu *gegn*:

³⁴Sjá t.d. Pollock (1989).

³⁵Hugsanlega á *ó-* heima hér líka en merking orðhlutans er ekki sú sama í orðasambandinu *að vera um og ó*. Þar gæti því verið um einsheiti að ræða, jafnvel frekar í ætt við upphrópunina *ó*.

(15) Orðhlutar sem eru sennilega rætur:

	Hluti skýringa úr <i>Íslenskri orðsifjabók</i> (1989):
al-	forsk. 'fullkomlega, öldungis', sbr. <i>algóður</i> , <i>almennur</i> o.s.frv.; ... Sjá <i>allur</i> .
for-	forskeyti, m.a. í merkingunni 'fyrir, áður, undan, fram', en líka með herðandi og/eða neikvæðu tákngildi, sbr. <i>forganga</i> , <i>forspá</i> , <i>forbrekkis</i> , <i>fordæða</i> , <i>forsköp</i> ... Stundum kom fs. <i>fyrir</i> inn í stað forsk. <i>for-</i> , sbr. t.d. <i>fyrirlíta</i> , <i>fyrirverða</i> , ... Forskeytið <i>for-</i> er sk. <i>fara</i> , <i>fer-</i> (1), <i>fjarri</i> , <i>frá</i> , <i>fram</i> , <i>fyr-</i> (2) og <i>fyrir</i> (1 og 2) ...
endur-	endur ... ao. 'forðum; aftur, á ný' (einkum sem forsk. <i>endur-</i>) ...
gagn-	forliður 'mót-, á móti'; sbr. <i>gegn-</i> (3), ... Uppruni og orðmyndun óljós; fs. (ao.) og forl. e.t.v. leidd af no. eða lo. sbr. í <i>gegn(um)</i> ... Sjá <i>gegn</i> (2).

Ógerlegt er að ganga úr skugga um það hvert málvitundin leiðir í glímunni við orðhluta af þessu tagi. Samkvæmt sögulegu greiningunni hér að ofan eru rætur í þessum orðhlutum, eða hafa a.m.k. verið það á einhverju stigi í málsögunni. Í samtímalegri greiningu er sennilega alls ekki hægt að skera úr um þetta.

Þá eru eftir fjórir orðhlutar úr listanum í (13). Þetta eru liðirnir *ör-*, *and-*, *auð-* og *tor-*. Allir þessir liðir eru greindir sem forskeyti í *Íslenskri orðsifjabók* og sem bundin forskeyti 1 hjá Sigrúnu Þorgeirsdóttur (sjá bls. 66 hér að framan). Með þeim aðferðum sem hér hafa verið notaðar til að komast að því hvort um rót er að ræða fæst engin niðurstaða varðandi þessa liði; þeir koma ekki fyrir í afleiddum orðum þar sem síðari hlutinn er örugglega viðskeyti sem í er engin rót. Orðhlutarnir fjórir virðast mun fremur hafa merkingu en málfræðilegt hlutverk, eins og sjá má af eftirfarandi skýringum úr *Íslenskri orðsifjabók*:

(16) Fjórir orðhlutar sem eftir standa:

	Hluti skýringa úr <i>Íslenskri orðsifjabók</i> (1989):
and-	forsk. 'gegn, á móti, ...'; ... Frummerking forskeytisins er 'gegn, á móti, (í átt) til', en það er einnig haft í merk. 'burt' eða 'frá', og raunar er staðarleg merking þess stundum horfin ...
auð-	forsk. í <i>auðsær</i> , <i>auðveldur</i> o.s.frv.; ... leitt af * <i>auþa-</i> l., ... [sbr. fornensk og fornháþýsk orð með merkingunni 'auðveldur, þægilegur']
tor-	forsk. sem táknar vandkvæði eða örðugleika; ...
ör-	forsk. bæði nafnyrða og sagna, merking mismunandi, aðallega ýmist neitandi eða herðandi, sbr. annars vegar <i>örbirgur</i> , <i>örbjarga</i> , <i>öreigi</i> , <i>örhjarta</i> , <i>örísa</i> , <i>örsauði</i> , <i>örsekur</i> , <i>öruggur</i> , <i>örvænn</i> og svo hins vegar <i>ördeyða</i> , <i>öreyða</i> , <i>örfoka</i> , <i>örmæddur</i> , <i>örsuga</i> , <i>örtaka</i> , <i>örþjáður</i> ... Sjá fs. <i>or</i> (2) og <i>úr</i> (9).

Miðað við ströngustu skilgreiningu á aðskeyti, eins og í (2) á bls. 139 hér, er e.t.v. ekki einu sinni hægt að telja þessa fjóra orðhluta til forskeyta; til þess þarf að skilgreina málfræðilegt hlutverk þeirra. Þá benda tölur um tíðni þeirra í safninu tæplega til þess að þeir gegni málfræðilegu hlutverki, en eins og sjá má í (13) á bls. 150–151 þá eru tölurnar ekki háar (*ör-* 79, *and-* 60, *auð-* 52 og *tor-* 31).

5.3.1.4 Eru forskeyti til í íslensku?

Nú hafa allir bundnir fyrri hlutar sem fyrir koma í gögnunum verið skoðaðir og niðurstaðan er sú að langflestir þeirra séu stakmyndön eða bundnir stofnar (eða rætur) af einhverju

tagi en ekki forskeyti. Greinimörkin sem notuð eru hér eru mjög ströng, þ.e. að orðhlutarnir gegni málfræðilegu hlutverki og að í þeim séu ekki rætur. Í raun og veru eru það aðeins liðirnir *ó-*, *ör-*, *and-*, *auð-* og *tor-* sem erfitt er að útiloka sem forskeyti á þessum forsendum þar sem vont er að skera úr um hvort í þeim eru rætur eða ekki. Hins vegar er ekkert sem bendir ótvírætt til þess að þessir orðhlutar gegni málfræðilegu fremur en merkingarlegu hlutverki í orðmynduninni. Miðað við þessar forsendur er staða þeirra sem aðskeyta því fremur veik.

Mikil tíðni *ó-* bendir til þess að orðhlutinn geti verið kerfisfyrirbæri enda er hann algengastur allra orðhluta í gögnunum. Hinir orðhlutarnir fjórir eru fátíðari eins og sést í (13) á bls. 150–151. Þar kemur líka fram að dreifing þessara orðhluta í orðmynduninni kemur illa heim við kenninguna um einsleitan grunn (*The Unitary Base Hypothesis*) en samkvæmt henni á aðskeyti aðeins að bætast við orðmyndunargrunn af einum orðflokki eða a.m.k. aðeins við orðmyndunargrunn sem hefur einhvern einn tiltekinn orðflokksþátt (sjá bls. 25 hér að framan). Orðhlutinn *ó-* virðist þannig bætast framan á orð af höfuð-orðflokkinum fjórum (lo: 1.116, ao: 166, no: 178, so: 26) og sama máli gegnir um *ör-* (lo: 43, ao: 2, no: 22, so: 12) og *and-* (lo: 17, ao: 8, no: 26, so: 9). Orðhlutarnir *auð-* og *tor-* bætast hins vegar framan við orð af þremur af höfuðorðflokkinum, (*auð-* lo: 43, ao: 4 og so: 5 og *tor-* lo: 20, no: 4 og so: 7). Þetta atriði bendir því til þess að orðhlutarnir séu samsetningarliðir fremur en aðskeyti þar sem eitt af einkennum samsetningarliða er að geta bæst við hvaða orðflokk sem er, ef skilyrðum um merkingarvensl er fullnægt.

Niðurstaðan er því samhljóða greiningu Alexanders Jóhannessonar (1929) og Halldórs Halldórssonar (1950) sem ekki gera ráð fyrir sérstökum flokki forskeyta í greiningu sinni á íslenskri orðmyndun (sjá 3.2.1 og 3.2.3 hér að framan og (17) á bls. 83). Niðurstaðan er líka að því leyti sú sama og hjá Sigrúnu Þorgeirsdóttur (1986, sjá 3.3.2 hér) að þeir liðir sem venja er að telja til forskeyta í íslensku eru ekki flokkaðir með viðskeytum hér og taldir til aðskeyta. Hins vegar hefur ekkert komið fram hér sem styður þá greiningu Sigrúnar að forskeyting sé sérstök tegund orðmyndunar sem hvorki telst til afleiðslu né samsetningar enda byggir hún þar á merkingarlegum forsendum en hér er stuðst við formið eitt.

5.3.2 Samanburður á bundnum og frjálsum síðari hlutum og viðskeytum

Vegna þeirrar stefnu sem tekin var í greiningunni þar sem gerður er munur á bundnum síðari liðum og viðskeytum í kerfinu sjálfu (sjá kafla 4.5.3.2 hér að framan) er nokkru flóknara að skoða tölurnar sem fram koma í (3) á bls. 140 um síðari hluta orða. Hér þarf að bera saman þrjá flokka orðhluta, þ.e. grunnorð sem síðari hluta (*g*), bundna síðari hluta (!) og loks þá orðhluta sem greindir eru sem viðskeyti í gagnasafninu hér. Reyndar þarf líka að athuga fjórða flokkinn, bundna afleidda liði (sjá 4.5.3.3.1 hér að framan), ef haft er í huga hvaða liðir eru greindir sem viðskeyti hjá Þorsteini G. Indriðasyni (1994) en sum af viðskeytum hans eru hér talin af þessari gerð, t.d. *-laga*, *-látur*, *-leiðis*, *-lendi*, *-lífi*, *-lægur*, *-læti*, *-neyti* og *-nætti* (sjá (14)b á bls. 77 hér að framan). Í því sem hér fer á eftir er vert að hafa í huga niðurstöður hans um flokkun viðskeyta og mismunandi hljóðkerfislega hegðun þeirra sem birtist í skiptingu þeirra í tvo flokka.

Eins og fram kemur hér að framan var máltilfinningin í fyrstu látin ráða hvaða liðir voru greindir sem viðskeyti en síðan var greiningin samræmd. Af samanburðinum hér ættu því bæði að fást niðurstöður um mismun milli flokka og ekki síður um það hvort greiningin er sjálfri sér samkvæm. Strax í upphafi var gengið út frá því í gagnagreiningunni að aðskeyti væru bundnir liðir og því hefur verið fylgt nema um orðhlutana *-dómur*, *-leiki*, *-leikur* og *-samur* sem eru greindir hér sem viðskeyti, vegna áhrifa frá hefðbundinni umfjöllun (sjá t.d. kaflann um greiningu Halldórs Halldórssonar, 3.2.3 hér að framan). Orðhlutinn *háttur* var hins vegar ekki greindur sem viðskeyti heldur sem grunnorð,

á þeim forsendum að merkingarlegu tengslin milli grunnorðsins og samsetningarliðar í orðum eins og *afglapaháttur* væru alls ekki óljós.³⁶ Þarna er því ekki fullt samræmi í greiningunni þar sem ekki er alltaf gert ráð fyrir því að viðskeytin megi ekki koma fyrir sem sjálfstæð orð. Hér á eftir verða þessi atriði skoðuð nánar í ljósi þess hvort gera á það að skilyrði að aðskeyti gegni málfræðilegu hlutverki en þó sérstaklega með tilliti til þess hvort í þessum orðhlutum er rót eða ekki.

5.3.2.1 Grunnorð sem síðari hlutar

Í töflum (17) og (18) hér á eftir eru tölur um tíðni þeirra síðari hluta sem greindir eru sem viðskeyti og grunnorð í gögnunum og eins og sjá má eru tölur um algengustu grunnorð og viðskeyti nokkuð áþekkar. Í þessum samanburði koma tíðnitölur því ekki að gagni til að benda á hugsanleg kerfisfyrirbæri. Algengasta grunnorðið sem síðari hluti er *laus* en næst á listanum eru *maður*, *mál*, *mikill* og *lítill*. Tölur um 95 algengustu grunnorð sem síðari hluta eru þessar:

(17) Seinni hlutar í tíðniröð, grunnorð:

930 laus adj g	99 vél f g	68 bragð n g	57 far n g
753 maður m g	95 steinn m g	68 fagur adj g	57 skrá f g
238 mál n g	94 band n g	67 bera v g	56 fundur m g
201 mikill adj g	94 skip n g	67 heimur m g	56 vald n g
196 lítill adj g	90 háttur m g	66 lína f g	55 grænn adj g
187 hús n g	87 líf n g	66 tæki n g	55 hár adj g
158 efni n g	85 blað n g	65 borð n g	55 stofa f g
156 lag n g	85 gjarn adj g	65 magn n g	54 dýr n g
151 fullur adj g	85 setja v g	63 fall n g	54 leið f g
136 dagur m g	83 veður n g	63 gjald n g	54 tíð f g
133 saga f g	81 fiskur m g	62 barn n g	53 jörð f g
131 mynd f g	80 sæll adj g	62 sjóður m g	53 list f g
126 góður adj g	79 fær adj g	60 bátur m g	53 regla f g
126 land n g	79 skóli m g	60 grein f g	53 vara f g
125 kerfi n g	77 flokkur m g	60 hestur m g	53 viður m g
125 tími m g	77 leggja v g	60 hljóð n g	52 færa v g
123 megin adv g	77 staður m g	60 langur adj g	52 hald n g
113 verk n g	76 vegur m g	59 blár adj g	51 bjartur adj g
109 bók f g	75 ár n g	59 fastur adj g	51 draga v g
108 ríkur adj g	75 bréf n g	59 hringur m g	51 veggur m g
107 kona f g	74 merki n g	59 tala f g	50 loft n g
102 orð n g	72 réttur m g	58 binda v g	50 lög npl g
101 stöð f g	72 svæði n g	58 bót f g	50 straumur m g
99 stefna f g	71 garður m g	58 ráð n g	

³⁶Eiríkur Rögnvaldsson (1987) telur orðhlutann *háttur* hins vegar til viðskeyta á merkingarlegum forsendum í grein sinni um tíðni viðskeyta:

... vissulega má deila um hvort það [þ.e. *háttur*] skuli teljast viðskeyti. *háttur* er auðvitað til sem sérstakt orð, í mjög svipaðri merkingu og það hefur í mörgum þeim orðum þar sem ég taldi það viðskeyti. Hins vegar virðist mér oft að sjálfstæð merking þess sé tekin að dofna; og meginástæða þess að ég tek það hér með er sú að það hefur oft alveg sömu merkingu eða hlutverk og *-skapur*, sem er ótvírætt viðskeyti. Það er varla nokkur munur á *kjánaháttur* og *kjánaskapur*, svo að dæmi sé tekið. En vissulega er þetta umdeilanlegt. (Eiríkur Rögnvaldsson 1987)

Efst á listanum í (17) er *laus* sem Þorsteinn G. Indriðason greinir sem viðskeyti í kandiðatsritgerð sinni (sjá (14)b á bls. 77 hér að framan). Þar er *laus* talið til viðskeyta II en þau haga sér eins hljóðkerfislega og samsetningarliðir. Það hlýtur því að vera á merkingarlegum forsendum sem Þorsteinn greinir *laus* sem viðskeyti en ekki kemur fram hvers vegna svo er. Munurinn á greiningunni hér og greiningu Þorsteins byggist á því að hér er gert að skilyrði að aðskeyti séu bundnir liðir en með aðferðum Þorsteins mætti e.t.v. velja því fyrir sér hvort einhver önnur orð í (17) ættu að teljast til viðskeyta, t.d. *fullur* og *gjarn*, en merkingarlega virðast þessir orðhlutar haga sér á svipaðan hátt og *-laus* og *-látur* sem Þorsteinn greinir einnig sem viðskeyti. Þá mætti e.t.v. líka halda því fram að *megin* komi ekki fyrir sjálfstætt, þótt sú greining sé ekki samhljóða þeim reglum sem gilda um íslenska stafsetningu.³⁷ Merkingarvensl með þessum orðhlutum fullnægja þó ekki skilyrðum um málfræðilegt hlutverk þannig að hér verða orðhlutar af þessu tagi ekki greindir sem viðskeyti. Þá koma allir orðhlutarnir í (17) fyrir sjálfstæðir og í þeim er óumdeilanlega röt; þetta er því samanburðarefnið við viðskeytin.

5.3.2.2 Viðskeyti í gögnunum

Viðskeyti þau sem greind eru í gögnunum (ásamt dæmum) eru birt í kafla 4.5.3.2 hér að framan og verða dæmin ekki endurtekin hér. Þar eru viðskeytin sýnd eins og þau koma fyrir í gögnunum og mótask framsetning þeirra af sjálfum stafastrengjunum í orðunum og þau eru ekki samræmd eða sameinuð á neinn hátt. Í (18) hér á eftir er hins vegar einfaldaður listi um viðskeytin og tíðni þeirra þar sem felld eru saman afbrigði. Þannig eru tölur lagðar saman um *-leiki*, *-leikur* og *-leikar*, *-iskur* og *-ískur* o.s.frv., eins og sjá má af listanum sjálfum. Þá eru hér felldar saman tölur úr sjálfri grunngagnaskránni og aukaskránni sem nefnd er á bls. 113 og 115 hér að framan en í henni er að finna afleidd orð þar sem mjög langt er gengið í greiningunni eins og fram kemur þar.³⁸ Tölurnar um viðskeytin eru þessar:

(18) Viðskeyti í tíðniröð:

1034 -legur adj	190 -ur adj	-ttur m	33 -dómur m
891 -lega adv	169 -samur adj	64 -ugur/-agur/	33 -ir m
563 -inn adj	167 -d/-ð/-t f	-gur adj	28 -n f
515 -dur/-ður/	151 -i/-vi m	53 -skapur m	27 -ll/-all/-ull adj
-tur/-ttur adj	131 -a adj	52 -aður/-naður/	22 -indi n/npl
499 -aður/-taður	125 -ni f	-uður m	16 -ull m
adj	121 -ari m	50 -skur adj	15 -ka/-kka v
424 -i/-vi n/npl	111 -i f	50 -ungur/-ungi/	15 -sl/-sli n/npl
420 -a/-ja/-va v	109 -leiki/-leikur/	-lungur/	14 -semi f
418 -ing/-ning f	-leikar m	-tungur/	14 -stur m
398 -un/-an f	101 -andi m	-nungur m	13 -andi adv
335 -ingur/-lingur/	85 -t/-tt adv	49 -rænn adj	12 -átta f
-ningur/	82 -sla f	44 -na v	12 -iskur/-ískur adj
-vingur m	73 -is adv	44 -ur m	12 -semd f
260 -andi adj	73 -óttur adj	37 -ingi m	12 -verji m
251 -ast/-jast/-st v	72 -ska f	34 -a adv	11 -ð adv
243 -a/-ja/-va f	65 -ður/-tur/	34 -ill m	

³⁷Í Ritmálsskrá OH eru 190 atviksorð sem enda á *-megin*, þ.á m. *bílstjórámegin*, *vindmegin*, *sunnanmegin*, *sólararmegin*, *finnlandsmegin*, *kreditmegin* og *hinumegin*, *öðrumegin*. Síðustu tvö orðin eru venjulega rituð í tveimur orðum en hin ekki.

³⁸Tölum um 'núll'-viðskeytingu er sleppt enda er hún venjulega ekki tiltekin í gögnunum þótt örlítið af slíku efni hafi slæðst inn á stöku stað.

10 -ast/-st adv	4 -s adv	1 -asta f	1 -kur m
10 -na adv	3 -aldur m	1 -da v	1 -l adj
10 -ræna f	3 -all m	1 -di n	1 -ma v
9 -an adv	3 -angur m	1 -ða f	1 -mi m
9 -ga v	3 -gi f	1 -era v	1 -n m
9 -i/-vi adj	3 -la adv	1 -ga adj	1 -na adj
9 -verskur adj	3 -ni n	1 -gan f	1 -na f
8 -i adv	3 -r adj	1 -gar mpl	1 -ni m
8 -ung/-jung f	3 -sa adj	1 -gin npl	1 -sa v
8 -usta/-ysta f	2 -að adj	1 -heit npl	1 -ska v
7 -isti m	2 -aldur n	1 -ið adj	1 -skast v
7 -la f	2 -astur adj	1 -ind f	1 -ski m
7 -und f	2 -di m	1 -ingja f	1 -sna f
6 -ja adj	2 -elsi n	1 -ingur n	1 -sni n
6 -ka/-kka f	2 -eskja f	1 -inn m	1 -stur n
5 -ald n	2 -ísera v	1 -irí n	1 -t adj
5 -n adj	2 -stur adj	1 -is adj	1 -um adv
4 -erni n	2 -ur n	1 -ismi m	1 -undur m
4 -ildi/-rildi n	1 -an n	1 -ist f	1 -ur adv
4 -ja adv	1 -anskur adj	1 -í n	
4 -neskur adj	1 -asta adj	1 -kur adj	

Eins og sjá má er tíðni þessara orðhluta mjög mismunandi. Flestir orðhlutarnir virðast gegna málfræðilegu hlutverki fremur en að þeir hafi eiginlega merkingu, á sama hátt og viðskeytin sem notuð eru til skýringar í (1) á bls. 137 hér á undan. Þetta er t.d. augljóst í verknadarnafnorðum og gerandnafnorðum, í sögnum sem leiddar eru af nafnorðum og lýsingarorðum, og í lýsingarorðsmyndum sem eru leiddar af eða eru samhljóða lýsingarháttum.³⁹ Orðhlutar af þessu tagi þar sem tíðnitölur eru háar eiga því með réttu að teljast til viðskeyta, samkvæmt þeirri ströngu skilgreiningu sem sett er fram í (2) á bls. 139 hér að framan, svo framarlega sem í þeim er ekki rót. Ef haldið er fast við þá skilgreiningu eiga orðhlutarnir *-samur*, *-leiki*, *-leikur* og *-dómur* ekki heima á þessum lista þar sem í þeim er klárlega rót og þeir koma fyrir sem sjálfstæð orð. Aðrir orðhlutar sem athuga þarf með tilliti til þessa eru síðan *-legur*, *-lega*, *-skapur*, *-rænn*, *-verji* og *-semi*, *-semd*, *-ræna* og *-verskur* sem ekki koma fyrir sjálfstæðir og oft eru greindir sem viðskeyti eins og hér er gert. Rökréttara væri samt að greina *-semi* og *-semd* sem afleiðslu af *-samur*, *-lega* af *-legur*, *-ræna* af *-rænn* og *-verskur* af *-verji*. Eins og sjá má af eftirfarandi dæmum eru merkingarvensl liða í þessum þörum samstæð en slíkt væri erfitt að skýra ef orðin væru mynduð hvert í sínu lagi:

(19) **Hliðstæðupör:**

-legur/-lega:	asnalegur	asnalega
	daglegur	daglega
	líklegur	líklega
	rólegur	rólega

³⁹Dæmigerð orðabókarskýring á þessum orðum hefst t.d. gjarnan á „það að ...“ (*hreinsun*, „það að hreinsa ...“) fyrir verknadarnafnorð og „sá sem ...“ fyrir gerandnafnorð (*hlaupari*), „sem einhver hefur ...“ í lýsingarorðum (*hreinsadur*) og „það að gera/vera ...“ í sögnum (*óhreinka*). Merking getur síðan breyst í orðasafninu þannig að hún verði ekki eins ljós, annaðhvort þannig að orð fái margar merkingar eða þannig að merkingin þrengist eða verði sértæk að einhverju leyti. Hér verða viðskeytin ekki flokkuð eftir málfræðilegu hlutverki enda ætti að vera augljóst hvað við er átt.

-rænn/-ræna:	listrænn	listræna	
	ljóðrænn	ljóðræna	
	norrænn	norræna	
-samur/-semi/-semd:	friðsamur	friðsemi	friðsemd
	nytsamur	nytsemi	nytsemd
	miskunnssamur	miskunnsemi	miskunnsemd
	skynsamur	skynsemi	skynsemd
-verji/-verskur:	Indverji	indverskur	
	Kínverji	kínverskur	
	Ungverji	ungverskur	

Samkvæmt sögulegri greiningu er rót í þessum orðhlutum eins og sjá má af skýringum í *Íslenskri orðsifjabók* (Ásgeir Blöndal Magnússon 1989):⁴⁰

(20) **Viðskeyti sem í eru rætur, skv. *Íslenskri orðsifjabók*:**

	Skýringar úr <i>Íslenskri orðsifjabók</i> :		
-dómur	... Orðið <i>dómur</i> er líka algengt no.-viðskeyti í flestum germ. málum ...		
-legur	viðliður lo. eins og <i>góðlegur</i> , <i>sterklegur</i> ... Sjá ... <i>líkur</i> (1). [<i>líkur</i> l. 'áþekkur, svipaður, svo til eins; líklegur' ...]		
-leiki	viðliður no., einkum til að mynda no. af lo., sbr. <i>kærleiki</i> , <i>fríðleiki</i> ...		
-leikur	viðliður no. (einkum þeirra sem leidd eru af lo.) eins og <i>feginleikur</i> , <i>sannleikur</i> ...;		
-rænn	l. í sams. eins og <i>norrænn</i> , <i>austrænn</i> ... <i>einrænn</i> ; ... Viðliðurinn upphaflega kominn úr áttaheitum, ...		
-samur	[<i>samur</i> fn. (lo.) 'óbreyttur, eins (oftast v. beyg.); sæmandi, hæfilegur; ásáttur; fús (á e-ð)'; ...]		
-skapur	viðskeyti eða viðliður ýmissa no., t.d. <i>drengskapur</i> , <i>skáldskapur</i> ; ... upphaf. sjálfstætt orð af sama toga og <i>skap</i> og <i>skapa</i> , ...		
-verji	k. viðliður orða eins og <i>skipverji</i> , sbr. og ætta-, sveitunga-, þjóðflokka- og þjóðaheiti eins og <i>Oddaverjar</i> og <i>Víkverjar</i> , <i>Ungverjar</i> og <i>Þjóðverjar</i> , sbr. og germ. (keltn.-latn.) þjóðflokkanöfn eins og <i>Amsivarii</i> , <i>Baiovarii</i> , <i>Chattuarii</i> . Sk. <i>verja</i> (1 og 4) og <i>vörn</i> og <i>vernd</i> , sbr. <i>-veri</i> (1) ...		

Sögulega er því rót í öllum þessum orðhlutum. Þannig eru *-legur*, *-leiki*, *-leikur* tengd lýsingarorðinu *líkur* samkvæmt *Íslenskri orðsifjabók*, *-skapur* er m.a. tengt sögninni *skapa* og *-verji* er tengt *verja*, *vörn* og *vernd*, þótt ólíklegt sé að málnotendur hafi tilfinningu fyrir því. Orðhlutarnir *samur* og *dómur* eru síðan líka til sem sjálfstæð orð þótt merkingarbreytingar hafi orðið í orðhlutunum sem hér er verið að skoða. Samsetningarháttur þessara orðhluta er þó þannig að þeir haga sér ekki eins og viðskeyti, eins og komið verður að í kafla 5.4.1 hér á eftir.

Aðrir orðhlutar á þessum lista virðast ekki innihalda rót en hins vegar er erfitt að ákvarða nákvæmlega hvert merkingarhlutverk er í hvert sinni. Þá eru tíðnitölurnar fyrir marga þeirra mjög lágar. Ef þessir orðhlutar eru viðskeyti er virkni þeirra lítil samkvæmt gögnunum sem hér eru skoðuð.⁴¹

⁴⁰ *-rænn* er reyndar ekki samstæður orðhluti skv. *Íslenskri orðsifjabók*. Þar er, auk skýringarinnar í (20) hér á eftir, einnig tekið fram að *-rænn* sé stundum skylt no. *ræna*, t.d. í *fárænn*, *hjárænn*. Tekið er fram að í sumum tilvikum sé erfitt að greina þarna á milli. Í greiningunni hér er ekki gerður greinarmunur þarna á. Þá er orðhlutinn *-samur* ekki skýrður sérstaklega í *Íslenskri orðsifjabók*, ólíkt því sem gerist með aðra viðliði eða viðskeyti.

⁴¹ Tölurnar í (18) sýna aðeins tíðnina í gögnunum og betra væri að skoða meira efni. Þannig kemur orðhlutinn *-heit* aðeins einu sinni fyrir í gögnunum en í Ritmálsskrá OH eru 337 dæmi, það elsta frá 16. öld. Flest dæmin

5.3.2.3 Bundnir síðari hlutar

Tíðni bundinna orðhluta sem merktir eru með ! í gögnunum er mun minni en viðskeytanna í (18) hér á undan. Aðeins þrettán orðhlutar með þessari greiningu koma fyrir oft en tvisvar í gögnunum og langflestir orðhlutarnir koma aðeins fyrir einu sinni:

(21) Seinni hlutar í tíðniröð, bundnir liðir:

25 falda v !	1 eginn ? !	1 mátur m !	1 stingull m !
16 sinni m !	1 elda f !	1 mella v !	1 stíga v !
16 úð f !	1 elleftur adj !	1 móa adv !	1 stjóra v !
7 tugur adj !	1 endi n !	1 mæti n !	1 stokka v !
5 skár adj !	1 fambi m !	1 nema v !	1 stopi m !
5 stigur m !	1 framur adv !	1 nægður adj !	1 stríða f !
4 sama v !	1 freskja f !	1 næma v !	1 svipt f !
4 vís adv !	1 freskur adj !	1 opp n !	1 svífinn adj !
3 gæfa v !	1 frásinn adj !	1 óð f !	1 svífur adj !
3 ósa adj !	1 funsa v !	1 óf n !	1 syn f !
3 rakkur adj !	1 fusa v !	1 penta v !	1 tilja f !
3 róf n !	1 gang adv !	1 plána v !	1 tinga v !
3 vetna adv !	1 gella f !	1 porta v !	1 tingja v !
2 angur m !	1 gisa v !	1 postulóna v !	1 titja f !
2 erni n !	1 gífur adj !	1 presening f !	1 tjálga f !
2 for adj !	1 götva v !	1 prúttinn adj !	1 tót f !
2 kár adj !	1 hasa v !	1 púra f !	1 trekk n !
2 kvæma v !	1 hlakki m !	1 rán 0 !	1 túra v !
2 makari m !	1 hneistur adj !	1 reystur adj !	1 tút n !
2 mæð adj !	1 hníf m !	1 rétti n !	1 tvistur adj !
2 ólfur m !	1 ís adj !	1 rini n !	1 tyrma v !
2 pynd f !	1 íst adj !	1 rof n !	1 usti m !
2 skota v !	1 ístur adj !	1 rústa v !	1 úsa adj !
2 skyld f !	1 kafur adj !	1 ræfinn adj !	1 vaki m !
2 skylfur adj !	1 kalíf m !	1 sala v !	1 varta v !
2 sorga v !	1 kampur m !	1 saman adj !	1 vasa adj !
2 sæfa v !	1 kerí m !	1 senda f !	1 vekk adv !
2 tag n !	1 klakkari m !	1 sigla v !	1 versl n !
2 valur adj !	1 klakki m !	1 simpla v !	1 vés n !
2 við adj !	1 kopa v !	1 skala v !	1 vilna v !
2 viði n !	1 kunda f !	1 skati m !	1 vingla v !
2 vinnur adj !	1 kvisi m !	1 skóga v !	1 vífa v !
2 væli npl !	1 langa v !	1 skúfa v !	1 vífnast v !
1 aft n !	1 las n !	1 slemma v !	1 vols n !
1 angur n !	1 lasa v !	1 sóma v !	1 væri n !
1 ankra v !	1 lera adj !	1 sósa adj !	1 vætta v !
1 arður adj !	1 leri m !	1 spjátra v !	1 vörp npl !
1 arta v !	1 lista v !	1 spænn adj !	1 yfli npl !
1 dánugastur adj !	1 lísa v !	1 stafa v !	1 ynja f !
1 dérfa v !	1 lyppur adj !	1 stáelsi n !	1 yrðir fpl !
1 dild f !	1 mani m !	1 státur n !	1 ýgður adj !
1 dindi n !	1 máfus m !	1 stingla v !	1 ýgur adj !

eru gömul og mörg mjög „útlenskuleg“, þ.e. orðin virðast tekin upp í heilu lagi, t.d. *elendugheit*, *göfugheit*, *slóttugheit*, *trúverðugheit*, *stórgöfugheit*, *uppástöndugheit* (20. öld), *dreissugheit*, *högmegtugheit*, *dristugheit*. Dæmi um íslenska orðmyndun eru síðan *stífheit*, *grófheit*, *snobbheit* (o.fl.) sem eru frá síðari hluta 20. aldar. Viðskeytið er ekki flettiorð í *Íslenskri orðsifjabók*.

1 þótta v !	1 þryngva v !	1 æfa v !	1 æva adv !
1 þresti n !	1 þverri m !	1 æfi npl !	
1 þrói m !	1 þykja f !	1 ættari m !	

Algengastir eru liðirnir *-falda*, *-sinni* og *-úð* en í þeim eru rætur samkvæmt sögulegri greiningu þótt ekki sé víst að máltilfinningin dugi til að sjá að svo er í síðasta tilfellinu. Samkvæmt *Íslenskri orðsifjabók* er samt svo:

(22) **Algengustu bundnu síðari hlutarnir:**

	Hluti af skýringum úr <i>Íslenskri orðsifjabók</i> (1989):
-falda	[Sbr.:] -faldur l. í sams. eins og <i>einfaldur</i> , <i>tvöfaldur</i> o.fl. (og so. einfalda , tvöfalda); ... Sjá <i>falda</i> , <i>fel</i> , <i>felling</i> .
-sinni	[sjálfstætt orð] sinni k. 'fylgdarmaður; félagi; fylgismaður'; ...
-úð	[sjálfstætt orð] úð kv. 'hyggja, hugur'; algengara í sams. eins og t.d. <i>ástúð</i> , <i>hardúð</i> ...

Það að í þessum orðhlutum er rót er nægilegt til að þeir verða ekki taldir til viðskeyta hér enda eru engin rök finnanleg fyrir því heldur að þeir gegni málfræðilegu hlutverki. Allir aðrir orðhlutar í þessum lista bera öll einkenni stakmyndana; þeir koma örsjaldan fyrir og merking þeirra er engin önnur en sú sem ráða má af heildarmerkingu orðsins sem þeir koma fyrir í. Margir orðhlutarnir eru erlendir þótt það sé ekki eins áberandi hér og í fyrri hlutunum sem sýndir eru í (8) á bls. 146 hér á undan.⁴² Sem dæmi um erlenda liði má nefna *-skala* í *forskala*, *-simpla* í *forsimpla*, *-rústa* í *útrústa* og *-opp* í *hífopp* en reyndar er mikið vafaatriði að rétt sé að greina þessi orð í sundur. Þá eru í listanum orðhlutar sem e.t.v. ætti að greina sem bundna afleidda liði (sbr. (23) hér á eftir) þar sem í þeim virðast vera viðskeyti en mörkin eru svo óljós að hér eru látið nægja að sýna að orðhlutarnir koma ekki fyrir sjálfstæðir. Mörkin á milli þeirra orðhluta sem greindir eru sem viðskeyti í (18) hér á undan og stakmyndana í (21) eru líka mjög oft óljós enda er nánast ógerlegt að ákveða hvernig málnotandinn skynjar orðhluta sem aðeins koma fyrir á einum eða örfáum stöðum.

Til dæmis um hve óljós skilin eru ætla ég aðeins að nefna tvö dæmi. Liðurinn *-ósa* í *flumósa*, *kynósa* og *vatnsósa* er hér greindur sem stakmyndan, þ.e. sem bundinn síðari liður sem ekki er viðskeyti. Orðhlutinn *-erni* í *lunderni*, *móðerni*, *þjóðerni* og *hátterni* er hins vegar greindur sem viðskeyti og er þar stuðst við hefðina. Þessi greining er í samræmi við greiningu í *Íslenskri orðsifjabók* (1989):

-erni viðsk. no., tilkomið við það að *īn(i)a*-viðsk. var skeytt aftan við r-st. eins og *faðir*, *móðir*, og *bróðir* o.fl.; **fað(a)rīn(i)a > faðerni* o.s.frv.

1 -ósa l.ób. í sams. eins og **spánósa**, **flaumósa** ... sk. *ós* (2) og *óss* l. 'sem vellur eða frussast fram'; *-ósa* ... merkir hér 'rjúkandi' e.þ.h. og tæpast ástæða til að skilja *flaumósa* frá *spánósa* og tengja viðlið þess við lo. *æstur* og so. *æsa* (2).

2 -ósa l.ób. (17. öld) í sams. **vatnsósa** 'gegnsósa af vatni, t.d. um við'. Viðliður tæpast *-ósa* (1) eða < *-sósa*, sbr. *gegnsósa*, fremur tengdur gd. og jó. *os* 'safi (t.d. í trjám)'

...

Í Ritmálsskrá OH eru sextán orð með *-ósa* eða *-sósa* að síðari lið og sögulega eru þau ekki samstæð eins og sjá má af skýringunni úr *Íslenskri orðsifjabók* hér að ofan. Í Ritmálsskrá eru nírtján orð með *-erni* að síðari liði, auk samsetninga af þeim. Fyrir venjulegan málnotanda hljóta þessir liðir að vera álfka torkennilegir, tíðnin er sennilega svipuð og virkni

⁴²Skýringin kann að liggja í orðtökunni í Ritmálssafni OH. Samt er alls ekki ósennilegt að þetta sé einkenni á aðlögun í málinu og að mjög framandlegir síðari hlutar eigi erfðara uppdráttar, einfaldlega vegna þess að þeir verða að taka á sig íslenska mynd að því leyti að þeir verða að falla inn í þær setningagerðir sem fram koma í málinu, beygjast í föllum, fá tölu o.s.frv. Hér verður þó ekkert fullýrt um þetta.

í nýmyndun líklega engin. Það er því mikið vafamál að rétt sé að greina þessa orðhluta á mismunandi vegu, ef miða á við málkenndina eina.⁴³ Þessi óregluleiki í greiningunni sýnir vandamálið í hnotskurn. Hér nær máltilfinningin skammt.

5.3.2.4 Bundnir afleiddir síðari hlutar

Í greiningu Þorsteins G. Indriðasonar sem sagt er frá í kafla 3.3.4 hér að framan eru nokkrir orðhlutar taldir til viðskeyta af flokki II en hér eru þeir greindir sem bundnir afleiddir orðhlutar (sjá kafla 4.5.3.3.1 hér að framan). Þetta eru *-látur*, *-laga*, *-lægur*, *-lendi*, *-leiðis*, *-lífi*, *-leysi*, *-læti*, *-neyti* og *-nætti*. Gera verður ráð fyrir því að mun fleiri orðhlutar af þessu tagi væru greindir sem viðskeyti hjá Þorsteini ef umfjöllunarefni hans væri ekki bundið við að athuga ákveðnar hljóðkerfisreglur en öll viðskeytin sem hann athugar hefjast á *e*, *i*, *í*, *l*, *n*, *t* eða *u*. Hér eru orðhlutar af þessu tagi ekki greindir sem viðskeyti enda er rót í þeim öllum. Algengustu liðir af þessu tagi fara hér á eftir.

(23) Seinni hlutar í tíðniröð, bundnir afleiddir liðir:

66 leitur adj gv!	20 máll adj gv!	11 hendis adv gv!	7 byrtur adj gv!
46 gengur adj gv!	18 hendur adj gv!	11 lífur adj gv!	7 henda f gv!
45 látur adj gv!	18 hentur adj gv!	11 þegi m gv!	7 hliða adj gv!
43 laga adj gv!	18 kvæður adj gv!	10 fara adj gv!	7 hýsi n gv!
36 vana adj gv!	18 leiðis adv gv!	10 fari m gv!	7 læti n gv!
35 lægur adj gv!	17 gresi n gv!	10 lífi n gv!	7 nautur m gv!
35 yrði n gv!	17 kvæmur adj gv!	10 sinnaður adj gv!	7 nefni n gv!
33 viðri n gv!	17 stígur adj gv!	10 þrota adj gv!	7 neyti n gv!
31 orður adj gv!	17 sær adj gv!	10 þættur adj gv!	7 sinna adj gv!
27 ræði n gv!	14 fengur adj gv!	9 geðja adj gv!	7 sinnis adv gv!
26 lendur adj gv!	14 hafi m gv!	9 vita adj gv!	7 skeftur adj gv!
26 ráður adj gv!	14 meti n gv!	8 býll adj gv!	7 sætinn adj gv!
26 sýnn adj gv!	14 rækinn adj gv!	8 ferðugur adj gv!	7 vegis adv gv!
24 yrtur adj gv!	13 huga adj gv!	8 holda adj gv!	3 nætti n gv!
21 lendi n gv!	13 róma adj gv!	8 leysi n gv!	

Í greiningunni hér er enginn þessara orðhluta talinn til viðskeyta, eins og áður sagði. Ef greina á viðskeyti á merkingarlegum forsendum á svipaðan hátt og gert er þegar *-legur* er talið vera viðskeyti (eins og venjulega er gert) þá er e.t.v. alls ekki fráleitt að ætla að *-leitur* sé líka viðskeyti. Hvorugur orðhlutinn kemur fyrir sjálfstæður og merkingarvenslin eru nokkuð áþekkt; annars vegar er vísað til eiginleika en hins vegar til útlits, eins og sjá má af þessum pörum: *djarflegur*, *djarfleitur*; *kímilegur*, *kímileitur*; *gamallegur*, *gamalleitur*; *fagurlegur*, *fagurleitur*. Það er svo túlkunaratriði hvort orðhlutar af þessu tagi gegna málfræðilegu hlutverki og hér er ekki talið að svo sé.

5.3.2.5 Niðurstaða um viðskeyti

Niðurstaðan af samanburði síðari hluta með mismunandi orðgerðargreiningu í gögnunum er því sú að einungis hluti þeirra liða sem taldir eru upp í (18) á bls. 156–157 hér að framan geti verið viðskeyti, samkvæmt þröngu skilgreiningunni sem birt er í (2) á bls. 139 þar sem gert er að skilyrði að í aðskeytum sé ekki rót og þau gegni málfræðilegu

⁴³ Orðin í Ritmálsskrá eru þessi: *arferni*, *líferni*, *hugerni*, *salerni*, *manerni*, *meyjarsonerni*, *systemni*, *hátterni*, *mátterni*, *ætterni*, *faðerni*, *staðerni*, *feðerni*, *siðerni*, *jarðerni*, *viðerni*, *þjóðerni*, *bróðerni*, *móðerni*; *reykósa*, *sólósa*, *flaumósa*, *flumósa*, *danósa*, *kynósa*, *spánósa*, *reysósa*, *gagnsósa*, *gegnsósa*, *regnsósa*, *vatnsósa*, *brennivínsósa*, *vatnssósa*, *sjósósa*, *sóttósa*.

hlutverki. Sögulega eru orðhlutarnir *-dómur*, *-legur* (ásamt *-lega*), *-leikur*, *-leiki*, *-samur* (ásamt *-semi* og *-semd*), *-skapur*, *-rænn* (ásamt *-ræna*) og *-verji* (ásamt *-verskur*) taldir innihalda rætur en engin leið er að álykta hvaða tilfinningu málnotendur hafa fyrir því. Þrátt fyrir þetta bendir mikil tíðni til þess að þessir liðir gætu verið kerfisfyrirbæri, þ.e. gegnt málfræðilegu hlutverki, en það þarf þó ekki að vera úrslitaatriði þar sem sjálfstæð kerfisorð eru líka til í málinu.⁴⁴

Í næsta kafla verða síðan færð fyrir því rök að formleg einkenni þessara liða sýni að þeir séu líkari samsetningarliðum en viðskeytum. Þá er erfitt að álykta um orðhluta sem hér eru greindir sem viðskeyti en eru fátíðir. Mörkin milli þeirra og stakmyndana eru mjög óljós.

5.4 Athugun á orðmyndunarreglum

Í síðari hluta þessa kafla eru orðmyndunarreglur úr gagnasafninu skoðaðar. Þar er þrennt til athugunar, þ.e. mismunur á formi í afleiðslu og samsetningu, en hér eru færð rök að því að einungis samsetningarliðir taki með sér beygða fyrri hluta (5.4.1). Þá er dreifing orðflokka í orðmyndunarreglum um samsetningu skoðuð og borin saman við reglur Selkirk hér að framan (5.4.2) og settar fram almennar reglur um viðskeytingu. Loks er víxlverkun samsetningar og afleiðslu athuguð en samkvæmt öllum kenningum sem fela í sér regluröðun og kenningum um ólíkt eðli þessara fyrirbæri ættu að vera verulegar hömlur á endurkvæmni milli afleiðslu og samsetningar (sjá 5.4.3).

5.4.1 Mismunur á formi í afleiðslu og samsetningu

Þegar greining á endingum fyrri hluta er skoðuð í gögnunum eru niðurstöður þær við fyrstu sýn að bæði viðskeyti og samsetningarliðir geti farið á eftir beygðum fyrri hlutum. Heildarhlutföll milli beygðra og óbeygðra nafnorða sem fyrri hluta eru þessi:

(24) Beygðir og óbeygðir fyrri hlutar:

Nafnorðsfyrrihlutar alls:	39.795
Óbeygðir:	16.451
Beygðir:	23.344
?: (vafadæmi)	23
b: (bandstafur)	244
e*: (eignarfall et. eða ft.)	2.318
ee: (eignarfall et.)	14.417
ef: (eignarfall ft.)	6.319
þgf: (þágufall)	22

Þarna kemur í ljós að nafnorð eru oftast beygð en óbeygð sem fyrri hlutar en heildartölur af þessu tagi eru þó fremur gagnslitlar út af fyrir sig. Mun áhugaverðara er að skoða tölur þar sem orðgerðargreiningin er notuð til að skipta orðhlutunum í flokka.

Í eftirfarandi töflu⁴⁵ er skilið á milli afleiðslu og samsetningar, þ.e. síðari hlutunum er skipt í tvennt þannig að viðskeytin eru skilin frá öllum öðrum síðari hlutum og er þar miðað við orðgerðargreininguna sem sagt er frá í 4. kafla. Orðgerðargreining fyrri

⁴⁴Til dæmis má nefna orðið *maður* en hlutverk þess og viðskeytisins *-ari* virðist mjög svipað í mörgum orðum eins og sjá má af dæmunum *leikari* og *leikmaður*. Munurinn er aðeins sá að *leikari* ástundar leiklist en *leikmaður* leikur með íþróttafélagi. Síðara orðið hefur að auki lexíkalíseraða merkingu en hún skiptir ekki máli í þessu sambandi. (Sjá líka grein Margrétar Pálsdóttur um orðmyndun í barnamáli (1984).)

⁴⁵Skýringar: ! = bundinn orðhluti, g = grunnorð, gv = afleitt orð, gv! = bundið afleitt orð, S = samsett orð, S! = samsett orð sem ekki kemur fyrir sjálfstætt, Sv = afleiðsla af samsettu orði, X! = setningarliður.

hlutanna er einfölduð á þann hátt sem sagt er frá í (54) í lok 4. kafla þannig að öll samsett orð eru sett saman í einn flokk (S í töflunni).⁴⁶

(25) **Samanburður á beygðum og óbeygðum fyrri liðum:**

	Óbeygður fyrri hluti		Beygður fyrri hluti		Bandstafur	
	Sams.	Vsk.	Sams.	Vsk.	Sams.	Vsk.
!	19	0	11	0	0	0
g	14.280	155	11.644	48	82	5
gv	1.153	20	4.157	37	40	1
gv!	0	3	5	0	0	0
S	169	603	5.654	405	43	33
S!	0	3	15	11	9	0
Sv	3	23	937	0	28	35
XI	5	14	0	0	4	0
<i>Alls:</i>	15.629	821	22.423	501	206	74

Eins og sjá má af tölunum í (25) er talsvert um beygða liði og bandstafi á undan viðskeytum. Hlutföllin eru þessi:

(26) **Hlutfallstölur um beygða og óbeygða fyrri liði:**

Fyrri hlutar með viðskeyti:			Fyrri hlutar í samsetningu:		
Óbeygt:	Beygt:	Bandstafur:	Óbeygt:	Beygt:	Bandstafur:
59%	36%	5%	41%	59%	0,005%

Þegar betur er að gáð reynast þó öll tilfelli um beygða fyrri hluta og bandstafi á undan viðskeytum koma fyrir með *-dómur*, *-lega*, *-legur*, *-leiki*, *-leikur*, *-samur*, *-semi*, *-skapur* og *-verji*, þ.e. nákvæmlega þeim orðhlutum sem nefndir voru í næsta kafla hér á undan (sjá (18) á bls. 156–157) sem dæmi um vafasama greiningu í gögnunum hér þar sem sennilega væri réttara að telja þá innihalda rót. Þar með ætti ekki að greina þessa orðhluta sem viðskeyti ef nota á skilgreininguna í (2) á bls. 139 hér að framan. Tölurnar um beygða liði og bandstafi⁴⁷ á undan þessum liðum fara hér á eftir:

(27) **Beygðir liðir og bandstafir á undan *-legur* og fleiri liðum:**

	Beyging:		Bandstafur:	
-dómur	4	<i>auladómur</i>		
-lega	236	<i>vandræðalega</i>	151	<i>ákjósanlega, drýgilega</i>
-legur	233	<i>vanalegur</i>	268	<i>hugsanlegur, breytilegur</i>
-leiki/-leikur	3	<i>upprunaleiki</i>	8	<i>breytanleikur, hæfileiki</i>
-samur	113	<i>ábatasamur</i>	1	<i>afbrýðissamur</i>
-semi	1	<i>hagsmunasemi</i>		
-skapur	22	<i>drykkjuskapur</i>		
-verji	1	<i>bátsverji</i>		

Það er óneitanlega freistandi að álykta sem svo að viðskeyti taki ekki á undan sér beygða liði en hér að framan hefur verið leitt getum að því að allir þeir liðir sem koma fyrir í (27) hér og greindir eru í gögnunum sem viðskeyti innihaldi í raun rót. Það styður þá tilgátu að þessir orðhlutar séu í raun **ekki** viðskeyti heldur bundnir síðari hlutar að

⁴⁶Í þessari töflu koma fram tölur sem styðja kenningu Baldurs Jónssonar (sjá 3.2.4 hér að framan) um það að margsamsett orð með samsetta fyrri liði séu mun síður stofnsamsett en þau sem hafa grunnorð að fyrri lið. Grunnorð sem fyrri hlutar eru beygð í 45% tilvika, afleidd orð í 78% tilvika og samsett orð í 97% tilvika. Til þess að fá nákvæmari og marktækari tölur þyrfti að bæta upplýsingum um beygingaflokkka við gögnin en í fyrri hlutum af sumum beygingarflokkum koma stofnsamsetningar varla eða ekki fyrir (sjá nmgr. 37 á bls. 130 hér að framan).

⁴⁷Sjá athugasemdir um mismunandi gerðir bandstafa á bls. 127 hér að framan.

þeir taka með sér beygða fyrri liði, einir allra orðhluta sem greindir eru sem viðskeyti hér. Niðurstaða sem byggir eingöngu á formlegum einkennum liðanna verður þá alveg hrein og það verður einkenni á samsetningarliðum að taka með sér beygða fyrri hluta þótt stofnsamsetningar komi að sjálf sögðu líka fyrir. Viðskeyti bætast þá alltaf við stofn.

5.4.2 Athugun á virkni í samsetningarreglum

Í kafla 2.5.3 hér að framan er sagt frá því að Selkirk telur ástæðu til að greina orðmyndunarreglur um afleiðslu alveg frá reglum um samsetningu, m.a. vegna þess að í ensku eru göt í regluvirkni í samsettum orðum. Þetta má sjá af því hvernig orðflokkarnir raðast í reglum hennar sem sýndar eru í (7) á bls. 36 hér að framan. Í þessum kafla eru settar fram sambærilegar reglur um íslenska orðmyndun sem byggðar eru á gagnasafninu, með tölum um dæmafjölda um hverja orðgerð. Reglurnar eru unnar eins og sýnt er í sýnis-horninu í lok síðasta kafla (sjá (55) á bls. 132–133). Nokkrum vafaatriðum í greiningunni er sleppt þar sem orðflokksgreining orkar tvímælis, t.d. þar sem setningarliðir eru orðhlutar. Dæmin eru valin úr gagnaskránni af nokkurri hendingu en reynt er að hafa þau sem fjölbreytilegust. Best mynd af hverri reglu fæst með því að skoða dálítinn fjölda dæma.

Dæmafjöldi um hverja orðgerð er mismikill, eins og sjá má í töflunni í (28) þar sem tölur um höfuðorðflokka eru sýndar. Orðgerðarstrengir í fremsta dálki eiga við fyrri hlutana og vísa í línur með tölum um hvern streng. Tölur um hverja gerð síðari hluta eru í dálkum. Hér er tölum um fornöfn, samtengingar, töluorð og upphrópanir sleppt en þær sjást í reglunum sjálfum á næstu síðum. Til samanburðar fylgja líka tölur um reglur um viðskeytingu:

(28) Tölur um höfuðorðflokka í orðmyndunarreglum:

		Síðari hlutar:						
		Samsetning:				Viðskeyting:		
	adj	adv	no	v	adj ^{vsk}	adv ^{vsk}	no ^{vsk}	v ^{vsk}
0	1.630	247	658	433	21	13	7	1
adj	2.345	179	1.695	1.165	110	269	534	21
adv	816	314	1.849	1.927	17	20	8	1
no	6.103	237	30.022	1.918	707	440	257	105
v	160	6	670	77	1.160	113	810	9

Eins og sjá má af þessum tölum eru samsett nafnorð með nafnorð að fyrri lið langal-gengust en engir tveir orðflokkar ganga alls ekki saman þótt tölurnar séu sums staðar lágar. Þannig eru aðeins sex dæmi um atviksorð sem hafa sögn að fyrri lið. Nánari skýr-ingar fylgja sjálfum reglunum sem hér fara á eftir en þeim fylgja dæmi um allar gerðir orðmyndunar í þessari töflu. Auk þess eru í þeim tölur og dæmi um aðra orðflokka en höfuðorðflokka fjóra, þ.e. fornöfn, samtengingar, töluorð og upphrópanir. Sárafá dæmi eru þó um flest af þessu og eru þau höfð með hér nánast til gamans.

5.4.2.1 Nafnorð

Samsett nafnorð eru mikill meirihluti af þeim orðum sem í gögnunum finnast og þau eru reyndar líka sá orðflokkur þar sem stofnhlutagreining verður langflokknust og liðirnir flestir. Ef orðgerðarstrengir í gögnunum eru skoðaðir finnast 9.810 orð þar sem samsetn-ingarliðir eru þrír eða fleiri; þar af eru 8.168 nafnorð, 1.139 lýsingarorð, 179 atviksorð og 156 sagnir. Þegar orð með fjórum eða fleiri liðum eru skoðuð finnast aðeins ein sögn,

kjarnorkuhervæða,⁴⁸ tvö atviksorð, þrettán lýsingarorð en nafnorðin eru 1.096 að tölu. Öll orð í gögnunum þar sem liðir eru fleiri en fjórir eru nafnorð.⁴⁹ Hér fara á eftir dæmi um alla orðflokka sem verið geta fyrri liðir í nafnorðum og tölur um hverja orðgerð:

(29) Samsett nafnorð:

no	→	$\left\{ \begin{array}{c} 0 \\ \text{adj} \\ \text{adv} \\ \text{int} \\ \text{no} \\ \text{num} \\ \text{pron} \\ \text{v} \end{array} \right\}$	no	$\left\{ \begin{array}{c} 658 \text{ óþverri, frumframleiðandi} \\ 1.695 \text{ blámóða, fornsteinöld} \\ 1.849 \text{ afturstafn, frambaðstofa} \\ 2 \text{ jábróðir, jáyrði} \\ 30.022 \text{ augabragð, stjörnuathugun} \\ 178 \text{ fimmkall, einkímbloðungur} \\ 134 \text{ sérgáfa, sjálfsöryggi} \\ 670 \text{ bindikraftur, rakáhald} \end{array} \right\}$
----	---	---	----	--

Þarna koma engin göt fram í reglunum og allir orðflokkar geta verið fyrri hlutar í nafnorðum. Sama máli gegnir í ensku eins og sjá má af reglu Selkirk (sjá (7) á bls. 36 hér að framan).

5.4.2.2 Lýsingarorð

Lýsingarorð eru mun færri í gögnun en nafnorðin en eru þó býsna fjölskrúðug, eins og sjá má af reglunum hér. Lýsingarháttarmyndir, bæði í nútíð og þátíð, eru hér taldar til eiginlegra lýsingarorða, og það er reyndar einnig gert í greiningu á afleiðslu, eins og komið verður að hér á eftir:

(30) Samsett lýsingarorð:

adj	→	$\left\{ \begin{array}{c} 0 \\ \text{adj} \\ \text{adv} \\ \text{int} \\ \text{no} \\ \text{num} \\ \text{pron} \\ \text{v} \end{array} \right\}$	adj	$\left\{ \begin{array}{c} 1.630 \text{ óbeinn, alheiðríkur} \\ 2.345 \text{ stórríkur, dökkrauðbrúnn} \\ 816 \text{ ofvirkur, jafnguðlaus} \\ 2 \text{ jákvæður, neikvæður} \\ 6.103 \text{ vatnsósa, afskiptalítil} \\ 294 \text{ fertugur, tvísagtenntur} \\ 107 \text{ allrahæstur, sjálfsafneitandi} \\ 160 \text{ akfeitur, fleytifullur} \end{array} \right\}$
-----	---	---	-----	--

Langflest samsettu lýsingarorðin hafa nafnorð að fyrri lið en hlutfallið þar sem lýsingarorð er fyrri liður er líka hátt. Það hve mörg lýsingarorð hafa óorðflokksgreindan fyrri hluta skýrist að mestu af því að í gögnunum eru mjög mörg dæmi um lýsingarorð sem byrja á ó- eða alls 1.116.⁵⁰

⁴⁸Í gögnunum er að auki uppflettimyndin *samfélagsskapa* sem greind er sem sögn en við athugun á seðli í Ritmálssafni OH kom í ljós að þar er lýsingarháttur þátíðar í dæminu sjálfu. Þetta stafar af því að stundum er sett upp nafnháttarmynd sem haus á seðli í seðlasöfnum OH þótt dæmið sé um lýsingarhátt (sjá athugasemdir um orðflokksgreiningu í Ritmálsskrá í kafla 4.3.3 hér að framan).

⁴⁹Hér er aðeins átt við samsettu orðin en vegna þess að orðgerðargreiningarkerfið er tvöfalt (þ.e. viðskeytingin fellur ekki inn í talnakerfið sem sagt er frá í 4. kafla (sjá (44) á bls. 126) er erfiðara að fá fram niðurstöðutölur um viðskeytinguna. Það verður því ekki gert í þetta sinn.

⁵⁰Til samanburðar má nefna að dæmi um lýsingarorð með *al-* eru 174 og með *sí-* 69. Færri dæmi eru um lýsingarorð með aðra óorðflokksgreinda fyrri liði.

Í ensku virðast samsett lýsingarorð ekki vera mynduð með sagnir að fyrri lið en hér eru 160 dæmi um slík orð. Þetta er að vísu ekki há tala og reglan virðist ekki vera mjög virk en í greiningu á málskilningi hlýtur þó að þurfa að hafa hana með. Dæmi um orð af þessu tagi eru *refsigjarn*, *rennisléttur*, *sjóðheitur* og *skjálfraddaður*. Því koma engin göt fram í reglunni um samsett lýsingarorð í íslensku.

5.4.2.3 Sagnir

Í reglunum hjá Selkirk kemur fram að samsettar sagnir í ensku eru aðeins myndaðar með smáorð að fyrri lið. Í íslensku koma fyrir dæmi um alla orðflokka á undan sögnum, m.a.s. samtenginguna *ef* eins og sést hér í reglunni:⁵¹

(31) Samsettar sagnir:

$v \rightarrow$	$\left\{ \begin{array}{c} 0 \\ \text{adj} \\ \text{adv} \\ \text{conj} \\ \text{int} \\ \text{no} \\ \text{num} \\ \text{pron} \\ v \end{array} \right\} v$		$\left\{ \begin{array}{ll} 433 & \text{alhæfa, endurstaðfesta} \\ 1.165 & \text{fastbinda, smáeyðileggja} \\ 1.927 & \text{aðskilja, gjörónýta} \\ 2 & \text{efkveða, efmæla} \\ 1 & \text{jákvæða} \\ 1.918 & \text{aurbera, röntgenrannsaka} \\ 174 & \text{þriendurtaka, einrækta} \\ 28 & \text{sérsmíða, sjálfmenntast} \\ 77 & \text{brennimerkja, þeytivinda} \end{array} \right\}$
-----------------	---	--	--

Stærsti flokkurinn er samsettar sagnir með smáorð að fyrri lið en það er eina gerðin sem finnst í ensku, samkvæmt Selkirk. Áhugaverðasti flokkurinn þarna eru sennilega sagnir sem hafa nafnorð að fyrri lið en í íslensku er sá flokkur næststærstur, samkvæmt tölunum hér að ofan og munar þar aðeins örlitlu.⁵² Dæmi um sagnir með lýsingarorð að fyrri lið eru líka talsvert mörg og götin í reglunni eru engin; þarna eru m.a.s. dæmi um samtengingar og upphrópun sem fyrri lið.

5.4.2.4 Atviksorð

Selkirk hefur atviksorð ekki með í reglum sínum um samsett orð og í íslensku er erfitt að setja fram slíkar reglur þar sem orðmyndun í atviksorðum er oft og tíðum mjög einkennileg, eins og fram kemur í 4. kafla hér að framan. Eftirfarandi regla er því birt með þeim fyrirvara að margt er óljóst um þá orðmyndun sem að baki liggur og tölurnar eru því óáreiðanlegar. Það er þó ljóst að höfuðorðflokkarnir geta verið fyrri hlutar í atviksorðum, þótt sagnir séu að vísu mjög fáar.

⁵¹ Samsett og afleidd orð með tengingum að fyrri lið koma oft spáskt fyrir sjónir og finnast helst í stærðfræðiorðum, t.d. *eðun*, *ogun*, *néðun* og *néogun* í *Tölvuorðasafni* (1986).

⁵² Til þess að fullvinna samanburðinn við ensku væri gott að athuga rökleiði með samsettu sögnunum þar sem nafnorð er fyrri hluti og bera þá saman við rökleiði með grunnsögnum en hér gefst ekki tími til þess. Vel má fella efni af þessu tagi inn í gögnin síðar, bæði um sagnir og aðra orðflokka.

(32) Samsett atviksorð:

$$\text{adv} \rightarrow \left\{ \begin{array}{l} 0 \\ \text{adj} \\ \text{adv} \\ \text{conj} \\ \text{int} \\ \text{no} \\ \text{num} \\ \text{pron} \\ \text{v} \end{array} \right\} \text{adv} \quad \left\{ \begin{array}{ll} 247 & \text{dável, óbeinlínis} \\ 179 & \text{illskár, stórhlægilega} \\ 314 & \text{misvel, sunnansuðaustran} \\ 1 & \text{sumsé} \\ 2 & \text{neisko, ojú} \\ 237 & \text{hundraðavís, blindhliðarmegin} \\ 25 & \text{einskonar, tvívegis} \\ 39 & \text{beggjamegin, allravirðingarfyllst} \\ 6 & \text{þrýstimegin, æðiilla} \end{array} \right\}$$

Eins og áður sagði er reglan um samsett atviksorð höfð hér með til þess að gefa heildarmynd af öllum orðflokkum. Greining atviksorða er þó slíkum vandkvæðum háð að ekki er rétt að treysta mikið á þessar tölur.

5.4.2.5 Reglur um viðskeytingu

Hjá Selkirk eru reglur um afleiðslu ekki settar upp á sama hátt og reglur um samsetningu, eins og fram kemur í 2. kafla hér að framan. Í afleiðslu telur Selkirk ekki vera þörf á því að gera grein fyrir götum í reglunum á sama hátt og í samsetningarreglunum þar sem aðskeyti eru lokaður flokkur. Götin í afleiðslunni skýrast þá einfaldlega af því hvaða aðskeyti eru til í hverju tungumáli. Þrátt fyrir að hið sama hljóti að eiga við um íslensk aðskeyti fylgja hér yfirlitsreglur um viðskeytingu sem settar eru fram á sama hátt og samsetningarreglurnar hér á undan. Þessar reglur fá að fljóta hér með til að gefa mynd af niðurstöðum úr greiningunni, fremur en að þær séu ætlaðar til samanburðar við niðurstöður Selkirk. Við skoðun á reglunum er rétt að hafa í huga að þær eru settar fram í samræmi við gagnagreininguna í 4. kafla þannig að hér er heldur fleira talið til viðskeyta en rök eru færð fyrir að rétt sé að gera í fyrri hluta þessa kafla. Því eru dæmi um *-dómur*, *-legur*, *-leiki*, *-leikur*, *-rænn*, *-ræna*, *-samur*, *-semd*, *-semi*, *-skapur*, *-verji* og *-verskur* með í tölunum hér, þrátt fyrir að því sé haldið fram hér að í þeim sé rót og þeir ættu því ekki að teljast til viðskeyta.

(33) Viðskeytt nafnorð:

$$\text{no} \rightarrow \left\{ \begin{array}{l} 0 \\ \text{adj} \\ \text{adv} \\ \text{no} \\ \text{num} \\ \text{v} \end{array} \right\} \text{no}^{\text{vsk}} \quad \left\{ \begin{array}{ll} 7 & \text{frumungur, möguleiki} \\ 534 & \text{arðsemi, auðmýkt} \\ 8 & \text{jafnleiki, mótingi} \\ 257 & \text{barndómur, botnvörpungur} \\ 2 & \text{sextungur, sjöttungur} \\ 810 & \text{aðgætni, viðvörun} \end{array} \right\}$$

Hér er gert ráð fyrir því að nafnorðin *arðsemi* og *auðmýkt* séu leidd af lýsingarorðunum *arðsamur* og *auðmjúkur*, í samræmi við kenninguna um rökformgerð orða. Að auki væri erfitt að skýra hvers vegna pör af þessu tagi koma fyrir ef önnur myndin er ekki leidd af hinni. Þá eru *aðgætni* og *viðvörun* talin leidd af sögnunum *aðgæta* og *vara við* (sjá kafla um greiningu agnarsagna, 4.5.3.3.2 hér að framan).

Mjög hátt hlutfall af þeim lýsingarorðum í gögnunum sem eru talin viðskeytt eru mynduð með *-legur*, *-samur* og öðrum liðum sem dregið var í efa að væru viðskeyti hér að framan. Þannig er málum háttað um öll lýsingarorð með óorðflokksgreinda fyrri liði

sem falla undir regluna í (34) hér á eftir, t.d. orðin *frumlegur* og *púnverskur*⁵³ sem þar eru tekin sem dæmi, og öll orð þar sem atviksorð eru fyrri hluti. Sama á við um því sem næst öll orð sem hafa lýsingarorð að fyrri lið. Það er aðeins í afleiðslu af nafnorðum og sögnum sem fjölbreytnin verður meiri. Í sagnleiddum lýsingarorðum skiptast orðin (að mestu) í tvennt; annars vegar eru orð sem enda á *-legur* en hins vegar eru lýsingarháttarmyndir, bæði nútíð og þátíð.

(34) **Viðskeytt lýsingarorð:**

$$\text{adj} \rightarrow \left\{ \begin{array}{c} 0 \\ \text{adj} \\ \text{adv} \\ \text{no} \\ \text{num} \\ \text{pron} \\ \text{v} \end{array} \right\} \text{adj}^{\text{vsk}} \left\{ \begin{array}{ll} 21 & \text{frumlegur, púnverskur} \\ 110 & \text{ágætlegur, einfaldlegur} \\ 17 & \text{innrænn, núlegur} \\ 707 & \text{gáróttur, gæsalappaður} \\ 11 & \text{einrænn} \\ 2 & \text{sérlegur, þesslegur} \\ 1.160 & \text{aðdánlegur, áþjáður} \end{array} \right\}$$

Dæmi um viðskeyttar sagnir eru fá í gögnunum og ástæðan er sennilega sú að þær eru oftast myndaðar af grunnorðum. Þar sem dæmin í safninu eru valin úr Ritmálsskrá OH þannig að hér eru aðeins orð sem þar eru greind sem forskeytt eða samsett er ekki von á slíku efni hér.

(35) **Viðskeyttar sagnir:**

$$\text{v} \rightarrow \left\{ \begin{array}{c} 0 \\ \text{adj} \\ \text{adv} \\ \text{no} \\ \text{v} \end{array} \right\} \text{v}^{\text{vsk}} \left\{ \begin{array}{ll} 1 & \text{heimsumbóla} \\ 21 & \text{óhreinka, réttmæta} \\ 1 & \text{andspæna} \\ 105 & \text{einhljóðast, frímerkja} \\ 9 & \text{sandblásast} \end{array} \right\}$$

Loks fylgir hér með yfirlitsregla um viðskeytt atviksorð og er hún einungis höfð með til ljúka þessu yfirliti um niðurstöður skoðunar á orðmyndunarreglum í gögnunum.

(36) **Viðskeytt atviksorð:**

$$\text{adv} \rightarrow \left\{ \begin{array}{c} 0 \\ \text{adj} \\ \text{adv} \\ \text{no} \\ \text{pron} \\ \text{v} \end{array} \right\} \text{adv}^{\text{vsk}} \left\{ \begin{array}{ll} 13 & \text{rélega, fáránlega} \\ 269 & \text{andskotalaust, atorkusamlega} \\ 20 & \text{innarlega, afskaplegana} \\ 440 & \text{aðdánarlega, álitum} \\ 2 & \text{sérlega} \\ 113 & \text{áþreifanlega, gætilega} \end{array} \right\}$$

Eins og ráða má af reglunni enda flest viðskeytt atviksorð í gögnunum á *-lega* og tvennt er við það að athuga að greina orðhlutann sem atviksorðsviðskeyti. Í fyrsta lagi eiga hér við sömu rök um það að í *-lega* sé rót og haldið er fram um *-legur* á bls. 158 hér að framan. Í öðru lagi ætti e.t.v. að gera ráð fyrir því að þessi atviksorð séu dregin af lýsingarorðum sem enda á *-legur* þannig að sjálft viðskeytið hér væri einungis *-a*. Þá er meðal þessara

⁵³Hér væri sennilega betra að hafa greininguna *púnver-skur*, sjá athugasemdir og töflu (19) á bls. 157–158.

orða einnig að finna hvorugkynsmyndir lýsingarorða sem greindar eru sem atviksorð í Ritmálssafni, vegna setningarstöðu, t.d. *andskotalaust* í reglunni hér.

Eins og áður sagði eru reglurnar um viðskeytingu hafðar með hér til að sýna fjölbreytni í orðmynduninni fremur en að þeim sé ætlað að varpa ljósi á samanburðinn við reglur Selkirk eða að af þeim sé hægt að draga miklar ályktanir.

5.4.2.6 Er munur á orðmyndunarreglum í afleiðslu og samsetningu?

Strangt til tekið má halda því fram að engin orðflokkagöt séu í reglum um samsett orð í íslensku á borð við þau sem Selkirk gerir ráð fyrir í ensku. Orðhlutar af öllum höfuðorðfloknum ganga saman í samsetningu og sömu ályktun má reyndar draga af reglunum hér á undan um viðskeytingu. Tölurnar sýna þó að talsverður munur virðist vera á virkni enda er það gamalkunn staðreynd að enginn vandi er að búa til samsett nafnorð en erfiðara með flest annað, t.d. sagnir.

Lykillinn að þessu er e.t.v. sá að merkingarvensl milli orðhluta eru með ólíkum hætti í orðum af mismunandi orðfloknum. Það er því e.t.v. alls ekki hlutverk orðmyndunarreglnanna sjálfra (eins og Selkirk virðist telja) að útiloka að einhverjir tveir orðflokkar myndi samsett orð. Er ekki miklu líklegra að þetta sé afleiðing af ströngum reglum um merkingarvensl milli orðhluta sem byggjast á reglum um úthlutun merkingarhlutverka innan orða á hliðstæðan hátt og í setningum? Hugmyndir Lieber sem minnst er á í 2.5.6 hér að framan byggjast reyndar á kenningum af þessu tagi en hún setur það að skilyrði að vensl á milli orðhluta séu samkvæmt setningafræðilegum lögmálum. Þess er ekki kostur að athuga þetta atriði hér en á því er full þörf. Með þetta í huga má e.t.v. segja að reglur sem settar eru fram á þann hátt sem gert er í þessum kafla séu í eðli sínu lýsandi og geti aldrei verið skýrandi. Ef til vill liggur það einnig í hlutarins eðli að orðgreiningarlýsing þar sem ekki er verið að fást við virka orðmyndun eingöngu getur aldrei orðið annað en lýsandi þar sem þar er í raun verið að athuga mörg málstig í einu.

Niðurstaðan af þessari skoðun á hugsanlegum mismun á reglurvirkni í samsetningu og afleiðslu er því sú að í íslensku komi ekki fram göt í reglunum á sama hátt og í ensku þótt virkni sé mismikil. Því er tæplega hægt að halda því fram á grundvelli þeirra staðreynda sem hér hafa verið settar fram að afleiðsla og samsetning séu eðlisólíkar að þessu leyti.

5.4.3 Um víxlverkun afleiðslu og samsetningar

Þeir sem gera ráð fyrir ströngum aðskilnaði samsetningar og afleiðslu í orðasafninu og telja eðli þessara orðmyndunarferla vera ólíkt þurfa að haga greiningu sinni þannig að aðskeyti bætist ekki við samsett orð. Þar gildir m.ö.o. eins konar bann við blöndun sviða. Afleiðingin verður sú að fram koma liðgerðarþversagnir, eins og nokkrum sinnum hefur verið minnst á hér að framan. Þetta á bæði við um lýsingu eins og hjá Stephen R. Anderson (sjá 2.5.5) og í lexíkalskri hljóðkerfis- og orðhlutafræði, t.d. hjá Kiparsky og Þorsteini G. Indriðasyni (sjá 2.5.4 og 3.3.4 hér að framan). Í lagskiptum líkðnum af málkerfinu kemur þetta fram í því að aðskeyti sem tilheyra lagi sem er ofar í ferlinu en samsetningin eiga ekki að bætast á samsett orð en hins vegar kemur ekkert í veg fyrir afleiðslu af samsettum orðum með aðskeytum sem tilheyra sama lagi og samsetningin. Ef viðskeytagreining Þorsteins G. Indriðasonar er notuð til að sýna hvað við er átt ættu viðskeytin *-ing-*, *-ísk-*, *-nað-*, *-ni-*, *-ning-* og *-un*, sem öll teljast vera viðskeyti I, ekki að bætast við samsett orð. Ef rökformgerð er látin ráða greiningunni, eins og hér er gert, stenst þetta ekki, eins og sjá má af greiningunni á orðinu *ummyndanamálfræðingur* sem hér að framan er talið vera afleiðt af samsetta orðinu *ummyndanamálfræði* (sjá nmgr. 39 á bls. 82 hér að framan). Í þessum kafla verður athugað hverju gögnin skila varðandi þetta efni.

Í gögnunum er talsvert af viðskeyttum orðum þar sem gert er ráð fyrir að orðmyndunargrunnurinn sé samsett orð. Hér verða sýnd dæmi og gefnar tölur um algengustu viðskeyti sem mynda lýsingarorð og nafnorð af samsettum orðum⁵⁴ og síðan verða dæmi um sagnleidd nafnorð og lýsingarhátt þátíðar athuguð sérstaklega til að skýra hvaða vandamál fylgja því að takmarka endurkvæmni milli afleiðslu- og samsetningarreglna. Hér eru aðeins skoðuð þau viðskeyti sem sæmilega mörg dæmi eru um og öllum stak- og fádæmum sleppt. Þá eru aðeins skoðuð viðskeyti sem teljast vera viðskeyti I í lagskiptu líkani þar sem vandamálið birtist í sinni hreinustu mynd í þeim. Þetta á bæði við um lagskipt líkan og þá greiningu á viðskeytum sem hér er sett fram. Í lagskiptu líkani ættu viðskeyti I ekki að bætast við samsett orð en ekkert er því til fyrirstöðu að viðskeyti II geri það þar sem þau eru í sama lagi og samsetningin (a.m.k. samkvæmt greiningu Þorsteins G. Indriðasonar). Í greiningunni hér eru margir orðhlutar sem taldir eru til viðskeyta II hjá Þorsteini hins vegar ekki taldir til viðskeyta þar sem í þeim er rót. Hér verður sjónum því beint að viðskeytum I. Víkjum þá fyrst að nokkrum tölum úr gögnunum.

Í gögnunum eru alls 1.012 viðskeytt lýsingarorð sem mynduð eru af samsettum orðum og er orðum með *-legur* og *-samur* þá sleppt, eins og áður sagði. Langflest orðin eru mynduð af sögnum og eru lýsingarháttarmyndir (nútið og þátíð) þar langalgengastar.

(44) **Dæmi um lýsingarorð leidd af samsettum orðum:**

- a *Af sögnum:*
- | | | |
|-----|-------|--|
| 307 | -inn | aðskilinn, afhaldinn, afhöggvinn |
| 178 | -aður | afbakaður, afdankaður, afhöfðaður, aflagaður |
| 101 | -tur | aðgættur, afræktur, afsettur |
| 92 | -dur | aðgreindur, aðþrengdur, afbrenndur |
| 95 | -ður | aðspurður, aflagður, afmáður, bókfærður |
| 50 | -ur | limlestur, lögfestur |
| 105 | -andi | aðkomandi, aðlaðandi, aðlíðandi, afgerandi |
- b *Af nafnorðum:*
- | | | |
|----|-------|---|
| 23 | -skur | íslenskur, færeyskur, bæheimskur, bandarískur |
| 15 | -aður | gullstafaður, gullvængjaður, gæsalappaður, gullsnúraður |

Ef rökformgerð orðanna er látin ráða, eins og hér er stefnan (sbr. kafla 4.4.1.3 hér að framan), þá kemur ekki önnur greining til greina en sú sem hér er sýnd. Röklega er það t.d. alveg fráleitt að greina orðið *íslenskur* þannig að orðmyndunarlega séu engin tengsl við *Ísland* og orðið sé samsetning af *ís* og *lenskur*.

Þá eru í gögnunum 1.482 viðskeytt nafnorð þar sem orðmyndunargrunnurinn er samsett orð. Helstu viðskeyti og tölur um þau fylgja hér á eftir:

(45) **Dæmi um nafnorð leidd af samsettum lýsingarorðum:**

- | | | |
|-----|--------------------------|---|
| 274 | -i | arfgengi, ákafi, bersögli |
| 93 | -ni | bónþægni, einlægni, geislavirkni |
| 32 | -ingi/-ingur/
-lingur | atvinnuleysingi, iðjuleysingi, andstæðingur,
einhleypingur, einstaklingur, fátæklingur |

⁵⁴ Atviksorðum er sleppt úr þessari umfjöllun vegna þeirra vandamála í greiningunni sem sagt er frá í 4. kafla. Afleiddar sagnir af samsettum orðum eru svo fáar í gögnunum að þeim er einnig sleppt hér; þær eru aðeins 137. Flestar þeirra (eða 105) eru dregnar af nafnorðum, t.d. *andskota*, *blóðkoppa*, *buffhamra*, *fjármagna* og *frámerkja*, en nokkrar eru dregnar af lýsingarorðum (21 sögn alls), t.d. *fullorðnast* og *óhreinka*. Í sjálfu sér koma í ljós sömu vandamál í greiningu þessara orða og í þeim dæmum sem hér eru skoðuð.

25	-ð/-d/-t	ákefð, glaðværð; aflasæld, ágirnd, hagkvæmd, auðmýkt, fátækt, óþekkt
22	-a	farsæla, frostleysa, sjóndepra
8	-ska	fákænska, fíflirfska

(46) **Dæmi um nafnorð leidd af samsettum nafnorðum:**

113	-ingur/-lingur	búfræðingur, efnafræðingur, eldfjallafræðingur, kolsýrlingur
48	-ska	flugumennska

(47) **Dæmi um nafnorð leidd af samsettum sögnum:**

232	-ing/-ning	aðgreining, afhending, efnagreining, bólusetning, framlagning, lögskráning
167	-un/-an	aðdáun, bréfritun, fjármögnun, aflífan, ávísan, endurnýjan
53	-sla	aðfinnsla, afgreiðsla, bókfærsla
49	-andi	aðdragandi, afkomandi, ábúandi
48	-i	andmæli, áfelli, samþykki
43	-ingur/-ningur	framreikningur, úrtíningur, misskilningur, rökstuðningur
30	-ari	afneitari, dáleidari, ljósmyndari
17	-ð	aðgerð, ábúð, yfirferð
17	-ður	afskurður, framburður
13	-n	áheyrn, endurreisn, heimsókn
10	-naður	aðbúnaður, aðskilnaður

Sum þeirra viðskeyta sem þarna koma fram eru greind sem viðskeyti I hjá Þorsteini G. Indriðasyni, þ.e. *-ing/-ingur*, *-ning/-ningur*, *-ni* og *-un*. Þau ættu því ekki að bætast við samsett orð, ef miðað er við kenningu Kiparskys þar sem viðskeyting í lagi I getur ekki farið á eftir samsetningu (sbr. t.d. dæmi Katambas á bls. 26, *ex-boy-friend*; sjá líka (9) á bls. 38–39). Til þess að athuga þetta nánar verða orð sem greind eru sem sagnleidd nafnorð af samsettum sögnum nú skoðuð.

5.4.3.1 Sagnleidd nafnorð af samsettum sögnum

Í öllum kenningum sem takmarka víxlverkun afleiðslu og samsetningar kemur upp sú undarlega staða að ekki er hægt að mynda afleidd nafnorð af öllum sögnum á sama hátt. Til dæmis má nefna að í kerfi sem gerir ráð fyrir lagskiptingu er ekkert því til fyrirstöðu að mynduð séu sagnleidd nafnorð (með hvaða viðskeyti sem er, þ.e. bæði af flokki I og II) af grunnorðum og viðskeyttum sögnum sem myndaðar eru með viðskeytum I. Dæmi um þetta eru sagnleiddu nafnorðin *skoðun* og *feðrun* af grunnsögninni *skoða* og afleiddu sögninni *feðra*. Viðskeytin sem mynda nafnorðin geta þá verið hvort heldur er af flokki I eða II. Hins vegar virðist ekki vera gert ráð fyrir því í líkani Kiparskys, til dæmis, að viðskeyti I geti bæst við samsett orð.⁵⁵

⁵⁵ Með aðferðum Stephens R. Andersons er erfitt að sjá hvernig nokkur viðskeyti geta bæst við samsett orð og gildir þá einu hvort þau eru af flokki I eða II.

(48) Lagskiptingin og nafnleidd sagnorð:

	nafnorðsviðskeyti I (-ing/-un/-ning/-nað ...)	nafnorðsviðskeyti II (?)
grunnsögn	+	+
sögn með vsk I	+	+
sögn með vsk II	—	+
samsett sögn	—	+

Afleiðingarnar af þessu eru þær að í lagskiptu líkani geta orðin *bólusetning*, *lögskráning*, *fjármögnun* og *rökstuðningur* ekki verið sagnleidd nafnorð, þ.e. afleiðsla af samsettu sögnumum *bólusetja*, *lögskrá*, *fjármagna* og *rökstyðja*. Þar sem orðin eru nú samt sem áður til hljóta þau að vera samsett orð, þ.e. sett saman úr grunnorðunum *bóla*, *lög*, *fé* og *rök* og viðskeyttu orðunum *setning*, *skráning*, *mögnun* og *stuðningur*. Við þetta er þrennt að athuga. Í fyrsta lagi er það mjög furðuleg tilviljun að rökvenslin í orðapörum *bólusetja* og *bólusetning*, *lögskrá* og *lögskráning*, *fjármagna* og *fjármögnun* og *rökstyðja* og *rökstuðningur* skuli vera alveg samstæð, alveg á nákvæmlega sama hátt og í sagnleiddum nafnorðum af grunnsögnum, (t.d. *hugga* og *huggun*), ef engin orðmyndunarleg tengsl eru á milli þeirra nema þau að pörin eru (hvert um sig) mynduð af sömu orðunum. Í öðru lagi er það skrýtin tilviljun að samsetningarhátturinn skuli vera sá sami í svona pörum, þar sem engin ástæða er til að svo sé ef aðeins er um hliðstæðar samsetningar að ræða en ekki afleiðslu af samsetningum. Fyrri hlutarnir *lög*-, *fjár*- og *rök*- eru t.d. ekki einu samsetningarliðirnir sem til greina koma af orðunum *lög*, *fé* og *rök*, eins og orðin *féfletting*, *rakasannindi* og *lagabreyting* sýna.⁵⁶ Ef aðeins er um hliðstæð samsett orð að ræða gæti útkoman alveg eins verið *féfletta*, *?fjárfletting* og *fjárfesta*, *?féfesting*.⁵⁷ Í þriðja lagi leiðir þessi greining til þess að eiginleg sagnleidd nafnorð eru ekki til nema af grunnsögnum og afleiddum sögnum (með viðskeyti I) en þar með verða til mjög skrýtin göt í orðmynduninni.

Með greiningu sem takmarkar endurkvæmni milli afleiðslu og samsetningar er því verið að segja að eiginleg gerandorð og verknaðarorð (sem eru afleidd orð) séu ekki til nema af sumum sögnum, þ.e. grunnsögnum og afleiddum sögnum með viðskeyti I, en samsett orð gegni sama hlutverki merkingarlega fyrir samsettar sagnir. Á þessu er þar að auki einn annmarki enn; í sumum orðum verður að gera ráð fyrir samsetningarmyndum sem ekki eru til sem sjálfstæð orð, t.d. *nýjun* í samsetta orðinu *endurnýjun*.⁵⁸

5.4.3.2 Lýsingarháttur þátíðar, orðmyndun og beyging

Svipuð vandamál koma upp í greiningu lýsingarháttar nútíðar og þátíðar eins og í greiningu nafnorðanna sem fjallað er um í næsta kafla hér á undan. Lýsingarhátturinn er þó að því leyti enn flóknari að hann er ýmist talinn vera beygingarmynd eða orðmyndun⁵⁹ og

⁵⁶Samsetningar af nafnorðinu *rök* með fyrrihlutanum *raka* eru fáar, e.t.v. vegna þess að orðhlutinn er samhljóða samsetningarmynd orðsins *raki*.

⁵⁷Val á samsetningarmynd í einstökum samsettum orðum virðist vera lexíkalísierað og ófyrirsegjanlegt í mjög mörgum tilfellum, eins og sést af pörum eins og *barnsvagga*, *barnarúm*; *barnsmeðlag*, *barnalífeyrir* og *bóksala*, *bókabúð* þar sem merkingarvensl í orðunum skýra ekki muninn á stofnsamsetningu og lausri samsetningu eða eignarfalli eintölu og fleirtölu í samsetningarmyndunum. Ekki virðist heldur vera auðvelt að gera grein fyrir þessu út frá hljóðskipun (sjá Kristín Bjarnadóttir 1995a).

⁵⁸Hér er *endur*- talið vera samsetningarliður en í lagskiptu líkani skiptir engu þótt það sé talið vera forskeyti þar sem það hlyti að vera í sama lagi og samsetninging, sbr. orðið *endurskipulagning* þar sem *skipuleggja* og *skipulagning* eru samsett orð sem *endur* bætist framan á.

⁵⁹Um vandamál í skiptingu lýsingarháttar í beygingu og orðmyndun, sjá t.d. *Sýnihefti sagnorðabókar* (Ásta Svavarsdóttir et al. 1993:18–20) og *Setningafræði* Höskuldar Þráinssonar (1990:39–43) og ritgerðina *Naumt að hugað hætti: Um lýsingarhátt þátíðar* (Kristín Bjarnadóttir 1996).

Þess vegna kemur fram aukið ósamræmi í greiningunni þegar flæði á milli orðasafnsferla er takmarkað, þ.e. á milli beygingar, afleiðslu og samsetningar.

Upphaflegt markmið Kiparskys í lagskiptu líkani var það að línuleg röðun myndana endurspegladi lögin í líkaninu og röksemdir um hömlur á röðun liða vega þungt hjá honum. Þessu hafnar Þorsteinn G. Indriðason hvað beygingu snertir, þar sem tilvist eignarfallsmýnda í samsetningarliðum (þ.e. í lausum samsetningum) verður til þess að hann byggir greiningu sína á því að liðirnir séu sóttir beygðir inn í samsettu orðin (sjá umfjöllun á bls. 80–81 hér að framan). Þetta er nauðsynlegt vegna þess að beyging verður að fara fram í fyrra lagi í líkaninu en samsetning vegna mismunar í regluvirkni hljóðkerfisreglna sem Þorsteinn byggir skiptingu sína á. Ætla má að það sama gildi um greiningu á beygingarlegum lýsingarhætti og við greiningu beygðra samsetningarliða, þ.e. að gera verði ráð fyrir því að liðirnir komi beygðir inn í orðið. Allar beygingarmyndir samsettra sagna, þ.m.t. lýsingarháttur, hljóta þá að vera e.k. inntak í samsetninguna sjálfa.

Hins vegar virðist Þorsteinn gera ráð fyrir því að ströng lagskipting (og þar með línuleg röð orðhluta) gildi þegar viðskeyting I og samsetning er annars vegar, eða svo má a.m.k. ætla af þeim rökum sem hann setur fram um röðun viðskeyta I og II og samsetningarliða. Það er því ekki að sjá af kenningu Þorsteins að hann geri ráð fyrir sams konar ferli í afleiðslu og í beygingu þannig að liðirnir séu sóttir afleiðdir inn í orðin, enda væru þá öll rök um línulega röðun fallin.

Niðurstaðan um lýsingarhált er því sambærileg við það sem fram kemur hér á undan um nafnleidd sagnorð. Orðmyndunarlegur lýsingarháttur af samsettum sögnum, myndaður á reglulegan hátt með sömu viðskeytum og fram koma í beygingarlegum lýsingarhætti, er ekki til ef endurkvæmni milli samsetningar- og afleiðslureglna er takmörkuð. Í staðinn koma samsett orð þar sem síðari liðurinn er lýsingarháttur grunnsagna eða afleiðdra sagna. Hins vegar veldur beygingarlegur lýsingarháttur þátíðar af samsettum sögnum ekki vandræðum í lagskiptu líkani, miðað við forsendur Þorsteins G. Indriðasonar þar sem beygðir liðir eru sóttir inn í orðasafnið áður en til samsetningarinnar kemur. Þarna þarf því að nota tvær gjörólíkar aðferðir til að skýra ferlin sem búa til beygingarlegan og orðmyndunarlegan lýsingarhált samsettra sagna en samt vill svo til að myndirnar eru alltaf samhljóða og merkingarvensl eru þau sömu. Með þessu tapast því sú alhæfing að lýsingarháttur, bæði beygingarlegur og orðmyndunarlegur, sé myndaður af sögnum, bæði grunnsögnum, afleiðdum sögnum og samsettum sögnum, með viðskeytum -inn, -aður, -ður, -dur, -tur (sjá t.d. Björn Guðfinnsson 1958:65).

5.4.3.3 Niðurstaða um víxlverkun

Niðurstaðan um víxlverkun afleiðslu og samsetningar er því sú að rökgerð orða bendi ótvírætt til þess að orðmyndunarreglur verði að vera endurkvæmar þannig að samsett orð geti verið inntak í afleiðslureglur. Í kenningum þar sem strangar takmarkanir gilda um flæði milli afleiðslu- og samsetningarreglna er óhjákvæmilegt að rökgerð tapist og að auki verða til göt í orðmynduninni í ferlum sem annars væru mjög virk og fullkomlega regluleg, t.d. í myndun sagnleiddra nafnorða og orðmyndunarlegs lýsingarháttar þátíðar. Ef afleiðsla getur ekki farið á eftir samsetningu eru eiginleg sagnleidd nafnorð aðeins til af grunnsögnum og viðskeyttum sögnum en sambærilegar myndir af samsettum sögnum verður þá að skýra á annan hátt, t.d. með því að þar séu á ferðinni samsett nafnorð. Það er þá hending að þau eru nákvæmlega hliðstæð samsettu sögnunum, bæði að formi og merkingu. Sams konar vandamál birtast einnig í greiningu lýsingarháttar af samsettum sögnum, eins og hér hefur verið sýnt. Niðurstaðan hér sýnir að fullt flæði verður að vera milli afleiðslu og samsetningar og gera verður ráð fyrir víxlverkandi reglum um afleiðslu og samsetningu.

5.5 Niðurstaða

Mörkin milli afleiðslu og samsetningar eru algjörlega háð þeirri skilgreiningu sem notast er við. Í þessum kafla er prófað að beita þröngri skilgreiningu þar sem aðskeyti er alltaf bundið, gegnir málfræðilegu hlutverki og inniheldur ekki rót. Með þessum hætti má fá fram skiptingu á milli afleiðslu og samsetningar sem er að því leyti hrein að beygðir liðir koma aldrei fram á orðhlutaskilum nema í samsetningum. Hins vegar eru skilin á milli afleiðslu og samsetningar enn mjög óljós þegar greina á einstaka orðhluta þar sem ógerlegt reyndist að finna forsendur til að skilja fullkomlega milli aðskeyta og annarra bundinna liða, m.a. vegna þess að máltilfinningin dugar ekki til að greina í hvaða orðhlutum er rót og hvaða orðhlutar gegna málfræðilegu hlutverki. Til þess að komast áleiðis með efnið var því gripið til þess að skoða málsögulegt efni og stuðst við skýringar úr *Íslenskri orðsifjabók* en upphaflega var ætlunin að greiningin yrði að öllu leyti samtímaleg og byggð á málkenndinni einni. Í þessu birtist vandamálið enn; skilin á milli afleiðslu og samsetningar eru svo óljós að telja má útilokað að málnotendur greini þau nema í hreindræktuðum dæmum. Því tel ég vafasamt að afleiðsla og samsetning geti verið eðlislega ólík fyrirbæri þannig að réttlætanlegt sé að ætla að um þau gildi gerólfkar reglur í orðasafninu, t.d. þannig að afleiðsla sé ferli en samsetning sé samröðun lesa, eins og Aronoff, Kiparsky og Anderson halda fram og sagt er frá í 2. kafla. Skiptingin í afleiðslu og samsetningu skiptir því e.t.v. ekki eins miklu máli og menn vilja stundum vera láta og niðurstaðan er þá sú að bilið á milli viðskeyta og bundinna síðari hluta sé mjög mjótt, mörkin óljós og e.t.v. ekki einu sinni mikilvæg. Ef gert er ráð fyrir því að aðskeyti og bundnir liðir séu les í orðasafni sem öll eru sett upp á sama hátt, þ.e. með flokkunarrömmum sem sýna valhömlur, þá er munurinn á aðskeyti og samsetningarlið e.t.v. einungis fólgin í muninum á málfræðilegu hlutverki og merkingu og því hvort í orðhluta er rót eða ekki. Hvorugt þessara atriða virðist vera þannig að málkenndin dugi til að skera þar úr svo að viðhlítandi sé í öllum tilfellum. Ef þessi ályktun er rétt þá dugar ein orðmyndunarregla til að lýsa íslenskri orðmyndun, þ.e. fyllilega endurkvæm regla sem raðar saman lesum í orðasafninu, óháð því hverrar gerðar þau eru:

$$(49) \quad \text{Endurkvæm orðmyndunarregla: } X^0 \longrightarrow Y^0 X^0$$

Það er þá hlutverk lögmála um rökvensl liða, úthlutun merkingarhlutverka o.þ.h. sem takmarkar hverju þessi regla skilar.

Ekkert er því þó til fyrirstöðu að túlka þær niðurstöður sem hér eru settar fram á hefðbundnari nótum þannig að gert sé ráð fyrir sérstakri reglu um viðskeytingu samkvæmt þeirri þröngu skilgreiningu á aðskeyti sem sett er fram í (2) á bls. 139 hér að framan. Þau viðskeyti yrðu mun færri en hefðbundið er að telja í íslensku og hér er ekki settur fram listi um þau þar sem hann yrði að byggjast á flokkun á málfræðilegu hlutverki orðhluta. Hins vegar er niðurstaðan af athugun á einstökum flokkum orðhluta í þessum kafla sú að í íslensku sé ástæðulaust að gera ráð fyrir því að forskeyting sé sérstök gerð orðmyndunar. Rökin eru þau að í langflestum þeirra orðhluta sem hugsanlegt er að greina sem forskeyti er rót. Þeir fimm orðhlutar sem deila má um hvort í er rót eða ekki, þ.e. *ó-*, *and-*, *auð-*, *tor-* og *ör-*, hafa það einkenni samsetningarliða að bætast framan á orð af mörgum orðflokkum. Ef halda á í kenninguna um einsleitan grunn (*Unitary Base Hypothesis*) yrði því að gera ráð fyrir mörgum samhljóða forskeytum. Þar sem önnur rök fyrir því að greina þessa orðhluta sem forskeyti eru ekki veigamikil eru þeir því taldir til samsetningarliða hér, enda geta samsetningarliðir í íslensku verið bundnir, eins og hér hefur komið fram.

Það efni sem sagt er frá í síðari hluta kaflans styður enn frekar þá skoðun að enginn eðlismunur sé á afleiðslu og samsetningu. Í íslensku er ekki ástæða til að setja upp mis-

munandi reglur um afleiðslu og samsetningu vegna gata í regluvirkni eins og Selkirk telur nauðsynlegt til að lýsa enskri orðmyndun. Allir orðflokkar í íslensku ganga saman í samsettum orðum þótt dæmi séu mismörg. Hér að framan er sett fram sú tilgáta að hugsanlega megi finna skýringuna á takmörkunum í myndun samsettra orða í lögmálum um rökvensl liða en hér er þess ekki kostur að rannsaka það atriði. Annað atriði sem bendir til þess að ekki sé hægt að setja skýr mörk milli afleiðslu og samsetningar er að gera verður ráð fyrir endurkvæmni á milli samsetningar og afleiðslu. Skilyrðislaus aðskilnaður þarna á milli leiðir til þess að upp koma liðgerðarþversagnir og rökgerð orða tapast. Ef ekki er gert ráð fyrir að samsett orð geti verið inntak í reglur um afleiðslu þarf að setja upp tvöfalt kerfi til að skýra mjög virka orðmyndun, eins og dæmi um myndun lýsingarháttar þátíðar og sagnleiddra nafnorða hér að framan sýna. Við þetta tapast alhæfingar, eins og t.d. sú að lýsingarháttur þátíðar, beygingarlegur og orðmyndunarlegur, sé myndaður á sama hátt af öllum sögnum. Öll þessi atriði styðja það að á afleiðslu og samsetningu sé ekki eðlismunur enda er fullt flæði þarna á milli nauðsynlegt til að setja fram greiningu á þeim gögnum sem hér hafa verið skoðuð þannig að rökgerð orðanna haldist. Vísast þar til orða Nidas sem vitnað er í á bls. 27 hér að framan (leturbreyting KB):

There are meaningful relationships between forms, and it is **essential** to adhere to these in analyzing the structure. (Nida 1949:89)

Loks er það niðurstaða af skoðun á gögnunum hér að öll kerfi, þar sem flæði á milli sviða er takmarkað, bresti þegar fást þarf við setningarliði innan orða, en eins og sýnt var í 4. kafla er talsvert af slíkum dæmum í íslensku. Vegna allra þessara atriða er niðurstaðan hér sú að afleiðsla og samsetning séu ekki eðlisólík fyrirbæri og að bann við blöndun sviða og allar aðrar takmarkanir á endurkvæmni í orðmyndun leiði af sér greiningu sem ekki nær yfir allt það efni sem hér hefur verið skoðað. Með því að gera ráð fyrir einni orðmyndunarreglu sem nær yfir alla orðmyndun og raðar saman lesun, af öllum gerðum, er að auki tekið skref sem er í samræmi við þróun í setningafræði. Breytingin úr því að gera ráð fyrir sértækum orðmyndunarreglum fyrir hvern orðflokk yfir í að gera ráð fyrir einni orðmyndunarreglu er sambærileg við breytinguna frá sértækum ummyndanareglum í setningafræði yfir í regluna um samruna (*merge*) í kenningunni um naumhyggju.

6 Lokaorð

Í þessari ritgerð hafa verið færð rök fyrir því að ekki sé gerlegt að skilja á milli afleiðslu og samsetningar, ef miðað á við málkennd. Þessi niðurstaða er byggð á athugun á talsvert stóru og sundurleitu gagnasafni en efni af því tagi er einmitt það sem málnotandinn þarf að glíma við. Ef lýsing á málinu á að byggjast á sálfræðilegum raunveruleika hlýtur að þurfa að taka tillit til margvíslegra atriða og þá er varla fært að útiloka óreglu af öllu tagi og greina aðeins dæmigerðustu fyrirbæri, eins og oft er raunin. Í því efni sem hér er skoðað gefa gögnin sjálf ekki færi á afstöðu af þessu tagi. Niðurstaðan er því sú að afleiðsla og samsetning séu ekki eðlisólík fyrirbæri og orðmyndun er hér talin felast í samröðun orðhluta sem eru les í orðasafni. Röksemdafærslu fyrir þessu er að finna í lok 5. kafla og verður hún ekki endurtekin hér að öðru leyti en með þeim orðum að gögnin sýna að skil á milli afleiðslu og samsetningar eru of óljós til að geta verið forsenda fyrir þeirri ályktun að eðli þessara tveggja gerða orðmyndunar sé ólíkt.

Afleiðing af þessu er sú að ein orðmyndunarregla sem raðar saman lesum er talin nægja til að lýsa allri orðmyndun í íslensku, þ.e. regla (49) á bls. 174:

$$(1) \quad X^0 \longrightarrow Y^0 X^0$$

Mismunur milli lesa ræður því síðan að afrakstur reglunnar verður með ýmsu móti en framsetningu lesanna má t.d. hugsa sér með svipuðum hætti og í dæmum frá Lieber (1992) sem sýnd eru á bls. 44–45 hér að framan. Hér verður ekki gerð tilraun til að setja fram heildarlýsingu á mismunandi lesum en hér í lokin fylgja hugmyndir sem sýna hvernig mætti hugsa sér að vinna úr þeim hugmyndum sem hér hafa verið settar fram. Hugsunin í framsetningunni er sú að þar sé rúm fyrir allar gerðir lesa, bæði þau sem eru hluti af virkum orðmyndunarferlum og hin sem eru óvirkir hlutar, þ.e. þau les sem málnotandinn skynjar sem einhvers konar eindir í orðasafni, án þess að þær séu tiltækar til nýmyndunar. Þeir orðhlutar eru þá aðeins til sem hluti af stærri heild en sú heild er sundurgreinanleg vegna þess að aðrir hlutar hennar eru sjálfstæð les.¹ Niðurstaðan úr rannsókninni sem sagt er frá í þessari ritgerð er einmitt sú að gögnin sem hér eru skoðuð gefi ekki færi á þeim einföldunum sem til þarf til að skila strangri aðgreiningu afleiðslu og samsetningar enda er slíkt aðeins fært með því að útiloka óreglu af öllu tagi. Slíkt er e.t.v. gerlegt ef aðeins á að fást við virkustu orðmyndunarreglur en nær skammt þegar fengist er við orðgerðar-greiningu, þ.e. athugun á óvirkum orðaforða, eins og hér er gert. Óvirki orðaforðinn er hluti af þeirri málkunnáttu sem hver málnotandi býr yfir, þótt í mismiklum mæli sé, og hann hlýtur því að þurfa að vera hluti af lýsingu málsins. Hér er sú afstaða líka tekin að rúm þurfi að vera fyrir óvirka orðaforðann í málskýringu, a.m.k. þannig að ekki þurfi að halda því fram að um óvirkan orðaforða gildi önnur og alls ólík lögmál en um virka orðmyndun.

¹ Hér er ekki átt við að lesin séu endilega sjálfstæð orð, heldur hitt að þau eigi sér sjálfstæðan tilverurétt sem les í orðasafni, jafnvel þótt myndönin sjálf séu bundin.

Með þetta í huga gæti óformleg framsetning lesa þá verið á þá leið að virk les í orða-safninu væru sett upp á sama hátt og lesin hjá Lieber þannig að hverju orði fylgi opinn flokkunarrámmi sem sýnir hvaða stöðu það getur haft í málkerfinu:

- (2) köttur [____]N

Samkvæmt þessu getur nafnorðið *köttur* gengið inn í nafnlið í hvaða gerð setningar sem er ef merkingarlegum skilyrðum er fullnægt.² Þau les sem ákvarða rökliðavensl í setningum eru síðan sýnd með viðeigandi hætti þannig að fram komi hvaða rökliðir geta staðið með orðinu. Áhrifslausa sögnin *hlaupa* er þannig sýnd með einum röklið (þ.e. frumlagi) sem táknaður er með *x* hjá Lieber (sjá (3)a). Áhrifssögnin *hreinsa* tekur hins vegar með sér tvo rökliði, geranda og þema, sem táknaðir eru með *x<y>* hjá Lieber (sjá (3)b).

- (3) a hlaupa [____]V
Rökliðir: *x*
b hreinsa [____]V
Rökliðir: *x <y>*

Les eins og þau sem sýnd eru í (2) og (3) geta þá verið orðhlutar í samsettum orðum og takmarkanir á samsetningum ráðast af merkingarvenslum í orðunum.

Virkir bundnir liðir eru settir upp á sama hátt, með opnum orðflokksmerktum flokk-unarramma sem sýnir hvers konar orðum þeir tengjast, svipað og hjá Lieber:

- (4) -ari [____]V [____]N

Munurinn á bundnum og frjálsum myndönum sést á umhverfinu sem flokkunarrámmarnir sýna, sbr. (3) og (4). Í framsetningu á rökliðum með orðhlutanum *-ari* kæmi síðan fram að hann gegnir málfræðilegu hlutverki, en við það að skeyta *-ari* aftan á sögn rennur verknaður og gerandi saman í eitt orð og til verður gerandnafnorð. Virkum bundnum orðhlutum sem ekki gegna málfræðilegu hlutverki fylgdi hins vegar merkingarlýsing, t.d. orðhlutanum *-sinni* (svo sem í *fríðarsinni* en orðhlutinn á við 'mann sem hefur tiltekna skoðun eða er fylgismaður einhverrar stefnu ...'). Munurinn á *-ari* og *-sinni* væri þá eingöngu fólgin í muninum á merkingu og málfræðilegu hlutverki eins og hér er sýnt á óformlegan hátt:

- (5) a -ari [____]V [____]N
Rökliðabreyting: Verknaður og gerandi renna saman í eitt orð og til verður gerandnafnorð.
b -sinni [____]N [____]N
Merking: 'maður sem hefur tiltekna skoðun eða er fylgismaður þess sem fyrri hluti orðsins tiltekur'

Þessi mismunur á framsetningu sýnir þá muninn á viðskeyti og bundnum síðari hluta (þ.e. samsetningarlið), ef miðað er við skilgreininguna í (2) á bls. 139. Efri liðurinn (*-ari*) breytir rökliðum og hefur þar með málfræðilegt hlutverk en sá neðri (*-sinni*) fær merkingarlýsingu. Það að rót er í *-sinni* en ekki í *-ari* er ekki hluti af lýsingunni hér enda er oft mjög erfitt að skera úr um það hvort málkenndin dugar til að greina þetta atriði. Í framsetningunni hér skiptir þetta atriði ekki máli.

Óvirka liði væri síðan hugsanlegt að setja upp þannig að þeir ættu sér enga sjálfstæða tilveru nema tengdir við ákveðna orðhluta, t.d. *-væli* í *matvæli* sem hvergi annars staðar

²Merkingarlegir þættir væru þá t.d. settir upp á sama hátt og hjá Lieber, sjá bls. 44–45 hér að framan.

er að finna og e.t.v. *-róf* í *litróf*, *stafróf* og *hljóðróf*. Þetta mætti sýna með því að tengja bundnu orðhlutana *væli* og *róf* við sjálf samsettu orðin sem þeir eru hluti af þannig að þeir finnast aðeins sem eins konar undirmengi í öðrum lesum í orðasafninu. Sjálfstæðu lesin ‘róf’ [____]N og ‘væli’ [____]N væru m.ö.o. ekki til í orðasafninu. Þetta mætti gera á eftirfarandi hátt:

- (6) a væli [[mat]N[____]N]N
 b róf [[hljóð]N[____]N]N
 [[lit]N[____]N]N
 [[staf]N[____]N]N

Þessi táknun sýnir að orðhlutarnir *-væli* og *-róf* koma aðeins fyrir í þeim orðum sem þarna eru tilgreind og finnast ekki annars staðar í orðasafninu. Reyndar er hugsanlegt að orðhlutinn *-róf* sé ekki alveg eins ótækur í nýmyndun og þarna er gefið í skyn. Í lærðri orðmyndun bregður honum fyrir eins og sjá má af orðinu *hljóðróf*.³ Því er hugsanlegt að setja þennan orðhluta upp þannig að merkingarlegar hömlur á fyrri hluta takmarki notkunina. Fyrirbærið sem tiltekið er í fyrri hluta orða með *-róf* er lokað mengi, t.d. allir stafir í tilteknu kerfi (*stafróf*), allir hugsanlegir litir (*litróf*) eða öll hugsanleg hljóð (*hljóðróf*):

- (7) -róf [[_____]N[____]N]N
 ‘lokað mengi ...’
 Merking: Safnheiti um öll stök í lokaða menginu sem tiltekið er í fyrri hluta ...

Með þetta í huga er vel hugsanlegt að mynda orð eins og *hljómróf* sem gæti t.d. átt við alla tóna eða hljóma sem fá má úr einni fiðlu. Munurinn á uppsetningu í (6)b og (7) sýnir þá raunverulegan mismun í orðmyndun með orðhlutanum *-róf* sem gæti verið einstaklingsbundinn. Mismunur af þessu tagi kemur líka fram í muninum á virkri og lærðri orðmyndun en sú síðarnefnda gæti einmitt falist í því að nota liði sem ekki teljast fullkomlega virkir í almennu máli.

Uppsetningin sýnir þá nokkra flokka bundinna myndana, virkra eða óvirkra, sem ýmist hafa merkingu eða gegna málfræðilegu hlutverki, t.d. svona:

- (8) a -un [____]v[____]N
 Málfræðilegt hlutverk: Orðhlutinn myndar gerandnafnorð af sögn.
 b -sinni [____]N[____]N
 Merking: ‘maður sem fylgir þeirri skoðun sem kemur fram í fyrri hluta ...’
 c.i -róf [[_____]N[____]N]
 ‘lokað mengi ...’
 Merking: Safnheiti um öll stök af þeirri gerð sem tiltekin er í fyrri hluta ...
 c.ii -róf [[hljóð]N[____]N]
 -róf [[lit]N[____]N]
 -róf [[staf]N[____]N]
 Merking: Safnheiti um öll stök í lokaða menginu sem tiltekið er í fyrri hluta ...

³Í Ritmálsskrá OH eru nokkur orð til viðbótar með þessum orðhluta (aldur elsta dæmis í sviga): *geislaróf* (20m), *hljóðróf* (20m), *litróf* (20f), *ljósróf* (20), *málróf* (19s), *orðróf* (20fm), *orkuróf* (20m), *pípuróf* (20fm), *rafróf* (20s), *snæróf* (20m), *sólróf* (20m), *sveifluróf* (20ms), *tregróf* (20m), *töluróf* (19s20f), *verðróf* (20s), og *ölduróf* (20s). Þessi orð virðast vera dæmi um lærða orðmyndun.

- d væli [[mat]_N[]_N]_N
 Merking: ‘Samheiti um allan mat ...’
 (Merking er bundin við samsetta orðið í heild.)

Í (8)a birtist dæmigert viðskeyti (-*un*), samkvæmt skilgreiningunni í (2) á bls. 139 hér að framan, og þar er málfræðilegt hlutverk tiltekið. Í (8)b er bundinn orðhluti (-*sinni*) sem hefur merkingu en ekki hlutverk og er virkur í orðmyndun, eins og sést af því að fyrri hlutanum fylgja engar skilyrðingar nema um orðflokk. Í (8)c.i er orðhluti sem hefur mjög takmarkaða virkni (-*róf*) en hér er hann settur fram þannig að það séu aðeins merkingarlegar takmarkanir á notkun hans, þ.e. að fyrri hlutinn sé háður ströngum merkingarlegum skilyrðum. Í (8)c.ii er sami orðhluti sýndur sem alveg óvirkt les. Munurinn á (8)c.i og ii gæti verið einstaklingsbundinn en hann gæti líka falist í muninum á lærðri og almennri orðmyndun. Í (8)d er síðan orðhlutinn -*væli* sem alls ekki er virkur en hann er bundinn við það eina orð sem þarna er sýnt, *matvæli*. Orðhlutinn hefur enga merkingu nema sem hluti af þeirri heild sem hann birtist í og þess vegna er ekki sett fram sérstök merkingarlýsing fyrir hann. Eiginleg stakmyndön eru þá þessarar gerðar þannig að umhverfi þeirra er alltaf tiltekið í flokkunarrammanum og þau eru óhugsandi í nýjum orðum.⁴ Lærð orðmyndun er þá e.t.v. fólgin í því að færa orðhluta á milli þessara gerða, t.d. með því að taka orðhluta sem er algjörlega óvirkur í almennu máli (og væri þá les af sömu gerð og -*væli*) og beita honum eins og hann væri sömu gerðar og aðrir liðir í töflunni þar sem flokkunarrammar eru opnir, eins og eyðurnar í þeim sýna. E.t.v. er orðhlutinn -*róf* einmitt dæmi um slíkt, eins og sýnt er í (8)c.i og ii.

Orðgervingar af ýmsu tagi sýna þörfina fyrir það að geyma samsett orð í orðasafninu í heild þar sem merking samsetts orðs þarf ekki að vera summan af merkingu partanna. Þetta á við þótt orðhlutarnir, annar hvor eða báðir, séu auðþekkjanleg virk les. Sem dæmi um merkingarlega orðgervingu má nefna orðið *orðabók* en ein hugsanleg skýring gæti verið ‘uppflöttirit sem gefur málfræðilegar upplýsingar um orð og skýrir merkingu þeirra’. *Orðabók* er m.ö.o. ekki ‘bók með orðum í’ eða ‘bók um orð’ eða ‘bók fyrir orð’, en svo gæti allt eins verið ef merkingin orðsins væri summan af merkingu orðhlutanna.

- (9) ‘orðabók’ [[orða]_N[bók]_N]_N
 Merking: uppflöttirit sem gefur málfræðilegar upplýsingar um orð
 og skýrir merkingu þeirra ...

Hér er orðið *orðabók* sýnt sem les með innri formgerð, þ.e. orðið er sett upp með hornklofum, og vísar sú uppsetning þá til þess að orðgerðargreining málnotandans dugi til að greina orðið í liði, jafnframt því sem orðið er geymt sem heild merkingarinnar vegna. Munurinn á lesunum *orðabók* og *matvæli* er þá sá að báðir orðhlutar í fyrra orðinu eru sjálfstæð les í orðasafninu en orðhlutinn *væli* í síðara orðinu kemur aðeins fyrir sem hluti af samsetta lesinu.

Í þessu kerfi er einnig rúm fyrir orðgervingu sem felst í formlegum þáttum en sem dæmi um slíkt má nefna mismun á formi sem tengist mismuni í merkingu, t.d. í orðunum *mannlegur*, *mannslegur* og *mannalegur*. Ekki er þó alltaf um merkingarmun að ræða heldur virðist form sumra samsetninga einfaldlega vera lexíkalíserað án þess að auðvelt sé að finna skýringu þar á. Þannig virðast myndirnar **orðlag* og **orðabragð* ekki geta komið í stað *orðalag* og *orðbragð*.⁵ Í framsetningu eins og hér er sett fram er ekkert því

⁴Samt sem áður er hugsanlegt að stakmyndönin komi fyrir í fleiri en einu orði en þau væru þá öll tiltekin á þennan hátt í orðasafni.

⁵Ekki hefur tekist að finna nein rök sem halda um mismun af þessu tagi, hvorki um hljóðskipun í samsetningu-

til fyrirstöðu að formið sjálft sé geymt í orðasafni. Myndin *orðabók* í (9) hér sýnir þá hvert formið er; það er því hvorki **orðbók* né **orðsbók*. Orðgervingar væru því les að því leyti sem þörf er á, hvort sem um er að ræða merkingarlega orðgervinga eða formlega.

Með þessum hætti mætti gera grein fyrir helstu gerðum lesa, bæði því hvort þau eru sjálfstæð eða bundin myndön og hvort þau eru virk eða óvirk í orðmynduninni. Munurinn á málfræðilegu hlutverki og merkingu kemur þá fram í því hvort sett er upp rökgerðar-breyting eða eiginleg merking fyrir hvert les. Með því móti væri hægt að fara með öll kerfisfyrirbæri á samstæðan hátt, hvort sem þau eru orð eða orðhlutar. Munurinn á merkingu og málfræðilegu hlutverki birtist þá á þann hátt sem sýndur er í (5), hvort sem um orð eða orðhluta er að ræða.

Þá er einnig rúm í kerfi af þessu tagi fyrir allar aðrar gerðir lesa eða orðasafnseinda, þ.e. orðasambönd, orðastæður,⁶ setningarliði og heilar setningar, eins og sjá má í síðari hluta töflunnar frá Lieber á bls. 44–45 hér að framan. Til lesa sem eru stærri en orð teljast þá allir liðir sem geyma verður í orðasafni vegna þess að merking þeirra eða form eru ekki fyrirsegjanleg út frá virkum reglum í málinu.⁷ Fara má með þessi les á sama hátt og orðhlutana sem sýndir eru hér á undan þannig að eyður í flokkunarrömmunum sýni hvaða liðir í lesunum eru opnir þannig að málnotandinn fylli upp í þá á virkan hátt. Orðasambönd eru t.d. oft þess eðlis að í þeim eru einn eða fleiri liðir sem eru „frjálsir“, þ.e. málnotandinn bætir þar inn orði eða orðum, eftir aðstæðum. Þetta er hugsanlegt að sýna með eyðum í setningarliðum, rétt eins og gert er með því að hafa opna hornklofa í dæmum um afleiðd og samsett orð hér að ofan. Eyðurnar sýna þá að um virkt ferli er að ræða (sjá (10)a–c). Í heilum setningum sem geymdar eru sem les í orðasafni eru þá engar eyður (sjá (10)d):

- (10) a þjóna [____]N til borðs og sængur
(Merkingarlegar hömlur á nafnlið í eyðunni: +persóna)
b launa [____]N lambið gráa
(Merkingarlegar hömlur á nafnlið í eyðunni: +persóna)
c þekkja hvorki haus né sporð á [____]N
(Merkingarlegar hömlur á nafnlið í eyðunni: ±persóna) ...
d Potturinn kallar ketilinn svartan!
(Setningin er geymd sem heild, merkingarinnar vegna.)

Með framsetningu af þessu tagi er því rúm fyrir allar gerðir orðasafnseinda, orðhluta, orð, samsett orð, setningarliði, orðastæður og heilar setningar, en orðasafnseindir eru þá einfaldlega einingar sem geyma verður í orðasafni af merkingarlegum eða formlegum ástæðum þar sem þær eru ekki fyrirsegjanlegar út frá virkum reglum í málinu.

Í hefðbundinni umfjöllun um orðmyndun, eins og þeirri sem sagt er frá í 2. kafla hér að framan, er venjulega ekki fjallað að neinu marki um aðrar gerðir lesa en orð og orðhluta. Afleiðingin kemur m.a. fram í tilhneigingu til að setja fram málýsingu þar sem flæði milli sviða er bannað. Hér að framan hafa verið færð rök fyrir því að ekki sé gerlegt að skilja á milli setningarhluta og orðasafnshluta málkerfisins þannig að þar á milli sé ekkert flæði. Með því er einnig verið að segja að fyrirsegjanleiki í orðmyndun sé ekki hlutur sem hægt er að ná utan um með einföldum reglum um samröðun orðhluta með ákveðnum orðflokkgildum. Fyrirbærið er mun flóknara en það. Til þess að lýsa íslenskri

um né um tilhneigingu síðari hlutanna til að taka með sér ákveðið form að fyrri lið. Þetta þýrfti þó að rannsaka nánar.

⁶Sjá umfjöllun og nmgr. 31 á bls. 124 hér að framan.

⁷Sjá t.d. umfjöllun um orðasafnseindir eða les sem eru stærri en orð í Di Sciullo & Williams (1987) og hjá Kristínu Bjarnadóttur (1990b).

orðmyndun að gagni þarf að athuga merkingar- og rökvensl liða en þar hljóta þau lögmál að liggja sem skýra hvaða orðhlutar geta tengst saman í orð. Efnið sem sett er fram í þessum lokaorðum vísar þann veg sem ég tel færan í því efni en hér verður látið staðar numið að sinni.

Heimildaskrá

- Abraham, Werner, Samuel David Epstein, Höskuldur Þráinsson & C. Jan-Wouter Zwart (ritstj.) 1996. *Minimal Ideas: Syntactic Studies in the Minimalist Framework*. John Benjamins, Amsterdam.
- Ackema, Peter. 1995. *Syntax below Zero*. Doktorsritgerð. Research Institute for Language and Speech, Utrecht University.
- Adams, Valerie. 1973. *An Introduction to Modern English Word-formation*. Longmans, London.
- Alexander Jóhannesson. 1927. *Die Suffixe im Isländischen*. Fylgirit Árbókar Háskóla Íslands, 1927. Reykjavík.
- Alexander Jóhannesson. 1929. *Die Komposita im Isländischen*. Rit Vísindafélags Íslendinga IV. Prentsmiðjan Gutenberg, Reykjavík.
- Alexander Jóhannesson. 1964. Um rannsóknir mínar í málfræði. *Skírnir* 138:156–168.
- Allen, M. R. 1978. *Morphological Investigations*. Doktorsritgerð, University of Connecticut.
- Anderson, Stephen R. 1974. *The Organization of Phonology*. University of Chicago Press, Chicago.
- Anderson, Stephen R. 1975. On the Interaction of Phonological Rules of Various Types. *Journal of Linguistics* 11:39–63.
- Anderson, Stephen R. 1982. Where's Morphology? *Linguistic Inquiry* 13:571–612.
- Anderson, Stephen R. 1983. Rules as 'Morphemes' in a Theory of Inflection. *Proceedings of the 1983 Mid-America Linguistics Conference*, bls. 3–21.
- Anderson, Stephen R. 1985. Inflectional Morphology. Shopen, T. (ritstj.): *Language Typology and Syntactic Description*. Vol. III, 150–201. Cambridge University Press, Cambridge.
- Anderson, Stephen R. 1988. Morphological Theory. Newmeyer, Frederick J. (ritstj.): *Linguistics: The Cambridge Survey*. Vol. I., 146–191. Cambridge University Press, Cambridge.
- Anderson, Stephen R. 1992. *A-Morphous Morphology*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Archangeli, Diana. 1984. *An Overview of Lexical Phonology and Morphology*. Handrit. University of Illinois.
- Ari Páll Kristinsson. 1991. Leiðbeiningar um orðmyndun handa orðanefndum. *Drög að leiðbeiningariti fyrir orðanefndir* og aðra þá sem áhuga hafa á vali og skráningu íðorða, bls. 45–61. Fjölritað sem handrit. Íslensk málstöð, Reykjavík.
- Aronoff, Mark. 1976. *Word Formation in Generative Grammar*. The MIT Press, Cambridge, Mass.
- Aronoff, Mark (ritstj.). 1992a. *Morphology Now*. State University of New York Press, Albany.
- Aronoff, Mark. 1992b. Stems in Latin Verbal Morphology. Aronoff, M. (ritstj.): *Morphology Now*, bls. 5–32. State University of New York Press, Albany.
- Aronoff, Mark. 1994. *Morphology by Itself*. The MIT Press. Cambridge, Mass.
- Aronoff, M., & S. N. Sridhar. 1983. Morphological levels in English and Kannada; or Atarizing Reagan. *Papers from the Parasession on the Interplay of Phonology, Morphology, and Syntax*. *CLS* 19:13–16.
- Aronoff, M., & S. N. Sridhar. 1988. Prefixation in Kannada. Hammond, M., & M. Noonan (ritstj.): *Theoretical Morphology*, bls. 179–191. Academic Press, Inc. San Diego.

- Auglýsing um íslenska stafsetningu*. Stjórnartíðindi B, nr. 132/1974.
- Árni Böðvarsson (ritstj.). 1983. *Íslensk orðabók* handa skólum og almenningi. Önnur útgáfa, aukin og bætt. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Árni Þórðarson og Gunnar Guðmundsson. 1961. *Kennslubók í stafsetningu* fyrir framhaldsskóla. Sjötta útgáfa, endurskoðuð og breytt. Ríkisútgáfa námsbóka, Reykjavík.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Ásta Svavarsdóttir. 1993. *Beygingakerfi nafnorða í nútímaíslensku*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Ásta Svavarsdóttir, Guðrún Kvaran, Jón Hilmar Jónsson og Kristín Bjarnadóttir. 1993. *Sýnihefti sagnorðabókar*. Rannsóknar- og fræðslurit 3. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Ásta Svavarsdóttir, Jón Hilmar Jónsson og Kristín Bjarnadóttir. 1992. Fra seddelsamling til database: Leksikografisk analyse af íslandske verber. Ruth Vatvedt Fjeld (ritstj.): *Nordiske studier i leksikografi*. Rapport fra Konferanse om leksikografi i Norden 28.–31. mai 1991, bls. 390–402.
- Baker, Mark. 1988a. *Incorporation*. A Theory of Grammatical Function Changing. The University of Chicago Press, Chicago.
- Baker, Mark. 1988b. Morphology and Syntax. An Interlocking Independence. Everaert, Martin, Arnold Evers, Riny Huybregts & Mieke Trommelen (ritstj.): *Morphology and Modularity*, bls. 9–32. Foris, Dordrecht.
- Baker, Mark. 1988c. Morphological and Syntactic Objects: A Review of A.M. di Sciullo and E. Williams, *On the Definition of Word*. Booij, Geert, & Jaap van Marle (ritstj.): *Yearbook of Morphology* 1 1989:259–283. Foris, Dordrecht.
- Baldur Jónsson. 1984. Samsett orð með samsetta liði. Fáeinir athuganir. *Festskrift til Einar Lundeby* 3. október 1984, bls. 158–174. Oslo.
- Baldur Jónsson. 1987. Íslensk orðmyndun. *Andvari* 112:88–102.
- Bauer, Laurie. 1983. *English Word-formation*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Bauer, Laurie. 1988. *Introducing Linguistic Morphology*. Edinburgh University Press, Edinburgh.
- Beard, Robert. 1995. *Lexeme-Morpheme Base Morphology*. A General Theory of Inflection and Word Formation. State University of New York Press, New York.
- Bjarnveig Ingvarsdóttir. 1992. „Þetta er orðið lokalegt.“ Um viðskeytið *-legur* og tengsl þess við grunnorð. B.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Björn Guðfinnsson. 1937. *Íslensk málfræði* handa skólum og útvarpi. Ríkisútvarpið, Reykjavík.
- Björn Guðfinnsson. 1958. *Íslensk málfræði* handa grunnskólum og framhaldsskólum. 5. útg., Eiríkur Hreinn Finnbogason annaðist útgáfuna. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Bloch, B. 1947. English Verb Inflection. *Language* 23:399–418.
- Bloomfield, Leonard. 1933. *Language*. [14. prentun 1979. George Allen & Unwin, London.]
- Bochner, Harry. 1993. *Simplicity in Generative Morphology*. Mouton de Gruyter, Berlin.
- Bok-Bennema, Reineke. 1994. On the ‘syntactic’ properties of morphology. *GLOW Newsletter* 32:14–15.
- Booij, Geert. 1989. Complex Verbs and the Theory of Level Ordering. Booij, Geert, & Jaap van Marle (ritstj.): *Yearbook of Morphology* 2 1989:21–30. Foris, Dordrecht.
- Booij, Geert. 1990. The Boundary between Morphology and Syntax: Separable Complex Verbs in Dutch. Booij, Geert, & Jaap van Marle (ritstj.): *Yearbook of Morphology* 3 1990:45–63. Kluwer Academic Publishers, Dordrecht.

- Booij, Geert, & Jerzy Rubach. 1987. Postcyclic versus Postlexical Rules in Lexical Phonology. *Linguistic Inquiry* 18:1–44.
- Borer, Hagit. 1988. On the Morphological Parallelism between Compounds and Constructs. Booij, Geert, & Jaap van Marle (ritstj.): *Yearbook of Morphology* 1 1988:45–63. Foris, Dordrecht.
- Botha, Rudolf P. 1984. *Morphological Mechanisms*. Lexicalist Analysis of Synthetic Compounding. Pergamon Press, Oxford.
- Bromberger, Sylvain, & Morris Halle. 1989. Why phonology is different. *Linguistic Inquiry* 20:51–70.
- Bybee, Joan L. 1985. *Morphology*. A Study of the Relation between Meaning and Form. John Benjamins Publishing Company, Amsterdam.
- Carstairs-McCarthy, Andrew. 1993. Morphology without word-internal constituents: a review of Stephen R. Anderson's *A-Morphous Morphology*. Booij, Geert, & Jaap van Marle (ritstj.): *Yearbook of Morphology* 1992:209–233. Kluwer Academic Publishers, Dordrecht. [Útg. 1993]
- Chomsky, Noam. 1965. *Aspects of the Theory of Syntax*. The MIT Press, Cambridge, Mass.
- Chomsky, Noam. 1970. Remarks on Nominalization. Jacobs, R. A., & P. S. Rosenbaum (ritstj.): *Readings in English Transformational Grammar*, bls. 184–221. Ginn and Company, Waltham.
- Chomsky, Noam. 1981. *Lectures on Government and Binding*. Foris, Dordrecht.
- Chomsky, Noam. 1986a. *Barriers*. The MIT Press, Cambridge, Mass.
- Chomsky, Noam. 1986b. *Knowledge of Language: Its Nature, Origin, and Use*. Praeger, New York.
- Chomsky, Noam. 1991. Some Notes on Economy of Derivation and Representation. Freidin, Robert (ritstj.): *Principles and Parameters in Comparative Grammar*. The MIT Press, Cambridge, Mass.
- Chomsky, Noam. 1995a. *The Minimalist Program*. The MIT Press, Cambridge, Mass.
- Chomsky, Noam. 1995b. Bare Phrase Structure. Webelhuth, Gert (ritstj.): *Government and Binding Theory and the Minimalist Program*, bls. 383–439. Blackwell, Oxford.
- Chomsky, Noam, & Morris Halle. 1968. *The Sound Pattern of English*. Harper & Row, New York.
- Date, C. J. 1986. *An Introduction to Database Systems*. Vol. I, 4th ed. Addison-Wesley Publishing Company, Reading, Mass.
- Di Sciullo, Anna Maria, & Edwin Williams. 1987. *On the Definition of Word*. The MIT Press, Cambridge, Mass.
- Dougherty, Dale. 1990. *sed & awk*. O'Reilly & Associates, Inc. Sebastopol, CA.
- Drijkoningen, Frank. 1994. Affixation and Logical Form. Bok-Bennema, Reineke, & Crit Cremers (ritstj.): *Linguistics in the Netherlands 1994*, bls. 25–36. Benjamins, Amsterdam.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1982. *Orðmyndun og orðmyndunarreglur í íslensku*. Prófrítgerð í eigu Málvísindastofnunar Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1987. Nokkur viðskeyti og tíðni þeirra. *Morgunblaðið* 15. maí.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. *Íslensk orðhlutafræði*. Kennslukver handa nemendum á háskólastigi. 4. útg. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1993. Collocations and the Minimalist Program. Herslund, Michael, & Finn Sørensen (ritstj.): *The Nordlex Project: Lexical Studies in the Scandinavian Languages*. *Lambda* 18:107–118. Institut for Datalogvistik, Handelshøjskolen i København.

- Eiríkur Rögnvaldsson. 1995. A Concordance to Old Icelandic Texts and its Lexicographic Value. Ásta Svavarsdóttir, Guðrún Kvaran & Jón Hilmar Jónsson (ritstj.): *Nordiske studier i leksikografi* 3. Rapport fra Konferanse om leksikografi i Norden, Reykjavík 7.–10. juni 1995, bls. 123–135. Nordisk forening for leksikografi og Orðabók Háskólans.
- Eiríkur Rögnvaldsson, Bergljót Kristjánsdóttir, Guðrún Ingólfssdóttir og Örnólfur Thorsson. 1995. *Orðstöðulykill Íslendinga sagna*. [Handrit.]
- Epstein, Samuel David, Höskuldur Thráinsson & C. Jan-Wouter Zwart. 1996. Introduction. Abraham, Werner, Samuel David Epstein, Höskuldur Thráinsson & C. Jan-Wouter Zwart (ritstj.): *Minimal Ideas*. Syntactic Studies in the Minimalist Framework. John Benjamins Publishing Company, Amsterdam.
- Everaert, Martin, Arnold Evers, Riny Huybregts & Mieke Trommelen (ritstj.). 1988. *Morphology and Modularity*. Foris, Dordrecht.
- Ensk-íslensk orðabók*. 1984. Örn og Örlygur, Reykjavík.
- Fabb, Nigel. 1984. *Syntactic Affixation*. Doktorsritgerð, MIT Working Papers in Linguistics, Cambridge, Mass.
- Fabb, Nigel. 1988. English Suffixation is Constrained only by Selectional Restrictions. *Natural Languages and Linguistic Theory* 6:527–539.
- Fleischer, Wolfgang. 1971a. *Wortbildung der deutschen Gegenwartssprache*. 2. unveränderte Auflage. VEB Bibliographisches Institut, Leipzig.
- Fleischer, Wolfgang. 1971b. Entwicklungstendenzen der nominalen Wortbildung. *Probleme der Sprachwissenschaft*, bls. 391–407.
- Fleischer, Wolfgang. 1971c. Grundzüge der Wortbildung des Verbs in der deutschen Sprache der Gegenwart. *Probleme der Sprachwissenschaft*, bls. 408–432.
- Friðrik Magnússon. 1990. *Kjarnafærsla og það-innskot í aukasetningum í íslensku*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Gavarró, Anna. 1990. A Reply to Scalise on ‘The Notion of ‘Head’ in Morphology’. Booij, Geert, & Jaap van Marle (ritstj.): *Yearbook of Morphology* 3 1990:223–227. Foris, Dordrecht.
- Givón, T. 1979. *On Understanding Grammar*. Academic Press, New York.
- Groenke, Ulrich. 1961–62. Zum Kompositionstypus mannskratti. *Íslensk tunga* 3:39–51.
- Guðrún Kvaran. 1990–1991. Um -is endingu atviksorða. *Íslenskt mál* 12–13:7–29.
- Gunnlaugur Ingólfsson. 1979. Lítið eitt um lýsingarorð sem enda á -ugur. *Íslenskt mál* 1:43–54.
- Gunnlaugur Oddsson. 1991. *Orðabók sem inniheldur flest fágæt, framandi og vandskilin orð er verða fyrir í dönskum bókum*. Jón Hilmar Jónsson (ritstj.). Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Gussmann, Edmund. (ritstj.). 1987. *Rules and Lexicon*. Redakcja Wydawnictw Katolickiego Uniwersytetu Lubelskiego, Lublin.
- Haegeman, Liliane. 1991. *Introduction to Government & Binding Theory*. Basil Blackwell, Cambridge.
- Hale, Kenneth, & Samuel Jay Keyser. 1993. On argument structure and the lexical expression of syntactic relations. Hale, Kenneth, & Samuel Jay Keyser (ritstj.): *The view from building 20*, bls. 111–176. MIT Press, Cambridge, Mass.
- Halldór Kr. Friðriksson. 1861. *Íslensk málmyndalýsing* eptir Halldór Kr. Friðriksson. Hið íslenska bókmentafélag, Kaupmannahöfn.
- Halldór Halldórsson. 1950. *Íslensk málfræði* handa æðri skólum. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

- Halldór Halldórsson. 1969a. Nokkur erlend viðskeyti í íslenzku og frjósemi þeirra. *Einarsbók*. Afmæliskeðja til Einars Ól. Sveinssonar 12. desember 1969, bls. 71–106.
- Halldór Halldórsson. 1969b. Alexander Jóhannesson. Háskólamaðurinn. *Andvari* 94:3–38.
- Halldór Halldórsson. 1976. Falling Down to a Suffix Status. A Morphosemantic Study. *Nordiska studier i filologi och lingvistik*. Festskrift tillägnad Gösta Holm på 60-årsdagen den 8. juli 1976, bls. 162–172. Bloms Boktryckeri A.-B., Lund.
- Halldór Halldórsson. 1984. Íslensk orðmyndun. Margra kosta völ. *Norrænt tímarit um fagmál og íðorð* 2:4–9.
- Halle, Morris. 1973. Prolegomena to a theory of word-formation. *Linguistic Inquiry* 4:3–16.
- Harris, Zellig. 1948. Componential Analysis of a Hebrew Paradigm. *Language* 24:87–91.
- Harris, Zellig. 1951. *Methods in Structural Linguistics*. University of Chicago Press, Chicago.
- Hockett, C. F. 1942. A System of Descriptive Phonology. *Language* 18:3–21.
- Hockett, C. F. 1947. Problems in Morphemic Analysis. *Language* 23:321–343.
- Hockett, C. F. 1954. Two models of grammatical description. *Word* 10:210–231.
- Hockett, C. F. 1956. *A Course in Modern Linguistics*. New York.
- Hockett, C. F. 1958. *A Course in Modern Linguistics*. Macmillan, New York.
- Holberg, Ludvig. 1948. *Nikulás Klím*. Íslensk þýðing eftir Jón Ólafsson úr Grunnavík. Jón Helgason bjó til prentunar. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.
- Holmberg, Anders. 1992. Properties of Non-heads in Compounds: A Case Study. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 49:27–57.
- Hulda Egilsdóttir. 1995. *Athugun, ígrundun, skoðun, nálgun, rannsókn og umfjöllun viðskeytisins -un*. Óprentuð ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 1990. *Setningafræði*. Kennslukver handa nemendum á háskólastigi og öðrum þeim sem yndi hafa af setningafræði. 5. útg. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Jackendoff, Ray. 1975. Morphological and Semantic Regularities in the Lexicon. *Language* 51:639–671.
- Jensen, John T. 1990. *Morphology*. Word Structure in Generative Grammar. John Benjamins Publishing Company, Amsterdam.
- Jensen, John T., & Margaret Stong-Jensen. 1984. Morphology Is in the Lexicon! *Linguistic Inquiry* 15:474–498.
- Josefsson, Gunlög. 1993. Noun incorporating verbs in Swedish. Herslund, Michael, & Finn Sørensen (ritstj.): The Nordlex Project: Lexical Studies in the Scandinavian Languages. *Lambda* 18:274–304. Institut for Datalogvistik, Handelshøjskolen i København.
- Josefsson, Gunlög. 1995. The Notion of Word Class and the Internal Make-up of Words. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 56:1–45.
- Jón Aðalsteinn Jónsson. 1988. Alexander Jóhannesson og Orðabók Háskólans. *Orð og tunga* 1:105–122.
- Jón Hilmar Jónsson. 1981. Um merkingu og hlutverk forliðarins *-hálf*. *Íslenskt mál* 2:119–148.
- Jón Hilmar Jónsson. 1988. Hefð og hneigð í íslenskri orðmyndun. *Málfregnir* 2,1:3–11.
- Jón Ólafsson úr Grunnavík. Seðlasafn úr *Orðabók* (AM 433) í eigu Orðabókar Háskólans. Skráð hefur Jakob Benediktsson.
- Jörgen Pind, Friðrik Magnússon og Stefán Briem. 1991. *Íslensk orðtíðnibók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.

- Kaisse, Ellen M., & Patricia A. Shaw. 1985. On the Theory of Lexical Phonology. *Phonology Yearbook* 2:1–30.
- Katamba, Francis. 1993. *Morphology*. The MacMillan Press, Ltd. London.
- Kayne, R. 1984. *Connectedness and Binary Branching*. Foris, Dordrecht.
- Kenstowicz, Michael. 1994. *Phonology in Generative Grammar*. Blackwell, Cambridge.
- Kiparsky, Paul. 1982a. Lexical Morphology and Phonology. Yang, I. S. (ritstj.): *Linguistics in the Morning Calm*, bls. 3–91. Hanshin, Seoul.
- Kiparsky, Paul. 1982b. From Cyclic Phonology to Lexical Phonology. Van der Hulst, H., & N. Smith (ritstj.): *The Structure of Phonological Representations* Part I:131–176. Foris, Dordrecht.
- Kiparsky, Paul. 1983. Word Formation and the Lexicon. Ingeman, F. (ritstj.): *Proceedings of the 1982 Mid-American Linguistics Conference*. University of Kansas, Lawrence.
- Kiparsky, Paul. 1984. On the Lexical Phonology of Icelandic. Elert, Claes Christian, Trine Johanson & Eva Stringert (ritstj.): *Nordic Prosody* III:131–175. Umeå Studies in the Humanities 59, University of Umeå, Umeå.
- Kjartan Ottósson. 1986. Mörk orðmyndunar og beygingar: Miðmynd í nútímaíslensku. *Íslenskt mál* 8:63–119.
- Kjartan Ottósson. 1988. *Fragments of the Lexical Morphology and Phonology of Icelandic*. Óprentað handrit. University of Maryland.
- Krahe, H., & W. Meid. 1967. *Germanische Sprachwissenschaft III. Wortbildung*. Walter de Gruyter, Berlin.
- Kristín Bjarnadóttir. 1990a. *Dativus Sympatheticus*. Óprentuð ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Kristín Bjarnadóttir. 1990b. *Stofnhlutagreining samsettra orða*. Óprentuð B.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Kristín Bjarnadóttir. 1994. Um orðaforðann í þýðingu Jóns Ólafssonar úr Grunnavík á Nikulási Klím. *Hræringur úr ritum Grunnavíkur Jóns*. Erindi flutt á málþingi um Jón Ólafsson úr Grunnavík laugardaginn 16. apríl 1994. Orðmennt og Góðvinir Grunnavíkur-Jóns, Reykjavík.
- Kristín Bjarnadóttir. 1995a. Lexicalisation and the Selection of Compounds for a Bilingual Icelandic Dictionary Base. Ásta Svavarsdóttir, Guðrún Kvaran & Jón Hilmar Jónsson (ritstj.): *Nordiske studier i leksikografi* 3. Rapport fra Konferanse om leksikografi i Norden, Reykjavík 7.–10. juni 1995, bls. 255–263. Nordisk forening for leksikografi og Orðabók Háskólans.
- Kristín Bjarnadóttir. 1995b. *Allravn og aðgöngumiðakrari*. Um samsett orð í orðabók Blöndals. Erindi flutt á málþingi um orðabók Sigfúsar Blöndals, laugardaginn 28. október 1995. [Birt í *Orði og tungu* 3:61–70.]
- Kristín Bjarnadóttir. 1996. *Naumt að hugað hætti: Um lýsingarhátt þátíðar*. Óprentuð ritgerð. Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 1985a. Icelandic word stress and metrical phonology. *Studia Linguistica* 39:93–129.
- Kristján Árnason. 1985b. Morphology, phonology and u-umlaut in Modern Icelandic. Gussman, Edmund (ritstj.): *Phono-Morphology. Studies in the interaction of Phonology and Morphology*. Redakcja wydawnictw Katolickiego Uniwersytetu Lubelskiego. Lublin.
- Kristján Árnason. 1987. The stress of prefixes and suffixes in Icelandic. Gregersen, Kirsten, & Hans Basbøll (ritstj.): *Nordic Prosody* IV. Papers from a symposium, bls. 137–146. Odense University Press, Odense.

- Kristján Árnason. 1988. Problems in the Lexical Phonology of Icelandic. *Erindi flutt á 6. Phonologietagung*, Krems, Austurríki.
- Kristján Árnason. 1992. Problems in the Lexical Phonology of Icelandic. Dressler, Wolfgang U., Hans C. Luschetsky, Oskar Pfeiffer & John R. Rennison (ritstj.): *Phonologica* 1988, bls. 5–14. Cambridge University Press, Cambridge.
- Lees, R. 1960. *The Grammar of English Nominalizations*. Mouton, The Hague.
- Lieber, Rochelle. 1981. *On the Organization of the Lexicon*. Indiana University Linguistics Club, Bloomington. [Vísað í sem Lieber 1980 í Aronoff & Sridhar 1988 og víðar.]
- Lieber, Rochelle. 1989. On Percolation. Booij, Geert, & Jaap van Marle (ritstj.): *Yearbook of Morphology* 2 1989:95–138. Foris, Dordrecht.
- Lieber, Rochelle. 1992. *Deconstructing Morphology*. Word Formation in Syntactic Theory. The University of Chicago Press, Chicago.
- Magnús Snædal. 1992. Hve langt má orðið vera? *Íslenskt mál* 14:173–207.
- Malkiel, Yakov. 1978. Derivational Categories. *Universals of Human Language*. Volume 3. Word Structure, bls. 125–149. Stanford University Press, Stanford, California.
- Marantz, Alec. 1984. *On the Nature of Grammatical Relations*. The MIT Press, Cambridge, Mass.
- Margrét Pálsdóttir. 1984. Nokkur orð um viðskeytið *-ari* og orðmyndun í barnamáli. *Íslenskt mál* 6:186–196.
- Marle, Jaap van. 1984. *On the Paradigmatic Dimension of Morphological Creativity*. Foris Publications, Dordrecht.
- Matthews, P. H. 1972. *Inflectional Morphology*. A Theoretical Study Based on Aspects of Latin Verb Conjugation. Cambridge University Press, Cambridge.
- Matthews, P. H. 1974. *Morphology*. An Introduction to the theory of word-structure. Cambridge University Press, Cambridge.
- Mohanan, K. P. 1986. *The Theory of Lexical Phonology*. Reidel, Dordrecht.
- Mulford, Randa. 1983. On the Acquisition of Derivational Morphology in Icelandic: Learning about *-ari*. *Íslenskt mál* 5:105–125.
- Naumann, Bernd. 1974. *Wortbildung in der deutschen Gegenwartssprache*. Max Niemeyer Verlag, Tübingen.
- Newmeyer, Frederick J. 1980. *Linguistic Theory in America*. Academic Press, New York.
- Newmeyer, Frederick J. (ritstj.). 1988. *Linguistics: The Cambridge Survey*. Vol. I. Cambridge University Press, Cambridge.
- Newmeyer, Frederick J. 1991. Rules and Principles in the Historical Development of Generative Syntax. Kasher, Asa (ritstj.): *The Chomskyan Turn*, bls. 200–230. Blackwell, Oxford.
- Nida, Eugene A. 1948. The Identification of Morphemes. *Language* 24:414–441.
- Nida, Eugene A. 1949. *Morphology*. The Descriptive Analysis of Words. The University of Michigan Press, Ann Arbor.
- The Oxford English Dictionary*. Second edition. 1989. Clarendon Press, Oxford.
- Packard, J. 1990. A Lexical Morphology Approach to Word Formation in Mandarin. Booij, Geert, & Jaap van Marle (ritstj.): *Yearbook of Morphology* 3 1990:21–37. Foris, Dordrecht.
- Paulissen, Det, & Wim Zonneveld. 1988. Compound Verbs and the Adequacy of Lexical Morphology. Everaert, Martin, Arnold Evers, Riny Huybregts & Mieke Trommelen (ritstj.): *Morphology and Modularity*, bls. 281–302. Foris, Dordrecht.
- Pesetsky, D. 1985. Morphology and Logical Form. *Linguistic Inquiry* 16:193–246.
- Pollock, J.-Y. 1989. Verb Movement, Universal Grammar, and the Structure of IP. *Linguistic Inquiry* 20:365–424.

- Pullum, Geoffrey. 1991. *The Great Eskimo Vocabulary Hoax* and other irreverent essays on the study of language. The University of Chicago Press, Chicago.
- Rask, Rasmus Christian. 1811. *Vejledningen til det islandske eller gamle nordiske Sprog*. Hofboghandler Schuboths Forlag, København.
- Reglur um frágang þingskjala og prentun umræðna. *Alþingistíðindi*. Ágúst 1988.
- Ritmálsskrá* Orðabókar Háskólans. Tölvutækt gagnasafn.
- Robins, R. 1959. In defence of WP. *Transactions of the Philological Society*, bls. 116–144.
- Roeper, T., & D. Siegel. 1978. A lexical transformation for verbal compounds. *Linguistic Inquiry* 9:199–260.
- Salus, Peter. 1963. More about mannskratti. *Íslensk tunga* 4:109–111.
- Scalise, Sergio. 1986. *Generative Morphology*. Foris Publications, Dordrecht.
- Scalise, Sergio. 1988. The Notion of ‘Head’ in Morphology. Booij, Geert, & Jaap van Marle (ritstj.): *Yearbook of Morphology* 1 1988:229–245. Foris, Dordrecht.
- Seðlasöfn* Orðabókar Háskólans.
- Selkirk, Elisabeth O. 1982. *The Syntax of Words*. The MIT Press, Cambridge, Mass.
- Siegel, D. 1974. *Topics in English morphology*. Doktorsritgerð. MIT, Cambridge, Mass.
- Sigfús Sigfússon. 1922–1959. *Íslenskar þjóðsögur og sagnir* I–XVI. Reykjavík.
- Sigrún Þorgeirsdóttir. 1986. *Um forskeyti í íslensku*. Kándíðatsritgerð í íslenskri málfræði, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Sigurður Jónsson. 1984. Af hassistum og kontóristum. *Íslenskt mál* 6:155–165.
- Sigurður Konráðsson. 1987. *Samsett orð og afleidd í íslensku*. Óprentað handrit í eigu Íslenskrar málstöðvar, Reykjavík.
- Spencer, Andrew. 1991. *Morphological Theory*. Basil Blackwell, Oxford.
- Sproat, Richard. 1985. *On Deriving the Lexicon*. Doktorsritgerð, MIT, Cambridge, Mass.
- Sproat, Richard. 1988. Bracketing paradoxes, cliticization and other topics. Everaert, Martin, Arnold Evers, Riny Huybregts & Mieke Trommelen (ritstj.): *Morphology and Modularity*, bls. 339–360. Foris, Dordrecht.
- Sproat, Richard. 1993. Morphological non-separation revisited: a review of R. Lieber’s *Deconstructing Morphology*. Booij, Geert, & Jaap van Marle (ritstj.): *Yearbook of Morphology* 1992:235–258. Kluwer Academic Publishers, Dordrecht. [Útg. 1993]
- Sproat, Richard, & Chilin Shih. 1993. Why Mandarin Morphology is not Stratum Ordered. Booij, Geert, & Jaap van Marle (ritstj.): *Yearbook of Morphology* 1993:185–217. Kluwer Academic Publishers, Dordrecht.
- Stefán Einarsson. 1952. Compounds of the mannskratti-Type. *Studies in Honor of Albert Morey Sturtevant*, bls. 47–56. Lawrence.
- Steingrímur Þórðarson. 1979. *Um órjúfanlega eign*. „Með tappa í heilanum á mér“, og skyldar formgerðir í íslensku. Óprentuð B.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Stong-Jensen, Margaret. 1987. Lexical Overgeneration in Icelandic. *Nordic Journal of Linguistics* 10:181–205.
- Stowell, T. 1981. *Origins of Phrase Structure*. PhD. Diss. MIT, Cambridge.
- Tölvuorðasafn*. 1986. Sigrún Helgadóttir (ritstj.). 2. útgáfa, aukin og endurbætt. Íslensk málnefnd, Reykjavík.
- Wall, Larry, & Randal L. Schwartz. 1991. *Programming perl*. O’Reilly & Associates, Inc. Sebastopol, CA.
- Warren, B. 1978. *Semantic Patterns of Noun-Noun Compounds*. Acta Universitatis Gothoburgensis. Göteborg.
- Webster’s Third New International Dictionary*. 1979. Encyclopædia Britannica, Inc. Chicago.

- Williams, Edwin. 1981a. Argument structure and morphology. *The Linguistic Review* 1:81–114.
- Williams, Edwin. 1981b. On the Notions ‘Lexically Related’ and ‘Head of a Word’. *Linguistic Inquiry* 12:245–274.
- Williams, Edwin. 1994. *Thematic Structure in Syntax*. The MIT Press, Cambridge, Mass.
- Zwanenburg, W. 1988. Morphological Structure and Level Ordering. Everaert, Martin, Arnold Evers, Riny Huybregts & Mieke Trommelen (ritstj.): *Morphology and Modularity*, bls. 395–410. Foris, Dordrecht.
- Þorsteinn G. Indriðason. 1994. *Regluvirkni í orðasafni og utan þess*. Um lexíkalska hljóðkerfisfræði íslensku. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Þórhallur Eypórsson. 1990. *Aspects of the Lexical Phonology of Icelandic*. Óprentað handrit, Cornell University.

Mannanafnaskrá

Abraham, Werner, 103
Ackema, Peter, 14 34 48 104 138
Adams, Valerie, 21 24 25 32 49 51 145
Alexander Jóhannesson 9 12 53 54–59 60 61 69 77 82 83 105 127 154
Allen, M.R., 33 34 37 71 72
Anderson, Stephen R., 13 14 15 20 28 41–43 44 48 49 50 51 52 65 69 85 101 169 171 174
Ari Páll Kristinsson 130
Aronoff, Mark, 13 14 21 22 23 24 25 26 27 28–33 34 35 37 38 40 41 48 49 50 51 52 64 65 67 69 70 71 75 85 86 102 103 116 135 140 143 145 148 174
Árni Þórðarson 94
Ásgeir Blöndal Magnússon (og *Íslensk orðsifjabók*) 106 110 144 147 148 149 151 152 153 158 159 160 174
Ásmundur Stefánsson 125
Ásta Svavarsdóttir 92 93 172
Baker, Mark, 14 48
Baldur Jónsson (BJ) 53 54 62–64 82 83 84 86 105 127 132 139 163
Bauer, Laurie, 21 23 25 26 27 49
Beard, Robert, 14
Bjarnveig Ingvarsdóttir 127
Björn Franzson 125
Björn Guðfinnsson (BG) 9 53 54 59–61 64 82 83 150 173
Bloch, B., 21
Bloomfield, Leonard, 21 23
Bochner, Harry, 93
Bok-Bennenma, Reineke, 48
Booij, Geert, 14 41
Borer, Hagit, 14 47
Botha, Rudolf, 27 33 40 89 101
Bromberger, Sylvain, 15
Brugmann, Karl, 54
Carstairs-McCarthy, Andrew, 38 43
Chomsky, Noam, 13–14 15 16 20 21 28 30 31 32 38 47
